 Ræðismenn, sendiherrar, 502—505.
 Ræktunarsamþykktir, sjá jarðræktar-
 samþykktir.
 Rögvaldur Jónsson, farkennari, 499.
 Rögvaldur Jónsson, sóknarprestur, 493.

S.

Samuelson, Tryggve, ræðismaður, 493.
 Samvinnufélög, skrá, 416.
 Sandgerði, takmörkun verzlunarlóðar-
 innar, stjórnarráðsbréf, 1.
 Schiöth, Aage, vararæðismaður, 503.
 Scott, Michael, ræðismaður Íslands í
 Dublin, 494.
 Selma Jónsdóttir, safnvörður, hm., 509.
 Senders, Joeseoph, ræðismaður, hm., 507.
 Sendiherrar og ræðismenn, 502—505.
 Sérfræðibókasöfn, skráningarmiðstöð, rg.,
 205—206.
 Sesselja Jónsdóttir, kennari, 498.
 Shack, K., komtessa, hm., 507.
 Sigfús Haukur Andrésson, kennari, 497.
 Siglufjörður, hafnarrg., 257—266, heim-
 ilishjálpi, rg., 296.
 Sigríður Arnlaugsdóttir, kennari, 498.
 Sigríður M. Guðjónsdóttir, kennari, 497.
 Sigríður Haraldsdóttir, kennari, 499.
 Sigríður Jónsdóttir, kennari, 498.
 Sigríður M. Jónsdóttir, kennari, 497.
 Sigríður Kristjánsdóttir, kennari, 492.
 Sigríður Kristjánsdóttir, sjr., 267.
 Sigríður Ólafsdóttir, kennari, 498.
 Sigríður Sigurðardóttir, kennari, 496.
 Sigríður Valgeirsdóttir, kennari, 498.
 Sigrún Bergþórsdóttir, kennari, 499.
 Sigrún Eiðsdóttir, kennari, 496.
 Sigrún Gunnlaugsdóttir, kennari, 497.

Sigrún Ingimarsdóttir, kennari, 496.
 Sigrún Ragnarsdóttir, kennari, 498.
 Sigurbjörg Guðjónsdóttir, kennari, 497.
 Sigurbjörg Valmundsdóttir, kennari, 498.
 Sigurður Ágústsson, skólastjóri, 496.
 Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður, al-
 þm., 329.
 Sigurður Bjarnason, ritstjóri, alþm., 329.
 Sigurður O. Björnsson, prentsmiðjustjóri,
 styrkveiting, 509.
 Sigurður Óli Brynjólfsson, kennari, 498.
 Sigurður Helgi Egilsson, forstjóri, hm.,
 509.
 Sigurður E. Finnsson, skólastjóri, 496.
 Sigurður G. Flosason, kennari, 498.
 Sigurður Guðbjartsson, bryti, hm., 505.
 Sigurður Guðmundsson, húsameistari,
 hm., 506.
 Sigurður Guðmundsson, kennari, 498.
 Sigurður Kristinsson, formaður SÍS, hm.,
 506.
 Sigurður Kristjánsson, kennari, 498.
 Sigurður Kristjánsson, símsstöðvarstjóri,
 hm., 506.
 Sigurður S. Magnússon, cand. med. &
 chir., lækningaleyfi, 496.
 Sigurður Ólafsson, kennari, 497.
 Sigurður Ó. Ólafsson, kaupmaður, alþm.,
 329.
 Sigurður M. Pétursson, sóknarprestur,
 lausn, 492.
 Sigurður Sigfússon, kennari, 497.
 Sigurjón Kristinsson, kennari, 497.
 Sigurjón Sigurðsson, bóndi, varaþm., 330.
 Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, hm.,
 509.
 Sigurlaug Jónsdóttir, kennari, 498.
 Sigursveinn Jóhannesson, kennari, 497.
 Sigurvin Einarsson, framkvæmdastjóri,
 alþm., 329.
 Silva, Barbosa da, ambassador, hm., 507.
 Síamamálástjórn, skipulag, rg., 188—189.
 Simson, Martinus, ljósmyndari, styrk-
 veiting, 509.
 Símsstöðvar og póstaftgreiðslur, launakjör,
 185—187.
 Sjómenn, dvalarheimili, happdrætti, rg.,
 97—100.
 Sjómenn, sjr., 350.
 Sjúkrasamlög, lyfjagreiðslur, r., augl.,
 140.

- Skaftafellssýsla, V.-, sýsluvegasjóður, sp., br., 277, sp., br., 335—336.
- Skagafjörður, löggæzla á skemmtisamkomum, rg., 241—243.
- Skarphéðinn Pálmason, kennari, 496.
- Skemmtanaskattur, innheimta, augl., 327.
- Skemmtisamkomur í Skagafirði, löggæzla, rg., 241—243.
- Skip, merking, augl., 2.
- Skólastjórar við skóla, sem tvi- og þrískipað er í, þóknun, rg., 216—219.
- Skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn, rg., 205—206.
- Skreið til útflutnings, verkun og mat, rg., br., 333.
- Skúli Guðmundsson, bóndi, alþm., 329.
- Skúli Magnússon, kennari, 497.
- Smith, A. H., prófessor, hm., 507.
- Snorri Jóhannesson, kennari, 498.
- Snorri Jónsson, aðstoðarlæknir í Eyrarbakkaþénaði, 492, aðstoðarlæknir í Þingeyrarþénaði, 494, aðstoðarlæknir í Hveragerði, 494.
- Snæbjörn Jóhannsson, kennari, 497.
- Snæbjörn Pétursson, kennari, 499.
- Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, fjallskilarg., 231—241.
- Soares, José Carlos de Macedo, utanríkisráðherra, hm., 508.
- Sóley Brynjólfsdóttir, símastúlka, 495.
- Solotsinski, Dimitri E., attaché, 505.
- Solveig Ólafsdóttir, húsfú, varaþm., 331.
- Sonneman, Theodor, ríkisritari, hm., 508.
- Sparisjóðir, tryggingarsjóðir, reikn., 92.
- Sparisjóður Þingeyrarhrepps, reikn., 357—358.
- Starfsmenn, opinberir, ferðakostnaður o. fl. í innanlandsferðum, r., 202—203.
- STEF, úthlutun á tekjum fyrir upptökuréttindi, r., 299—300.
- Stefán Gestsson, kennari, 499.
- Stefán Halldórsson, kennari, 499.
- Stefán Hilmarsson, sendiráðsritari í Washington, 500.
- Stefán Jónsson, kennari, 499.
- Stefán Jónsson, skólastjóri, 498.
- Stefán Júlíusson, kennari, 496.
- Stefán Sigurðsson, bóndi, varaþm., 330.
- Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrv. forsætisráðherra, hm., 509.
- Steingrímur Steinþórsson, félagsmálaráðherra, alþm., 329, hm., 509.
- Steingrímur Þorsteinsson, kennari, 499.
- Steinunn Davíðsdóttir, kennari, 497.
- Steinunn Sighvatsdóttir frá Bjargarsteini, sjr., 351.
- Steinþór Gestsson, bóndi, varaþm., 330.
- Stigur, sjr., 350—351.
- Stimpilgjald af nokkrum tegundum trygginga, stjórnarráðsbréf, 1.
- Stjórnarráðsbréf: takmörkun verzlunarlóðar í Sandgerði, 1; um stimplun af nokkrum tegundum trygginga, 1; varðandi tollun á vöxtum, 41.
- Stokkseyri, rafveita, gjsk., 94—97.
- Storr, Ludvig, aðalræðismaður, 502, 507.
- Strandgata í Hnífsdal, augl., 333.
- Stundakennarar, laun, rg., 298—299.
- Sturla Jónsson, sjr., 361.
- Styrkveitingar, 509.
- Suarez, Armando, vararæðismaður, 503.
- Suarez, Francisco, aðalræðismaður, 503.
- Suðureyri, hundahald, sp., 309—310.
- Suul, Jon, fyrrv. lénsmaður, hm., 508.
- Svanbjörn Frimannsson, aðalbókari, hm., 505.
- Svanfríður Guðrún Kristóbertsdóttir, sk., 7.
- Sveinbjörn Högnason, prófastur, alþm., 329.
- Sveinbjörn Magnússon, farkennari, 499.
- Sveinn Björnsson, læknir, hm., 507.
- Sveinn Einarsson, skólastjóri, 496.
- Sveinn Guðmundsson, vélfræðingur, varaþm., 330.
- Sveinn Jónsson, skólastjóri, 496.
- Sveitarstjóri í Búðahreppi, sp., 294.
- Sverrir Markússon, héraðsdýralæknir, 500.
- Svíþjóðarferðir, sjr., 285—286.
- Sýsluvegasjóður, A.-Húnavatnssýslu, sp., br., 90—91; V.-Skaftafellssýslu, sp., br., 277, 335—336; Borgarfjarðarsýslu, sp., br., 338—339; Mýrasýslu, sp., br., 339—341.
- Systkinasjóður, sk., 22.
- Szenkovits, Paul, dr, aðalræðismaður, hm., 507.
- Sæmundur Bjarnason, skólastjóri, 497.
- Sævar Sigurbjörnsson, kennari, 498.

Söfnunarsjóður Íslands, reikn., 354—356.
Söluskattur, rg., 320—326.
Sölvi Eysteinnsson, dómtúlkur og skjala-
þýðandi, 494.

T.

Talsband milli Íslands og annarra
landa, augl., 331—332.
Thorlacius, Birgir Ó., ráðuneytisstjóri,
hm., 508.
Thorlacius, Kristín Rannveig, ritari, 492.
Thorlacius, Kristján, deildarstjóri, 502.
Thoroddsen, Gunnar, borgarstjóri, alþm.,
329, hm., 509.
Thoroddsen, Þorvaldur, verðlaunasjóður,
sk., 215—216.
Thors, Ingólfur, vararæðismaður, 502.
Thors, Ólafur, forsætisráðherra, alþm.,
329, lausn fyrir ráðuneytið, 492, hm.,
509.
Thors, Thor, sendiherra og ráðherra með
umboði, 491.
Thorsteinsson, Pétur, ambassador, sendi-
herra Íslands og ráðherra með umboði
í Rúmeníu, 493, hm., 506.
Thorsteinsson, Þorsteinn Scheving, lyf-
sali, hm., 506.
Thorvaldsson, Thorberg, dr., Saskaton,
hm., 506.
Tollun á vöxtum, stjórnarráðsbréf, 41.
Tómas Árnason, stjórnarráðsfulltrúi,
varaþm., 330.
Tómas Guðmundsson, cand. theol., sókn-
arprestur, 491.
Tómas Guðmundsson, skáld, hm., 509.
Tómas Jónsson, skólastjóri, 496.
Torfi Guðbrandsson, kennari, 499.
Torfi Hjartarson, tollstjóri, hm., 506.
Tryggingarsjóður sparisjóða, reikn., 92.
Tryggvi Eyjólfsson, kennari, 498.
Tryggvi Þorsteinsson, kennari, 497.
Tulinius, Þórarinn, sjr., 348.
Turville-Petre, E. O. G., prófessor, hm.,
507.

U. Ú.

Úlfar Helgason, tannlækningaleyfi, 494.
Úlfjótur Jónsson, kennari, 497.
Úlfur Ragnarsson, héraðslæknir, lausn,
501.
Umferð á vegum og aðalbrautir, fyrir-
mæli, br., augl., 254.

Umferð í Reykjavík, augl., 272, 295.
Upptökuréttindi STEF's, r., 299—300.
Urbancic, Victor E. J., hljómsveitarstjóri,
hm., 509.
Útflutnings-skreið, mat og verkun, rg., br.,
333.
Útvegsbanki Íslands h.f., reikn., 398—402.

V. W.

Valdis Halldórsdóttir, kennari, 499.
Valgeir Vilhjálmsson, kennari, 498.
Valgerður Tryggvadóttir, skrifstofustjóri,
hm., 509.
Vallholtslegat, sjr., 289—290.
Vatnsleysustrandarhreppur, rafveita, gj-
sk., 138—140.
Vatnsveita í Flateyrarhreppi, rg., 250—
252, í Hveragerði, rg., br., 266, í Hauga-
nesi, sp., 310—313, rg., 313—315.
Veðlán úr lífeyrissjóði, augl., br., 8.
Vegaumferð inn á aðalbrautir, fyrirmæli,
br., augl., 254.
Veðifélag Vesturdalsár, arðskrá, 355.
Veitingaþjónaskólinn, matsveina, rg.,
75—85.
Welck, Wolfgang, von, friherra, hm.,
507.
Vélskólinn í Reykjavík, rg., br., 271.
Verðjöfnun á oliu og benzíni, rg., 343—
344.
Verðlagsskrár, 104—137.
Vere, C. A. de, hertogi af Aragona, fyrrv.
sendiherra, hm., 507.
Verzlunarsparisjóður, sp., 176—183.
Vesturdalsá í Vopnafirði, veðifélag, arð-
skrá, 335.
Whittaker, James, forstjóri, hm., 508.
Vigfús Jónsson, oddviti, varaþm., 330.
Vilbergur Júlíusson, kennari, 497.
Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri,
hm., 506, 509.
Vilhjálmur Hjálmarsson, bóndi, varaþm.,
330.
Vilhjálmur Haraldur Vilhjálmsson, kenn-
ari, 498.
Vinamíning á Eyrarbakka, sjr., 291—292.
Vinke, Eugene, ræðismaður, 493.
Vinnumiðlun, rg., 278—284.
Witalis, Gudbrand Sandgren, ræðismaður
Íslands í Gautaborg, 494.

Vogaráhöld, mælitæki, löggilding og eftirlit, gjsk., 15—18.
 Voillery, Henri, ambassador, 502.
 Woodcock, Huntly, fiskifulltrúi, hm., 507.
 Vörubifreiðar á Akureyri, hámarkstala, rg., 316.
 Vörumerkjaauglýsingar, 422—488.
 Vörur, innflutningsheimildir, augl., 301.

Y, Ý.

Yahil, Chaim, dr., sendiherra, 504.

Z.

Zantovský, Jaroslav, sendifulltrúi, 504, 505.
 Zoëga, Geir, fyrrv. vegamálastjóri, hm., 508.

Þ.

Þingeyrarhreppur, sparisjóður, reikn., 357—358.
 Þjóðjarðalandsetar, verðugir og þurfandi, sjr., 381.
 Þórarinn Björnsson, skólameistari, hm., 506.
 Þorbjörg Bergþórsdóttir, kennari 489.
 Þorbjörg Finnbogadóttir, kennari, 499.
 Þorbjörg Kristjánsdóttur, kennari, 499.
 Þórður Benediktsson, skólastjóri, 496.
 Þórður Hjartarson, kennari, 499.
 Þórður Jörundsson, kennari, 497.
 Þórður Eydal Magnússon, tannlækningaleyfi, 494.
 Þórgunnur Björnsdóttir, kennari, 497.

Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, hm., 506, 509.
 Þórhallur Guttormsson, kennari, 496.
 Þórhallur B. Ólafsson, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 501, settur héraðslæknir, 501.
 Þórir Haukur Einarsson, skólastjóri, 498.
 Þórir Hallgrímsson, kennari, 499.
 Þorkell Jóhannesson, háskólarektor, hm., 506, 509.
 Þorlákur Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi, lausn um stundarsakir, 501.
 Þorsteinn Geirsson, farkennari, 499.
 Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri, hm., 506.
 Þorsteinn Elías Kristinsson, kennari, 497.
 Þorsteinn Pétursson, farkennari, 499.
 Þórunn Bjarnadóttir, kennari, 496.
 Þorvaldarminning, sjr., 382.
 Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri, hm., 509.
 Þorvaldur G. Kristjánsson, lögfræðingur, varaþm., 331.
 Þorvaldur Þorvaldsson, kennari, 496.
 Þorvarður Órnólfsson, kennari, 499.
 Þuriður Árnadóttir, kennari, 496.
 Þverárþing, ræktunarsamband, sp., 220—221.

Ö.

Ökukennararéttindi, framlenging, augl., 74.
 Örlygshöfn, lendingarbátasvæði, rg., 172—175.
 Öryggisráðstafanir við notkun naglabyssu, r., 303—309.

Skammstafanir.

augl. = auglýsing.
 br. = breyting.
 gjsk. = gjaldskrá.
 hm. = heiðursmerki.
 r. = reglur.

rg. = reglugerð.
 reikn. = reikningur.
 sjr. = sjóðreikningur.
 sk. = skipulagsskrá.
 sp. = samþykkt.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Sandgerði í Miðneshreppi. ¹ 14. jan.

Með bréfi, dags. 30. nóvember f. á., hafið þér, herra sýslumaður, tjáð þessu ráðuneyti, að sýslunefnd Gullbringusýslu mæli með því, að verzlunarlóð Sandgerðis verði stækkuð á þann hátt, sem greinir í bréfi hreppsnefndar Miðneshrepps til ráðuneytisins, dags. 7. október s. l., er ráðuneytið sendi sýslunefnd til umsagnar með bréfi, dags. 21. nóvember s. l.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, ákveðið að talmörk téðrar verzlunarlóðar skuli vera sem hér segir:

Að norðan: Landamerki milli Sandgerðis og Flankastaða.

Að austan: Bein lína, sem myndast af efri takmörkum Bjarmalands og Lækjarmótslóða milli suðurmarka Flankastaðalands og Keflavíkurvegur.

Að sunnan: Keflavíkurvegur og frá enda hans bein lína í svonefndan Búðaklett í Bæjarskerseyri.

Að vestan: Sandgerðishöfn.

Land það, sem hér um ræðir, er að mestu leyti skipulagt og er uppdráttur af því fyrir hendi hjá skipulagi bæja, kauptúna og sjávarþorpa.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af uppdrætti að umræddri verzlunarlóð verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf fjármálaráðuneytisins til Brunabótafélags Íslands, um 2 stimpilgjald af nokkrum tegundum trygginga. 26. jan.

Ráðuneytið hefur móttakið bréf Brunabótafélags Íslands, dags. 23. f. m., þar sem óskað er upplýsinga um stimpilgjald af nokkrum tegundum trygginga.

Af skirteinum fyrir tryggingum þeim, sem bréfið fjallar um, ber að greiða stimpilgjald sem hér segir:

1. Sjóvátryggingar (sama gildir um tryggingar á varningi fluttum með flugvélum og landfarartækjum) 10 aura frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi af tryggingarfjárhæð.
2. Ferðaslysátryggingar, 10 aura frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi.
3. Rekstursstöðvunartryggingar, 25 aura frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi.
4. Vélatryggingar, 25 aura frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Á framangreint frumgjald bætist 140% viðauki samkvæmt ákvæðum laga nr. 91 1955, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka, sbr. augl. nr. 137/1955.

3

AUGLÝSING

2. jan.

um breyting á reglum um merkingu skipa, nr. 25 frá 25. febr. 1954, sbr. auglýsingu nr. 175 frá 31. des. 1954, um breyting á þeim reglum.

Aftan við umdæmisbókstafina í 3. gr. bætist: KO Kópavogur.

Breyting þessi á reglum um merkingu skipa nr. 25/1954 og auglýsingu nr. 175/1954, sem settar eru samkvæmt 27. gr. laga nr. 17 frá 8. marz 1948, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1956.

F. h. r.

Sigtryggur Klemenzson.

Einar Ágústsson.

4

REGLUGERÐ

7. jan.

um breyting á reglugerð nr. 47 11. marz 1955, um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

3. töluliður orðist svo:

Árið 1956 skal í janúar greiða upp í iðgjöld samkv. 107. gr., eins og hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 350.00
Ógiftar konur	— 250.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 250.00
Ógiftar konur	— 180.00

5. töluliður, síðari málsgr., orðist svo:

Til loka febrúarmánaðar 1956 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 10.20 á viku
Á 2. —	— 7.65 —

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 95/1955, um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1954, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

5

10. jan.

1. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því að sveitarfélög safni sem ýtarlegustum skýrslum um það, hversu mikið heilsuspillandi húsnæði sé notað til íbúðar og með hvaða hætti, og á hve löngum tíma hlutaðeigandi sveitarfélög telja auðið að útrýma því.

3. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og óska eftir að njóta aðstoðar ríkisvaldsins, skulu sækja um slíka aðstoð til húsnæðismálastjórnar.

Með umsóknum þessum skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Kostnaðaráætlun yfir fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt teikningum.
- Upplýsingar um það, hvenær framkvæmdir hafa hafizt eða munu hefjast og hvenær þeim skuli ljúka. Taka skal fram á hvaða stigi slíkar framkvæmdir kunna að vera þegar umsókn er send.
- Upplýsingar um hvaða húsnæði á að útrýma, lýsing á því, svo og hversu margt fólk býr í því húsnæði.
- Ef um annað húsnæði er að ræða en herskála, vottorð viðkomandi héraðslæknis, í Reykjavík borgarlæknis, um að húsnæði það, sem útrýma á, sé heilsuspillandi.

4. gr.

Nú samþykkir húsnæðismálastjórn áætlanir sveitarfélags um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og getur hún þá veitt lán af því fé, sem ríkissjóður leggur fram í þessu skyni, þó eigi hærra en nemur samanlögðu framlagi og láni frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Slík lán skulu veitt til 50 ára með 4% ársvöxtum og skulu vera jafngreiðslulán. Afborganir og vextir af lánum þessum skulu renna í varasjóð hins almenna veðlána-kerfis. Skal veðdeild Landsbanka Íslands sjá um afgreiðslu lánanna, innheimtu og reikningshald.

5. gr.

Lán, sem veitt eru samkvæmt reglugerð þessari, skulu veitt sveitarfélögum, og er þeim heimilt að verja þeim:

- Til byggingar íbúða, er síðan verðin seldar einstaklingum, fullgerðar eða ófullgerðar.
 - Til byggingar leiguhúsnæðis.
- Ef um fyrri tilvikið er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um íbúðina unz lán ríkissjóðs er greitt að fullu:
- Ef eigendaskipti verða að íbúðum þessum, skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt að hinni seldu íbúð og er því skylt að leysa íbúðina til sín og selja hana eða leigja eftir reglum 6. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 3. mgr. þessarar

5
10. jan.

greinar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbætti verðhækkun, sem orðið hefur samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljandi, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið meðan íbúðin var í eigu seljanda, og draga frá hæfilega fyrningu, hvoru tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Fyrir endurbætur skal þó ekki greiða meira en kostað hefur að fullgera samsvarandi íbúð. Ekki má leigja slíka íbúð eða hluta hennar án samþykkis sveitarstjórnar, sem hefur forleigurétt.

b. Íbúðir þessar má aðeins selja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði, enda verði það jafnframt tekið úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Ef um byggingu leiguhúsnæðis er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um það unz lán rikissjóðs er að fullu greitt:

a. Leiga eftir húsnæðið má ekki vera hærri en sem nemur afborgunum og vöxtum þeirra lána, sem á íbúðinni hvíla og kostnaði vegna eðlilegs viðhalds.

b. Leiguhúsnæði má ekki aðeins leigja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði, enda verði það jafnframt tekið úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Sveitarfélögum er skylt að láta þær fjölskyldur, er í lökustu húsnæði búa og mesta ómegð hafa eða eiga samkvæmt vottorði lækni við verulega vanheilsu að stríða, sitja fyrir við úthlutun þess húsnæðis, sem byggt er samkvæmt reglugerð þessari .

7. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. koma ekki til útborgunar fyrr en viðkomandi ónothæft húsnæði hefur verið tekið úr notkun, samkvæmt vottorði viðkomandi lögreglustjóra, enda sé húsnæði það, sem lánað er til, orðið íbúðarhæft samkv. vottorði matsmanna hins almenna veðlánakerfis.

Óheimilt er að taka aftur til íbúðar húsnæði, sem tekið hefur verið úr notkun samkv. reglugerð þessari, nema fyrir liggja vottorð héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni), um að það sé eigi lengur heilsuspillandi.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 20 000.00 kr. sektum til rikissjóðs, og fer ura þau að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

6

17. febr.

um breytingu á reglugerð um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa,
nr. 20 frá 13. febrúar 1953.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur frá Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Hafnarfirði, Reykjavík eða Akranesi fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir.

Í janúar	kl. 02.05
Í febrúar	— 01.05
Frá 1. marz til 15. marz	— 24.05
Frá 16. marz til 31. marz	— 23.05
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 22.05
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 21.05
Í maí	— 20.05

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, sem hugsast dregin milli ljósdufla 1 S og 2 S, sem lagt hefur verið sem hér segir:

Dufl merkt 1 S er á 64°07'0 n.br. og 22°47'5 v.lg

Dufl merkt 2 S er á 64°05'3 n.br. og 22°48'7 v.lg.

Ljóseinkenni: Hvítt leiftur á einnar sek. bili.

Fyrir tilsettan tíma má þó enginn bátur fara suður fyrir línu, sem hugsast dregin milli ljósdufls 2 S og Garðskagavita. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, skulu nefndarmenn, sem kjörnir eru samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, annast um, að ljósmerki sé gefið.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, sem gengur til veiða frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 01.05
Í febrúar	— 00.05
Frá 1. marz til 15. marz	— 23.05
Frá 16. marz til 31. marz	— 22.05
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 21.05
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 20.05

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við ljósdufl nr. 9, sem lagt hefur verið eins og hér segir:

64°14'5 n.br.

22°18'1 v.lg.

Ljóseinkenni: Hvítur þríblossi á 25 sek. bili

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta, til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuáráðuneytið, 17. febrúar 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

7 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Halldóru Björns-
26. jan. dóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. jan. 1956.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldóru Björnsdóttur.

Sjóðurinn er stofnaður 10. desember 1955 með tíu þúsund króna gjöf frá eftirlifandi eiginmanni Halldóru heit. Björnsdóttur, Kristmundi Guðmundssyni, sonum þeirra hjóna, Úlfari og Birni, og nánnum vinum fjölskyldunnar.

Frú Halldóra Björnsdóttir var fædd 10. desember 1905 og lézt 22. janúar 1951.

Hún var meðstofnandi og annar af framkvæmdastjórum Nærfataverksmiðjunnar Lillu h.f. í Reykjavík, og átti sæti í stjórn Félags íslenskra iðnrekenda í 4 ár, árin 1947—1950.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldóru Björnsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00, en tekjur sjóðsins eru áheit og gjafir, sem honum kunna að áskotnast, og vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma.

3. gr.

Stofnfjárhöfuðstólinn, kr. 10000.00, má aldrei skerða, en verja skal tekjum sjóðsins til þess að styrkja efnilegt fólk til náms erlendis í greinum, er snerta verksmiðjuíðnað.

4. gr.

Stjórn Félags íslenskra iðnrekenda skal hafa á hendi stjórn sjóðsins. Hún ákveður, hve miklu fé skal verja úr sjóðnum, þó með þeirri takmörkun, er leiðir af 3. gr., og hverjir skuli hljóta styrkinn. Stjórnin semur árlega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og skal hann endurskoðaður af kjörnum endurskoðendum Félags ísl. iðnrekenda og birtur félagsmönnum með reikningum félagsins á aðalfundi þess.

5. gr.

Allt reiðufé sjóðsins skal ávaxtað í Iðnaðarbanka Íslands h.f.

6. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af forseta Íslands.

Reykjavík, 10. desember 1955.

F. h. stofnenda

Kristmundur Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Svanfríðar Guðrúnar 8 Kristóbertsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. 26. jan. janúar 1956.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Svanfríðar Guðrúnar Kristóbertsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 30. ágúst 1948 til minningar um Svanfríði Guðrúnu Kristóbertsdóttur, sem fæddist í Súðavík 30. ágúst 1919 og andaðist 1. nóvember 1945, af foreldrum hennar, Jónínu Magnúsdóttur og Kristóbert Kristóbertssyni, Súðavík. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Svanfríðar Guðrúnar Kristóbertsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000.00 — tíu þúsund — krónur. Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta af höfuðstól, gjafir og áheiti, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnalitla en ástundunarsama nemendur í héraðsskólanum á Núpi í Dýrafirði. Nemendur, sem eiga heima í Súðavíkurbreppi, skulu öðrum fremur ganga fyrir um styrkveitingu.

4. gr.

Úthluta skal árlega hálfum vöxtum sjóðsins, en helmingur vaxtanna leggist við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn 25000 krónur, þá má úthluta tveimur þriðju hlutum vaxtanna, en einn þriðji hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 krónur, þá skal úthluta $2\frac{1}{2}$ hlutum vaxtanna. Því hærri upphæð sem úthlutað er, skulu allajafna fleiri verða styrks aðnjótandi.

Úthlutun skal fara fram að loknu vorprófi ár hvert.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: formaður skólanefndar héraðsskólans á Núpi í Dýrafirði, skólastjórinn og kennari í handavinnu stúlkna við skólann, og hefur stjórnin á hendi reikningshald og styrkveitingar úr sjóðnum.

6. gr.

Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir í Landsbanka Íslands, og skulu reikningar hans endurskoðaðir árlega á sama hátt og reikningar héraðsskólans á Núpi og af sömu endurskoðendum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Súðavík, 30. ágúst 1948.

Jónína Magnúsdóttir. Kristóbert Kristóbertsson.

9

31. jan.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um veðlán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nr. 91
17. maí 1951, sbr. reglugerð nr. 168 19. ágúst 1952.

1. gr.

Fyrri málsliður 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lántakandi greiðir 6½% ársvexti af skuld sinni.

2. gr.

Í stað orðanna „6% ársvexti af skuld sinni“ í 6. gr. 2. mgr., komi: hæstu lög-
leyfða fasteignalánavexti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr.
168 19. ágúst 1952.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1956.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

10

2. febr.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsabygginga á jörð-
um, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á
löðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildar eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir,
er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905.
Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kaupún þar með undan-
þegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins.
Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum og
ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll
þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Norður-Ísafjarðarsýslu og Bygg-
ingarsjóði, svo og af sýslusjóðum annarra sýslna á Vestfjörðum, ef ráðinn verður
sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26
1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af
viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum

hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndar. **10**
2. febr.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar eru:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins.
2. Að hafa umsjón með því að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa tiltækar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 20 frá 31. janúar 1952 og reglugerðir, sem settar eru samkv. þeim lögum.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetning framkvæmd í samráði við hann.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágranni við þau.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvírtaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 cm, og á hverju blaði auður reitur, 4 × 5 cm, í hægri horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðar byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafi horizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman, en hún úrskurðar hvort leyfin skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð, og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

10

2. febr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða að hús, sem ætluð eru til atvinnu-reksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáið gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálstan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði byggingar, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggji öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rifa niður á kostnað eiganda það, sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða. Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árlega fer fram dýralæknisskoðun vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast þess af stjórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er um og máli skiptir í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsþúum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða mál, er fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirrituð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sveitarsjóði. Þóknun til nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

10

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

2. febr.

18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt hól í sýslunni, ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarnefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsa byggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og eru þær þá bindandi fyrir alla aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til.

20. gr.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lög-reglustjóra. Mál út af slíkum brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt til að gilda fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. febrúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

11
2. febr.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsabygginga er teljast fram-búðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygg-inga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins til tveggja ára í senn, og skal hann vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum.

Byggingarfulltrúi skal vera formaður byggingarnefnda hinna einstöku hreppa, og hefur á hendi eftirlit um, að fyrirmælum byggingarsamþykktar sé fylgt.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði að hálfu og Byggingarsjóði að hálfu.

Oddviti sýslunnar annast greiðslu launa til fulltrúans, gegn endurgreiðslu frá Byggingarsjóði að hluta sjóðsins.

Heimilt er sýslunefnd að jafna niður þeim kostnaði, er sýslan hefur af launa-greiðslum byggingarfulltrúa og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af fast-eignamatsverði jarða, þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5% f fasteignamatinu.

4. gr.

Byggingarfulltrúa séu greidd laun samkvæmt ákvæðum laga, er á hverjum tíma gilda um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunar-staðir.

5. gr.

Meðan ekki er gert samkomulag við önnur sýslufélög um ráðningu sameigin-legs byggingarfulltrúa, svo sem í lögum er gert ráð fyrir, skal slíkur maður ráðinn fyrir Vestur-Húnavatnssýslu eina saman, að Hvammstangakaupþúni undanskildu, enda fær hann þá laun greidd í hlutfalli við þrengt starfssvið.

6. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti 3 menn, skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

Byggingarfulltrúi, er sýslan ræður samkvæmt 2. gr., á sæti í byggingarnefndum, og er hann formaður þeirra.

7. gr.

11

2. febr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar eða framlög til bygginganna úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

8. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 20 frá 31. janúar 1952 og reglugerð þeirra laga.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

9. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum er hér greinir:

1. Íbúðarhúsbygginga og bygginga, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggð eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Allra bygginga, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra peningshúsa og annarra útihúsa, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og annarra bygginga, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiriháttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

10. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiriháttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verkvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir af hinum fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60, og á hverju blaði auður reitur, 4 × 5 cm, í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

11. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir hún síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafa horizt til nefndarinnar, sem síðan kallar nefndina saman og úrskurðar nefndin hvort leyfin skulu veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, er á jörðinni er og verður, og annað, er áhrif getur haft á, hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni.

12. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða

11 svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáið gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, 2. febr. eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

13. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega hverja afgreiðslu mál hans hefir fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

14. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

15. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreind eru í 9. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggji öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda það sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

16. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því sem áfátt er, eftir reglum er þar um gilda eða settar kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirstjórn mjólkurvinnslumála.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast af stjórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

17. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan fund á ári, þar sem tekin sé til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsþúum með hæfilegum fyrirvara, og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

18. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

19. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

20. gr.

11

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi: 2. febr.

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

21. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsa byggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og eru þær bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

22. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt til að gilda fyrir Vestur-Húnavatnssýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. febrúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Arni G. Eylands.

G J A L D S K R Á

12

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

3. febr.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð.

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	1.20
—	10 g til 20 g	—	2.00
—	50 g	—	2.00
—	100 g til 200 g	—	2.50
—	½ kg	—	3.00
—	1 kg til 2 kg	—	4.50
—	5 kg	—	5.50
—	10 kg	—	7.20
—	20 kg	—	9.00

12 2. Metaskálar.

3. febr.	Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	30.00
	—	5 kg eða minna	—	36.00
	—	10 kg eða minna	—	42.00
	—	20 kg eða minna	—	48.00
	—	30 kg eða minna	—	50.00
	—	yfir 30 kg	—	60.00

3. Borðvogir jafnarma.

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	36.00
—	5 kg eða minna	—	42.00
—	10 kg eða minna	—	48.00
—	20 kg eða minna	—	60.00
—	30 kg eða minna	—	72.00
—	yfir 30 kg	—	80.00

4. Tugavogir og hundraðsvogir.

Vogarþol	100 kg eða minna	kr.	36.00
—	200 kg eða minna	—	42.00
—	300 kg eða minna	—	48.00
—	500 kg eða minna	—	55.00
—	600 kg eða minna	—	60.00
—	1000 kg eða minna	—	80.00
—	2000 kg eða minna	—	100.00
—	yfir 2000 kg	—	150.00

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) og automa-tískum vogum með skerðingum, greiðist fyrir reizlur sama gjald og fyrir desí-malavogir, og fyrir automatiskar vogir sama gjald og fyrir jafnarma vogir með sama vogarþoli, og auk þess 15 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.

5. Reizlur án mundangs.

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	13.00
—	10 kg eða minna	—	18.00
—	20 kg eða minna	—	30.00
—	50 kg eða minna	—	36.00
—	100 kg eða minna	—	42.00
—	300 kg eða minna	—	48.00

og auk þess kr. 1.50 fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. Kvarðar.

Fyrir hvern kvarða, sem löggiltur er, kr. 7.20, auk þess fyrir hverja 10 óskipta sentímetra 70 aurar, en ef sentímetranum er skipt í millímetra, kr. 0.50 fyrir hvern sentímetra.

7. Mæliker.

Stærð	1 dl og 2 dl	kr.	4.00
—	½ lítri	—	6.00
—	1 og 2 lítrar	—	8.00
—	5 lítrar	—	16.00
—	10 lítrar	—	30.00

Stærð 20 lítrar	kr.	36.00	12
— 50 lítrar	—	55.00	3. febr.
8. Rennslismælar og benzínælar.			
Rennslismælar fyrir olíu og benzín	kr.	36.00	
Benzínælar	—	16.00	
Enn fremur aukagjald fyrir hvern benzínmæli þegar hann er lög- giltur í fyrsta sinn	—	40.00	
9. Síldarmæliker.			
Stærð 150 lítrar	kr.	120.00	
— 300 lítrar	—	220.00	
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 150 lítra	—	420.00	
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 300 lítra	—	840.00	

2. gr.

Eftirlitsgjöld.

1. Vogarlöð.			
Þyngd 50 g eða minna	kr.	1.20	
— ½ kg eða minna	—	2.50	
— 5 kg eða minna	—	4.00	
— yfir 5 kg	—	6.00	
2. Vogir.			
Vogarþol 5 kg eða minna	kr.	12.00	
— 30 kg eða minna	—	18.00	
— 100 kg eða minna	—	30.00	
— 300 kg eða minna	—	36.00	
— 600 kg eða minna	—	42.00	
— yfir 600 kg	—	60.00	
3. Kvarðar.			
Lengd ½ m til 1 m	kr.	5.00	
4. Mæliker.			
Stærð ½ lítri eða minna	kr.	3.60	
— yfir ½ lítra	—	6.00	
Síldarmál 50 l til 150 l	—	48.00	
— 300 lítrar	—	96.00	
Löndunartæki 150 til 300 lítra hólf	—	130.00	
Benzínælar	—	10.00	
Rennslismælar	—	18.00	

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar kr. 22.00 á klukkustund eða brot úr klukkustund, að viðbættri kaupgjaldsvísitölu.

- 12 Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, 3. febr. um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 183 1. sept. 1950, um sama efni.

Atvinnuáráðuneytið, 3. febrúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

- 13
9. febr.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Reykjavíkur, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 125 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga í Reykjavík samkv. nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Nú losnar leyfi bifreiðarstjóra, sem hafa leigubifreiðaaakstur að aðalatvinnu og skal þá, á meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 125 íbúa, aðeins endurveita tíunda hvert leyfi.

Leyfi þeirra manna, sem við gildistöku reglugerðar þessarar fá atvinnuleyfi, en ekki hafa akstur leigubifreiða að aðalatvinnu, skulu ekki endurveitt öðrum.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 125 íbúa, skal ekki veita ný leyfi vegna fjölgunar íbúa, nema eitt fyrir hverja 1500 íbúa.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 125 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 31. desember 1955 höfðu afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, halda leyfi sínu, ef þeir eru meðlimir Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

3. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, nema hann hafi öðlazz atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík. Leyfin skulu tölusettt og bundin við nafn leyfishafa.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi, nema Bifreiðastöð Steindórs, sem skal fá 45 atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem leyfð er. Þó skulu þeir, sem höfðu tvö afgreiðsluleyfi hjá bifreiðastöð 31. desember 1955, fá tvö atvinnuleyfi, ef þeir óska þess innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar.

Bifreiðastöð Steindórs er óheimilt að nota þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út á nafn Bifreiðastöðvar Steindórs, fyrir aðrar leigubifreiðar en þær, sem eru eign Bifreiðastöðvar Steindórs.

Þeim leyfishöfum, sem að staðaldri hafa látið aðra aka bifreið sinni sem leigubifreið til mannflutninga frá því fyrir 1. janúar 1955, skal, ef þeir æskja þess, heimilt

að hafa þann hátt á áfram, þar til leyfishafi byrjar akstur sjálfur, þótt bifreiðarstjórinn ekki hafi atvinnuleyfi, enda uppfylli bifreiðarstjórinn skilyrði 4. gr. 13
9. febr.

4. gr.

Eftir að þau atvinnuleyfi hafa verið veitt, sem um getur í 2. gr., er óheimilt að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalátvinnu og sæki um upptöku í Bifreiðastjóraráfélagið Hreyfil.

Þeir bifreiðarstjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í c-lið 13. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

5. gr.

Leigubifreiðarstjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

6. gr.

Í Reykjavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina.

7. gr.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um það, á þar til gerðum eyðublöðum, til Bifreiðastjóraráfélagsins Hreyfils. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Reykjavík, um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjóraráfélagsins Hreyfils, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Stjórn Bifreiðastjóraráfélagsins Hreyfils skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig að sá, sem hefur lengstan starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Reykjavík.

Starfstími bifreiðarstjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða, enda uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Reykjavík, sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Skal leyfið vera í vörzlum bifreiðastöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð og skal hann þá afhenda bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Skal síðan sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjóraráfélaginu Hreyfli flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á annarri bifreiðastöð.

13

9. febr.

9. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

10. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans skrifstofu Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils samdægurs eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlu félagsins á meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins, og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

11. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið skrifstofu Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils atvinnuleyfum, sem losna af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

12. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðarstjóra á leigubifreiða, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

13. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 14. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Hreyfill á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess, enda uppfylli þá ökumaður bifreiðarinnar skilyrði 4. gr. reglugerðar þessarar.

14. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils.

Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðarstjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna og skal hún vera 13
skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra 9. febr.
skytt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum
stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðarstjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt fram-
ansögðu.

15. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir allar þær bifreiðar, sem þar hafa af-
greiðslu. Skal skrá þessi fest upp þar sem bifreiðarstjórar eiga greiðan aðgang að og
tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra
og eiganda.

16. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef
leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg
eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðu-
neytisins.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöð-
um, nr. 23 16. febr. 1953, sbr. lög nr. 25 7. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, til
að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um skýrslugerð vegna bótagreiðslu úr framleiðslusjóði.

14

16. febr.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 4 31. janúar 1956, um framleiðslusjóð, eru eftir-
farandi reglur settar um skýrslugerð o. fl.:

1. Hver sá, sem tekur fisk til vinnslu úr íslenskum skipum, skal gefa Fiskifélagi Íslands skýrslu um það á sérstökum eyðublöðum, sem Fiskifélagið lætur í té.
2. Skal í skýrslum þessum tilgreina vegið fiskmagn, sundurliðað eftir fisktegund-
um og vottað af löggiltum vigtarmanni.
3. Enn fremur skal senda Fiskifélaginu skýrslu um innveginn smáfisk, þorsk, ýsu og steinbít og sé magn og mál vottað af löggiltum vigtarmanni.
4. Leiðbeiningar um mælingu smáfisks fylgja skýrslueyðublöðum þeim, sem Fiski-
félagið lætur í té.

Skýrslur þessar skal senda Fiskifélaginu innan þeirra tímatakmarkana, sem tilgreindar eru á eyðublöðunum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. febrúar 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

- 15 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Systkinasjóð, útgefin á venjulegan 20. febr. hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar 1956.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Systkinasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Systkinasjóður og er stofnaður og gefinn til minningar um hjónin Guðrúnu Björnsdóttur frá Atlastöðum í Svarfaðardal (d. 8. maí 1897) og Friðfinn Jónsson frá Hóli á Upsaströnd (d. 12. ágúst 1925), síðast búandi á Grund í Þorvaldsdal.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur — og er gefið af börnum þeirra hjóna, þeim ekkjufrú Jónínu Friðfinnsdóttur, Gránufélagsgötu 11, Akureyri, ekkjufrú Guðrúnu Friðfinnsdóttur, Bjarkarbraut 7, Dalvík, Sigríði Friðfinnsdóttur, matreiðslukonu, Bjarkarbraut 5, Dalvík, og Páli Friðfinnssyni, útgerðarmanni, Bjarkarbraut 5, Dalvík.

3. gr.

Tilgangurinn með sjóðstofnun þessari er sá, að veita námsstyrki munaðarlausum börnum í Dalvíkurhreppi, sem orðin eru 16 ára að aldri.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins hefur þegar verið lagt inn í Sparisjóð Svarfdæla og skal það ávaxtast þar eða í annarri jafn öruggri lánsstofnun.

Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, svo og vexti, skal árlega leggja við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — má árlega verja til styrkveitinga úr honum allt að 10% — níu tíundu hlutum — ársvaxtanna, eins og þeir verða á hverjum tíma.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga í Dalvíkurhreppi og birtir árlega með aðalreikningum hreppsfélagsins.

7. gr.

Sjóðstjórnina skulu skipa þrír menn: Oddviti (sveitar- eða bæjarstjóri), sem jafnframt skal vera formaður sjóðstjórnarinnar, sóknarprestur og skólástjóri. Skulu menn þessir ráðstafa styrkveitingum úr sjóðnum hverju sinni.

8. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.

Dalvík, 5. marz 1955.

Jónína Friðfinnsdóttir. Guðrún Friðfinnsdóttir. Sigríður Friðfinnsdóttir.
Páll Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um almenningsbókasöfn.

16
21. febr.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Almenningsbókasöfn starfa samkvæmt lögum nr. 42 frá 18. maí 1955, reglugerð þessari og reglum, sem stjórnir safnanna setja þeim.

2. gr.

Hlutverk almenningsbókasafns er að efla fræðslu og menningu og gefa mönnum kost á hollri og ódýrri tómstundaiðju. Þetta hlutverk skal fyrst og fremst rækja með öflun góðra bóka, en annars skal safnið vinna að hlutverki sínu á allan til-tækilegan hátt í samstarfi við skóla og kirkju, félög, sem hafa með höndum menningarstarf, og einstaklinga, sem hafa áhuga á menningarmálum.

3. gr.

Þessar starfsbækur og starfsskrár skulu jafnan færðar í safninu:

1. Gerðabók.
2. Sjóðbók.
3. Aðfangabók.
4. Skrá yfir bækur, sem glatast eða ónýttast á árinu.
5. Skrá yfir þá, sem hafa fengið afnotaskirteini.
6. Útlánaskrá.

Í aðfangabók skulu skráðar allar bækur safnsins jafnóðum og það eignast þær. Tölu þá, sem bók fær í aðfangabók, skal rita á bókina sjálfa, ásamt flokkseinkenni hennar. Góðri skráningarreglu skal halda um smáprent, tímarit hvers árs og ritraðir eða bækur, sem koma út í heftum.

4. gr.

Bækur safnsins skulu einkenndar með stimpli þannig, að greinilegt sé, að þær séu eign þess. Bækurnar skulu skipulega skráðar og flokkaðar í samræmi við það flokkunarkerfi, sem ríkir í stærstu söfnum landsins.

Í safninu skulu vera til þessar spjaldskrár:

1. Flokkaskrá, þar sem bókum sé raðað eftir flokkum og höfundum.
2. Höfundaskrá, sem raðað sé eftir höfundum, án tillits til flokka.
3. Skrá yfir fágætar bækur, sem ekki eru lánaðar nema í lestrarsal, enda séu þær geymdar í lokuðum skápum.

5. gr.

Úr safninu skulu ekki lánaðar óbundnar bækur eða mjög dýrar bækur og fágætar. Ekki skal heldur lána út handbækur, sem jafnan þurfa að vera tiltækar í safninu. Heimilt skal að gera undantekningar frá þessari reglu í brýnni þörf. Skal það komið undir mati bókavarðar og formanns bókasafnsstjórnar, hvort lánbeiðni skuli sinnt og með hvaða takmörkunum og skilyrðum.

6. gr.

Bækur úr safninu getur hver sá einstaklingur fengið til heimalesturs, sem orðinn er sextán ára að aldri, nema hann hafi fyrirgert til þess rétti sínum. Sá, sem vill

16 fá lánaðar bækur til heimalesturs, skal undirrita yfirlýsingu um það, að hann skuldbindi sig til að fylgja settum reglum um meðferð þeirra og skil. Lánþegi riti nafn sitt með fullu heimilisfangi, og þannig sé það ritað á lánskirteini hans. Ef hann flytur búferlum, skal hann tilkynna það bókaverði. Lánþegi er skyldur að bæta safninu að fullu, ef bók glatast eða skemmist í hans vörzlum. Eðlilegt slit telst ekki til skemmda. Með skemmdum telst það að draga strik, merki eða stafi í bækurnar eða brjóta í blað. Bætur fyrir glataðar bækur og skemmdir á bókum greiðist eftir mati bókavarðar, en úrskurði hans má skjóta til bókafulltrúa, ef um er að ræða hærri upphæð en tvö hundruð og fimmtíu krónur fyrir glataða bók og hundruð krónur fyrir skemmdir.

Sé höfð útlánsdeild fyrir börn, setur stjórn safnsins sérreglur um starfsemi hennar.

7. gr.

Komi upp veiki á heimili, þar sem bækur eru að láni úr safninu, er lánþegi skyldur að tilkynna það bókaverði. Skal bókaþörfur síðan gera þær ráðstafanir, sem héraðslæknir telur nauðsynlegar vegna öryggis notenda safnsins.

8. gr.

Ef lánþegi brýtur eitthvað af þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari eða stjórn safnsins setur, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að fá bækur að láni úr safninu um stundarsakir eða að fullu, eftir því hvaða sakir eru til. Skal bókaþörfur hverju sinni meta, hve miklum vítum brot varðar, en lánþegi má skjóta máli sínu undir úrskurð formanns bókasafnsstjórnar og til bókafulltrúa, ef um er að ræða algera sviptingu réttinda til notkunar á bókum safnsins.

9. gr.

Vátryggja skal bækur safnsins og aðra muni og jafnan gæta þess, að vátryggingarupphæð sé í samræmi við verðgildi safnsins á hverjum tíma.

II. KAFLI

Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

10. gr.

Bókakostur safnsins skal vera sem fjölbreyttastur. Safnið skal eftir föngum afla sér íslenzkra bóka, nýrra og gamalla, og einnig erlendra bóka, einkum á þeim tungumálum, sem kennd eru í almennum framhaldsskólum. Lögð sé áhersla á rit um sögu og menningu þjóðarinnar, náttúru landsins, hagkvæmar bækur um tæknileg efni, handbækur í sérgreinum og almennum fræðum og bækur, sem fjalla um sögu og náttúru héraðsins og bjargræðisvegi bæjar- og héraðsbúa. Kostað sé kapps um að vanda val erlendra skáldrita.

Af því fé, sem árlega er varið til bókakaupa, skal að minnsta kosti verja þriðjung til öflunar fræðibóka, innlendra og erlendra.

11. gr.

Í stjórn bókasafns, sem fleiri en einn aðili standa að, skulu sitja fimm menn. Stjórn bókasafns, sem kaupstaður og sýsla eða hreppur og sýsla eiga aðild að, skal skipuð þremur fulltrúum frá þeim aðila, sem hærri framlag greiðir, og fjórum, ef framlag hans nemur fjórum fimmtu hlutum af samanlögðu framlagi beggja.

Þar sem þrjár aðilar standa að bókasafni, skulu þeir eiga fulltrúa í stjórn þess í réttu hlutfalli við framlög sín. Þó skal hver aðili ávallt eiga einn fulltrúa í stjórn safnsins.

12. gr.

16

21. febr.

Stjórn safnsins skiptir sjálf með sér verkum.

Nýkosin stjórn skal halda fund svo fljótt sem unnt er, og skal bæjarstjóri þess kaupstaðar eða oddviti (sveitarstjóri) þess hrepps, þar sem safnið er staðsett, kveðja hana saman í fyrsta sinn og stjórn kosningu formanns. Þegar nýkosin stjórn hefur tekið til starfa, skal formaður tilkynna bókafulltrúa nöfn og heimilisfang þeirra, sem þar eiga sæti, og þá verkaskiptingu, sem stjórnin hefur ákveðið.

Stjórnin skal halda fund, þegar bókavörður, formaður, meiri hluti stjórnar eða bókafulltrúi óska þess með hæfilegum fyrirvara, og aldrei skal stjórnin halda færri fundi en tvo á ári, í febrúar og í október.

Hlutverk stjórnarinnar er:

1. Að sjá um, að safnið hafi viðunandi húsnæði. Ef stjórnin ræðst í byggingu bókhlöðu eða samþykkir að safnið taki þátt í húsbýggingu með öðrum opinberum aðilum, skal leita um það samþykkis menntamálaráðuneytisins. Styrkur til byggingar bókasafna er bundinn þeim skilyrðum, að menntamálaráðuneytið hafi, að fengnum tillögum bókafulltrúa og húsameistara ríkisins, samþykkt byggingarstaðinn, uppdrætti og kostnaðaráætlun.
2. Að ráða bókavörð (bókaverði) handa safninu. Skal leitað álits bókafulltrúa um val hans (þeirra) og keppt eftir því, að til starfans ráðist menn, sem hafi sérþekkingu í bókasafnsmálum og staðgóða menntun. Skal stjórnin öll — og þó einkum formaður hennar — hafa sem nánast samstarf við bókavörð og eftirlit með starfi hans. Sami maður má ekki vera hvort tveggja í senn formaður bókasafnsstjórnar og bókavörður.
3. Að meta safnið til váttryggingar í samráði við bókavörð.
4. Að sjá um, að peningar safnsins séu ávallt geymdir í sparisjóði eða banka.
5. Að árlega sé samín fjárhagsáætlun fyrir safnið, og gerðar tillögur til bæjarstjórnar (hreppsnefndar) og sýslunefndar (sýslunefnda) um fjárframlög.
6. Að senda skýrslur um starfsemi safnsins og endurskoðaða reikninga til bókafulltrúa fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.
7. Að ákveða nánar en gert er í þessari reglugerð um starfstíma safnsins, starfs hætti og umsýslu, fjárreiður og hvað annað, sem til kann að koma.

13. gr.

Reikningar safnsins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum bæjar (hrepps) og sýslureikninga, áður en þeir eru sendir bókafulltrúa, bæjarstjórn (hreppsnefnd) og sýslunefnd.

14. gr.

Þar sem lestrarsalur er starfræktur, skal hann vera opin almennungi eigi skemur en frá 1. október til 1. maí ár hvert. Skyllt skal bókaverði að leyfa fræðimönnum notkun salarins á öðrum tímum árs, eftir nánara samkomulagi.

Útlán skulu fara fram allt árið, nema þann tíma sem bókaverði er nauðsynlegur til aðalinnköllunar, könnunar og þrifa.

Stjórn safnsins ákveður nánar eftir fjárhagsgetu og öðrum ástæðum, hve oft á viku og hve langan tíma dags lestrarsalur og útlánadeild eru opin á hinum ýmsu tímum ársins.

15. gr.

Bókaverði er skylt að útvega að láni úr öðrum almenningsbókasöfnum bækur, sem ekki eru til í safni hans, enda færi lánbeiðandi gild rök fyrir því, að hann þarfnist bókana. Bókaverði, sem berst slík málaleitun frá öðrum bókaverði, er skylt að verða við henni, ef sú bók er til, sem um er beðið, en sé hún mjög dýr eða fágæt,

16 ber honum að leita samþykkis formanns bókasafnsstjórnar, og ef þá greinir á, skal 21. febr. leitað úrskurðar bókafulltrúa.

Bókasafn, sem fær bækur að láni úr öðru bókasafni, ber ábyrgð á þeim, unz þeim hefur verið skilað. Jafnan skal þess gætt, þegar um slík bókalán er að ræða, að senda bækurnar í verðpósti og í góðum umbúðum.

16. gr.

Sveitarbókasöfn, sem hafa opinn lestrarsal, geta fengið að láni úr héraðsbókasafni bækur, sem ekki eru lánaðar út, og skal bókaverði heimilt að lána þær í lestrarsal. Færa skal bókavörður sveitarbókasafns rök fyrir því, að bókanna sé þörf í ákveðnum tilgangi, og skal hann sjá um skil á þeim á tilsettum tíma. Sveitarbókasafn ber ábyrgð á slíkum bókum, unz þeim hefur verið skilað, og skal tryggilega um það búið, að þær glatist ekki eða skemmist, þegar þær eru sendar á milli safnanna.

17. gr.

Skylt er héraðsbókaverði að senda á hvert heimili í sveitum bókasafnshverfisins, utan kauptúna og byggðahverfa, einu sinni á ári skrá yfir nýkeyptar bækur, sem telja má, að sveitarbókasafn geti ekki aflað sér og ætlaðar eru til útlána. Þessari skrá fylgi eyðublöð undir bókapöntun, þar sem rúm sé fyrir titla jafnmargra bóka og lánþegi á rétt á að fá að láni í einu og nokkurra til vara. Þá fylgi og eintak af reglum safnsins um skil og meðferð bóka. Enn fremur skal senda skuldbindingar-eyðublað, sem lánþegi undirriti og sendi með fyrstu bókapöntun sinni, ásamt tilskildu afnotagjaldi, ef slíkt gjald er ákveðið í starfsreglum safnsins.

Til sveitarbókasafna í kauptúnum og byggðahverjum skal bókavörður héraðsbókasafns senda nokkur eintök af skráum yfir nýjar bækur og enn fremur ofangreind eyðublöð. Skal bókavörður sveitarbókasafns koma bókapöntunum, skuldbindingum og afnotagjöldum lánbeiðenda á framfæri við héraðsbókavörð og hafa milligöngu um lán á bókum og skil á þeim.

Skylt er héraðsbókaverði að afgreiða eins fljótt og verða má allar bókapantanir og senda lánbeiðendum afnotaskírteini. Séu bækur, sem um er beðið, ekki tiltækar í safninu, skal bókavörður tilkynna það. Bækur til lánþega séu sendar á þeirra kostnað og tryggilega um þær búið.

Heimilt er sveitarbókasafni utan kauptúna og byggðahverfa að hafa á hendi sams konar milligöngu um útlán bóka og hér er gert ráð fyrir um sveitarbókasöfn fjölbýlisins.

18. gr.

Héraðsbókasafni er skylt að lána sveitarbókasöfnum bókasafnshverfisins 50—100 bindi í einu af bókum safnsins, ef stjórn sveitarbókasafns óskar þess, enda sé um að ræða bækur, sem ætlaðar eru til útlána og hafa verið í notkun um 2 ára skeið. Lánstími slíkra bóka má ekki vera lengri en eitt ár.

Bækur þessar skal senda í vönduðum umbúðum, og eru þær í ábyrgð sveitarbókasafnsins, unz þær eru komnar aftur í hendur héraðsbókaverði.

19. gr.

Útlánaskrá safnsins skal færð þannig, að bókavörður geti gefið ýtarlega skýrslu um notkun þess. Þar skal tekið fram, hve margir hafa notað safnið á árinu og hve mörg bindi hafa verið lánuð úr aðalefnisflokkum safnsins. Enn fremur skulu lán í helztu bókaflokkum sundurgreind eftir tungumálum og höfundum.

20. gr.

16

21. febr.

Skyldur bókavarðar eru einkum þessar:

1. Hann skal annast fjárreiður safnsins og reikningshald, nema bókasafnsstjórn hafi það sjálf á hendi eða feli það öðrum.
2. Hann skal semja tillögur um bókakaup og leggja þær fyrir stjórn safnsins, annast um kaup og band á bókum, færa þær inn í aðfangabók, merkja þær safninu, flokka þær og skrá og gæta þess vandlega að taka þær bækur frá til viðgerðar, sem þess þarfnast.
3. Hann skal gera þær skrár, sem gert er ráð fyrir í þessari reglugerð, og semja árlega skýrslu um notkun safnsins.
4. Hann skal annast útlán og innheimtu bóka og alla starfrækslu safnsins og umhirðu og gæta þess í hvívetna, að fylgt sé þeim reglum, sem þar eru settar, og kappkosta, að safnið megi koma að sem almennustum notum.
5. Hann skal leiðbeina notendum safnsins um val bóka, eftir því sem við verður komið.
6. Hann skal undirbúa fundi bókasafnsstjórnar í samráði við formann og hafa samstarf við stjórnina og bókafulltrúa um starf og starfstilhögun safnsins.
7. Hann skal leiðbeina bókavörðum sveitarbókasafna í bókasafnahverfinu um bóka- val, skrásetningu bóka og bókavörzlu, eftir því sem við verður komið og þeir kynnu að fara fram á.
8. Hann skal veita nemendum í framhaldsskólum þess kaupstaðar eða kaupsins, þar sem safnið er staðsett, fræðslu um notkun bókasafna í samstarfi við skóla- stjóra, ef skólanefnd óskar þess.
9. Hann skal, ásamt bókasafnsstjórn, hafa forystu um eins fjölbreytt menningar- starf á vegum safnsins og við verður komið.

III. KAFLI

Um sveitarbókasöfn.

21. gr.

Leggja skal áherzlu á að afla sveitarbókasafni bóka um sögu og menningu þjóð- arinnar, merkra íslenzkra skáldrita, eldri og yngri, og bóka og rita, sem varða heim- ilisstörf, heimaiðju og atvinnurekstur.

Jafnan skal þess gætt, að ekki minna en einum fjórða hluta þess fjár, sem safnið ver til bókakaupa, sé varið til kaupa á fræðibókum.

22. gr.

Bækur safnsins skulu geymdar í lokuðum skápum eða lokuðum herbergjum, sem aðrir en bókavörður og stjórn safnsins hafa ekki aðgang að, og í góðum og rakalaus- um húsakynnum.

23. gr.

Bókasafnsstjórn skiptir sjálf með sér verkum, og skal hún, auk formanns, féhirðis og ritara, kjósa einhvern úr sínum hópi til að hafa yfirumsjón safnsins og eftirlit með eignum þess. Hann skal einnig annast bókakaup, samkvæmt samþykktum stjórn- arinnar, og sjá um bókband, skrásetningu og flokkun bóka.

Nýkosin stjórn skal halda fund svo fljótt sem unnt er, og skal oddviti hrepps- nefndar (sveitarstjóri) kalla hana saman í fyrsta sinn, þar sem hreppurinn rekur sjálfur bókasafnið, en fulltrúi hreppsins í bókasafnsstjórn, ef reksturinn hefur verið falinn lestrarfélagi. Þegar nýkosin stjórn hefur tekið til starfa, skal formaður til- kynna bókafulltrúa nöfn og heimilisföng þeirra, sem eiga sæti í henni, og þá verka- skiptingu, sem stjórnin hefur ákveðið.

16 Stjórn safnsins skal halda fund eins oft og þurfa þykir til að taka ákvarðanir um hag og rekstur safnsins og ávallt, þegar formaður, eftirlitsmaður, meiri hluti stjórnar, héraðsbókavörður eða bókafulltrúi óska þess með hæfilegum fyrirvara. Aldrei skal stjórnin halda færri fundi en tvo á ári, í febrúar og í október.

Stjórnin ræður bókavörð og ákveður þóknun fyrir störf hans í samráði við bókafulltrúa, enda ákvarðar hún, hver störf hans skuli vera.

24. gr.

Þar sem tvö eða fleiri lestrarfélög starfa í sama hreppi, skulu þau hafa með sér samstarf. Skal oddviti hreppsnefndar kalla stjórnir lestrarfélaganna saman á fund, þegar honum þykir þess þörf eða stjórn eins eða fleiri lestrarféлага óskar þess.

Oddviti skal stjórna þessum sameiginlegu fundum og hafa þar full fundarréttindi. Ekki skulu fundir þessir vera færri en tveir á ári, annar í febrúar og hinn í október.

Á fundum þessum skulu teknar ákvarðanir um bókakaup og gagnkvæm bókalán lestrarfélaganna, gerð sameiginleg reikningsskil þeirra og send bókafulltrúa, sendar skýrslur um starfsemina og ákvarðanir teknar og áætlanir gerðar um framtíðarstarf félaganna.

Þá skal á þessum sameiginlegu fundum ráðinn bókavörður fyrir sveitarbókasafnið, sem skal vera eitt fyrir sveitarfélagið. Skulu lestrarfélög skyld að senda sveitarbókasafni bækur sínar ekki síðar en þegar tvö ár eru liðin frá því, að þau eignuðust þær. Ber bókaverði að sjá um geymslu bóka, skrásetningu í aðfangabók, flokkun og spjaldskrárgerð, útlán og skýrslur um notkun safnsins og notendur.

25. gr.

Útlánaskrá sveitarbókasafns skal þannig færð, að bókavörður geti gefið skýrslu, þar sem greind er tala notenda og tekið fram, hve mörg bindi hafa verið lánuð á árinu:

1. Af fræðibókum og skáldritum.
2. Á íslenzku og á öðrum málum.
3. Eftir hvern íslenzkan höfund.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

17

23. febr.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmálefna í Akraneskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni, sem bæinn varða og til bæjarstjórnar koma.

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar. Hann hefur þar málfrlsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

17

23. febr.

Störf bæjarstjórnar eru þessi:

1. Hún fer með fjármál bæjarins. Hún kveður því á um lántökur handa bænum og gerir samninga um þau efni, gerir áætlun um tekjur hans og gjöld hvert almanaksár og úrskurðar reikninga hans.
Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða eftir annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
2. Hún setur reglur um stjórn bæjarmála, þar á meðal um meðferð á eignum bæjarins, samkvæmt gildandi réttarreglum.
3. Hún kýs nefndir, bæjarráð, bæjarstjóra og endurskoðendur reikninga bæjarins, ákveður laun þeirra og annarra fastra starfsmanna.
4. Hún fer með önnur þau mál, er til hennar koma að tilhlutun stjórnarvalda, nefnda eða bæjarráðs, og kemur fram fyrir bæjarins hönd um samninga og fyrirsvar bæjarins að öðru leyti, nema öðrum sé það falið.
5. Bæjarstjórn getur tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hana borið. Bæjarfulltrúum er heimilt að sjá bækur og skjöl bæjarins.

3. gr.

Bæjarstjórn kýs þessar fastanefndir til eins árs í senn, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, á fyrsta fundi sínum í febrúar ár hvert með hlutfallskosningu: Barnaverndarnefnd, bókasafnsstjórn, brunamálanefnd, byggingarnefnd, framfærslunefnd, fræðslunefnd, fræðsluráð, hafnarnefnd, menningarráð, niðurjöfnunarnefnd, rafveitustjórn, sjúkrasamlagsstjórn, sjúkrahússtjórn, sparisjóðsstjórn, sundlaugarnefnd, útgerðarráð, einn mann í fasteignamatnefnd, einn mann í heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd, einn mann í stjórn Eftirlaunasjóðs Akraneskaupstaðar, einn mann í verðlags-skrárnefnd, einn mann í stjórn sjómannaheimilisins, kjörstjórnir samkvæmt fyrir-mælum kosningalaga.

Alla þá menn, sem kjósa skal eftir þessari grein, má endurkjósa, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

4. gr.

Bæjarstjórn getur skipað í sérstakar nefndir (lausanefndir) til þess að íhuga og undirbúa einstök mál. Svo getur bæjarstjórn falið bæjarstjóra og bæjarráði eða einstökum bæjarfulltrúum athugun og undirbúning einstakra málefna.

Rétt er bæjarstjórn að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd, bæjarstjóri eða bæjarráð hafi það til meðferðar, eftir þeim reglum, sem í fundarsköpum bæjarstjórnar segir.

5. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, forfallast eða getur ekki gegnt störfum sakir fjarvistar eða hans missir alveg við, þá tekur sæti hans varamaður, samkvæmt þar um settum reglum.

6. gr.

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sækja fundi fastanefnda og lausanefnda. Hefur hann þar sömu réttindi og á bæjarstjórnarfundum samkv. 1. gr. Rétt er að bæjarstjóri sé formaður þeirra nefnda, sem hann á sæti í vegna embættisstöðu sinnar.

7. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum og 2 til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroskra og veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

17

23. febr.

8. gr.

Bókasafnsstjórn er skipuð 3 mönnum. Hún skal hafa eftirlit með bókasafni bæjarins og starfa samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn.

9. gr.

Brunamálanefnd skipa bærarstjóri, sem er formaður hennar, samkvæmt gildandi lögum, og 4 menn aðrir. Þá skulu kjörnir 4 varamenn. Tvo nefndarmenn má kjósa utan bærarstjórnar. Slökkviliðsstjóra eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri skal sitja fundi nefndarinnar og hafa þar tillögurétt. Nefndin hefur eftirlit með brunamálum bæjarins og slökkviliði og gætir þess að þar um settum reglum sé fylgt.

10. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn og jafnmargir til vara, auk bærarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Skulu tveir vera bærarfulltrúar, en tveir utan bærarstjórnar. Varamenn skulu kjörnir jafnmargir á sama hátt. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins, samkv. fyrirmælum laga og samþykktu um þau mál.

11. gr.

Framfærslunefnd skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála samkvæmt gildandi lögum þar um.

Formanni barnaverndarnefndar er heimilt að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

12. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum og 5 varamönnum. Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með allri barna- og unglingafræðslu í bænum og öllu, sem þau mál varðar samkvæmt lögum.

13. gr.

Hafnarnefnd skipa 5 menn og 3 til vara. Hún hefur umsjón með rekstri hafnarinnar samkvæmt hafnarlögum og hafnarreglugerð.

14. gr.

Menningarráð skipa 5 menn. Það gerir tillögur til bærarstjórnar um öll þau menningarmál, sem öðrum nefndum eða ráðum er ekki sérstaklega falið í samþykkt þessari. Einkum skal það láta til sín taka fegrun og snyrtingu bæjarins.

15. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skipa 4 menn og jafnmargir til vara, auk bærarstjóra, sem er formaður nefndarinnar. Um störf hennar fer eftir lögum um útsvör.

16. gr.

Rafveitustjórn er skipuð 3 mönnum og auk þess eru kjörnir 3 varamenn. Rafveitustjóra er skylt að sitja fundi hennar. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kosinn í stjórnina. Rafveitustjórn hefur á hendi stjórn rafveitumála Akraness, samkvæmt gildandi reglugerð þar um.

17. gr.

Í sjúkrasamlagsstjórn kýs bærarstjórn 4 menn og jafnmarga til vara, en formaður er skipaður af ráðherra.

Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varðar samkvæmt lögum þar um.

18. gr.

Í stjórn sjúkrahúss Akraness kýs bæjarstjórn 4 menn og jafnmarga til vara. Bæjarstjóri er formaður stjórnarinnar. Sjúkrahússtjórnin hefur á hendi stjórn sjúkrahússins og sér um rekstur þess eftir þar um settum reglum.

17

23. febr.

19. gr.

Stjórn Sparisjóðs Akraness er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Hún sér um rekstur sparisjóðsins samkvæmt reglugerð sparisjóðsins og lögum um sparisjóði.

20. gr.

Sundlaugarnefnd er skipuð 5 mönnum. Skulu 2 þeirra kjörnir af bæjarstjórn, en 3 eru kjörnir af eftirtöldum aðilum, einn frá hverjum: Skipstjórafélaginu, sjómanna-félögunum og stjórn Minningarsjóðs Bjarna Ólafssonar. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Sundlaugarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu starfsfólks, viðhald og endurbætur á húseigninni og annað það, sem rekstur laugarinnar varðar.

21. gr.

Útgerðarráð skipa 3 menn og 3 til vara. Það stjórnar togaraútgerð bæjarins og ræður henni framkvæmdastjóra. Honum er skylt að sitja fundi útgerðarráðsins. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt kosinn í ráðið.

22. gr.

Sauðfjárnefnd skipa 5 menn. Skulu 4 þeirra kosnir úr hópi sauðfjáreigenda í bænum, en ráðsmaður Garðalandsins skal vera formaður nefndarinnar. Sé starfandi félag fjáreigenda í Akraneskaupstað, skulu 4 nefndarmenn kjörnir af því, enda séu a. m. k. $\frac{3}{5}$ fjáreigenda í félaginu við næstu áramót á undan.

Nefndin hefur með höndum smölun bæjarlandsins og fjallskil. Bæjarstjórn setur nánari reglur um kosningu fjárnefndar og störf hennar.

23. gr.

Fasteignamatsnefnd er skipuð byggingarfulltrúa og 1 kjörnum fulltrúa af bæjarstjórn. Jafnframt skal kjörinn varafulltrúi. Fasteignamatsnefnd metur fasteignir í bænum á hverjum tíma.

24. gr.

Heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum bæjarfulltrúa.

Hún skal sjá um að heilbrigðissamþykkt bæjarins sé fylgt og annast sóttvarnir samkvæmt laga- og reglugerðarákvæðum um þau mál.

25. gr.

Stjórn Eftirlaunasjóðs Akraneskaupstaðar skal skipuð þremur mönnum. Bæjarstjórn kýs 1, annar er kosinn af sjóðfélögum og bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar. Stjórnin sér um rekstur sjóðsins samkvæmt reglugerð um hann.

26. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar og nefndir, sem hún setur í einstök mál, skulu leggja gerðir sínar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

17

23. febr.

Bæjarráð skipa 3 bæjarfulltrúar, kosnir til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Bæjarstjórn kys 3 varamenn úr sínum hóp með sama hætti sem aðalmenn.

Ef bæjarráðsmaður forfallast eða hans missir við tekur sæti hans varamaður á sama lista sem aðalmaður. Sé bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir, geta flokkarnir látið varafulltrúa sína mæta í stað þeirra.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði. Má kjósa hann formann þess, enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð. Bæjarráð kys sér formann og skrifara. Sá er rétt kjörinn, sem fær meiri hluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Bæjarráð heldur að jafnaði einn fund í viku og oftast, ef bæjarstjóri eða meiri hluti bæjarráðsmanna óskar þess. Fundur er lögmatgur, ef meir en helmingur bæjarráðs sækir hann.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum bæjarráðs.

Bæjarráðsmenn fá þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

28. gr.

Bæjarráð hefur á hendi eftirlit með fjármálum bæjarsjóðs, undirbýr fjárhagsáætlun og ákveður bókhaldsfyrirkomulag. Það hefur á hendi, ásamt bæjarstjóra, umsjón með skipulagsmálum, gatnagerðum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu. Það hefur og ásamt bæjarstjóra umsjón með vatnsveitu og vatnsbólum bæjarins, svo og fasteignum bæjarins og öðrum þeim eignum hans, sem ekki eru í umsjón annarra nefnda samkvæmt samþykkt þessari eða sérstöku samþykktum bæjarstjórnar.

29. gr.

Starfsmenn bæjarins eru þessir: Bæjarstjóri, bæjargjaldkeri, byggingarfulltrúi, hafnarvörður, heilbrigðisfulltrúi, rafveitustjóri, bíóstjóri, hafnsögumaður, slökkviliðsstjóri og aðrir fastráðnir menn, sem taka föst mánaðarlaun frá stofnunum bæjarins. Um launakjör starfsmanna fer eftir reglum, sem bæjarstjórn setur.

30. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda, sem ráða málum til úrslita, nema þær séu öðrum faldar. Hann veitir forstöðu fjármálum bæjarins, ávísar útgjöldum bæjarsjóðs, hefur á hendi umsjón með stjórn á innheimtu bæjartekna og umsjón sérstakra sjóða í vörzlum bæjarins. Hann sér um að gerðir séu reikningar bæjarins og skýrslur um eignir og skuldir, hefur umsjón með stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði og innheimtu tekna bæjarins og stofnana hans. Hann annast bréfagerðir bæjarstjórnar og nefnda og hefur eftirlit með starfsmönnum bæjarins og störfum þeirra. Bæjarstjóri skal sjá um að árlega sé samin tæmandi skrá yfir lausar eignir bæjarins, svo sem verkfæri, vélar, áhöld, efni og annað þess konar, er beri með sér hvað keypt hafi verið á árinu, hvað notað og hvað farið forgörðum. Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjargjaldkeri störfum hans.

31. gr.

Ársreikningur bæjarsjóðs, hafnarsjóðs og annarra fyrirtækja bæjarins skulu samdir fyrir 1. apríl. Endurskoðendur bæjarins eiga síðan innan 4 vikna að hafa lokið endurskoðun sinni á reikningunum. Bæjarráð gerir svo með ráði endurskoðenda tillögur um reikningana og skulu þeir síðan lagðir til úrskurðar fyrir bæjarstjórn. Síðan skulu reikningarnir lagðir fram almenningsi til sýnis eigi skemmri tíma en 15 daga.

32. gr.

Um álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á greiðslu þeirra fer að lögum. Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga ber að innheimta þau svo fljótt, sem kostur er á og með lögtaki, ef á þarf að halda.

17

23. febr.

33. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum bæjarstjórnar, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 45 27. júní 1941, er hér með staðfest til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Akraneskaupstað frá 6. nóvember 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

FUNDARSKÖP

18

28. febr.

fyrir bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir ræða og gera ályktanir um bæjarmálefni á bæjarstjórnarfundum. Fundarmenn tekur í fundarsköpum þessum til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.

2. gr.

Ár hvert í febrúarmánuði kýs bæjarstjórn forseta sinn og varaforseta úr flokki bæjarfulltrúa. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fær meiri hluta atkvæða bæjarfulltrúa, sem á fundi eru. Nú fær enginn svo mörg atkvæði, og skal þá kjósa að nýju óbundinni kosningu. Ef enginn fær þá næga atkvæðatölu, skal kjósa um þá tvo er flest fengu atkvæði, og ef tveir eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, þá skal varpa hlutkesti um það, um hverja tvo skuli kjósa. Ef enn fær hvorugur þeirra meiri hluta, þá skal sá vera forseti er fleiri atkvæði fær. En ef þeir fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti hvor skuli vera forseti. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. Hann skal gegna forsetastörfum, ef forseti forfallast eða missir við með öllu, unz kosinn er nýr forseti.

3. gr.

Á sama fundi, sem forsetakosning fer fram, kýs bæjarstjórn sér ritara og vararitara til eins árs í senn. Ritara skal kjósa hlutfallskosningu.

4. gr.

Forseti stjórnar fundum bæjarstjórnar. Hann sér um að allt fari reglulega og skipulega fram og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlýða úrskurðum hans um allt er varðar fundarsköp. En skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

18

28. febr.

5. gr.
Ritari skal telja saman atkvæði, þegar atkvæðagreiðslur fara fram. Hann skal og bóka það, sem á fundum gerist, í gerðabók bæjarstjórnar, með eftirliti forseta. Í byrjun næsta fundar á eftir skal lesa upp síðustu fundargerð og hún borin undir atkvæði. Forseti og ritari skrifa undir fundargerðir. Fundarmenn eiga heimtingu á því, að bókaðar verði athugasemdir þeirra í gerðabók, ef þeim þykir þar eitthvað rangt bókað eða ónákvæmt, svo og stuttlega um ágreiningsatkvæði sín.

6. gr.

Nefndir til þess að starfa að einstökum málum, hvort sem þær eru fastanefndir eða lausanefndir, skal kjósa hlutbundinni kosningu eftir aðferð þeirri, sem kennd er við de Hondt. Sérhver bæjarfulltrúi er skyldur að taka sæti í hverri nefnd, sem hann er löglega kosinn í. Sá, sem fyrstur er kosinn á lista, kallar nefnd saman fyrsta sinni og lætur kjósa formann, en hann lætur því næst kjósa skrifara. Um leið og nefnd lýkur störfum getur hún, eða ef hún er klofin hvor eða hver hluti hennar, kosið sér framsögumann.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 17, ef mál eru fyrir hendi, og stendur fundur svo lengi sem þörf gerist, þó ekki lengur en til miðnættis. Bæjarstjórnin getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí og ágúst mánuðum. Ef fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal hann halda einhvern næstu virka daga.

Aukafundi skal halda þegar bæjarstjórn eða ef 3 af bæjarfulltrúum æskja þess. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundahalds.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá handa bæjarstjórnarfundum. Hvert það bæjarmál, er nefnd eða bæjarfulltrúi krefst, að tekið sé á dagskrá, er skylt að taka á hana. Þó má bæjarstjóri ekki taka á dagskrá nokkurt málefni til meðferðar á reglulegum fundi bæjarstjórnar, nema það sé komið til hans þremur nóttum fyrir fund. Í síðasta lagi kl. 16 tveimur dögum fyrir fund, skal hann hafa sent öllum fulltrúum dagskrá, þar sem til sé tekin þau mál, sem koma skulu til umræðu. Ef leggja skal fram fundargerð nefndar, þá skal eftirrit fundargerðar fylgja dagskránni. Önnur mál en þau, sem á dagskrá standa, mega ekki koma til umræðu á fundum bæjarstjórnar, nema með samþykki fundarins. Dagskrá bæjarstjórnarfunda skal festa upp í fundarhúsi bæjarstjórnar áður en fundur er haldinn. Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem í dagskrá segir, nema meiri hluti bæjarfulltrúa óski röð breytt.

9. gr.

Bæjarstjóri á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á fundum bæjarstjórnar og má taka þar til máls svo oft sem hann vill, en gæta skal hann fundarskapa. Ekki á bæjarstjóri atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórnin afgreiðir mál með einni umræðu, nema hún ákveði öðruvísi um einstök mál, eða tillaga feli í sér heimild eða skipun um fjárgreiðslu úr bæjar-sjóði eða hafnarsjóði. Skal þá hafa tvær umræður.

11. gr.

Sérhver fundarmaður getur borið upp breytingartillögu og viðaukatillögu við hvert það málefni, sem til umræðu er. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita

skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja þær. Forseti sker úr því, **18**
hvernig atkvæðagreiðslu um tillögu skal haga. **28. febr.**

12. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Ef áheyrendur eru ekki kyrrir og hljóðir eða trufla fund með nokkrum hætti, þá getur forseti vísað þeim út og ef þörf gerist látið ryðja áheyrendasalinn.

Skylt er þó að ræða mál fyrir luktum dyrum, ef það varðar einkalíf manna. Þó getur fundarmaður krafizt þess, að mál verði rætt fyrir luktum dyrum, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust með meiri hluta atkvæða, hvort mál skuli rætt opinberlega eða fyrir luktum dyrum. Enginn má skýra frá umræðum í málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum.

13. gr.

Ekki getur bæjarstjórn gert ályktun um mál, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi og greiði atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jafnmörg með tillögu og móti, telst hún fallin, nema um nefndarkosningu sé að ræða, þá ræður hlutkesti. Um kosningu bæjarstjóra og í stöður þær, er bæjarstjórn veitir, fer sem um kosningu forseta bæjarstjórnar. Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, með því að víkja því frá með rökstuddri dagskrá, eða með því að fresta því.

14. gr.

Fundarmaður, sem taka vill til máls, skal snúa sér til forseta. Leyfir hann mönnum venjulega að taka til máls í þeirri röð, er þeir hafa kvatt sér hljóðs. Þó má hann breyta út af því um bæjarstjóra og framsögumann, svo og til þess að ræður skiptist jafnt með og móti málefni, eða til þess að bæjarfulltrúi geti gert stutta leiðrétting eða athugasemd, er varðar sjálfan hann. Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, þá ræður forseti í hvaða röð þeir tala.

15. gr.

Flutningsmaður máls eða framsögumaður mega tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Þó má maður oftara taka til máls til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa. Ræðumaður skal standa við sæti sitt meðan hann flytur ræðu sína.

16. gr.

Ræðumaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Eigi má hann lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi. Skylt er fundarmönnum að lúta valdi forseta í hvívetna, er gæzlu góðrar reglu varðar. Ef fundarmaður ber aðra menn brigzlyrðum, eða víkur verulega frá umtalsefninu, þá skal forseti víta hann fyrir það, og nefna þau ummæli, er hann vitir. Nú er fundarmaður vittur tvisvar á sama fundi, og má forseti þá svipta hann málfrelsi á þeim fundi. Ef fundarmaður hlýðnast ekki úrskurði forseta eða ef almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti fresta fundi um stundarsakir, eða slíta fundi alveg, ef honum þykir nauðsyn til bera.

17. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur fundarmaður stungið upp á því, að þeim sé hætt, og sker fundur þegar í stað úr því umræðulaust. Skal þá jafnan ákveðið hvort þeim skuli leyft að tala, er kvatt höfðu sér hljóðs áður en tillaga um að slíta umræðum kom fram.

18

28. febr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að fulltrúarnir rétta upp hönd sína. Nafnakall skal þó hafa ef 3 fulltrúar hið fæsta krefjast þess og ef forseti virðist ekki mega glöggjt ráða af atkvæðagreiðslu um málsúrslit. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð, og skal hlutkesti ráð í hvert sinn á hverjum skuli byrja. Bæjarfulltrúa er skylt að greiða atkvæði við nafnakall, nema hann leiði rök að undanfærslu sinni, er forseti tekur gilda, enda er bæjarfulltrúa rétt að skjóta úrskurði forseta til fundarins, sem sker þá umræðulaust úr því máli.

19. gr.

Bregða má af fundarsköpum þessum, eftir uppástungu forseta, bæjarstjóra eða tveggja bæjarfulltrúa, enda samþykki að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ — tveir þriðju — þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

20. gr.

Til breytinga á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveimur bæjarstjórnarfundum, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfesting ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 45 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

19

29. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkvæmt lögum nr. 50 1946 um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1956 skulu iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. tryggingalaga nr. 50 1946, sbr. 27., 28. og 29. gr. laga nr. 116/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1955, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laga nr. 50 1946:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 859.00
Á 2. —	— 689.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 774.00
Á 2. —	— 623.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 576.00
Á 2. —	— 463.00

2. Iðgjöld þegna þeirra ríkja, sem gagnkvæmissamninga hafa um tryggingar við Ísland: 19
29. febr.

A. Þegnar Finnlands, Noregs og Svíþjóðar:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 687.00
Á 2. —	— 551.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 619.00
Á 2. —	— 498.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 461.00
Á 2. —	— 370.00

B. Þegnar Danmerkur, aðrir en þeir, sem lög nr. 85 9. okt. 1946 veita sama rétt og íslenskum ríkisborgurum:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 515.00
Á 2. —	— 413.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 464.00
Á 2. —	— 374.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 346.00
Á 2. —	— 278.00

3. Árið 1956 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og þau eru ákveðin í 1. og 2. lið hér á undan, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 350.00
Ógiftar konur	— 250.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 250.00
Ógiftar konur	— 180.00

4. Félagsmenn sérsjóða samkv. 133. gr. laga nr. 50 1946, skulu árið 1956 greiða iðgjald sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 286.00
Ókvæntir karlar	— 243.00
Ógiftar konur	— 177.00

Á 2. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 222.00
Ókvæntir karlar	— 178.00
Ógiftar konur	— 132.00

5. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laga nr. 50 1946, sbr. 27. gr. laga nr. 116 1954 og 1. gr. laga nr. 95/1955:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 10.30 á viku.
Á 2. —	— 7.75 — —

19
29. febr.

Til loka febrúarmánaðar 1956 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50 1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 10.20 á viku.
Á 2. —	— 7.65 — —

6. Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laga nr. 50 1946, sbr. 29. gr. laga nr. 116/1954, og 1. gr. laga nr. 95/1955, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laga nr. 50 1946, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.
7. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50 1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent, að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 116/1954, sbr. lög nr. 95/1955, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 47 frá 11. marz 1955 og nr. 4 frá 7. janúar 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 29. febrúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

20
16. febr.

FUNDARSKÖP

fyrir bæjarstjórn Neskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir ræða og gera ályktanir um bæjarmálefni á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjóri á sæti á bæjarstjórnarfundum með óbundnu málfrelsi og tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert kýs bæjarstjórn úr sínum hópi forseta bæjarstjórnar og tvo varaforseta. Sá er rétt kjörinn forseti, er flest atkvæði hlýtur. Fáí tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. Þeir gegna forsetastörfum í forföllum forseta, eða ef hans missir alveg við, unz nýr forseti er kosinn.

3. gr.

Forseti stjórnar fundum bæjarstjórnar. Hann sér um að allt fari vel og skipulega fram og í góðri reglu og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlýta úrskurðum hans um allt, er fundarsköp varðar, en úrskurði hans má skjóta til úrlausnar bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa. Forseti sér og um að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina.

4. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu úr sínum hópi tvo skrifara og tvo varaskrifara til eins árs á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þegar atkvæðagreiðsla fer fram og þegar kjósa skal nefndir eða menn til annarra starfa. Bæjarstjórn ræður og sérstakan skrifara utan bæjarstjórnar. Skal hann bóka greinilega í gerðabókina umræðuefni og ályktanir bæjarstjórnar. Í fundarlök skal fundargerðin lesin upp og undirrituð af bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar og öllum öðrum viðstöddum bæjarfulltrúum. Þó eiga bæjarfulltrúar rétt á að fá ágreiningsatkvæði sín stuttlega bókuð og eins athugasemdir, ef þeir telja eitthvað rangt bókað eða ónákvæmt.

5. gr.

Fundir bæjarstjórnar eru tvenns konar, almennir fundir og aukafundir. Almennir fundir skulu haldnir fyrsta föstudag í hverjum mánuði, nema í júlí og ágúst. Skulu þeir hefjast kl. 4 e. h. og standa meðan dagskrá endist, nema bæjarstjórn samþykki að fresta þeim. Aukafundi skal halda svo oft, sem bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar þykir þurfa, á þeim stað og stund, sem þeir ákveða. Jafnan skal boða til aukafundar, ef 5 bæjarfulltrúar óska.

6. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta. Bæjarstjórn getur breytt röð mála á dagskrá, svo og fellt mál af dagskrá. Hvert það mál, sem nefnd eða bæjarfulltrúi óskar að tekið sé á dagskrá, er skylt að taka á hana. En ekki má taka mál á dagskrá reglulegs bæjarstjórnarfundar, nema brýn nauðsyn krefji, hafi það ekki horizt bæjarstjóra fyrir hádegi daginn fyrir fundardag. Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum dagskrá reglulegs bæjarstjórnarfundar sólarhring áður en fundur skal hefjast. Þegar fjárhagsáætlanir, reikningar, frumvörp að reglugerðum eða lögum, eða önnur mikilsverð málefni skulu tekin fyrir, á að fylgja dagskránni afrit eða fullkominn útdráttur af málefninu. Dagskráin skal fest upp á að minnsta kosti tveim stöðum í hænum.

7. gr.

Bæjarstjórnarfundir skulu haldnir í heyranda hljóði. Áheyrendur skulu skyldir til að vera kyrrir og hljóðir og mega hvorki láta í ljósi ánægju sína eða vanþóknun út af því, er á fundi gerist. Brjótí einhver móti þessu, getur forseti látið vísa honum út og, ef þörf gerist, látið ryðja salinn. Bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi getur krafizt þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust. Mál, er varða einkalíf manna, skulu jafnan rædd fyrir luktum dyrum. Enginn má skýra frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum.

8. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls, skal snúa sér til forseta og leyfir hann fulltrúum að taka til máls, venjulega í þeirri röð, sem þeir æskja þess. Þó má hann breyta út af því, er til framsögumanns kemur eða flutningsmanns, svo og til þess, að umræður með og móti málefni, skiptist á, eða til þess að fulltrúar geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir sjálfan hann. Biðji margir jafnsnemma um að fá að taka til máls, ræður forseti röðinni.

9. gr.

Flutningsmaður máls eða framsögumaður mega tala þrisvar í hverju máli á sama fundi. Þetta ákvæði nær einnig til forseta, en ekki til bæjarstjóra, sem taka má til máls eins oft og hann vill, en gæta skal hann þó fundarskapa. Forseti getur þó

20 leyft bæjarfulltrúa að tala oftari, til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, 16. febr. athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa. Þegar forseti tekur til máls sem bæjarfulltrúi, skal hann víkja úr forsetastóli. Ræðumaður skal standa við sæti sitt meðan hann flytur ræðu sína.

10. gr.

Ræðumaður skal halda sér við umræðuefnið og varast að meiða nokkurn mann eða viðhafa ósæmileg orð. Nú bregður út af þessu og skal þá forseti vita það og nefna ummælin. Ef fulltrúi er vittur tvisvar á sama fundi, má forseti svipta hann málfrelsi á þeim fundi. Ef fundarmaður hlýðnast ekki úrskurði forseta, eða ef almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti fresta fundi um stundarsakir eða slíta, ef honum þykir nauðsyn til bera.

11. gr.

Ræðumaður skal ávallt beina máli sínu til fundarins. Hann má ekki lesa prentað mál, nema með leyfi forseta. Fundarmönnum er skylt að ávarpa hvern annan kurteislega og viðhafa ekki ósæmilegt orðbragð.

12. gr.

Sérhver bæjarfulltrúi hefur rétt til að bera upp tillögur og breytingartillögur við það málefni, sem er til umræðu. Tillögur skulu vera skriflegar, nema forseti telji þess ekki þörf.

13. gr.

Ef umræður dragast um skör fram, getur bæjarstjóri eða hver fulltrúanna stungið upp á því, að þeim sé hætt, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust.

14. gr.

Til þess að bæjarstjórnarfundur sé ályktunarfær, þarf meiri hluti bæjarfulltrúa að vera mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Séu jafn mörg atkvæði með og móti fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Skylt er hverjum bæjarfulltrúa að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema að hann hafi lögleg forföll. Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og bæjarfulltrúi greiðir ekki atkvæði og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort rök séu gild tekin, en fulltrúi getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði bæjarstjórnar. Enginn má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín, eða í máli, sem varðar hagsmunum hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi. Sker bæjarstjórn úr því umræðulaust, hvort málið er svo vaxið, sem nú var sagt.

15. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur bæjarstjórn, ef þrír fulltrúar óska þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og framsögumaður mega taka einu sinni til máls áður en til atkvæða er gengið. Krefjast má fulltrúi þess, að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skipt.

16. gr.

Nú er mál útrætt og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðsla fer venjulega þannig fram, að hver fulltrúi réttir upp hægri hönd sína. Nafnakall skal viðhaft, er þrír fulltrúar æskja þess áður en atkvæðagreiðslan fer fram, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir forseti síðastur atkvæði.

17. gr.

Auk fastra nefnda, sem bæjarstjórn kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í hvert mál, sem er á dagskrá. Allar nefndir skal kjósa skriflega og leynilega, nema allir bæjarfulltrúar séu sammála um annað.

18. gr.

20

Sá, sem flest atkvæði fær í nefnd, eða er elztur, ef fleiri fá jafnmörg atkvæði, kveður nefndin saman í fyrsta skipti og lætur kjósa formann. Boðar hann síðan nefndarfundu og annast framkvæmdir nefndarinnar. Um leið og nefnd lýkur starfa sínum í máli, kys hún framsögumann. Klofningur nefndar hefur framsögurétt.

19. gr.

Skyldur er hver bæjarfulltrúi að taka á móti kosningu í nefnd.

20. gr.

Bæjarstjóri sér um afgreiðslu allra mála samkvæmt ályktun bæjarstjórnar og framkvæmd á öllum þeim málum, sem ekki eru falin einstökum fulltrúum eða nefndum.

21. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur bæjarstjórnin gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir til bera, ef það er samþykkt af tveim þriðju viðstaddra bæjarfulltrúa.

22. gr.

Til að gera breytingu á fundarsköpum þessum þarf tvær umræður í bæjarstjórn og staðfestingu stjórnarráðsins.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 48 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og jafnframt eru úr gildi numin fundarsköp fyrir bæjarstjórn Neskaupstaðar, nr. 44 16. apríl 1929.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Helgi Helgason.

Stjórnartíðindi 1956, B. 4.

Bréf ríkisendurskoðunarinnar til Dráttarvélar h.f., Reykjavík, er 21 varðar tollun á vöxtum.

2. marz

Með bréfi, dags. 8. f. m., spyrjst þér fyrir um það, hvort taldir skuli í tollverði dráttarvéla 3% vextir, sem seljandi dráttarvéla tók vegna greiðslufrests, sem hann veitti yður á greiðslu andvirðisins.

Ef athuguð eru ákvæði 10. og 14. gr. tollskrárlaga má það vera ljóst, að ætlast er til, að hið almenna útflutningsverð, að minnsta kosti, sé innifalið í tollverði vöru, en þó að í verði vörunnar í útflutningslandinu sé kostnaður, sem undir venjulegum kringumstæðum myndi ekki vera talinn í almennu útflutningsverði, t. d. vextir, sem eru teknir vegna greiðslufrests, er engin heimild til að sleppa slíkum aukakostnaði, og skal hann því talinn í tollverði vörunnar. Vaxtagreiðslan, sem yður var reiknuð á vörureikningnum, sem þér getið um, hefur því réttilega verið talin í tollverðinu, sem þér greidduð verðtoll af.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er skipuð 7 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni, sem bæinn varða og til bæjarstjórnar koma. Auk bæjarfulltrúa er bæjarstjóra skylt að sitja fundi bæjarstjórnarinnar. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

Störf bæjarstjórnarinnar eru þessi:

1. Hún fer með fjármál bæjarins. Hún kveður á um lántökur handa bænum og gerir samninga um þau efni, gerir áætlanir um tekjur hans og gjöld, hvert almanaksár, og úrskurðar reikninga hans. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
2. Hún setur reglur um stjórn bæjarmála, þar á meðal um meðferð á eignum bæjarins, samkvæmt gildandi réttarreglum.
3. Hún kýs nefndir, bæjarráð, bæjarstjóra og endurskoðendur reikninga bæjarins, ákveður laun þeirra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
4. Hún fer með önnur mál, er til hennar koma að tillutun stjórnarvalda, nefnda eða bæjarráðs, og kemur fram fyrir bæjarins hönd um samninga og fyrirvar bæjarins að öðru leyti, nema öðrum sé það falið.
5. Bæjarstjórn getur tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hana borið. Bæjarfulltrúun er heimilt að sjá bækur og skjöl bæjarins.

3. gr.

Þessar fastanefndir skal bæjarstjórn kjósa til eins árs, nema öðruvisi sé ákveðið í lögum, að viðhafðri hlutfallskosningu, að því leyti sem þess er kostur:

1. Byggingarnefnd.
2. Hafnarnefnd.
3. Barnaverndarnefnd.
4. Fræðsluráð.
5. Sjúkrasamlagsstjórn.
6. Heilbrigðisnefnd.
7. Íþróttarnefnd.
8. Kjörstjórn.

Auk þess kýs bæjarstjórn bæjarráð og endurskoðendur bæjarreikninga, svo og aðrar þær nefndir, sem nauðsyn krefur eða skylt er samkvæmt sérstökum lögum. Þeir utanbæjarstjórnarmenn, sem kosnir eru í nefndir þessar, geta neitað endurkosningu að kjörtímabilinu loknu, um eitt kjörtímabil.

4. gr.

Bæjarstjórn getur skipað fulltrúa í sérstakar nefndir (lausanefndir) til þess að íhuga og undirbúa einstök mál. Svo getur bæjarstjórn og falið bæjarstjóra og bæjarráði eða einstökum fulltrúum athugun og undirbúning einstakra málefna. Rétt er bæjarstjórn að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd, bæjarstjóri eða bæjarráð hafi það til meðferðar, eftir þeim reglum, sem í fundarskópum segir.

5. gr.

22

5. marz

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, forfallast eða getur ekki gegnt störfum sakir fjarvistar, eða hans missir við með öllu, þá tekur sæti hans varamaður samkvæmt þar um settum reglum.

6. gr.

Bæjarstjórn er rétt og skylt að sækja fundi fastanefnda þeirra, sem hann á sæti í. Hann hefur þar sömu réttindi og á bæjarstjórnarfundum, samkv. 1. gr. Rétt er, að bæjarstjóri sé formaður þeirra nefnda, sem hann á sæti í, vegna embættisstöðu sinnar.

7. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn, auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar. Byggingarfulltrúi er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

8. gr.

Hafnarnefnd skipa 5 menn, kosnir af bæjarstjórn. Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt fyrirmælum þeim, sem þar um gilda.

9. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 3 mönnum, kosnum af bæjarstjórn. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska eða veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

10. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum, og kys bæjarstjórn þá alla. Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum bæjarins samkvæmt lögum þar um. Fræðsluráð skal hafa á hendi skólanefndarstörf fyrir barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins.

11. gr.

Í sjúkrasamlagsstjórn kys bæjarstjórn 4 menn, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varða, samkvæmt lögum þar um.

12. gr.

Í heilbrigðisnefnd eru sjálfkjörnir bæjarfógeti, sem er formaður hennar, og hér- aðslæknir. Bæjarstjórn kys 3 menn í nefndina. Nefndin starfar samkvæmt lögum og heilbrigðissamþykkt bæjarins.

13. gr.

Kjörstjórn er kosin og starfar samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.

14. gr.

Bæjarráð er skipað 3 mönnum, sem bæjarstjórn kys úr sínum hópi. Auk þess á bæjarstjóri sæti á bæjarráðsfundum, með sömu réttindum og á bæjarstjórnarfundum, samkv. 1. gr. Ef bæjarráðsmaður forfallast, eða hans missir við, tekur sæti hans varamaður af sama lista sem aðalmaður, fyrst bæjarfulltrúi eða fulltrúar, ef ef til eru og ekki forfallaðir, annars varamaður af listanum í sömu röð og þeir mæta á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórn getur með einfaldri ályktun ákveðið aðra tölu bæjarráðsmanna. Bæjarráð kys sér formann og ritara. Hlutkesti ræður, ef tveir fá jöfn atkvæði. Bæjarráð hefur til meðferðar þau mál, sem varða fjárhag bæjarins,

22 undirbýr fjárhagsáætlun, ákveður bókhaldsfyrirkomulag og hefur yfirumsjón með skipulagsmálum. Það hefur og á hendi, ásamt bæjarstjóra, umsjón með fasteignum bæjarins og öðrum þeim eignum, sem ekki eru í umsjón annarra nefnda samkvæmt samþykkt þessari eða sérstökum samþykktum. Til bæjarráðs má einnig vísa öðrum þeim málum, þótt ekki snerti fjárreiður bæjarins, sem ekki verður séð, að séu á verksviði annarra nefnda bæjarins eða bæjarstjórn ákveður að fela öðrum. Bæjarráð heldur að jafnaði einn fund í viku og oftár, ef bæjarstjóri eða meiri hluti bæjarráðsmanna óskar þess. Á fundum ræður afl atkvæða. Bæjarráðsmenn fá þóknun fyrir störf sín, svo sem bæjarstjórn ákveður.

15. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda, sem ráða málum til úrslita, nema þær séu öðrum faldar. Hann veitir forstöðu fjármálum bæjarins, ávísar útgjöldum bæjarsjóðs, hefur á hendi umsjón með stjórn á innheimtu bæjartekna og umsjón sérstakra sjóða í vörzlum bæjarins. Hann sér um að gerðir séu reikningar bæjarins og skýrslur um eignir og skuldir, hefur umsjón með stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði og innheimtu tekna bæjarins og stofnana hans. Hann annast bréfagerðir bæjarstjórnar og nefnda og hefur eftirlit með starfsmönnum bæjarins og störfum þeirra. Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin.

16. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir 1. apríl. Skulu endurskoðendur bæjarins síðan innan 4 vikna hafa lokið endurskoðun sinni á reikningunum. Bæjarráð gerir svo, með ráði endurskoðenda, tillögur um reikningana fyrir 15. maí, og skulu þeir þá lagðir fyrir bæjarstjórn, samkvæmt ákvæðum laga um bæjarstjórn í Kópavogi.

17. gr.

Um skipun niðurjöfnunarnefndar, álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á greiðslum þeirra, fer að lögum um útsvör. Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga, ber að innheimta þau svo fljótt, sem kostur er, og með lögtaki, ef á þarf að halda.

18. gr.

Til þess að breyta samþykkt þessari þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn og samþykki meiri hluta atkvæða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 30 11. maí 1955, sbr. lög nr. 81 23. júní 1936, er hér með staðfest til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

23

9. marz

um stjórn bæjarmála í Neskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka á bæjarstjórnarfundum ákvarðanir um þau málefni kaupstaðarins, er til bæjarstjórnar koma. Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fund bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

Í forföllum bæjarfulltrúa og nefndarmanna taka varamenn sæti í bæjarstjórn og nefndum eftir þeim reglum, er þar um gilda.

2. gr.

Allar nefndir innan bæjarstjórnar skulu kosnar hlutfallskosningu, að svo miklu leyti sem við verður komið. Allar nefndir og stjórnir, sem ekki eru kosnar eftir sérstökum lögum, skulu kosnar til eins árs í senn.

3. gr.

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi fastanefnda. Þetta gildir þó ekki um stjórnir fyrirtækja, sem ekki hera gerðir sínar að jafnaði undir bæjarstjórn og hafa sjálfstætt reikningshald, en heimilt skal bæjarstjóra að sækja slíka fundi og skylt skal honum að mæta, ef þess er óskað af hlutaðeigandi stjórn, stjórnarformanni eða framkvæmdastjóra.

Bæjarstjóri hefur málfrelsi og tillögurétt á nefndarfundum, en ekki atkvæðisrétt, nema hann hafi verið kosinn nefndarmaður.

Allir nefndarfundir eru lögmetir, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur.

4. gr.

Fastanefndir bæjarstjórnar eru:

1. Bæjarráð.
2. Hafnarnefnd.
3. Fjallskilanefnd.
4. Rafveitustjórn.
5. Stjórn bæjarútgerðar.
6. Bókasafnsnefnd.
7. Kjörskrárnefnd.
8. Fræðsluráð.
9. Sjúkrahússtjórn.
10. Byggingarnefnd.
11. Framfærslunefnd.

Enn fremur kýs bæjarstjórn samkvæmt sérstökum lögum niðurbjörgunarnefnd, sjúkrasamlagsstjórn, iðnskólanefnd, kjörstjórnir, svo og aðrar nefndir og stjórnir, sem lög og reglur mæla fyrir um að bæjarstjórn skuli kjósa í.

Loks kýs bæjarstjórn til þriggja ára í senn tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.

5. gr.

Kjörgengir í fastanefndir bæjarstjórnar eru allir bæjarfulltrúar og, ef um er að ræða menn utan bæjarstjórnar, þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnar.

23 Starfsmönnum bæjarins er skylt að mæta á nefndarfundum, ef þess er óskað
 9. marz af viðkomandi nefnd eða nefndarformanni.

Eigi má kjósa starfsmenn bæjarins endurskoðendur bæjarreikninga.

6. gr.

Hver einstakur nefndarmaður hefur rétt til að krefjast þess, að fundur sé haldinn í nefndum bæjarstjórnar og er þá formanni viðkomandi nefndar skylt að halda fund eins fljótt og hann telur tiltækilegt.

7. gr.

Kjósa má bæjarstjóra formann þeirra nefnda, sem honum er skylt að sækja fundi í, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kosinn eða sjálfkjörinn nefndarmaður.

Bæjarstjórn getur kosið sérstakar nefndir til að fjalla um einstök mál, eða falið fulltrúa eða bæjarstjóra rannsókn máls eða framkvæmd.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður alla fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn, nema hún feli einstökum nefndum það með samþykkt eða reglugerðum, eða heimili einstökum starfsmönnum að ráða sér aðstoðarmenn.

9. gr.

Bæjarstjóri og aðrir, sem með reikningshald bæjarstofnana hafa að gera, skulu hafa lokið við að semja reikninga næstliðins árs fyrir lok marzmánaðar og fyrir lok maímánaðar skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun þeirra.

Athugasemdum endurskoðenda skal svarað innan hálfis mánaðar.

Reikningana skal síðan prenta.

10. gr.

Bæjarráð er skipað 3 bæjarfulltrúum og 3 til vara, kosnum til eins árs í senn. Heimilt er bæjarstjórn með einfaldri samþykkt að fjölga bæjarráðsmönnum í 5 og skulu þá kosnir jafnmargir varamenn.

Varamenn í bæjarráð má kjósa úr hópi varabæjarfulltrúa.

Bæjarráð skal halda reglulega fundi aðra hverja viku og aukafundi þegar bæjarstjóra eða formann bæjarráðs þykir nauðsyn til bera.

Bæjarráð kys sér formann og ritara.

Bæjarráði er heimill aðgangur að öllum skjölum og bókum bæjarins.

Bæjarráð hefur með höndum eftirtalin málefni bæjarins og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gildir séu, en þó getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála.

- A. Fjárstjórn. Til þess heyrir stjórn og umsjón með fjárhag bæjarins. undirbúningur fjárhagsáætlunar, ákvörðun um bókhaldsfyrirkomulag og eftirlit með bókhaldi bæjarins og innheimtu gjalda.
- B. Fasteignamál. Bæjarráð hefur umsjón með fasteignum bæjarins, sér um viðhald þeirra og ráðstafar þeim.
- C. Bæjarráð hefur á hendi stjórn elliheimilis og barnaheimilis, nema bæjarstjórn kjósi að fela sjúkráhusstjórn stjórn elliheimilisins.
- D. Brunamál. Bæjarráð sér um framkvæmd á öllum brunamálum kaupstaðarins samkvæmt lögum og reglum. Þegar bæjarráð fjallar um brunamál, skal slökkviliðsstjóra skylt að sækja fundi þess.

- E. Skipulagsmál. Bæjarráð fer með skipulagsmál kaupstaðarins, sér um að skipulagsuppdrættir séu gerðir, gerir tillögur um götuheiti o. s. frv.
- F. Vegamál. Bæjarráð hefur á hendi umsjón með vegamálum kaupstaðarins, annast viðhald gatna og holræsa og sér um vegagerð og holræsalagnir. Það hefur og á hendi umsjón með rekstri vinnuvéla bæjarins.
- G. Vatnsveitumál. Bæjarráð fer með vatnsveitumál, hefur eftirlit og umsjón með rekstri vatnsveitunnar, sér um viðhald vatnsveitukerfis og gerir tillögur um breytingar og aukningu þess.
- H. Sundlaugarmál. Bæjarráð skal annast allt, sem lýtur að rekstri sundlaugar bæjarins, þar á meðal viðhald hennar, og gerir tillögur um ráðningu forstjóra og annars starfsfólks. Skylt er sundlaugarstjóra að sækja fundi bæjarráðs, þegar fjallað er um málefni sundlaugarinnar.
- I. Skróðgarðar. Bæjarráð skal hafa á hendi umsjón með hirðingu skróðgarðs bæjarins og gera tillögur um nýjar framkvæmdir í þess háttar ræktunarmálum.
- J. Önnur mál. Öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykkt þessari, eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnar, skulu heyra undir bæjarráð. Auk þess getur bæjarstjórn vísað til bæjarráðs þeim málum, sem henni sýnist, þó þau heyri ekki sérstaklega undir það samkvæmt framansögðu.

11. gr.

Hafnarnefnd skal skipuð 5 mönnum, 3 bæjarfulltrúum og tveim utan bæjarstjórnar, kosnum til eins árs í senn, og skulu kosnir varamenn fyrir þá, sem ekki eru bæjarfulltrúar. Hafnarnefnd hefur á hendi alla framkvæmd hafnarmála samkvæmt hafnarreglugerð kaupstaðarins, þar á meðal eftirlit með eignum hafnarinnar.

12. gr.

Fjallskilanefnd skal skipuð 3 mönnum, kosnum til eins árs í senn. Annast hún allt, sem að fjallskilum lýtur, þar á meðal refaveiðar, fjárböðun og fjárkláðaeftirlit.

13. gr.

Kjörskrárnefnd skal skipuð 3 mönnum, kosnum til eins árs í senn. Hún skal semja kjörskrár eftir fyrirmælum kosningalaga.

14. gr.

Rafveitustjórn skal skipuð 3 bæjarfulltrúum, kosnum til eins árs í senn. Hún annast rekstur rafmagnsveitu kaupstaðarins og yfirstjórn á fjárreiðum hennar. Rafveitustjórn skal undirbúa fjárhagsáætlun rafveitu í tæka tíð og hafa eftirlit með innheimtu tekna hennar. Hún gerir tillögur til bæjarstjórnar um breytingu á gjaldskrá rafveitunnar, þegar þurfa þykir. Skylt er rafveitustjóra að sækja fundi rafveitustjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

15. gr.

Stjórn bæjarútgerðar skal skipuð 4 mönnum og 4 varamönnum, kosnum til eins árs í senn.

Bæjarútgerðarstjórn annast allt, sem lýtur að stjórn bæjarútgerðarinnar og tekur ákvarðanir þar að lútandi. Framkvæmdastjóra bæjarútgerðarinnar skal skytt að mæta á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

16. gr.

Bókasafnsnefnd skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara, kosnum til eins árs í senn. Hún sér um rekstur bókasafns bæjarins, gerir tillögur um ráðningu bóka- varðar, annast bóka kaup og sér um hirðingu safnsins.

23

9. marz

Fræðsluráð skal skipað 5 mönnum og 5 til vara, kosnum til fjögurra ára í senn. Það starfar samkvæmt fyrirmælum fræðslulaga.

17. gr.

18. gr.

Sjúkrahússtjórn skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara, kosnum til eins árs í senn. Hún sér um allt, sem lýtur að rekstri sjúkrahúss kaupstaðarins. Forstjóri sjúkrahússins skal sækja fundi stjórnarinnar og sómuleiðis yfirlæknir, þegar hann er til þess kvaddur, báðir með málfrelsi og tillögurétti.

19. gr.

Byggingarnefnd er skipuð 5 mönnum. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn í nefndina og formaður hennar. Tvo nefndarmenn kýs bæjarstjórn úr sinum hópi til eins árs í senn og tvo utan bæjarstjórnar og skulu kosnir varamenn fyrir þá.

Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum laga og samþykktu um þau mál. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

20. gr.

Framfærslunefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara, kosnum til eins árs í senn. Um störf nefndarinnar fer eftir framfærslulögum. Bæjarstjóri er framfærslufulltrúi.

21. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda, sem ráða málum til úrslita, nema þær séu öðrum faldar. Hann veitir forstöðu fjármálum bæjarins, hefur á hendi umsjón með innheimtu bæjartekna og mælir fyrir um greiðslur úr bæjarsjóði og hafnarsjóði. Hann hefur og á hendi umsjón með sérstökum sjóðum í vörzlu bæjarins. Hann annast bréfagerðir bæjarstjórnar og nefnda og hefur eftirlit með starfsmönnum bæjarins og störfum þeirra. Hann sér um að gerðir séu reikningar bæjarins og hefur á hendi umsjón með stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði.

22. gr.

Bæjargjaldkeri er jafnframt fulltrúi bæjarstjóra og annast daglega afgreiðslu fyrir hans hönd, eftir því sem honum er það falið. Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjargjaldkeri störfum hans, nema þau séu öðrum falin.

23. gr.

Eigi má breyta samþykkt þessari, nema að undangengnum tveim umræðum í bæjarstjórn og að fenginni staðfestingu ráðherra.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 48 7. maí 1928, er hér með staðfest til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 43 16. apríl 1929, um stjórn bæjarmála í Neskaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUR

24

7. marz

um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma.

1. gr.

Atvinnusjúkdómar eru sjúkdómar, sem eiga beint eða óbeint rætur að rekja til óhollustu í sambandi við atvinnu manna, hvort heldur er vegna eðlis atvinnunnar, tilhögunar vinnu eða aðbúnaðar á vinnustað. Einkum koma hér til greina bæklunar-, bilunar-, eitrunar- og ofnæmiskvillar. Með atvinnusjúkdómum skal telja áverka af völdum slysfara, sem tilhögun vinnu eða búnaði vinnustöðvar verður beinlínis um kennt, en ekki áverka af öðrum slysum, enda þótt þau verði við vinnu eða á vinnustað, og skiptir ekki máli, þótt slys verði metið bótaskyld að lögum.

2. gr.

Starfandi læknar (sjúkrahús) skulu senda hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) tilkynningu um hvern sjúkling, er til þeirra leitar með atvinnusjúkdóm. Tilkynningu skal rita á eyðublað, er landlæknir lætur í té.

3. gr.

Þá er héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir) fær vitneskju um atvinnusjúkdóm, skal hann kynna sér, eftir því sem tilefni er til, atvinnu hlutaðeiganda, tilhögun vinnu og aðbúnað á vinnustað og gera öryggiseftirliti ríkisins tafarlaust kunna niðurstöðu athugana sinna.

4. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir) skulu senda landlækni, ásamt árskýrslu sinni, greinargerð um atvinnusjúkdóma, er þeir hafa fengið vitneskju um á liðnu ári. Skal þar m. a. greind atvinna sjúklings, eðli sjúkdóms og sjúkdóms-örsök, eftir því sem næst verður komizt.

Reglur þessar eru settar samkvæmt ákvæðum 41. gr. laga nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. 6. gr. laga nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1956.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

FUNDARSKÖP

fyrir bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er skipuð 7 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir ræða og gera ályktanir um bæjarmálefni á bæjarstjórnarfundum. „Fundarmenn“ tekur í fundarsköpum þessum til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.

2. gr.

Ár hvert í janúarmánuði kýs bæjarstjórn forseta og varaforseta úr flokki bæjarfulltrúa. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fær meiri hluta atkvæða bæjarfulltrúa, sem á fundi eru. Nú fær enginn svo mörg atkvæði, og skal þá kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæðin, og ef tveir eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, þá skal varpa hlutkesti um það, um hverja tvo skuli kjósa. En ef hvorugur þeirra fær enn meiri hluta, þá skal sá vera forseti, er fleiri atkvæði fær. En ef þeir fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, hvor skuli vera forseti. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. Hann skal gegna forsetastörfum, ef forseti forfallast eða hans missir við með öllu, unz kosinn er nýr forseti.

3. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr sínum hópi, til eins árs, og á sama fundi, sem forsetakosning fer fram. Skrifara skal kjósa hlutfallskosningu.

4. gr.

Forseti stjórnar fundum bæjarstjórnar. Hann sér um að allt fari reglulega og skipulega fram, og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlýða úrskurði hans um allt, er varðar fundarsköp, en skjóta má úrskurði undir úrlausn bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þegar atkvæðagreiðslur fara fram og þegar kjósa skal nefndir, eða menn til annarra starfa. Bæjarstjórn ræður og sérstakan fundarskrifara, utan bæjarstjórnar. Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skal forseti undirrita hana og aðrir viðstaddir bæjarfulltrúar. Fundarmenn eiga heimtingu á því, að bókaðar verði athugasemdir þeirra í gerðabók, ef þeim þykir eitthvað rangt bókað eða ónákvæmt, svo og stuttlega um ágreiningsatkvæði sín.

6. gr.

Nefndir til þess að starfa að einstökum málum, hvort sem þær eru fastanefndir eða lausanefndir, skal kjósa hlutbundnum kosningum, eftir aðferð þeirri, sem kennd er við de Hondt. Sérhver bæjarfulltrúi er skyldur að taka sæti í hverri nefnd, sem hann er löglega kosinn í. Sá sem fyrstur er kosinn á lista, kallar nefndina saman í fyrsta sinn og lætur kjósa formann. Þó skal bæjarstjóri ætíð sjálfkjörinn formaður, sé hann kosinn í nefnd, en hann lætur því næst kjósa skrifara. Um leið og nefndin lýkur störfum, getur hún, eða, ef hún er klofin, hver hluti hennar, kosið sér fram-sögumann. Skrá um nefndir skal vera til sýnis í fundarsal bæjarstjórnar.

7. gr.

25

7. marz

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn þriðja föstudag í hverjum mánuði, kl. 17, ef mál eru fyrir hendi, og stendur fundur svo lengi, sem þörf gerist, þó ekki lengur en til miðnættis. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí- og ágúst-mánuði. Ef fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal halda hann næstu virka daga á eftir. Aukafund skal halda þegar bæjarstjóri eða 4 fulltrúar æskja þess. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundarhalds.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá handa bæjarstjórnarfundum. Hvert það bæjarmál, er nefnd eða bæjarfulltrúi krefst að tekið sé á dagskrá, er skylt að taka á hana, þó skulu öll erindi, er taka skal á dagskrá á reglulegum fundi, koma í hendur bæjarstjóra eigi síðar en kl. 18, 2 dögum fyrir fund. Í síðasta lagi kl. 18 daginn fyrir fund, skal hann hafa sent öllum fulltrúum dagskrá, þar sem til séu tekin þau mál, sem koma skulu til umræðu. Önnur mál en þau, sem á dagskrá standa, mega ekki koma til umræðu á fundum bæjarstjórnar, nema þau séu fram borin af bæjarstjóra og brýn nauðsyn beri til. Dagskrá bæjarstjórnar skal festa upp á tveim stöðum í bænum, eigi síðar en kl. 12, daginn, sem fundur er haldinn. Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema meiri hluti bæjarfulltrúa óski röð breytt.

9. gr.

Bæjarstjóri á, samkvæmt embættisstöðu sinni, sæti á fundum bæjarstjórnar og má taka þar til máls svo oft sem hann vill, en gæta skal hann fundarskapa. Ekki á bæjarstjóri atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál með einni umræðu, nema hún ákveði öðruvísi um einstök mál, eða að tillaga feli í sér heimild eða skipun um fjárgreiðslur úr bæjarstöði eða hafnarsjóði. Skal þá hafa tvær umræður.

11. gr.

Sérhver fundarmaður getur borið upp breytingartillögur og viðaukatillögur við hvert það málefni, sem til umræðu er. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja þær. Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli haga.

12. gr.

Bæjarstjórnarfundu skal halda í heyranda hljóði. Ef áheyrendur eru ekki kyrrir og hljóðir, eða trufla fund með nokkrum hætti, þá getur forseti vísað þeim út, og ef þörf gerist, látið ryðja áheyrendasalinn. Þó má ræða mál fyrir luktum dyrum, ef það varðar einkahagi manna. Fundarmaður getur einnig krafizt þess, að mál verði rætt fyrir luktum dyrum, og sker bæjarstjórn úr því, umræðulaust, með meiri hluta atkvæða, hvort mál skuli rætt opinberlega eða fyrir luktum dyrum. Enginn má skýra frá umræðum í þeim málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum.

13. gr.

Ekki getur bæjarstjórn gert ályktun um mál, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jafnmörg með tillögu og móti, telst hún fallin, nema kosning sé. Þá ræður hlutkesti. Um kosningu bæjarstjóra og varabæjarstjóra og í stöður þær, er bæjarstjórn veitir, fer sem um kosningu forseta bæjarstjórnar. Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, með því að vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, eða með því að fresta því.

25

7. marz

14. gr.

Fundarmaður, sem vill taka til máls, skal snúa sér til forseta. Leyfir hann mönnum venjulega að taka til máls í þeirri röð, er þeir hafa kvatt sér hljóðs. Þó má hann breyta út frá því um bæjarstjóra og framsögumann, svo og til að ræður skiptist jafnt með og móti málefnum, eða til þess að bæjarfulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er varðar hann sjálfan. Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, þá ræður forseti í hvaða röð þeir tala.

15. gr.

Flutningsmaður mála eða framsögumaður mega tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Þó má maður aftur taka til máls, til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu, eða gæzlu fundarskapa. Ræðumaður skal standa við sæti sitt meðan hann flytur ræðu sína.

16. gr.

Ræðumaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Eigi má hann lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi. Skyllt er fundarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er gæzlu góðrar reglu varðar. Ef fundarmaður ber aðra brigzlyrðum, eða vikur verulega frá umtalsefninu, þá skal forseti víta hann fyrir það, og nefna þau ummæli, er hann vitti. Nú er fundarmaður víttur tvisvar á sama fundi, og má þá forseti, með samþykkt fundarins, svipta fundarmann málfrelsi á þeim sama fundi. Ef fundarmaður óhlýðnast úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundinum, skal forseti fresta fundi um stundarsakir, eða slíta fundi alveg, ef honum þykir nauðsyn til bera.

17. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur fundarmaður stungið upp á því, að þeim sé hætt, og sker fundur þegar í stað úr því umræðulaust. Skal þá jafnan ákveða, hvort þeim skuli leyft að tala, er kvatt höfðu sér hljóðs, áður en tillaga um að slíta umræðum kom fram.

18. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að fulltrúarnir rétta upp hægri hönd sína. Nafnakall skal þó hafa, ef þrír fulltrúar, hið fæsta, krefjast þess, og ef forseti virðist ekki glöggst mega ráða af atkvæðagreiðslunni um málsúrslit. Við nafnakall greiða fulltrúarnir atkvæði eftir prentaðri skrá, þar sem nöfn þeirra eru í stafrófsröð, og skal hlutkesti ráða, á hverjum skuli byrja. Bæjarfulltrúa er skyllt að greiða atkvæði við nafnakall, nema hann leiði rök að undanfærzlu sinni, er forseti tekur gild, enda hefur bæjarfulltrúi rétt til að skjóta úrskurði forseta til fundarins, sem sker þá umræðulaust úr því máli.

19. gr.

Bregða má af fundarsköpum þessum eftir uppástungu forseta, bæjarstjóra eða tveggja bæjarfulltrúa, ef bæjarstjóri samþykkir, enda samþykkir að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

20. gr.

Til breytinga á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveimur bæjarstjórnarfundum, meiri hluta gildra atkvæða og staðfestingu ráðherra

Fundarsköp þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 30 11. maí 1955 til 25 þess að öðlast gildi þegar í stað.

7. marz

Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Einars og Þórunnar 26 í Brandshúsum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. marz 7. marz 1956.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Einars og Þórunnar í Brandshúsum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Einars og Þórunnar í Brandshúsum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vekja og efla mannúð og góðvilja hjá almenningi gagnvart mönnum og skepnum með því að stjórn sjóðsins veitir verðlaun þeim er fram úr skara við líknar- og mannúðarstörf, jafnframt viðurkenningarskjal fyrir framúrskarandi ástundun við að bæta úr býli og vanlíðan með kærleiksverkum og hjálpfýsi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10 000 — tíu þúsund — krónur, sem ásamt öllum gjöfum og þeim vöxtum, sem tilskilið er í þessari skipulagsskrá, kallast höfuðstóll hans og má hann aldrei skerða.

4. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur og ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Einn kosinn af Slysavarnafélagi Íslands á aðalfundi þess ár hvert; annar kosinn af Dýraverndunarfélagi Íslands einnig ár hvert á aðalfundi þess. Endurkosningar mega eiga sér stað. Þriðji maður í stjórninni er hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi í Árnassýslu eða sá, er hann setur í sinn stað. Stjórnin kys formann úr sínum hóp og skiptir með sér störfum.

6. gr.

Allir vextir skulu leggjast við höfuðstól þar til sjóðurinn er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur. Frá þeim tíma skal lagður við höfuðstóllinn $\frac{1}{5}$ — einn fimmti — hluti ársvaxtanna, en til útborgunar falli $\frac{4}{5}$ — fjórir fimmtu — hlutarnir til stjórnar sjóðsins, svo hún geti varið fé þessu samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. gr. hér að framan.

7. gr.

Sjóður þessi skal vara og skipulagsskrá hans í öllu heiðruð svo lengi sem Ísland byggist.

Halldór Einarsson.

G J A L D S K R Á

um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

1. Burðargjöld.

Fyrir	Innanlands				Til annarra landa					
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Burðargj.aur		Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Burð-argj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Burð-argj. aur.
			staðar	riktis						
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g. Fyrir bréf yfir 1000 g er ríkistaxti sami og „Til annarra landa“.	20 125 250 500 1000	100 200 400 800 1600	150 300 600 1200 2400	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	150 300 600 1200	Sama og innanlands	20 40 60 80	175 275 375 475
Bréfsþjöld einf. tvöf.	Mest 15×10,5 cm Minnst 10×7 cm		60 120	75 150	Sama og innanlands		75 150	Sama og innanlands	hver 20 þar yfir	100 200
Verzlunar-skjöl	Stærð sama og bréfa Þyngd 2000 g	50 100 150 200 hver 50 þar yfir	100 100 120 150 hver þar yfir	150 150 150 175 35	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	50 100 150 200 hver þar yfir	150 150 150 175 35	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	175 35

Prent	Stærð sama og bréfa Pyngd 3000 g	50 100 hver 50 par yfir	60 90	70 105	Stærð og pyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 par yfir	70 105	Stærð sama og bréfa Pyngd 3000 g Einstök bindi þó 5 kg. Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfsþjöld	50 100 hver 50 par yfir	70 105
	Fyrir útfanfandaprent til Danmerkur og Noregs er burðar- gjald fyrir hver		30	35						35
Blindra- prent	Stærð sama og bréfa Pyngd 7000 g	1000	15	15	Stærð sama og bréfa Pyngd 7000 g	1000	15	Stærð sama og bréfa Pyngd 7000 g	1000	15
Sýnishorn	Stærð sama og bréfa Pyngd 500 g	50 100 hver 50 par yfir	60 90	70 105	Stærð og pyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 par yfir	70 105	Stærð sama og bréfa Pyngd 500 g	50 100 hver 50 par yfir	70 105

Blöð og tímarit	46×24×24 cm 5000 g. Þó aðeins 2500 g með landpóst- um. Það skal vegið allt í einu, sem látið er í pósti einu. Innritun- argjald er 30 kr., er greiðist í fyrsta sinn er blað er innritað, síðan í byrjun hvers árs.	500	120	120	
Póst- ávisanir	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr	100 augar 200 — 100 kr 50 —			
Póstkröfur	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr	200 aurar 300 — 100 kr 50 —			

Böggjar (Innanlands):

- a. Með skipum á hafnarstaðina og með bifreiðum.
- b. Með landpóstum.

Hámark pyngdar og stærðar:

- a. Pyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm³ 5 kg eða minna, 80 dm³ yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg 100 dm³ yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm³ yfir 15 kg.
- b. 46×24×24 cm.

Burðargjald:

- a. Sjóveg og með bifreiðum að 1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg aurar 700 1400 1800 3000 4000 5000
 - b. Með landpóstum:
 - Sumar ¹⁵/₄ — ¹⁴/₁₀ — 1500 1700 2100
 - Vetur ¹⁵/₁₀ — ¹⁴/₄ — 2000 2800 3500
- Staðartaxti er hálfir burðargjald eins og undir a.
Séu böggjar rúmfreikir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50 %.

27
15. marz

2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, Grænland), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra lauda
Skrásetningargjald	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal greiða bæði skrásetningargjald og ábyrgðargjald)	Fyrir 300 kr. eða minna 150 aurar og 50 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 75 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna en 270 aurar (200 gullfr. ef um verðböggla er að ræða).
Fyrir afturköllun, utanáskriftarþreitingu, afnám eða lækkun póstkroftuupphæðar	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Fyrir fyrirspurn um sendingu	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Hraðboðagjald	300 aurar, þar sem er daglegur bréfaútburður 1 km frá pósthúsinu, annars 250 aurar fyrir hvern km	300 aurar	300 aurar
Móttökukvittun: a) umbeðin við viðtöku b) umbeðin eftir viðtöku	150 aurar 200 aurar	150 aurar 200 aurar	150 aurar 200 aurar
Kvittun fyrir tolli, borgaðri póstkroftu, frimerkja- eða eyðublaðakaupum	10 aurar		

Talning í verðbréfi	Fyrir 500 kr. 25 aurar, fyrir 1000 kr. 40 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 20 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda
Alþjóða-svarmerki	Söluverð 250 aurar, skiptiverð 175 aurar í frimerkjum	
Skilríkisspjöld	375 aurar	
Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli	200 aurar	
Fyrir tollmeðferð	300 aurar	
Fyrir staðfestingu á innihaldi	25 aurar fyrir hverjar 10 línur, minst 250 aurar	

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 1. apr. 1956. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðargjöld frá 16. sept. 1953.

Póst- og samamátaráðherrann, 15. marz 1956.

Ingólfur Jónsson.

F. h. póst- og samamátastjóra

Egill Sandholt.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir landssímamann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar (nú allar stöðvar utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar), sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 900.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	— 500.00
3. — aukabjöllu (venjulega)	— 140.00
4. — tengil	— 230.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

B. Árlegt afnotagjald.

I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 800.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	— 360.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi	— 600.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður.)	
4. — vanalega aukabjöllu í sama húsi (þó hærra gjald á rökum stöðum)	— 60.00
5. — tengil með rafvökum	— 80.00

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B. stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði notendur eða hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannaþóknunar fram til kl. 22 og $\frac{3}{4}$ kostnaðar eftir þann tíma.

II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.

	Stöðin opin		Allan sólar- hringinn
	kl. 8—21	8—24	
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	800.00	880.00	960.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	400.00	440.00	480.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi	600.00	620.00	640.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður.)			
4. Fyrir aukabjöllu og tengla eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum. (Sjá B I, 4.—5. lið.)			

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B I og B II, gilda því aðeins, að aukáhöldin séu hjá réttþafa símans.

Sé hins vegar um 2 eða fleiri sjálfstæða aðila að ræða með síma á sömu línu, **28** greiði hver þeirra venjulegt afnotagjald (sbr. lið B I, 1 eða B II, 1 þessa kafla) að 15. marz frádregnum 15%, ef þeir eru í sama húsi, en annars að frádregnum 10%.

Á 2. og 3. flokks stöðvum, þar sem símanotendafjöldinn er undir 10, færast símaafnotagjaldið niður í kr. 500.00 á ári fyrir 1 línu með 1 talfæri.

Ofan nefnd gjöld í 1.—3. lið undir B I og B II hækka um 50% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum, sem að álitu símastjóra nota símann mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð, svo og annan símaþúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á talsímataekjum.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri með línu kr. 450.00
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Milli herbergja — 210.00
 - b. Í sama herbergi — 120.00

Ofan nefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni án breytinga, greiðist sama gjald og fyrir flutning.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

1. Nemandi skal kunna að leggja á borð, þar sem framreiða skal kaldan og heitan mat, og að ganga um beina. Hann skal kunna skil á öllum algengum framreiðsluaðferðum og meðferð drykkjarfanga.

2. Nemandi skal vita í aðalatriðum, hvaða hráefni eru í algengum matarréttum. Hann skal kunna að semja matseðil, og enn fremur að skera fyrir (tranchera) algenga fisk- og kjötrétti.

19. gr.

Lágmarkskröfur til prófs fyrir matsveina á fiskiskipum og flutningaskipum, sbr. 2. gr. 3. tölul., skulu vera sem hér segir:

1. Nemandi skal kunna að búa til alla algenga matarrétti. Hann skal kunna að baka brauð og algengar kökutegundir.

2. Nemandi skal þekkja til hlítar þær matvörur, sem hann vinnur úr. Hann skal vita, við hverjar aðstæður bezt er að geyma fæðutegundir, og hvernig þær verða bezt hagnýttar. Hann skal þekkja lögboðna stimpla á kjöti, svo og önnur gæðamerki á matvælum, sem lögboðin eru hér á landi.

3. Skólastjóri og skólanefnd ákveða prófkröfur í almennum námsgreinum, með hliðsjón af því námsefni, sem farið hefur verið yfir.

VI. KAFLI**Um stjórn skólans.**

20. gr.

Samgöngumálaráðuneytið hefur yfirstjórn skólans, en daglega stjórn hefur skólastjóri á hendi. Ráðherra skipar til 4 ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipamatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann.

21. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans, en fyrsti kennari skal vera framreiðslukennari, og skal hann einnig hafa yfirumsjón í veitingasal skólans. Skóla-

33 stjóri ræður stundakennara í samráði við skólanefnd og með samþykki samgöngu-
12. marz málaráðuneytisins. Annað starfsfólk skólans ræður skólastjóri.

Ráðherra ákveður kennslu- og starfsskyldur skólastjóra og kennara, að fengnum tillögum skólanefndar.

22. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans í samráði við skólanefnd.

Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum. Hann hefur á hendi reikningshald skólans og hefur eftirlit með viðhaldi og ræstingu á húsnæði og munum skólans.

Skólastjóri skal senda samgöngumálaráðuneytinu eftir hver áramót reikninga skólans fyrir næstliðið ár ásamt fylgiskjölum, og einnig skal hann senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf skólans á liðnu skólaári.

23. gr.

Skólastjóri skal sjá um að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Nemendaskrá, prófbók, bréfabók, áhaldabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Um nemendur skólans.

24. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi áður en kennsla hefst. Ef nemandi getur ekki sótt skólann sökum sjúkleika, eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það. Skólastjóra ber að grennslast eftir rökum fyrir fjarveru nemenda, ef eigi er sent læknisvottorð.

25. gr.

Nemendur skulu vera þrúðmannlegir í framkomu. Þeir skulu sýna skólastjóra og kennurum hlýðni, og rækja nám sitt með alúð og nákvæmni. Reykingar og neyzla áfengis er bönnuð í skólanum.

26. gr.

Valdi nemandi skemmdum á eignum skólans, skal hann bæta þær að fullu. Ef fullvíst er, að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemenda í ákveðinni deild og enginn gengst við, skulu nemendur þeirrar deildar bæta allir í félagi.

27. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglur skólans, og skulu þá kennarar vanda um við hann eða eftir eðli brotsins tilkynna skólastjóra, sem áminnir nemanda, ef hann telur þörf á. Skipist nemandi ekki við áminningu kennara eða skólastjóra, eða hafi hann sýnt ýtrekaða óhlýðni, ókurteisi eða óreglusemi, skal skólastjóri víkja honum úr skóla um stundarsakir, eða að fullu, ef brot er alvarlegt.

Skólastjóri getur þó leyft nemanda, sem vikið var úr skóla á síðari helmingi námstímans, að ganga undir lokapróf í skólanum, enda komi til meðmæli frá meistara nemandans.

28. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1956.

Bjarni Benediktsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

34
15. marz

um störf lóðaskrárritarans á Akureyri.

1. gr.

Bæjarstjórn skipar lóðaskrárritara til þess, að leysa úr sérhverju því atriði, sem upp kann að koma viðvíkjandi línu- og flatarmáli lóða og húsa í landi bæjarins, eins og það nú er og framvegis kann að verða. Er hann skyldugur að leysa af hendi þau verk, er koma undir starfssvið hans, hvort heldur er fyrir bæinn eða einstaklinga.

2. gr.

Lóðaskrárritari á, þegar bæjarstjóri krefst þess, að mæla út stefnur gatna og vega. Hann á enn fremur, þegar þess er krafizt, að láta byggingarnefnd eða bæjarstjórn í té allar upplýsingar um mörk lóða, eignarheimildir, kvaðir og afstöðu til gatna og nágrennahúsa.

3. gr.

Lóðaskrárritari á að halda hina lögboðnu lóðaskrá. Í hana á þegar markasetningu lóða er lokið, smám saman að færa inn allar lóðir með framhaldandi númerum. Af hverri lóð skal vera uppdráttur og sýni hann afstöðu lóðarinnar til nágrennalóðanna og grunnflöt allra húsa á henni. Í lóðaskránni skal enn fremur vera lýsing merkja, flatarmál lóðarinnar byggðrar og óbyggðrar og nafn eiganda. Staðfest eftirit úr lóðskránni er mælingabréf viðkomandi lóðar.

4. gr.

Ef skrásettri lóð skal skipt í hluta, tvo eða fleiri, og byggingarnefnd hefur gefið samþykki sitt, skal mæla hana á kostnað beiðanda og færa í lóðaskrána. Áður en þinglýst er skjali eða skjölum um skiptingu lóða eða um eigandaskipti að lóð, skal lóðaskrárritari rita vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að breytingarinnar sé getið á lóðaskrá eða í lóðamerkjabók.

5. gr.

Lóðaskrárritari skal láta í té allar þær upplýsingar um lóðir og hús er með þarf, til þess að reikna út þá skatta, er byggjast á stærð þeirra.

6. gr.

Lóðaskrárritari annast flatarmælingu og aðalhallamælingu bæjarins, að því leyti sem ekki fellur undir skipulag bæja og sér um að gerðir séu uppdrættir og afrit í þeim mælikvarða, er bæjarstjórn ákveður. Enn fremur skal lóðaskrárritari sjá um að uppdráttum sé haldið við og á þá bætt breytingum og viðbótum. Af mælingabókum og blöðum skal gera endurrit, er geymist í skjalasafni bæjarins.

7. gr.

Auk þeirra starfa, er hér er getið, skal lóðaskrárritari inna af hendi þau verk, er bæjarstjórn felur honum.

8. gr.

Auk lóðaskrár og lóðamerkjabóka skal lóðaskrárritari halda skrá yfir öll þau verk, er hann vinnur, enn fremur bréfabók og sjóðbók yfir gjöld þau, er greidd eru á skrifstofu hans. Gjöldin ber að greiða til bæjargjaldkera við lok hvers mánaðar.

34

9. gr.

15. marz

Fyrir þau störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða grunn-
gjöld í bæjarsjóð sem hér greinir:

- a. Fyrir útmælingu og merkingu nýrrar lóðar og byggingar, svo og ákvörðun gólf-
hæðar, greiðist fast gjald, lóðartökugjald, kr. 200.00.
- b. Fyrir aukamælingar nýrra lóða og bygginga, svo og aukamælingu á gólfhæð,
greiðist kr. 50.00 fyrir hverja mælingu fyrir sig.
- c. Fyrir merkingu og mælingu lóða eða lóðarhluta eða skiptingu lóða, greiðist
kr. 200.00, sé lóðin minni en 1000 ferm., og kr. 10.00 fyrir hverja heila 100 ferm.
þar yfir.
- d. Fyrir uppdrátt, án sérstakrar mælingar, og afrit úr lóðaskrá, greiðist kr. 30.00.
- e. Fyrir áritun um eigendaskipti greiðist kr. 10 00.
- f. Fyrir önnur störf lóðaskrárritara greiðist samkv. ákvörðun hans í hvert skipti
og skal þá tímakaup hans reiknast kr. 40.00.

Á framangreind grunngjöld skal reiknuð uppbót samkv. gildandi kaupgjalds-
vísitölu á hverjum tíma. Gjöldin ber að inna af hendi um leið og þjónustan er látin
í té.

Öll gjöldin reiknist í heilum krónum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfest-
ist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 16 9. febr. 1951, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

35

15. marz

REGLUGERÐ

um fiskmat.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal háður eftirliti og vera metinn
af hinu opinbera fiskmati, samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og
meðferð, verkun og útflutning á fiski. Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, að mat
fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

2. gr.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, hvort sem um er
að ræða nýjan fisk eða saltaðan, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn ekki verið
lagður hér á land. Ráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning að fengnum
tillögum fiskmatsstjóra.

3. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn alls fiskmats í landinu. Yfirfiskmatsmenn
stjórna matinu, hver í sínu umdæmi, en hlíta forustu fiskmatsstjóra samkvæmt
nánari ákvæðum laga nr. 46 5. apríl 1948. Til aðstoðar við mat og eftirlit eru einnig
skipaðir fiskmatsmenn og hleðslustjórar, og vinna þeir undir stjórn fiskmatsstjóra
og yfirfiskmatsmanna.

Fiskmatsmenn eru skyldir að hlýða yfirfiskmatsmönnum og fiskmatsstjóra samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá og öðrum fyrir mælum. Sama gildir um hleðslustjóra að því er snertir mat og meðferð fisksins.

Lögreglustjórar skipa fiskmatsmenn og hleðslustjóra eftir tilnefningu fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna, eins og nánar er fram tekið í erindisbréfum þeirra.

Atvinnumálaráðuneytið setur öllum þessum starfsmönnum erindisbréf um störf þeirra og skyldur.

4. gr.

Fiskmatsmenn skulu vera einn eða fleiri í hverri vinnslustöð og auk þeirra aðrir fiskmatsmenn við sérstörf á stærri eða minni svæðum svo margir, sem fiskmatsstjóri álitur þurfa.

Hleðslustjórar skulu einnig skipaðir svo margir, sem fiskmatsstjóri telur þörf á.

Matsmenn, sem gegna störfum við hinar ýmsu greinar matsins, skulu hafa nána samvinnu og samráð í störfum eftir því, sem við verður komið.

5. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara.

Ef þess er óskað, skal útflytjandi, áður en mat fer fram, gefa fiskmatsstjóra eða yfirfiskmatsmönnum allar þær upplýsingar um kröfur kaupanda um verkun og meðferð vörunnar, sem máli geta skipt í sambandi við matið.

Um útskipun, hleðslu og meðferð fisksins í útflutningsskipunum, matsvottorð um hann og annað þar að lútandi, eru sett nánari ákvæði í þessari reglugerð, svo og í erindisbréfum fiskmatsstjóra, yfirmatsmanna og annarra starfsmanna fiskmatsins.

6. gr.

Fyrirtæki eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, aðra en ísvarinn fisk, skulu skyld að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka fisk á fleiri höfnum en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna.

Skylda útflytjenda til þess að hafa hleðslustjóra getur þó fallið niður, ef yfirfiskmatsmenn fylgja skipi, meðan það er að ferma, og ef þeir hafa eftirlit með hleðslunni. Fer um það og kostnað við eftirlit eftir samkomulagi við fiskmatsstjóra.

Jafnan skal einn maður, hleðslustjóri eða yfirfiskmatsmaður, sjá um lestun eins og sama fiskfarms, og ber hann ábyrgð á umsjón hleðslunnar. Frá þessu ákvæði getur fiskmatsstjóri gefið undanþágu, ef brýn nauðsyn ber til.

7. gr.

Fiskmatsstjóri, yfirfiskmatsmenn og fiskmatsmenn geta stöðvað vinnslu, fiskverkun eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyrir mæla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar, eða ef gæði og útlit vörunnar eru á þann veg, að hún verði ekki álitin fullnægja settum kröfum.

8. gr.

Yfirmönnum og löggiltum starfsmönnum fiskmatsins er heimill aðgangur að hverjum stað, þar sem unnið er að framleiðslu útflutningsfisks eða fiskurinn er geymdur. Enda er fiskmatsstjóra, yfirfiskmatsmönnum og fiskmatsmönnum, hverjum á sínu starfssviði, skylt að fylgjast með geymslu og öllum umbúnaði þess fisks, sem hefur verið metinn og flokkaður.

35

15. marz

9. gr.

Fiskmatsstjóri setur reglur um útbúnað og áhöld fiskvinnslustöðva og gefur út fyrirmæli um verkun og mat á fiski, þegar ástæða er til og ráðuneytið samþykkir.

10. gr.

Allar fiskumbúðir, sem notaðar eru um fisk, sem þannig er verkaður, að hann heyri undir fiskmatið, skulu háðar eftirliti fiskmatsstjóra að því er varðar stærð, efni, áletrun o. fl., og skulu samþykktar af honum.

11. gr.

Eftir að gengið hefur verið frá fiski og hann metinn til útflutnings, má ekki undir neinum kringumstæðum hreyfa hann úr stað eða spretta umbúðum utan af, nema með leyfi viðkomandi yfirfiskmatsmanns hans eða trúnaðarmanns hans.

II. KAFLI

Um útbúnað fiskibáta, skipa og aðgerðarstöðva.

12. gr.

Lestir fiskiskipa og báta, svo og grindur og hillur í lestunum, skulu vera mál- aðar og lakkbornar a. m. k. tvisvar á ári með haldgóðu máli eða lakki. Þó getur yfirfiskmatmaður í samráði við viðkomandi skipaefirlitsmann, leyft að þetta sé gert aðeins einu sinni á ári, ef um litla notkun er að ræða.

Áður en lestir eru málaðar skal þess gætt, að innviðir þeirra séu hreinir, lausir við slagvatnsskemmdir, súr eða ýldu eða aðrar skemmdir og séu vel þurrir.

13. gr.

Lestirnar skulu þannig útbúnar, að fiskurinn merjist ekki á slám eða ójöfnum. Í botni lestanna skulu vera þéttrímlaðar grindur. Grindurnar skulu þannig gerðar, að bönd, er þær hvíla á, liggi langsum eftir lestinni, svo að vatn geti runnið óhindrað aftur og niður. Bátar, sem geyma fisk á þilfari í veiðiför, skulu einnig hafa grindur á þeim hluta þilfarsins, sem er undir fiskinum. Allar grindur skulu gerðar þannig, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.

14. gr.

Aftur- og framþil lestarinnar skulu vera þétt og hæfilega einangruð, til þess að koma í veg fyrir hitun frá íbúðum skipshafnar eða vélarúmi.

15. gr.

Í lestum skipa og báta, er geyma afla sinn ísvarinn í veiðiför, skulu vera hillur í fiskstíum. Millibil milli hillnanna má ekki vera yfir 80 cm. Fiskmatsstjóri eða yfirfiskmatmenn geta gefið undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

16. gr.

Í bátum eða skipum, sem eru yfir 20 smálestir, skal vera uppdráttarútbúnaður í sambandi við bómu og spil bátsins eða sérstakur gaffall í stað bómunnar. Nota skal hæfilega stóran háf eða annað nothæft ílát við affermingu fisksins og fiskurinn dreginn upp í háfnum með fyrrgreindum útbúnaði. Þegar hægt er að koma því við, eiga smærri bátar en 20 smálestir einnig að hafa þennan útbúnað til affermingar. Þar sem bátar lenda við bryggjur, sem hafa jafngóðan eða betri útbúnað til affermingar fisks en þann, sem hér var lýst, geta þeir að sjálfsögðu notað hann við affermingu í stað eigin útbúnaðar.

17. gr.

35
15. marz

Opnir bátar eða bátar, sem þurfa að hafa fisk á þilfari, meðan á veiðiför stendur, skulu hafa ábreiður meðferðis og breiða þær yfir fiskinn til þess að verja hann fyrir sól, frosti og öðrum skaðlegum áhrifum.

18. gr.

Lestir fiskibáta skulu vandlega hreinsaðar og þvegnar eftir hverja veiðiför. Enn fremur getur fiskmatsmaður eða eftirlitsmaður krafizt þess, að þær séu hreinsaðar með gerlaeyðandi efnum, ef honum þykir ástæða til.

19. gr.

Í fisklestum skipa má ekki geyma neitt, sem valdið getur skemmdum á fiski eða því, að hann fái annarlega lykt.

Ef skip þarf að hafa lausa kjölfestu undir í fisklest á að nota til þess salt eða annað, sem að dómi eftirlitsmanns er jafngott.

Þess skal gætt að góð loftræsting sé í fisklestum og sérstaklega í landlegum báta.

20. gr.

Allar fiskaðgerðarstöðvar skulu vera hreinar og vel hirtar með sléttum gólfum með góðum vatnshalla að niðurföllum. Einnig eiga öll laus skilrúm og önnur áhöld að vera úr hefluðum, ljósmáluðum víði eða ryðfríum málm.

Nægt rennandi vatn eða sjór skal vera í stöðinni til þvotta á fiski og hreinsunar á húsi og áhöldum. Ekki má geyma fisk í aðgerðarstöð án þess að vatn geti óhindrað runnið undan honum.

21. gr.

Öll fiskflutningaáhöld skulu vera hrein og þannig útbúin, að fiskur ekki merjist eða skemmist á annan hátt í flutningum.

Yfirbreiðslur skulu notaðar yfir fisk í lengri flutningum, svo hann verði ekki fyrir skemmdum eða óhreinindum. Segir matsmaður eða eftirlitsmaður til um það í hvert sinn.

22. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu sjá til þess að fiskmatsmenn eða aðrir tilnefndir trúnaðarmenn í hverri verstöð, hafi eftirlit með því, að ákvæðum þessa kafla og öðrum ákvæðum um útbúnað og hreinlæti í fiskiskipum og fiskverkunarstöðvum sé fylgt í hvívetna.

23. gr.

Skipaeftirlitsmenn samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, skulu um leið og eftirlit með fiskiskipi fer fram, líta sérstaklega eftir því, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar í samræmi við ákvæði 12. gr. þessarar reglugerðar og önnur ákvæði, er sett kunna að verða um það efni.

III. KAFLI

Um meðferð aflans.

24. gr.

Allur fiskur skal blóðgaður þannig, að skorið sé á hálsæðarnar báðum megin, um leið og hann kemur inn í bátinn. Fiskmatsstjóri getur gefið undanþágu frá þessu ákvæði um karfa.

25. gr.

Á bátum, sem ekki leggja afla sinn á land daglega, skal allur fiskur slægður á skipsfjöl svo fljótt sem auðið er. Fiskmatsstjóri getur gefið undanþágu frá þessu

35 ákvæði um karfa. Bátum, sem leggja aflann á land daglega, er heimilt að flytja fiskinn á land óslægðan. Að sumrinu er þó æskilegt, að allur fiskur sé slægður og þveginn, þegar er hann hefur verið veiddur.

26. gr.

Allur fiskur, hvort sem hann er slægður á sjó eða í landi, skal þveginn vandlega jafnskjótt og hann er slægður. Skal þess vel gætt, að ekki séu eftir í kviðarholinu leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði.

Aðrennsli þvottavatns skal vera svo mikið, að það litist ekki verulega við þvottinn.

27. gr.

Þegar fiskur er fluttur í land óslægður og gert er að honum í húsum í landi, skulu þau hús fullnægja 20. gr. í II. kafla þessarar reglugerðar. Aðgerð fisksins og þvottur skal hefjast jafnskjótt og báturinn kemur að landi. Við flutning fisksins á ákvörðunarstað skal gæta fyllsta þrifnaðar.

28. gr.

Þegar frost er á vetrum eða heitt í veðri og sól á sumrum, ber að verja fiskinn með yfirbreiðslu. Á þetta einkum við á bátum, er geyma afla sinn á dekki í veiðiför, opnum bátum, hvers konar flutningatækjum, sem ferskur fiskur er fluttur með, svo og þar sem fiskur er slægður. Ferskur fiskur, sem hefur frosið eða stiknað af sól, er skemmd vara.

29. gr.

Fisk má aldrei gogga eða stinga í hann áhöldum, nema í hausinn. Afhauaðan fisk verður að taka upp með höndunum eða með þar til gerðum skaftháfum. Varast skal sömuleiðis hverja þá meðferð, er getur marið hann eða skemmt á annan hátt.

30. gr.

Á fiskiskipum, sem hafa meira en eins dags útivist, skal fiskurinn slægður og ísaður í lestinni, áður en hann stirðnar. Þegar ísað er, skal leggja bolfisk þannig, að kviðurinn snúi niður, en flatfisk þannig, að skurðurinn snúi niður (hvíta hliðin upp). Þess skal vandlega gætt við ísun að nota nægan og heilnæman ís og framkvæma ísun rétt svo og að útivist skipsins sé ekki það löng, að fiskurinn skemmist af þeim ástæðum. Á fiskiskipum, er ekki landa afla sínum daglega, heldur geyma hann ísvarinn um borð í veiðiför skemmri eða lengri tíma, er skipstjórnur skylt að halda eða láta halda skýrslu um áætlað veiðimagn hvers dags og merkja fiskstíur dagsetningarmerki. Skýrslu þessa skal afhenda eftirlitsmönnum eða matsmönnum við fisklöndun.

31. gr.

Þegar fiskur er afhentur til vinnslu, sem hefur verið rangt með farinn, svo sem illa blóðgaður, illa þveginn, goggrifinn, skemmdur af lélegri ísun, of gamall, skemmdur af frosti eða sól, eða á annan hátt gallaður, þannig að ekki er hægt að hagnýta hann að öllu leyti sem ógallaða vöru til útflutnings ísvarinn, eða sem hráefni til framleiðslu á frystum, söltuðum eða hertum fiski, ber fiskkaupanda að snúa sér til viðkomandi yfirfiskmatsmanns eða trúnaðarmanns hans og æskja þess, að hann setji matsmann eða matsmenn til að framkvæma ferskfiskmat á fiskinum.

Fiskseljandi skal greiða laun matsmanna fyrir það starf, en fiskkaupandi ábyrgist einnig að þau verði greidd.

32. gr.

Þegar ferskfiskmat er framkvæmt samkvæmt 31. gr., skal það gert með hliðsjón af til hvaða verkunar fiskurinn er ætlaður, svo sem til útflutnings ísvarinn til fryst-

ingar, söltunar eða herzlu. Viðkomandi yfirfiskmatsmaður stjórnar því mati. Fiskur, sem farinn er að skemmast (t. d. úldinn eða súr), er ekki hæfur sem hráefni í neina matvælaframleiðslu, heldur ber þá að afhenda hann til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju. 35
15. marz

Frekari ákvæði um meðferð og eftirlit með fiski, sem ætlaður er til frystingar, er að finna í auglýsingu nr. 117 frá 13. maí 1953, um viðauka við reglugerð nr. 56 26. marz 1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.

33. gr.

Ef fiskur, sem legið hefur ísvarinn í veiðiskipi, fiskur úr netjum, sem legið hafa meira en tvær nætur í sjó, áður en þau eru dregin, fiskur, sem ekki hefur verið blóðgaður, en notaður sem hráefni til framleiðslu á saltfiski, ber framleiðanda að halda þeim fiski algerlega aðskildum við söltun, umsöltun og geymslu, þar til hann er metinn til útflutnings. Sé slíkum fiski ekki haldið aðskildum frá öðrum saltfiski við söltun, umsöltun og geymslu, getur yfirfiskmatsmaður ákveðið, að þær fiskbirgðir verði ekki metnar til útflutnings nema fiskurinn sé áður þvegin, himnudreginn og þurrkaður. Enn fremur er vísað til 11. gr. reglugerðar um verkun og mat á saltfiski til útflutnings, nr. 127 26. júní 1953.

IV. KAFLI

Um útflutning á ísvörðum fiski.

34. gr.

Í skipum, sem flytja út nýjan ísvarinn fisk, eiga lestirnar að vera sléttar innan. Í lestunum skulu vera hæfilega stórar stíur og nægilega margar hillur í hverri þeirra, svo að hvergi sé meira en eins metra bil á milli þeirra, og helzt á fiskbingur með ís ekki að vera svona hár, hvenær sem unnt er að koma því við rúmsins vegna. Lestir, stíur og hillur skulu vera málaðar eða lakkbornar og málningin endurnýjuð ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Lestir skipanna, svo og skilrúms- og hilluborð, skulu þvegin vandlega úr hreinu, ómenguðu vatni, áður en fiskur er ísaður í skipin. Öðru hvoru verður að úða lestir og lestarútbúnað með viðurkenndum gerlaeyðandi efnum. Í gufuskipum má, í stað þess að nota gerlaeyðandi efni, þetta öll op á lestunum og hleypa í þær heitri gufu í að minnsta kosti 12 klukkustundir.

35. gr.

Ísvarinn fiskur, sem sendur er frá Íslandi til útlanda, verður að vera nýr og óskemmdur, svo að ætla megi, að geymsluþol hans í ís sé svo mikið, að hann komi í góðu ástandi á ákvörðunarstað. Þess skal stranglega gætt, að meðferð hans hafi verið samkvæmt því, er krafizt er í 16. og 24. gr. þessarar reglugerðar.

36. gr.

Ekki má flytja út þorsk smærri en 40 cm, ýsu smærri en 30 cm og flatfisk smærri en 27 cm. Þessi mál á nýjum fiski eru miðuð við lengdina frá trjónubroddi að sporðsenda.

37. gr.

Bolfisk skal leggja í stíur þannig, að kviðurinn snúi niður, svo að vatn standi ekki í kviðarholi fisksins, og á þetta einkum við, ef hausinn er á fiskinum, en flatfisk á að reisa lítið eitt á rönd og hvíta hliðin að snúa upp.

35

15. marz

Til ísunar má aðeins nota hreinan, smámulinn ís. Við ákvörðun á ísmagni kemur til greina, hve langan tíma má áætla, að geyma þurfi fiskinn í ís, árstími, veðrátta og ástand íssins.

38. gr.

Um legutíma fisks í veiðiskipi skal fara eftir ákvæðum 30. gr., ef fiskurinn á að vera talinn hæfur til útflutnings ísvarinn. Á sumrin ber og einnig að taka fullt tillit til ákvæða 17. gr.

Þó er fiskmatsstjóra, þegar sérstaklega stendur á, heimilt að leyfa útflutning á fiski, þó að lengri tími líði en að framan segir frá því að fiskurinn er veiddur og þangað til hann er afhentur til flutnings í útflutningsskip. Tekur þetta ákvæði einkum til þess, er fiskur er tekinn úr öðru útflutningsskipi, sem ekki hefur náð í fullan farm, enda hafi fiskurinn verið isaður til útflutnings í því skipi og umhleðsla milli skipanna fari fram samkvæmt því er segir í 35. gr. Um undanþágur samkvæmt þessari grein skal sækja skriflega til fiskmatsstjóra í hvert sinn og um leið gera grein fyrir aldri fisksins og ásigkomulagi.

40. gr.

Útbúnað við útskipun nýs fisks í flutningaskip skal vanda eftir föngum. Ekki má hella úr bílum eða öðrum flutningatækjum af svipuðu taki beint niður í lestir skipanna eða á þilfar þeirra, heldur annað hvort nota körfur eða láta fiskinn renna þessa leið í rennum. Rennur þessar mega þó aldrei hafa brattari halla en 45°. Helzt á að flytja fiskinn í körfum eða kössum úr veiðiskipi og losa úr þeim beint í stíur flutningaskipsins.

Að sjálfsögðu má einnig nota annan útbúnað við útskipun á nýjum fiski, en það verður að vera tryggt, að fiskurinn verði ekki fyrir verri meðferð í útskipuninni en með aðferðum þeim, sem hér voru nefndar.

Undanþága um flutning ísvarins fisks milli flutningaskipa skal því aðeins veitt, að skipin liggi borð við borð og fiskurinn sé fluttur gætilega á milli, svo sem í körfum. Þess sé og gætt, að fiskurinn sé endurisaður jafnóðum í viðtökuskipinu og safnist hvergi fyrir í milliflutningum.

41. gr.

Hrogn, sem á að flytja út ísvarin, skulu metin og flokkuð á sama hátt og hrogn, sem á að frysta, sbr. V. kafla þessarar reglugerðar.

Ísvarin hrogn skal flytja út í kössum, sem mega ekki vera stærri en undir 50 kg (1 Cwt), og er hæfilegt innanmál þessara kassa $88 \times 48 \times 32$ cm. Ekki má þó setja hrognin laus í kassana, heldur skulu þau höfð í pokum úr mjög gisnu efni. Í hverjum poka eiga að vera 6.35 kg, þegar hrognin eru komin á ákvörðunarstað, en til þess að svo geti orðið, þarf að veða 7 kg í hvern poka hér. Í pokunum skal vera svo rúmt um hrognin, að þeir fletjist vel út í kassanum.

42. gr.

Um útflutning ísvarins fisks í kössum gildir sérstök reglugerð, útgefin af atvinnuáráðuneytinu 13. maí 1937.

43. gr.

Ákvæði IV. kafla (34.—43. gr.) nær til allra skipa, er flytja út ísvarinn fisk. Umráðamönnum þeirra skipa, er flytja út eigin afla, er skylt að hlíta ákvæðum reglugerðarinnar, en með því að fiskmatsmenn geta ekki haft eftirlit með afla þeirra eða

meðferð hans í skipinu, er yfirfiskmatsmönnum eða umboðsmönnum þeirra þó skylt **35** að líta eftir, að lestir þeirra hafi verið vel hreinar og allur útbúnaður þeirra í góðu **15. marz** lagi, og gefa þeir vottorð um þetta í hverri söluferð. Fyrir eftirlitið og vottorð í hvert sinn ber fiskeigendum að greiða 30 krónur auk verðlagsupphótar.

V. KAFLI

Um meðferð og mat á hrognum.

44. gr.

Öll hrogn, sem ætluð eru til útflutnings, ísvarin, fryst, söltuð o. s. frv., skulu látin í sérstaka kassa um leið og fiskurinn er slægður. Skulu hrognin afhent í kössum á ákvörðunarstað, hvort sem um er að ræða vinnslustöðvar eða til skipa, er flytja hrogn út ísvarin.

45. gr.

Kassar þeir, sem geyma á hrogn í, skulu vera úr hefluðum ljósmáluðum viði eða ryðfrium málm. Dýpt þeirra má ekki vera meiri en 25 cm, helst 20 cm. Kassarnir verða að vera sléttir að innan með þéttum hliðum og göflum, en botninn skal þannig útbúinn, að vatn geti ekki setið í þeim.

46. gr.

Hrogn, sem afhent eru samkv. 1. gr., skulu vera af gæðum sem hér segir:

1. Algerlega fersk og efnislega óskemmd.
2. Ekki gotin hrogn.
3. Himnupokinn ekki rifinn eða skorinn.
4. Ekki með gallblettum, blóðblettum, marin eða á annan hátt gölluð.

47. gr.

Ef hrogn, sem afhent eru samkv. 1. gr., ekki standast þær gæðakröfur, sem segir í 3. gr., ber kaupanda að snúa sér til viðkomandi yfirfiskmatsmanns og æskja þess, að hann setji mann til þess að meta hrognin samkv. þessari reglugerð. Fiskseljandi greiði slíkt mat, en fiskkaupandi ábyrgist greiðslu þess.

48. gr.

Hrogn, sem farin eru að skemmast, eru t. d. úldin eða súr, eru ekki hæf til framleiðslu í matvörur.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

49. gr.

Um mat á frystum fiski til útflutnings gildir reglugerð nr. 56 26. marz 1953, ásamt auglýsingu um viðauka við þá reglugerð, nr. 117 13. maí 1953.

50. gr.

Um verkun og mat á saltfiski til útflutnings gildir reglugerð nr. 127 26. júní 1953, ásamt reglugerð um breytingu á þeirri reglugerð, nr. 26 8. marz 1954.

51. gr.

Um verkun og mat á skreið til útflutnings gildir reglugerð nr. 124 16. júní 1953.

35

15. marz

52. gr.
Brot gegn reglugerð þessari og þeim reglugerðum, sem vísað er til í þessum kafla, varða sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri hegning liggja við eftir almennum lögum. Sektir renni í ríkissjóð.

53. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

54. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 81 13. marz 1950, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. marz 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

36

8. marz

SAMPYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð yfir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 42 2. apríl 1928.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. Brekkuvegur: Af þjóðveginum fyrir utan Hof um Brekkubæina að Króki.
2. Efribyggðarvegur: Af þjóðveginum fyrir sunnan Hof um Steinnýjarstaði að Fjalli.
3. Sauravegur: Af þjóðveginum sunnan Laxár að Saurum.
4. Króksselsvegur: Af þjóðveginum að Króksseli.
5. Skeggjastaðavegur: Af þjóðveginum sunnan Hofsar að Skeggjastöðum.
6. Bakkavegur: Af þjóðveginum á Hofsmelum að Bakka.
7. Keldulandsvegur: Af þjóðveginum að Keldulandi.
8. Brandaskarðsvegur: Af þjóðveginum sunnan Harrastaðaár að Brandaskarði.
9. Skrapatunguvegur: Af Norðurárdalsvegi við Njálstaðahlíð að Skrapatungu.
10. Kambakotsvegur: Af þjóðveginum sunnan Hafursstaða að Kambakoti.
11. Engihlíðingabraut: Frá Skrapatungu að Kirkjuskarði.
12. Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi fyrir neðan Enni um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan við Neðri-Lækjardal.
13. Mýravegur: Af þjóðveginum að Efri-Mýrum.
14. Síðuvegur: Af þjóðveginum að Síðu.
15. Auðúlfsstaðaskarðsvegur: Af Langadalsvegi um Gautsdal að Mjóadal.
16. Merkurvegur: Af sýsluveginum við Gautsdal að Mörk.
17. Þverárdalsvegur: Af þjóðveginum og yfir Hlíðará neðan Þverárdals.
18. Svartárdalsvegur vestan ár: Af þjóðveginum norðan Fjósa um væntanlega brú á Svartá að Hóli.
19. Fossavegur: Frá Stafnsrétt að Fossum.

20. Blöndudalsvegur: Frá Austurhlíð að Bollastöðum. 36
21. Bakásavegur: Af Svinvetningabraut fyrir sunnan Kagaðarhól fram fyrir neðan 8. marz Ása í Svinavatnshreppi.
22. Bugsvegur: Frá Eiðsstöðum að Eldjárnsstöðum.
23. Svinadalsvegur: Af Þjóðveginum hjá Grund að Hrafnabjörgum.
24. Stóradalsvegur: Af Þjóðveginum hjá Auðkúlurétt að Stóradal.
25. Litladalsvegur: Af Þjóðveginum hjá Auðkúlurétt að Litladal.
26. Tungunesvegur: Af Svinvetningabraut að Tungunesi.
27. Holtsgvegur í Svinadal: Af Þjóðveginum við Svinadalsá að Holti.
28. Miðásavegur: Af Húnavetningabraut um Meðalheim að Hurðarbaki.
29. Orrastaðavegur: Af Þjóðveginum út fyrir neðan Orrastaði, þar til leiðir skilja að Hamrakoti og Orrastöðum.
30. Köldukinnarvegur: Af Svinvetningabraut að Köldukinn.
31. Hamrakotsvegur: Af Orrastaðavegi að Hamrakoti.
32. Holtsgvegur: Af Þjóðveginum sunnan Laxár að Holti.
33. Húnsstaðavegur: Af Þjóðveginum að Húnsstöðum.
34. Hælisvegur: Af Miðásavegi hjá Torfalækjarbrú að Hæli.
35. Þingeyrarvegur (áður Hagavegur): Af Þjóðveginum vestan Sveinsstaða um Þingeyrar að Geirastöðum.
36. Hagavegur: Af sýsluveginum hjá Klofasteini að Haga.
37. Steinnesvegur: Af sýsluveginum að Steinnesi.
38. Hólabaksvegur: Af Þjóðveginum um Hólabak að Umsvölum.
39. Forsæludalsvegur: Frá Vatnsdalsárbrú hjá Grímstungu að Forsæludal.
40. Ferjuvegur í Áshreppi: Af Þjóðveginum sunnan Kornsár að Vatnsdalsá gegnt Eyjólfstöðum.
41. Vaglavegur: Frá Þórormstungu um Káradalstungu að Vöglum.
42. Sóleyjarholtsvegur: Af Þjóðveginum sunnan Undirfells að Undirfellsrétt.
43. Guðrúnarstaðavegur: Af Þjóðveginum við Tunguárbrú að Guðrúnarstöðum.
44. Bryggjuvegur: Frá Litla-Enni á Blönduósi út á bryggju.

Þar sem sýsluvegur liggur heim að býli, eru undanskildir 300 metrar vegar, mælt frá íbúðarhúsi, sem ekki telst sýsluvegur. Sýsluvegur nær þó aldrei nema að heimatúni býlis, þótt heimreið sé lengri en 300 metrar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 1 8. janúar 1949, um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, frá 2. apríl 1928.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Tryggingarsjóðs sparisjóða 1955 ásamt efnahag 31. des. 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun 1955:		
4% veðdeildarbréf Landsb., 14. fl.	kr.	10000.00
4% skuldabréf Sparisjóðs Raufarhafnar	—	10000.00
Innstæður í bönkum	—	363789.04
		<hr/>
		kr. 383789.04
2. Tillög sparisjóða fyrir 1954	—	46832.43
3. Vaxtatekjur sjóðsins	—	26093.98
		<hr/>
		Kr. 456715.45

Gjöld:

1. Fjölritun á reikningum og burðargjald	kr.	130.00
2. Stjórnarlaun fyrir 1954, samkv. ákvörðun ráðuneytisins	—	600.00
3. Endurgreidd séreign Sparisjóðs Mjólkurfélags Reykjavíkur, er hefur verið lagður niður	—	16.72
4. Eign sjóðsins 31. des. 1955:		
4% veðdeildarbréf Landsbankans, 14. fl.	kr.	10000.00
4% skuldabréf Sparisjóðs Raufarhafnar	—	10000.00
Innstæður í bönkum:		
Á 10 ára bókum	kr.	189882.63
Á 6 mán. bókum	—	246086.10
		<hr/>
		— 435968.73
		<hr/>
		— 455968.73
		<hr/>
		Kr. 456715.45

Séreign sparisjóðanna í Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 69/1941, um sparisjóði, var samkv. ofangreindu kr. 455968.73 í árslok 1955, að meðtöldum vöxtum af árlegum tillögum sparisjóðanna til sjóðsins.

Reykjavík, 12. marz 1956.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða

Halldór Stefánsson.

Þórhallur Ásgeirsson. Kl. Tryggvason.

Ofan skráðan reikning höfum við yfirfarið og höfum ekkert við hann að athuga.

Reykjavík, 13. marz 1956.

Jón Pálmason. Jörundur Brynjólfsson.

AUGLÝSING**38**

21. febr.

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 12 26. jan. 1953.

Stafliður A í fyrsta kafla gjaldskrárinnar verði svo hljóðandi:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 2.40 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verðlanir, vinnustofur og skrifstofur, kr. 1.00 á fermetra á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h., kr. 0.50 á fermetra á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. febrúar 1956.***Steingrímur Steinþórsson.***Dorv. K. Þorsteinsson.***REGLUGERÐ****39**

19. marz

um heimilishjálp á Akranesi.**1. gr.**

Framfærslunefnd Akraneskaupstaðar fer með stjórn heimilishjálpar á Akranesi í umboði bæjarstjórnarinnar og undir yfirstjórn bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem nefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 20 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks, eina konu til heimilishjálpar. Nefndinni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpa stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Bæjarsjóður Akraness ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

39

19. marz

Um launakjör og hlunnindi starfstólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálpi að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framfærslunefndar.

6. gr.

Fyrir heimilishjálpi skal greitt eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum framfærslunefndar og ráðherra staðfestir. Bæjarstjórn setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni, og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Akraneskaupstaðar.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði en $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði Akraness.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. jan. 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

40

22. marz

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.30 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 70 auru hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 10.00 á ári af fermetra gólfplatari í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 55 auru hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 8.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Leiga af mælum er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minni en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

- | | |
|----------------------------------|-----------------------|
| 1. Grunnjald | 600.00 kr. á ári. |
| 2. Aflgjald af notuðu afli | 600.00 — — kw. á ári. |
| 3. Orkugjald | 18 aura hverja kwst. |

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðarmótum.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

- | | |
|--|----------------------|
| 1. Grunnjald | 600.00 kr. á ári. |
| 2. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla | 444.00 — — — |
| 3. Orkugjald | 18 aura hverja kwst. |

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

4. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:

- Á 60 aura hverja kwst.
- Á 45 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst., á dag á tímanum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

2. Um kwst. mæli á 9 aura hverja kwst., í 9 klst., á tímanum frá kl. 22 til 9.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu á Stokkseyri, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og 0.5 eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem olíutonnið hækkað eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við það eldsneytisverð, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á olíutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

- 40 c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 55 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.20 hverja kwst.
3. Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst. ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 15 aura hverja kwst. frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.20 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.50 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 4.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 8.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. | — 12.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20 prósent af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við fasteignamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Af fasteignamati allt að 2500 kr. greiðist kr. 800.00. Af fasteignamati umfram 2500 kr. greiðist 8 prósent að auki. Hækki hús í mati fyrir endurbyggingu eða viðbót, reiknast viðbótarheimtaugargjald. Húsveita samkvæmt þessum lið reiknast hver séreign þó í sambyggingu sé, enda sé það sjálfstæð íbúð, þegar um íbúðarhús er að ræða.

Verði raforku veitt út fyrir Stokkseyrarkauptún (sbr. 2. málsg. 2. gr. reglugerðar fyrir Rafveitu Stokkseyrar) greiðir hvert býli, sem tengt er við rafveituna, kr. 5000.00 í heimtaugargjald.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar fasteignamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er. 22. marz 40

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt 30 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðið eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10 prósent, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar, nr. 50 18. marz 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

41

24. marz

1. gr.

Í happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, skammstafað D. A. S., skal meðal annars dregið um bifreiðir, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Ágóða happdrættisins skal varið til byggingar dvalarheimilisins í Laugarási við Reykjavík. Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

2. gr.

Stjórn fulltrúaráðs sjómanna dagsins fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Það skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórn fulltrúaráðsins ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er frá 1. maí til 30. apríl. Atvinnumálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

41

24. marz

4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Það ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins. Happdrættisráð skal hafa aðgang að bóku og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina, sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 71 frá 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eða reglugerða settra samkvæmt þeim brotin. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 65000 — sextíu og fimm þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—65000, og auk þess merki D. A. S., verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrétt. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

6. gr.

Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 3120000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D. A. S. ákveður vinningatöluna og verðmæti þeirra í hverjum flokki (en vinningar skulu aldrei vera færri samanlagt en 24). Verðmæti vinninganna að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

7. gr.

Verð ársmiða er kr. 120.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 10.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu D. A. S. í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið. Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

9. gr.

Á hverju ári skal dregið um vinninga í 1. flokki 3. maí og síðan 3. hvers mánaðar eða næstan virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgidag. Þó skal í janúar-mánuði ár hvert dregið um vinninga hinn 8. þess mánaðar eða næsta virkan dag, ef þann dag ber upp á helgidag.

10. gr.

Áður en dregið er í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 65000 miða, sem merkir eru tölunum 1 til 65000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum. Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn D. A. S. semur, en happdrættið þarf að samþykkja.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddu happdrættisráði, sem skal gæta þess að allt fari löglega fram. Happdrættisráð skal innsigla hlutastokkinn að drætti loknum og gæta þess, að innsiglið sé óbrotið, þegar miðar verða látnir í stokkinn

fyrir næsta drátt. Það skal og gæta þess, að rétt miðatala með réttum númerum 41
og vinningum sé látin í stokkana. Ef dráttur hefst ekki strax þegar lokið er að láta 24. marz
miðana í stokkana, skal innsigla þá, unz dráttur hefst. Að minnsta kosti tveir happ-
drættisráðsmenn skulu vera viðstaddir hvern drátt til eftirlits.

Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr vinningastokknum, sem segir til um hvaða vinning skuli dregið næst úr hlutastokknum, og skal sá út-
dráttur þegar skráður í gerðabók happdrættisráðsins. Síðan er dreginn miði úr
hlutastokknum, sem segir til um á hvaða hlutanúmer hinn nýskráði vinningur hafi
fallið, og skal það einnig samstundis fært inn í gerðabókina. Þannig skal haldið
áfram unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Jafnskjótt, sem lesið hefur verið númer af miða, sem dreginn er úr hluta-
stokknum, skal hann festur við viðkomandi vinningsmiða með þræði og þræðinum
ofið um miðana, endarnir bundnir saman og innsiglaðir með innsigli happdrættis-
ráðs eða innsigli stjórnarráðsins. Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinn-
ingana saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í gerðabókina
og gæta þess að rétt sé innfært. Síðan skulu útdregnir miðar úr hverjum drætti settir
í umslag og innsiglaðir og umslagið geymt í vörzlu happdrættisráðs. Eftirlitsmenn-
irnir skulu færa í gerðabók happdrættisráðs að þeir hafi gætt að innsiglium á stokk-
unum og að rétt tala miða með réttum númerum og vinningum hafa verið sett í
stokkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

11. gr.

Þegar um fleiri en einn vinning er að ræða, skal gefin út vinningaskrá að lokn-
um hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættis-
insins. Þegar einungis er um einn vinning að ræða, skal það vel auglýst á hvaða
númer vinningur hafi fallið.

12. gr.

Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta tjón, er hljótast kann á línunum þessum við ræktunarframkvæmdir. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu landsins, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur að hálfu af vegagerðaraðila (riki, sýslu eða hreppi) og að hálfu af þeim, er láta gera framræsluna.

3. Vegagerðaraðilum er skylt að haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktan-
legu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta
lands vegna jarðfoks, landbrots o. þ. l.

Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker-
gerðardómur, skipaður þrem mönnum, úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðar-
félagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, oddamann tilnefnir sýslumaður
í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta.

11. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein,
skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 17. gr.):

I. Áburðargeymslur:			
a. Safnþrær, alsteyptar	kr.	9.00	á m ³
b. Áburðarhús, alsteypt eða steyppt með járnþaki, þar með taldar steyptar áburðargeymslur undir gólfgrindum í fjórðum, enda sé dýpt þeirra eigi minni en 50 cm	—	5.00	—
c. Haugstæði, steyppt með 1 m veggjum	—	3.00	—
II. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):			
a. Skurðir handgrafnir	—	1.00	—
b. Hnausræsi	—	0.75	— m
c. Önnur ræsi (viðar-, grjótt- og pípuræsi)	—	1.50	—
III. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vél- grafnir skurðir):			

65/100 kostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi:
Leiga fyrir gröfu, greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, virar,
hlerar, oliur og mannahald við gröftinn, eftir því, sem það
er ákveðið eða samþykkt af Vélanefnd ríkisins (sbr. 21. gr.).

68 IV. Jarðrækt:

1. maí

	Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar:	
a.	Ræktun sanda	kr. 150.00 á ha
b.	Ræktun annars lands	— 200.00 — —
V.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt	— 4.00 — m ³
VI.	Girðingar um ræktunarlönd, með föstum horn- og hliðstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavirsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða	— 0.30 — m
VII.	Heyhlöður:	
a.	Þurrheyshlöður steypar með járnþaki eða þaki úr öðru jafngóðu efni	— 1.00 — m ³
b.	Þurrheyshlöður úr timbri, asbesti, jární eða öðru jafngildu efni á steypum grunni	— 0.75 — —
c.	Votheyshlöður, steypar með þaki úr varanlegu efni ..	— 5.50 — —
d.	Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólflöt	— 5.00 — m ²
VIII.	Garðávaxtageymslur, steypar, með þaki úr varanlegu efni	— 5.50 — m ³
IX.	Áveitur:	

Priðjungur kostnaðar við byggingu flóðgarða, en helmingur kostnaðar við byggingu flóðgátta og vatnsbrúa, enda sé verkið unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands hefur látið gera eða samþykkt í sambandi við áveitu og framræsluframkvæmdir, sem unnið er að samkvæmt fullkominni heildaráætlun.

Framlag til jarðabóta greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári eftir að þær eru fullgerðar.

Framlag til haugstæðis veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúabvag á býlinu.

Ekki veitist framlag til að byggja minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m³.

Greiðsla jarðabótaframlags til jarðabótamanna er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem þeir eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðast liðið ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, enda hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigndi ræktunarsambands eða félags.

12. gr.

Skilyrði fyrir ríkisframlagi til framangreindra mannvirkja eru meðal annars þessi:

I. Áburðargeymslur:

a. Safnþrær, alsteyptar: Safnþróin sé lagar- og loftheld, afrennslisop og hreinsi- eða dæliop sé með þéttum lokunarumbúnaði. Innan á safnþrær skal bera viðurkennt þéttiefni til varnar tæringu steypunnar.

b. Áburðarhús, alsteypt eða steyp með járnþaki: Veggir og gólf skulu vera lagarheld og tryggt, að umbúnaður dyra sé þannig, að eigi komist rigningar- eða aðrennslisvatn í áburðinn og áburðarlögur renni ekki úr húsinu.

Grindur yfir áburðargeymslur í fjárhúsum og fjósum skulu vera gerðar samkvæmt teikningum, sem viðurkenndar eru af Teiknistofu landbúnaðarins,

eða Búnaðarfélagi Íslands, og sé frágangur þeirra fullnægjandi að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunautar.

68
1. maí

II. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):

- a. Skurðir handgrafnir: Hver einstakur skurður skal hafa þá legu og dýpt, er fullnægi hlutverki hans í framræslunni. Skurðurinn skal vera hreinn, þ. e. að ekki liggja hnausar eða stórir steinar í skurðbotninum, er geti orsakað stærri eða minni stíflur, sem leiði til þess, að skurðbotninn aflagist eða grói upp um skör fram. Skurðfláinn sé aldrei minni en 1:½ og dýptin ekki minni en 1.20 m, þegar ekki er grafið niður á fastan jarðveg, nema frárennslisskurður sé. Skurðir, sem lokræst er í, séu ekki grynri en 1.40 m, ef jarðvegur leyfir.
- b. Lokræsi handgrafin: Dýpt þeirra sé eigi minni en 1.20 m, þar sem jarðvegur leyfir. Ræsunum sé hagað þannig, að þau komi að sem beztum notum við þurrkun landsins.

III. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- eða hagaræktar (vélgrafnir skurðir):
Um vélgrafna skurði gilda sömu fyrirmæli og um handgrafna skurði.

Þegar mælt er fyrir þessum skurðum og grafið eftir hæðatöflum, er úttektarmönnum skurðanna heimilt að leggja hæðartöfluna til grundvallar fyrir úttektinni þannig, að mæla yfirleitt aðeins það, sem er frávik frá hæðartöflunni. Þó skal gera prófmælingar til að sannreyna rúmtak skurðanna.

Ekki er leyfilegt að víkja frá fyrirmælum þeirra, sem fyrir skurðunum mæla, nema nauðsyn sé, vegna ófyrirsjáanlegra orsaka og skal þá leita sambands við hlutaðeigandi héraðsráðunaut eða mælingamann, ef þess er kostur, svo að skurðgröfuvinnan þurfi ekki að stöðvast. Þegar svo ber við, að slík frávik hafa reynzt óumflýjanleg, skulu skurðgröfumenn, að loknu verki, gefa hlutaðeigandi héraðsráðunaut eða mælingamanni skýrslu um, að hverju leyti hefur verið vikið frá hæðartöflu eða öðrum fyrirmælum um gröftinn.

IV. Jarðrækt. Ríkisframlag til jarðræktar greiðist því aðeins:

- a. Að landið sé innan löglegrar ræktunargirðingar.
- b. Að þurrkun landsins sé það fullkomin, að vænta megi fullrar eftirtekju.
- c. Að landið hafi verið unnið djúpt og vel, jafnað og valtað, svo að vatni veiti af yfirborði þess, og að öllu leyti þannig unnið, að sléttun landsins sem véltæks lands verði varanleg. Mýrarjarðvegur sé plægður djúpt.
- d. Að gengið sé vel frá skurðruðningum og spildurnar milli skurða séu fullunnar þannig, að ekki séu skildar eftir óunnar randir meðfram skurðum eða í hornum.
- e. Að nægilegur áburður sé borinn á landið.
- f. Að grasfræi hafi verið sáð í landið, eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla.

V. Grjótnám. Ef grjóti er ekki ekið burtu af hinu ræktaða landi né það grafið í jörðu, skal gengið snyrtilega frá því og þannig, að það hamli sem minnst allri vinnu á landinu.

VI. Girðingar um ræktunarlönd skulu í minnsta lagi samsvara 5 strengja gaddavirsgirðingu úr nýju óskemmdu efni, er sé 1 m á hæð með 5 m bili á milli jarðfastra staura, og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Gaddavirsgirðing sé vel strengd. Vel séu jafnaðar allar mishæðir undir girðingunni, svo að sauðkindur skriði ekki undir.
- b. Gaddavirsgirðing, 5 strengja, má vera 10 cm frá jörðu, en síðan sé milli- bil strengjanna, talið neðan frá: 15 cm, 20 cm, 25 cm og 30 cm. Sá girt með vírneti, skal minnst 1 gaddavírsstrengur vera ofan við netið.

- c. Þar sem staðhættir benda til, að girðing verði ekki flutt um set, er heimilt að hlaða traustan garð undir vírinn í stað eins eða fleiri strengja.
- d. Gengið skal svo traustlega frá öllum horn- og hliðstólpum, að þeir haggist ekki.

VII. Heyhlöður:

- a. Þurrheyshlöður steypar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu: Hlöðurnar skulu vera alsteypar að veggjum og byggðar á traustum og vatnsþéttum grunni. Nú er hætta á, að dómi úttektarmanns, að grunnur leiði vatn til hlöðunnar, og verður hún þá því aðeins tekin út, að vatn sé ræst frá og gólfíð steyp. Nú eru veggir að hlöðu steypdir að nokkru leyti, og er þá heimilt að veita ríkisframlag, samkvæmt 11. gr. jarðræktarlaga VII. a., á þann hluta hlöðunnar, sem steypur er, þó því aðeins, að helmingur hlöðunnar að minnsta kosti sé steypdur og veggirnir steypdir frá grunni.
- b. Þurrheyshlöður á steypum grunni úr timbri, asbesti, jární eða öðru jafngildu efni: Þær skulu vera traustar að efni og frágangi. Varðandi grunnvatn og gólf gilda sömu fyrirmæli og um hlöður taldar undir staflið a.
- c. Votheyshlöður, steypar, með þaki úr varanlegu efni: Hringlaga votheyshlöður séu ekki minni en 3 m í þvermál. Hlöður með annarri lögum skulu ekki hafa minni grunnflöt en sem því svarar, og vel skal steyp í öll horn hlöðunnar. Hlöðurnar séu vel sléttar að innan og á þær sé borið viðurkennt þéttiefni til varnar tæringu steypunnar. Frárennsli sé úr botni hlöðunnar. Þannig sé gengið frá bæði þurrheys- og votheyshlöðum að utan, að jarðvegsþungi í sambandi við frostverkanir séu ekki hættulegur fyrir veggina.
- d. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður: Súgþurrkunarkerfin skulu gerð eftir teikningum frá Búnaðarfélagi Íslands eða Teiknistofu landbúnaðarins, eða teikningum samþykktum af öðrum hvorum þessara aðila.

VIII. Garðávaxtageymslur, steypar, með þaki úr varanlegu efni:

Sérstök áherzla skal lögð á: Að öruggt sé, að vatn komist ekki í geymsluna; að geymslan sé nægilega einangruð gegn hitabreytingum og að loftræsla sé örugg.

IX. Áveitur:

- a. Flóðgarðar af venjulegri stærð svo og stærri garðar í vatnsfarvegi eða djúpar lægðir, sem gerðir eru vegna áveitu, skulu þaktir með grasrót (sniddu, grastorfi, þökum eða grashnausum) þannig að þeir grói fljótt. — Háir stíflugarðar, sem væntanlega mæta allmiklu ölduróti, skulu vatnsmegin klæddir grjóti eða öðru varanlegu efni, er veiti þeim trausta vörn.
- b. Flóðgáttir úr timbri, steinsteypu eða jární geta verið lokaðar að ofan (pípur eða brýr vegna umferðar) eða opnar.
- c. Vatnsbrýr úr timbri, steinsteypu, jární eða viðurkenndum gerviefnum. Þær geta verið opnar að ofan eða lokaðar, og þá legið hvort heldur er yfir eða undir þeim farvegi, sem „brúaður“ er.

Framlag á þessi mannvirki undir a.-, b.- og c.-liðum greiðist samkvæmt kostnaðarreikningum samþykktum af Búnaðarfélagi Íslands eftir að úttekt hefur farið fram.

13. gr.

68

1. maí

Skýlt er héraðsráðunautum að tilkynna Búnaðarfélagi Íslands, ef jörðum í umdæmum þeirra er skipt í fleiri býli, eða ef tvö eða fleiri býli eru sameinuð í ábúð eins manns. Skýrslur héraðsráðunauta skulu ávallt bera með sér, hverjir séu ábúendur jarðanna.

Héraðsráðunautar og mælingamenn, er annast úttekt jarðabóta, skulu skila jarðabótaskýrslum til Búnaðarfélags Íslands svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 17. gr. reglugerðar þessarar, samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, að undanteknum tölulíðum III. og IX. (vélgrafnir skurðir og áveitur) í 11. gr.

Á framlag ríkissjóðs til jarðabóta samkvæmt 11. og 17. gr. reglugerðar þessarar, að viðbætti verðlagsuppbót þeirri, sem ákveðin er í 1. málsgrein þessarar greinar, greiðist 15% álag.

Af jarðabótaframkvæmdum þeim, sem taldar eru í 11. gr. reglugerðar þessarar (að undanskildum IX. lið), að viðbætti verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutadeigandi búnaðarféлага til sameiginlegra félagsþarfa, nema af vélgröfnum skurðum. Af framlagi til þeirra greiðist 3%.

Nú lætur framræslu- eða áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna sinna, og á þá félagið rétt á að fá til sameiginlegra félagsþarfa þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

15. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis og hjá hverjum jarðabótamanni. Skrásettar skulu allar umbætur þær, sem unnar eru og ríkisframlag er greitt til samkvæmt 11. gr. jarðræktarlaga nr. 45 17. maí 1950, og síðari breytingum á þeim lögum. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af framlaginu gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlöðum í kaupstöðum og kaupúnum.

16. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

17. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð og síðari breytingum á þeim lögum, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 11. gr. Reiknast þær til afgjaldsgreiðslu 50% hærri en styrkuppþæðinni nemur.

III. KAFLI Um vélasjóð.

18. gr.

Framkvæmdastjóri Vélasjóðs hefur fyrir hönd Vélanefndar aðalumsjón með rekstri skurðgrafa, svo og annarra jarðræktarvéla, er sjóðurinn kann að eignast eða starfrækja.

19. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnala, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því, sem ástæður leyfa og Vélanefnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög.

Leiga vélanna skal ávallt fara fram samkvæmt skriflegum leigusamningi, og sé tilgreindur leigutími, er að jafnaði skal vera 1 ár, leigugjald, gjalddagi o. fl., er varðar leigukjör og skilmála, svo og önnur atriði, er til kunna að koma.

Leigan skal miðuð við, að hægt sé að viðhalda vélakosti Vélasjóðs og endurnýja hann á eðlilegan hátt og eftir því sem þörf krefur. Leigu fyrir skurðgröfur skal miða við grafinn rúmmetra; heimilt er þó, þegar um sérstæð verkefni er að ræða, að leigja gröfuna gegn ákveðnu gjaldi á klukkustund.

20. gr.

Leiga eftir skurðgröfur Vélasjóðs skal greidd að fullu fyrir árslok árið, sem unnið er. Þó skal Vélanefnd heimilt að taka ávísanir á framlag ríkissjóðs til framræslunnar, er greiðast skal að lokinni úttekt, gildar sem greiðslu á allt að helmingi leigunnar, enda komi samþykkt landbúnaðarráðuneytisins til.

Vélanefnd er heimilt að krefjast þess, að leigutaki setji tryggingu fyrir greiðslu leigugjalds eftir skurðgröfur þær, sem þeim eru seldar á leigu.

Vélanefnd getur krafizt, að allt að helmingur áætlaðs leigugjalds greiðist fyrirfram, ef sérstakar ástæður þykja til, að dómi nefndarinnar.

21. gr.

Leigutaki greiðir allan kostnað við rekstur véla þeirra, er Vélasjóður selur á leigu, en hann telst:

- a. Leiga til Vélasjóðs.
- b. Laun manna þeirra, er með vélunum vinna, slysatryggingariðgjald þeirra, svo og fæði og húsnæði, enda samþykki Vélanefnd kostnaðarliði þessa.
- c. Brennslu- og smurolíur.
- d. Virar og flekar, sem notaðir eru við gröftinn.
- e. Aðdrættir allir til vélanna, svo og flutningur til og frá verkstæði á vélahlutum þeim, er gera þarf við.
- f. Vinna og kostnaður við að búa gröfuna í vetrarlægi.
- g. Heimilt er leigutaka að leggja á liðina b.—f. í þessari grein fyrir stjórnar- og innheimtukostnaði allt að 5%.

22. gr.

Leigutaki skal hafa eigi færri en 2 menn, sem færir eru um að stjórna vélinni við gröft, enda samþykki Vélanefnd ráðningu manna þessara. Heimilt er að láta skurðgröft fara fram í ákvæðisvinnu, sé sú ráðstöfun hagkvæm og samþykkt af Vélanefnd.

Þegar um ákvæðisvinnu er að ræða, skulu liðir b., c., d., e. og f. í 21. gr. 68
 ávallt innifaldir í vinnutaxta þeim, sem um er samið við skurðgröfustjóra. I. maí

Þegar ákvæðisvinna er viðhöfð, er leigutaka heimilt að leggja á 2½% fyrir stjórnar- og innheimtukostnaði.

23. gr.

Leigutaki skal ávallt gæta fyllstu hagsýni við skipulagningu vinnunnar, flutning milli vinnustaða, svo og allt það, er hefur áhrif í þá átt, að auka afköst vélanna og gera vinnuna sem ódýrasta.

24. gr.

Leigutaki skal ávallt láta skurðgröfumenn framkvæma allar minni háttar viðgerðir eins fljótt og frekast er unnt. Í því sambandi skal ávallt leita eftir, hvort vélahlutir, er kann að vanta, eru fyrir hendi í geymslum Vélasjóðs, áður en til nýsmíðis er gripið. Þegar um meiri háttar bilanir er að ræða, skal framkvæmdastjóri eða viðgerðarmenn Vélasjóðs til kvaddir og leitað álits þeirra og forsagnar. Skytt er skurðgröfustjórum að aðstoða viðgerðarmenn Vélasjóðs við viðgerðir, Vélasjóði að kostnaðarlausu. Kræfir viðgerðarreikningar leigutaka skulu úrskurðaðir af framkvæmdastjóra Vélasjóðs og endurgreiddur samkvæmt því.

Leigusali (Vélasjóður) er skyldur til að hafa skurðgröfur sínar í leigufæru standi, þegar þær eru afhentar til leigu, og hraða viðgerðum á þeim, eftir því sem unnt er. — Verði leigutaki fyrir miklu tjóni vegna vanrækslu á þessu, ber leigusala að bæta tjón það, er af slíku kann að leiða.

25. gr.

Framræsla, sem unnin er með skurðgröfum, skal ávallt framkvæmd samkvæmt áætlun, gerðri eða samþykktri af hlutaðeigandi héraðsráðunaut eða jarðræktaráðunaut Búnaðarfélags Íslands.

Við útreikning leigu eftir skurðgröfur Vélasjóðs skal úttekt héraðsráðunauta og mælingamanna búnaðarsambandanna lögð til grundvallar.

26. gr.

Leigutaki eða skurðgröfustjóri, sé um ákvæðisvinnu að ræða, skal mánaðarlega láta framkvæmdastjóra Vélasjóðs í té vinnuskýrslur, svo og í árslok árskýrslur um vinnuafköst og kostnað við framkvæmdirnar, á þar til gerðum eyðublöðum, er Vélasjóður lætur í té.

Ársskýrsla skal send Vélasjóði strax, þegar vinnu er hætt og úttekt verksins hefur farið fram.

27. gr.

Vélanefnd aðstoðar ræktunarsambönd og aðra þá aðila, er eiga skurðgröfur og starfrækja þær við framræslu til ræktunarþarfa, varðandi útvegum varahluta og víra og við viðgerðir á allan þann hátt, sem kostur er, kringumstæður leyfa og eftirlit með slíkum vélakosti á vegum Vélanefndar gefur tilefni til.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

28. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands visvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra jarðræktar- og húsabóta, sem framlag er greitt til samkvæmt jarðræktarlögum, eða brýtur að öðru leyti í bága við

68 ákvæði laganna og reglugerðar þessarar að því, er verulegu máli skiptir, skal sæta 1. maí sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmunaskyni má þyngja refsinguna um helming.

29. gr.

Brjótí héraðsráðunautur, mælingarmaður eða ráðunautur Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum jarðræktarlaga og reglugerðar þessara, skal hann sæta sömu refsingu, er getur í 28. gr., nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum á þessari grein og 28. gr., skal farið sem almenn lög-
reglumál.

30. gr.

Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli og leiðbeiningar um gerð jarðabóta og húsabóta, sem framlag er veitt til úr rikissjóði, samkvæmt jarðræktarlögum og reglugerð þessari, svo og um úttekt þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðninguna.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er hafa minna en 10 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar og 3 kr. á hvern m³ í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir, að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbætti verðlagsuppbót.

Umsókn, varðandi þetta hækkaða framlag á handgrafna skurði, skal senda Búnaðarfélagi Íslands. Henni skal fylgja umsögn hlutaðeigandi héraðsráðunautar eða mælingamanns, er greini meðal annars frá:

1. Stærð á ræktunarhæfu þurrlendi, er komið getur til greina að rækta á viðkomandi stað.
2. Áætlaðri stærð þess votlendis, sem tiltækilegt er að þurrka til ræktunar eða beitar.
3. Þörf nærliggjandi jarða fyrir landþurrkun.

Til ársloka 1955 skal þúfnasléttun í túni njóta 450 kr. framlags á ha, að viðbætti verðlagsuppbót.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 17. maí 1950 og lögum nr. 29 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 92 17. maí 1951 um jarðrækt.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. maí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Haganesvík í Skagafjarðarsýslu.

69
4. maí

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar að norðan eru innan hugsaðrar línu beint milli Músanes-
tanga og Borgarnefs. Að austan, sunnan og vestan takmarkast höfnin af strand-
lengjunni.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Í hafnarnefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd Haganeshrepps að aflokn-
um hreppsnefndarkosningum, á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir.
Varamenn skulu kosnir jafnmargir, og á sama hátt. Nefndin kys sér sjálf formann.
Heimilt er hafnarnefnd að fela öðrum aðila að annast eitt eða fleiri starfa sinna.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni og hafnar-
mannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja og annast fjárhald hafn-
arinnar og reikningsskil, undir yfirumsjón hreppsnefndar.

4. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Haganes-
hrepps. Skal honum varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfn-
ina eru gerð. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar,
og ákveður hvernig hann skuli ávaxtast, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins
og öðru fé hreppsins.

Við lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, skal hafnarnefnd semja rekst-
urs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki
síðar en í febrúarlök næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úr-
skurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hrepps-
nefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hrepps-
nefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til
staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

III. KAFLI

Almennar reglur.

5. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu í höfninni og við hana. Er öll-
um skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna
er hún felur störf sín. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir
sýslumanni, en skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust, enda gæti hún, eða
starfsmenn hennar allrar kurteisi í starfi sínu.

69

4. maí

6. gr.

Ekki má kasta útbyrðis í höfnina seglfestu, ösku, fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði, er valdið getur grynnskun eða skemmdum á hafnarsvæðinu. Ekki má taka seglfestu í landi hafnarinnar, eða landi einstakra manna á hafnarsvæðinu, nema að fengnu leyfi hafnarnefndar, og þeirra er landið eiga.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra um höfnina.

7. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo í höfninni, að það tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

8. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Fljótum, eða gerðir eru út frá Haganesvík og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo, að það hindri eða tefja umferð um höfnina.

9. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarnefndar, tálmar greiða notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Um notkun bryggju og uppsáturstækja.

10. gr.

Venjulegum skipum og bátum, sem það geta, er heimilt að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip eða bátar liggja þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd.

11. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða umráðamaður skips eða báts, ef þörf gerist láta ræsta bryggjuna. Farist það fyrir, má hafnarnefnd láta gera það á þeirra kostnað.

12. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru, eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjunni, né uppsáturssvæði fyrir ofan bryggjuna, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

13. gr.

Bátar, sem settir eru á uppsátursplani bryggjunnar, mega ekki standa á planinu sjálfu, og ekki í vegi fyrir því að greiðlega verði notað spil og spilstrengur til uppsáturs á planið, hvenær sem þörf krefur.

VI. KAFLI
Hafnargjöld.

69
4. maí

14. gr.

Öll skip 12 smálestir og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Haganesvíkurhöfn, og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, vitaskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

Hafnargjöld reiknast af brúttóstærð skipa og í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

15. gr.

Hafnargjaldskrá.

- a. Skip og bátar með þilfari, sem eru í eign manna búsettra í Fljótum, og gerðir eru út frá Haganesvík, skulu greiða einu sinni á ári 5 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 80 krónur.
- b. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum skulu greiða 30 aura af hverri brúttósmálest, í hvert sinn er þau leggjast við festar á hafnarsvæðinu eða hafa samband við land. Þó skal heimilt að semja við flóabáta eða strandferðaskip, sem oftast koma en einu sinni á mánuði, að þau greiði fast gjald yfir árið.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 40 aura af hverri brúttó smálest.

16. gr.

Bryggjugjöld.

Hvert skip eða bátur, sem leggst að bryggju skal greiða bryggjugjald, sem hér segir:

- a. Af öllum skipum og bátum manna búsettra í Fljótum, að stærð 10 smálestir og þar yfir, greiðist 12 krónur af hverri smálest á ári. Trillubátar, sem skoðunarskyldir eru og uppskipunarbátar 50 krónur á ári. Minni trillubátar og árabátar greiði 30 krónur á ári.
- b. Öll önnur skip og bátar, sem að bryggju leggjast, nema þau, sem undanþegin eru hafnargjöldum, skulu greiða 50 aura af smálest. Minnsta gjald í hvert sinn skal þó vera 10 krónur fyrir báta undir 10 lestum, en 30 krónur fyrir 10 lesta bát og stærri.

VII. KAFLI
Vörugjald.

17. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru og affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

18. gr.

Af vörum, sem samkvæmt farmskrá skips, eru ákveðnar til umhleðslu, og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

69

4. mað

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar báta og skipa, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur, sem ekki er á farmskrá.
- c. Beitusíld, fryst og ófryst, innflutt.

20. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða skipaafgreiðsla skyld að láta starfsmönnum hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið mismuninn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald er af.

21. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds, eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald minna en kr. 1.50.

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

22. gr.

Vörugjaldskrá:

1. flokkur: kr. 1.50 hver 100 kg:
Kol, koks, salt, sement, aðfluttur nýr fiskur.
2. flokkur: kr. 2.00 hver 100 kg:
Útlendur áburður, fóðurvörur, garðávextir, frosinn fiskur, verkaður og óverkaður saltfiskur og skreið.
3. flokkur: kr. 2.50 hver 100 kg:
Allar kornvörur aðrar en fóðurvörur, bárujárn, steypustyrktarjárn, kjöt, gærur, húðir, ull, hessian, kaðlar og veiðarfæri.
4. flokkur: kr. 4.00 fyrir hverja tunnu:
Olía og benzín í tunnum.
5. flokkur: kr. 2.50 fyrir hverja tunnu:
Síld, garnir, hrogn, kjöt í strokktunnum.
6. flokkur: kr. 1.00 fyrir hverja tunnu:
Tómar tunnur.
7. flokkur: kr. 10.00 fyrir hvern stórgrip.
8. flokkur: kr. 3.00 fyrir hverja kind og aðrar skepnur, nema stórgripi.
9. flokkur: kr. 3.00 hver 100 kg:
Allar aðrar vörur sem reiknast eftir þyngd.
10. flokkur: 30 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur.
11. flokkur: 60 aurar fyrir hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur sem reiknast eftir rúmmáli.
12. flokkur: kr. 1.50 fyrir hvert stykki:
Ýmsar vörur í stykkjatali, undir 50 kg hvert stk.

13. flokkur: 50 aurar fyrir hvert stykki:

Tómir kassar undan öli, eggjum o. fl., endursendar smáumbúðir.

69

4. maí

14. flokkur: Bátar og skip, sem leggja upp afla sinn á Haganesvík, greiði kr. 5.00 af hverri smál., miðað við slægðan fisk með haus.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

23. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

24. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum unz gjöldin eru greidd. Gjalddagi þessara gjalda er þegar skipið hefur lagzt á höfnina eða að bryggju. Gjalddagi skipa þeirra og báta, sem greiða eiga einu sinni á ári, er 1. ágúst.

Móttakandi vara, eða afgreiðslumaður skips ábyrgist vörugjald af aðfluttum vörum, en sendandi eða afgreiðslumaður af burtfluttum vörum, annars skipstjóri, ef farmur skips er ekki skráður. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum unz vörugjöld eru að fullu greidd.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt, sem opinber gjöld.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni og mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt svo nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

27. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu, eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

28. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000.00 krónum, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

29. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

- 69 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
4. maí hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbretyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1956.

Ólafur Thors.

Brynjólfr Ingólfsson.

- 70
4. maí

REGLUGERÐ

um hafnargjöld landshafnarinnar í Rifi á Snæfellsnesi.

I. Hafnargjald.

1. gr.

Öll skip, sem eru 12 nettórúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Undanþegin hafnargjald eru herskip, skemmtiferðaskip, varðskip, björgunarskip og skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 200 smál.

II. Lestagjald.

2. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar í höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

a. Öll skip, sem til hafnarinnar koma og eru fest við bólvirki eða bryggju, að undanskildum herskipum, skemmtiferðaskipum, varðskipum, björgunarskipum og skipum, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, skulu greiða 40 aura fyrir hverja nettó smálest. Skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þó þau komi oftár til hafnar.

b. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna, eða til að fá skipanir.

III. Bryggjugjald.

3. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 25 krónur.

Ef farmskip liggur utan á öðru skipi og bíður eftir feringu eða affermingu, skal það greiða hálf gjald.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

IV. Festargjald.

70

4. gr.

4. maí

Skip og bátar, sem nota festar hafnarinnar, skulu greiða 10 aura af hverri nettólest af burðarmagni skipsins, fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 5 krónur um sólarhringinn.

V. Kjölfestugjald.

5. gr.

Ef skip tekur kjölfestu í höfninni, skal það greiða 20 aura af hverri nettósmálest, en 10 aura af hverri smálest, ef það skipar upp kjölfestu.

VI. Ljósagjald.

6. gr.

Skip, sem halda til í höfninni, eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur og eru minni en 100 smálestir brúttó, skulu greiða ljósagjald, 10 krónur misserislega. Gjaldalagi er 2. janúar og 1. júlí árlega.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, 4 krónur fyrir fyrstu 50 nettó tonninn og 4 aura fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir, þó aldrei minna en 5 krónur.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 2. gr., a-lið, hér á undan.

VII. Vatnsgjald.

7. gr.

Fyrir drykkjarvatn og ketilvatn handa skipum skal greiða það gjald fyrir hverja smálest, sem hafnarstjórn ákveður.

VIII. Gjaldskrá fyrir íslensk fiskiskip.

8. gr.

- a. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur, skulu greiða hafnargjöld sem hér segir:

Fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju eða utan á öðrum bátum eða skipum:

Dilfarsbátar og skip allt að	15	brúttó smálestir	kr.	3.00
— — — — —	15—30	— —	—	4.50
— — — — —	30—50	— —	—	7.00
— — — — —	50—70	— —	—	10.00
— — — — —	70—90	— —	—	12.50
— — — — —	90—120	— —	—	15.00
— — — — —	120—160	— —	—	17.50
— — — — —	160—200	— —	—	20.00

- b. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í landshöfninni, skulu greiða hafnargjöld sem hér segir, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju, eða utan á öðrum bátum eða skipum:

70 4. maí	Dilfarsbátar og skip allt að	15 brúttó smálestir	kr. 4.50
— — — — —	15—30 — —	— 7.00
— — — — —	30—50 — —	— 9.50
— — — — —	50—70 — —	— 12.50
— — — — —	70—90 — —	— 15.00
— — — — —	90—120 — —	— 17.20
— — — — —	120—160 — —	— 20.00
— — — — —	160—200 — —	— 25.00

IX. Vörugjald.

9. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, er síðar getur.

10. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarra hafna, eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.

11. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi í skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Hálf vörugjald skal og greiða fyrir þær vörur, sem fluttar eru úr skipi í strandferðaskip og ætlaðar eru til annarra hafna innanlands, og fyrir þær vörur, sem koma með strandferðaskipum frá öðrum höfnum innanlands, og eru fluttar í önnur skip.

12. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, enn fremur kol, salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin notkunar. Hálf vörugjald greiðist af kolum, salti og ísi til erlendra fiski- eða vöruflutningaskipa, þótt það sé til eigin afnota.
- b. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
- c. Vörur og tæki til landshafnargerðarinnar.

13. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá viðkomandi skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við þetta.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

14. gr.

70

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 20 auru. 4. maí

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

15. gr.

Flokkar vörugjaldskrárinnar.

1. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:

Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, gærur saltaðar í pökkum, ís, járn og stál, járnkeðjur og járnþípur, kaðlar, kitti, litarvörur þungar, rafmagnsvörur, prentsverta, sódi, togleður, þakjárn, þakpappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur slægður og óslægður (gjald þetta á fiski greiðist aðeins, þegar honum er skipað út), kol og salt.

2. flokkur. Gjald 1.20 kr. fyrir hver 100 kg:

Benzín og hvers kyns brennsluolia, áburðarolia, baðlyf, feiti, fernisolia, fiskilínur, óverkaður saltfiskur, fiski- og síldarmjöl, garnir, hey, kálmeti, kartöflur, alls konar kornvörur, kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör og bækur, pokar, pokastrigi, strigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, hampur, tjara, tvistur og vaxdúkur, hraðfrystur fiskur, harðfiskur og þurr saltfiskur.

3. flokkur. Gjald 1.50 kr. fyrir hver 100 kg:

Lýsi, ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakao, lyf og lyfjavörur, mjólk, alls konar niðursuðuvörur, jurtafeiti, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sykur, te, ull, sundmagi og nýlenduvörur alls konar.

4. flokkur. Gjald 5.00 kr. fyrir hver 100 kg:

Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnavörur, vefnaðarvörur, vindlar og vindlingar.

5. flokkur. Gjald 2.50 kr. fyrir hver 100 kg:

Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

6. flokkur. Gjald 12.00 kr. fyrir hvern teningsmetra:

Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

7. flokkur.

Timbur, 18.00 kr. fyrir hvern standard.

Tómar síldartunnur, 25 aurar fyrir hverja tunnu.

Tómar stáltunnur og tóm lýsiföt, 30 aurar fyrir hvert stykki.

8. flokkur.

Síld og hrogn í tunnum, 1.20 aurar fyrir hverja tunnu.

Fiskflök í síldartunnum, 1.10 aurar fyrir hverja tunnu.

Saltfullar síldartunnur, 1.10 aurar fyrir hverja tunnu.

Frosin beitusíld, 1.20 aurar fyrir hver 100 kg.

9. flokkur. Gjald 6.00 kr. fyrir hvern grip:

Hross, nautgripir og svin.

10. flokkur. Gjald 1.00 kr. fyrir hverja sauðkind eða geit.

11. flokkur. Gjald 1.00 kr. fyrir hver 100 kg:

Allur fiskur upp úr sjó.

X. Lóðir og geymsluhús m. m.

16. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 4 aura fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið.

Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

17. gr.

Ef affermdar vörur eru látnar í geymsluhús hafnarinnar, skal greiða 10 aura fyrir hvert stykki, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan tekin innan þriggja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

18. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

XI. Um innheimtu og geymslu hafnargjalda.

19. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

20. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

21. gr.

Vörugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 22. og 23. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjaldið er greitt.

22. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

23. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

24. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

25. gr.

70

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

26. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 14. marz 1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1956.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

H A F N A R R E G L U G E R Ð

71

fyrir landshöfnina í Rifi á Snæfellsnesi.

4. maí

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast að norðan af beinni línu, sem dregin er úr Háarifi í austur. Að sunnan takmarkast hún af línu sem dregin er úr Kræklingasteini einnig beint í austur, og að austan af beinni línu sem dregin er í hánorður hornrétt á hinar tvær, 1 km frá Kræklingasteini.

Hafnargarðar skipta höfninni í ytri og innri höfn.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 5 menn, skipaðir af ráðherra þeim, er fer með hafnamál, til fjögurra ára í senn, og tilnefnir hann einn þeirra til að vera formann nefndarinnar.

3. gr.

Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og setur honum erindisbréf. Hún ákveður einnig laun hans. Skal hann annast allar daglegar framkvæmdir og eftirlit, undir umsjón hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn ræður einnig aðra fasta starfsmenn hafnarinnar, eftir því sem þurfa þykir.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða þar boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu.

- 71 Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennishúfu þegar þeir eru að starfi við höfnina. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf, sem þar fara fram.

6. gr.

Öll veiði með skotum er stranglega bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypha af skoti á innri höfninni eða á landi hennar.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu.

Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með skilmálum, sem hann setur. Bannað er að leggja skip í hafnarfjöruna eða láta skip standa við bryggjurnar um fjöru, nema með leyfi hafnarstjóra eða þess, sem hafnarvörzlu hefur.

9. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi, köðlum, vírum, fiskilóðum eða neinu í bátakvíar eða við hafnarmannvirkin yfirleitt. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

10. gr.

Hafnarstjóri getur bannað, að akkeri (patentakkeri) séu höfð í festarauga í bátakvíunum, ef ástæða þykir til.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

11. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu og affermingu skipa, og skulu þau ætíð skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um hvar þau megi leggjast eða liggja.

Aldrei mega skip, sem liggja fyrir festum, liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skipi eða bát má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast hlutaðeigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna 71 hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnar- 4. maí stjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

12. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauis í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað, samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju, nema við festarhringana eða festarstólpana. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef krafizt er.

14. gr.

Ekki má nota vél skipsins með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af. Eins skal þess gætt, að hafa ekki skrúfu skipsins í gangi eftir að búíð er að binda skipið, þannig að straumur frá skrúfunni geti valdið truflun á umferð um höfnina.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

15. gr.

Ef skip sekkur eða lendir á grynningu, þar sem að álitu hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal umráðandi þess færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

16. gr.

Ekki má leggja net, önnur veiðarfæri eða legufæri þannig, að hindrað geti umferð til og frá hafnarmannvirkjunum. Þyki nauðsynlegt, má hafnarstjóri láta taka burtu veiðarfæri og legufæri á kostnað og ábyrgð eiganda.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu skipa.

17. gr.

Venjulega skulu skip fá bryggjurúm í þeirri röð, sem þau koma í höfnina.

Þegar ákveðið hefur verið hvar skip skuli ferma eða afferma, og skipinu hefur verið lagt að bryggju eða bólvirki, skal verkið hafið tafarlaust, sé það ekki utan venjulegs vinnutíma. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, þar til því er lokið.

Ef hlé verður á fermingu eða affermingu að nauðsynjalausu, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að vikja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

71 Hafnarstjóri getur vísað skipum frá bryggju eða bólvirki, álfíti hann það nauð-
4. maí synlegt veðurs vegna.

18. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki sé lagt samsíða, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja,

19. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíki, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli utanborðs. Sé þess ekki gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

20. gr.

Fiskibátar skulu að jafnaði fá afgreiðslurúm í þeirri röð, sem þeir koma inn í innri höfnina.

Þegar fiskibátur hefur fengið bryggjurúm til affermingar, skal afgreiðsla hefjast tafarlaust. Skulu þá bæði skipstjóri og landformaður gæta þess, að uppskipunin gangi svo vel, sem frekast er unnt. Skylt er að hafa svo marga bila eða tæki við uppskipunina, að hún, að dómi hafnarstjóra, teljist ganga greiðlega. Að jafnaði skal haga því svo, að lóðarstampar séu komnir á skip, jafnhliða því sem uppskipun er lokið, eftir því sem frekast er unnt.

Sé framangreindum ákvæðum ekki hlýtt, ber hlutaðeiganda að víkja fyrir öðrum bátum.

Jafnskjótt og afgreiðslu er lokið, skal viðkomandi bátur víkja úr afgreiðslurúmi, bíði annar bátur afgreiðslu.

21. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt burt á stað, sem hafnarstjóri ákveður.

22. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

23. gr.

Skip sem flytja flugvélabenzín, bilabenzín, steinolíu, carbíd eða önnur efni, sem eldhætta eða sprengihætta stafar af, mega ekki hefja afgreiðslu nema gætt sé þeirra varúðarráðstafana, sem settar eru, eða settar verða, af hafnarstjórn í samráði við brunavarnaeftirlit ríkisins.

Hafnarstjóri skal gæta þess að stranglega sé fylgt settum reglum um þessi efni.

Skotbaðmull, nitroglycerin, dynamit og öðrum þess háttar sprengiefnum má **71**
 ekki skipa upp, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra, og ákveður hann þá, í sam- **4. mál**
 ráði við brunavarnaeftirlit ríkisins, hvernig það skuli gert hverju sinni.

24. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfimu efni, sem getið er í 23. gr., skulu á meðan bjart er af degi hafa rautt flagg á framsigli eða á stagi, en í myrkri rautt ljósker.

Kostnað vegna varðgæzlu og annan kostnað vegna gæzlu eða við varúðarráðstafanir greiðir skipið.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr.

Sérhverjum skipstjóra, er siglir skipi sínu inn á hafnarsvæðið, ber að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnarinnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um, að jafnan sé til á hafnarskrifstofunni nægilegt upplag af reglugerðinni.

27. gr.

Um skaðabótskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um bætur fyrir skaða eða skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en því, sem nemur 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

28. gr.

Enginn sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjórn tekur gilda.

29. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 12. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektarfé rennur í hafnarsjóð landshafnarinnar.

71

4. maí

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

31. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 14. marz 1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1956.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

72

4. maí

REGLUGERÐ

fyrir lendingarbótasvæðið. Örlygshöfn við Patreksfjörð.

I. KAFLI

Takmörk lendingarbótasvæðisins.

1. gr.

Lendingarbótasvæði Örlygshafnar nær frá landamerkjum Sellátraness að utanverðu, að landamerkjum Vatnsdals að innanverðu.

II. KAFLI

Um lendingarbótanefnd.

2. gr.

Að nýafstöðum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Rauðasandshrepps kjósa 3 menn í lendingarbótanefnd og jafnmarga til vara. Kjörtímabil lendingarbótanefndar er hið sama og hreppsnefndar. Lendingarbótanefnd sér um, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur lendingarbóta og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Lendingarbótanefnd annast reikningshald og fjárvörzlu lendingarbótasjóðs fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins svo og skuldbindingum sjóðsins.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

3. gr.

Lendingarbótanefnd sér um, að gætt sé reglu á lendingarbótasvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust, en þeir sem þykjast órétti beittir, geta skotið máli sínu til lög-reglustjóra.

4. gr.

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, sem valdið gæti skemmdum á lendingarbótasvæðinu.

5. gr.

72

Skylt er að gæta varúðar um allt það, sem slysum gæti valdið.

4. maí

6. gr.

Lendingarbótanefnd, svo og aðrir starfsmenn lendingarbótasvæðisins, skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

Um notkun bryggjunnar.

7. gr.

Heimilt skal bátum eða skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt er þeim að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem óska athafnasvæðis, og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir, hvort sem um er að ræða upp- eða útskipun.

V. KAFLI

Um lendingarbótasjóð.

8. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbæturnar og e. t. v. síðar við hafnar-
mannvirki og til árlegs rekstrarkostnaðar, skal stofna lendingarbótasjóð.

Í lendingarbótasjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari.

Við lok hvers rekstursárs skal lendingarbótanefnd semja reksturs- og efnahags-
reikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en 15. janúar
næsta reikningsár.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikn-
ingar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal lendingarbótanefnd hafa samið og lagt fyrir
hreppsnefnd Rauðasandshrepps frunvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lend-
ingarbótasjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðar fullsemja áætlunina og senda
hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árlök, ásamt nauðsynlegum
skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Skipa- og bátagjöld.

Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það fermir eða affermir, kr. 0.60 af
hverri brúttó-smálest, með þeim undantekningum þó, er hér greinir:

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða gjald þetta einu sinni á ári og þá í
fyrsta sinn, er þau koma inn á höfnina eða á gjaldþaga, er um semst.

Algerlega undanþegin þessu gjaldi eru:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip,
skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar
vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi
eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja
á land sjúka menn eða látna.

VI. KAFLI

Vörugjaldskrá og aflagjald.

11. gr.

Af hverju tonni af slægðum afla greiðist kr. 10.00.

12. gr.

1. flokkur: Ull: 10 aurar af hverju kg.
2. flokkur: Kindakjöt og alls konar kjöt: 10 aurar af hverju kg.
3. flokkur: Gærur, húðir og annað skinn: 5 aurar af hverju kg.
4. flokkur: Kornvara, kaffi, sykur, jarðavextir, mjólk og hey: 3 aurar af hverju kg, nema af mjólk $2\frac{1}{2}$ eyrir af hverjum lítra.
5. flokkur: Kjarnfóður og tilbúinn áburður: 2 aurar af hverju kg.
6. flokkur: Kol, salt, olía, benzín, allar byggingarvörur (þar með talin málning): 1.5 eyrir af hverju kg (sbr. þó 7. flokk).
7. flokkur: Timbur, unnið og óunnið: 12 aurar af hverju teningsfeti.
8. flokkur: Tómar tunnur: 75 aurar af hverri.
9. flokkur: Bifreiðar og dráttarvélar til landbúnaðar eða vegagerðar: 20 kr. af hverri, nema af beltisdráttarvélum, kr. 50.00 af hverri.
10. flokkur: Hestar og nautgripir: 10 kr. af hverjum grip.
11. flokkur: Sauðfé: kr. 2.00 af hverri kind.
12. flokkur: Stykkjavörur aðrar: Allt að 50 kg kr. 1.00. Af 50—100 kg greiðist kr. 2.00.

13. gr.

Undanþegin vörugjaldi er pósthlutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg. Enn fremur tómir mjólkurbrúsar, meðan mjólkursala er úr Örlygshöfn eða grennd.

14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd umbúða. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu skipa- og bátagjalda, svo og rétt upp gefnu vörumagni, en viðtakandi vöru eða afgreiðslumaður skips eða báts á vörugjöldum. Hefur lendingarbótasjóður haldsrétt á skipi eða bát, þar til gjöld þessi eru greidd, nema öðru vísi semjist um, og gildir hið sama um vöru, sé vörugjald ekki greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegnd, sem hæst vörugjald reiknast af. Leiki vafi á, til hvaða flokks skuli telja einhverja vörutegund, gildir þar um úrskurður lendingarbótanefndar, en úrskurði hennar má aftur skjóta til hreppsnefndar.

VII. KAFLI

Bryggjugjald.

15. gr.

Hvert það skip, sem leggst að bryggju eða að skipi, er liggur við bryggju lendingarbótasjóðs, greiði bryggjugjald, er hér segir:

Öll skip, 15 rúmlestir (brúttó) eða stærri, greiði 20 aura af hverri rúmlest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 4.00. Aðkomubátar undir 15 rúmlestum (brúttó) greiði kr. 4.00 af hverri rúmlest eða broti úr rúmlest.

Bátar án hreyfils, heimilisfastir í Rauðasandshreppi, sem eru minni en ein rúmlest (brúttó) skulu gjaldfrjálsir. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst., eða brot úr þeim.

16. gr.

72

Mjólkurflutningabátur, sem hefur fastar ferðir milli Patreksfjarðar og Örlygs-
hafnar, skal greiða kr. 60.00 á ári, eða kr. 6.00 á hverjum mánuði, ef hann annast
ekki flutninga allt árið.

4. maí

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lógtaki.

VIII. KAFLI

Eignatjón og bætur.

18. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni og öðrum mannvirkjum eða áhöld-
um lendingarbótasjóðs, skulu bótaskyldir. Annað hvort greiði þeir tjónið með upp-
hæð, er um semur við lendingarbótanefnd, eða viðgerðarkostnað, samkvæmt
reikningi.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer
eftir almennum reglum.

20. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum
dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal
þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat
skal fara fram af fimm óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat
greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem
svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn að-
ilinn kostnaðinn.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessar varðar sektum frá 20 til 10000.00 krónum, nema
þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í lendingar-
bótasjóð.

22. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946,
um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 59 16. apríl 1947, fyrir lendingarbóta-
svæðið Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1956.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Verzlunarsparisjóðinn.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verzlunarsparisjóðurinn og skal heimili hans og varnarþing vera í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn hans, og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 5000.00 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 2500.00 kr. af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innláns-vexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 100. Skal stjórninni, með aðstoð annarra ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður, nema fyrir andlát, burtflutning úr landinu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag ábyrgðarmanna endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af bæjarstjórn Reykjavíkur á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Aðalfundur ákveður laun stjórnarmanna. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður starfsmenn hans, ákveður kaup þeirra og kjör og segir þeim upp starfi, ef henni þykir ástæða til.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðkomandi viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutað-eigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera. 73
14. maí

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi megi þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðsins í stjórn einhvers annars fyrirtækis eða framkvæmdastjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum nema sparisjóðsstjórnin samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr $\frac{3}{5}$ af matsverði fasteignarinnar.

6. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðbók sjóðsins og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á vixilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt hefur verið. Dagsætningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

73

14. maí

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni í viku, og ákveður stjórnin, hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Sparisjóðsstjórnin skal hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

11. gr.

12. gr.

Í marz mánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á póststofuna í Reykjavík 5 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og féhirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á lögum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður dálk.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókina skal prenta ágrip af lögum nr. 69 27. júní 1941 um sparisjóði, svo og samþykktir sparisjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Sparisjóðurinn tekur einnig við innlögum með þeim kjörum, að hægt er að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess, að viðskiptabók sé sýnd, og skal þá greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki viðhæf.
- e. Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frádrögnu því, er hann á í sjóði innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánnum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sparisjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein, önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meira en $\frac{3}{5}$ fasteignamatverðs hennar.
- f. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- g. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.
- h. Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, á meðan það stendur þar.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á dálk hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, þó svo að frá teljast móttökudagur og úttökudagur, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri. 73
14. maf

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir 1. jan. ár hvert, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna á þann hátt, að skrá mismuninn, er jafnframt færast sparissjóðnum til reiknings í innstæðubókina og viðskiptabókina, næst þegar hún verður sýnd.

15. gr.

Af fé, sem sparissjóðurinn ávaxtar með sparissjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500 til 1500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparissjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, eða gegn ávísun, ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun, og er það þá eigi á ábyrgð sparissjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið á kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparissjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi dálki í innstæðubók, um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnt næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögín séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tilfærast endurborgað fé í dálk eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds. Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparissjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því 1. auglýsing er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef

73 enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem
 14. maí viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess að nokkur annar, sem viðskipta-
 bókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfur á hendur sparisjóði þeim, sem
 í hlut á.

18. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framur. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrir-sjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

21. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettó ágóða sínum í tryggingarsjóð sparisjóða, unz eign sparisjóðsins í tryggingarsjóði er orðinn 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

22. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, greiðslu í tryggingarsjóð, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrir-sjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðunni.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nýtsamra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

III. Um lánveitingar o. fl.

23. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngöð.
- b. Með því að lána fé til einstakra manna eða félaga gegn tryggu fasteignaveði eða gegn sjálfskuldarábyrgð.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má því aðeins veita til lengri tíma **73** en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu **14. maí** fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

- c. Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins álitur heppilegan. Stjórnin setur sér reglur um lánveitingar úr sjóðnum.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Til lána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána umfram 60% matsverðs má sparisjóðurinn aldrei verja meira en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meiru en 2 sinnum eigin fé sjóðsins.

Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem fjárhagslega eru tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅓ fasteignamatsverðs.
2. Lán veitt gegn veði í skipum allt að 50% af matsverði.
3. Lán, sem tryggð eru með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

Þegar verðbréf er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

25. gr.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum. Skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

26. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Hafi sparisjóðurinn tekið lán, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja lántöku.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

27. gr.

Sparisjóðurinn má eigi eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra. Halda skal skrá um eignir sparisjóðsins, svo sem verðbréf o. fl.

28. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

29. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert.

30. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint, hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok.
2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir ábata og halla sjóðsins.
3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efna-hagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

31. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabók) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðlán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldþagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrir eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

32. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir sparisjóðseftirlitsins sýna.

V. Um endurskoðun.

33. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera tveir endurskoðunarmenn kosnir til eins árs af bæjarstjórn Reykjavíkur með hlutfallskosningu.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

34. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðsforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits,

hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins, svo oft sem þeim þykir þörf á.

73
14. maí

35. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt effirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasvert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

36. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir febrúarmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

37. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugasvert við reiknings- færslu eða starfrækslu sparisjóðsins og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941.

38. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrirfram.

Framanritaðar samþykktir, sem eru þannig samdar og samþykktar og undir- ritaðar af 310 ábyrgðarmönnum á stofnfundi 4. febrúar 1956, staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. maí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Yngvi Ólafsson.

74

15. maí

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskrár við alþingiskosningar í Reykjavík
24. júní n. k. og styttingu fresta.

Samkvæmt heimild í 19., sbr. 23. gr., laga um kosningar til Alþingis nr. 80. 7. sept. 1942, er hér með mælt svo fyrir, að auglýsingarfrestur sá er getur í 2. málsg. 19. gr. laganna skulu falla niður við alþingiskosningar er fram eiga að fara í Reykjavík 24. júní n. k. Enn fremur styttist frestur sá, er um getur í 1. mgr. 19. gr. laganna, þannig, að kjörskrá skulu lögð fram 5 vikum og þremur dögum fyrir kjördag. Loks styttist tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, þannig, að hann verður 17 dagar, sbr. 3. málsg. 19. gr. laganna.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 15. maí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

75

17. maí

REGLUGERÐ

um skerðingu barnalífeyris vegna tekna, samkvæmt 17. gr. laga nr. 24/1956,
um almannatryggingar.

1. gr.

Nú fara bætur og aðrar tekjur hjóna, sem bæði eiga rétt til elli- eða örorkulífeyris, fram úr fjárhæð, sem nemur þreföldum hjónalífeyri á 1. verðlagssvæði, og skal þá skerða barnalífeyrisgreiðslur til þeirra sem hér segir:

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjur nema. Séu börnin tvö, nemur lækkunin þremur fjórðu hlutum, en séu þau þrjú eða fleiri, nemur lækkunin jafnmiklu og umframtekjurnar.

2. gr.

Aðrar barnalífeyrisgreiðslur, sbr. þó 4. gr., skal takmarka, ef bætur og aðrar tekjur framferenda fara fram úr fjárhæð, sem nemur þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum tvöföldum barnalífeyri á 1. verðlagssvæði, ef um þrjú börn eða færri er að ræða, en þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum einföldum barnalífeyri, ef börnin eru fleiri.

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjur nema. Séu börnin tvö, nemur lækkunin tveimur þriðju hlutum, en séu þau þrjú, nemur hún þremur fjórðu hlutum umframtekna, en lífeyrir skal þó eigi lægri vera en svarar fjölskyldubótum með einu barni. Séu börnin fleiri en þrjú, skerðist barnalífeyrir um sömu upphæð og umframtekjum nemur, en skal þó aldrei lægri vera en sem svarar barnalífeyri með þremur börnum, skertum samkv. næsta málslið á undan, að viðbættum fjölskyldubótum með þeim börnum, sem fleiri eru.

3. gr.

75

Sé greiddur barnalífeyrir með börnum þeim, sem nefnd eru í 1. og 2. gr. hér að ofan, skal telja sjálfstæðar tekjur þeirra með tekjum framfærenda. 17. maí

4. gr.

Lífeyrir munaðarlausra barna, er hafa sjálfstæðar tekjur, sem fara fram úr einum og hálfum hluta einstaklingslífeyris á 1. verðlagssvæði, skal lækkaður um sextíu hundraðshluta þess, sem umframtekjur nema.

5. gr.

Við skerðingu barnalífeyris, sem greiddur er eftir 1. janúar 1956, skal ekki beitt strangari skerðingarreglum en eru í reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 22. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, gengur í gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 22 frá 18. febrúar 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

76

um launakjör á símstöðvum og póstafgreiðslum.

24. maí

1. gr.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, um laun starfsmanna ríkisins, og 8. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á símstöðvum og póstafgreiðslum.

2. gr.

Starfsmenn við póstafgreiðslustörf á Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykjavík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðum og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Árslaun síma- og póstafgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum eru sem hér segir:

- VIII. launafl.: Síma- og póstafgreiðslumenn: Akranesi, Keflavík og Selfossi.
- IX. launafl.: Síma- og póstafgreiðslumenn: Blönduósi, Borgarnesi, Brúarlandi, Egilsstöðum, Eskifirði, Húsavík, Hveragerði, Neskaupstað, Reyðarfirði, Sauðárkróki og Stykkishólmi. Símtjórar: Höfn og Patreksfirði.
- X. launafl.: Síma- og póstafgreiðslumenn: Dalvík, Grindavík, Hvolsvelli, Ólafsfirði og Sandgerði. Póstafgreiðslumaðurinn Hafnarfirði.
- XI. launafl.: Síma- og póstafgreiðslumenn: Bíldudal, Bolungavík, Búðardal, Eyrarbakka, Fáskrúðsfirði, Gerðum, Hólmavík, Raufarhöfn, Skagaströnd, Stokkseyri, Þingeyri og Þórshöfn. Símtjórar: Hvammstanga og Ólafsvík. Póstafgreiðslumaðurinn Patreksfirði.

- 76 XII. launafll.: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Grafarnesi, Hjalteyri, Hofsósi, Hrísey, Kirkjubæjarklaustri, Laugarvatni, Sandi, Suðureyri og Vopnafirði.
24. maí Símsljórar: Flateyri og Vík.

Launin eru miðuð við það, að hlutaðeigandi símsljórar og póstafrgreiðslumenn hafi sömu laun, réttindi og skyldur sem aðrir opinberir starfsmenn í VIII.—XII. flokki launalaga. Þeim skal af póst- og símamálastjórninni eigi greitt fyrir aðstoð vegna starfs, sem greitt er fyrir af öðrum sérstaklega, svo sem innheimtustörf fyrir aðrar stofnanir o. fl. Ef þóknun fyrir störf vegna orlofslaganna fer yfir 2500.00 kr. á ári, greiðist það stofnuninni, sem umfram er, og gildir það jafnt fyrir alla póstafrgreiðslumenn í 3. og 4. gr.

4. gr.

- Síma- og póstafrgreiðslumenn á eftirtöldum stöðum hafa árslauu sem hér segir:
- Kr. 19 800.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Borgarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavík, Drangsnesi, Eiðum, Fosshóli, Kópaskeri, Króksfjarðarnesi, Reykholti, Staðarhóli, Súðavík, Svignaskarði og Torfastöðum. Símsljórar: Breiðamýri, Djúpavogi, Galtafelli, Hába, Krossum og Meiritungu. Póstafrgreiðslumenn: Flateyri, Hvammstanga og Ólafsvík.
- Kr. 15 600.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Arnarstapa, Mýrum, Ásgarði Dal., Fossvöllum, Gaulverjabæ, Höfnum, Minniborg, Síðumúla, Skarðshlíð, Skógum, Varmahlíð í Skagaf., og Þykkvabæ. Símsljórar: Ásgarði í Grímsnesi, Hjarðarfelli, Hvanneyri, Munkaþverá, Skútu-stöðum og Stöðvarfirði. Póstafrgreiðslumenn: Djúpavogi, Einars-stöðum, Haganesvík, Höfn í Hornafirði og Vík.
- Kr. 12 000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Arngerðareyri, Ási í Vatnsdal, Ásum í Gnúpverjahreppi, Bakkafirði, Bólstaðarhlíð, Flatey á Breiðafirði, Grenivík, Húsatóftum, Seljalandi, Skarði í Lundarreykjadal, Staðarfelli, Stóru-Ökrum og Svalbarðseyri. Símsljórar: Bessastöðum, Eyrarkoti, Haganesvík, Hnausum, Miðey, Mælifelli, Varmahlíð undir Eyjafjöllum, Þingvöllum og Þorlákshöfn.

5. gr.

Síma- og póstafrgreiðslumenn, sem taldir eru í 4. gr., fá greitt orlofsfé. Greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla telst innifalin í laununum. Þó er póst- og símamálastjórninni heimilt að bæta forstöðumönnum á þessum stöðum, ef sérstök veikindi ber að höndum. Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur símsstöðva og póstafrgreiðslna.

Á póstafrgreiðslum og símsstöðvum, þar sem eru ein eða fleiri starfsstúlkur auk forstöðumanns, skulu þær ráðnar af póst- og símamálastjórninni að fengnum tillögum forstöðumanns, og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverjum stað.

6. gr.

Starfsstúlkur á þeim stöðum, sem taldir eru í 1. lið 3. gr., skulu hafa sömu laun, réttindi og skyldur sem talsímakonur á ritsímastöðvunum, enda séu gerðar til þeirra sömu kröfur um menntun og hæfni og til talsímakvanna.

Byrjunarlaun annarra starfsstúlkna, skulu vera kr. 16500.00 á ári og hækka um kr. 1200.00 á ári í 6 ár í kr. 23700.00 á ári.

7. gr.

Húsaleigu, ljós, hita og ræstingu vegna reksturs póstafrgreiðslna og 1. fl. B og 2. fl. símsstöðva greiðir stofnunin, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamála-

stjórnarinnar, og skal yfirséðanefnd í hverju héraði meta þessar greiðslur árlega 76 fyrir byrjun þess árs, sem þær gilda fyrir. Á þeim stöðvum, þar sem símtjórar og 24. maí póstafréiðslumenn hafa húsnæði til íbúðar í húseignum pósts og síma, skal það á sama hátt metið af yfirséðanefnd og dregið frá launinum mánaðarlega. Ljós og hita greiði þeir samkvæmt sérmælum, annars hlutfallslega við póst og síma.

Mati yfirséðanefndar má skjóta til rikisséðanefndar.

8. gr.

Þóknun fyrir rekstur 3. flokks símtöðva sé sem hér segir:

1. Föst ársþóknun, er nemi:

a. Til stöðva, sem hafa	150— 400	útf. afgr.	kr.	400.00
b. — — — —	401—1000	— —	—	800.00
c. — — — —	1001—1800	— —	—	1 200.00
d. — — — —	yfir 1800	— —	—	1 600.00

miðað við afgreiðslufjölda næstliðins árs.

2. 130 aurar fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti (önnur en þjónustu- og veðurskeyti).

3. Fyrir hvern símnotanda kr. 40.00 á ári.

9. gr.

Á launagreiðslur samkvæmt reglugerð þessari greiðast uppbætur eftir sömu reglum og á laun opinberra starfsmanna.

10. gr.

Þriðja hvert ár skal endurskoða reglugerð þessa.

Ef breyting verður á rekstrarskilyrðum og afgreiðslu símtöðvar eða póstafréiðslu á milli þess sem endurskoðun fer fram, skal henni um leið skipað í nýjan launaflokk.

Endurskoðun reglugerðar þessarar skal framkvæmd af þriggja manna nefnd, er ráðherra skipar, og sé einn þeirra tilnefndur af B. S. R. B.

Við aukaendurskoðun samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar skal kveðja til þann fulltrúa endurskoðunarnefndar, sem B. S. R. B. hefur tilnefnt.

11. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. jan. 1956, og fellur þá úr gildi reglugerð um sama efni frá 31. maí 1955.

Póst- og símamálaráðherra, 24. maí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem.

REGLUGERÐ

um skipulag póst- og símamálastjórnarinnar.

Samkvæmt lögum nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og síma- mála, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um skipulag póst- og símamála- stjórnarinnar.

1. gr.

Yfirstjórn póst- og símamála er í höndum póst- og símamálastjóra og stendur hann beint undir ráðherra þeim, sem fer með póst- og símamál. Póst- og símamála- stjóri hefur hliðstæða stöðu og ráðuneytisstjóri, auk þess sem hann er aðalfram- kvæmdastjóri þeirrar ríkisstofnunar, sem annast rekstur póst og síma.

Stofnunin greinist í fjórar aðaldeildir — póstmáladeild, radiótæknideild, símatæknideild, símarekstursdeild, — svo og þrjár sérdeildir — aðalpóststofuna í Reykjavík, bæjarsímann í Reykjavík og aðallandssímatöðina í Reykjavík. Þessar deildir greinast svo aftur í undirdeildir, samkvæmt ákvörðun póst- og símamála- stjóra.

Nánustu aðstoðarmenn póst- og símamálastjóra eru forstöðumenn hinna fjög- urra aðaldeilda, en auk þess forstöðumenn hinna þriggja sérdeilda, að því er varðar rekstur þeirra.

Auk funda með einstökum forstöðumönnum, heldur póst- og símamálastjóri að jafnaði einu sinni í mánuði heildarfund í póst- og símamálastjórninni með for- stöðumönnum aðaldeilda og sérdeilda, til þess að ræða sameiginleg mál og önnur meiri háttar mál, sem póst- og símamálastjóri telur rétt að ræða á slíkum fundi.

2. gr.

Þegar póst- og símamálastjóri er frá starfi eða erlendis lengur en 4 vikur, gegnir einn af forstöðumönnum hinna fjögurra aðaldeilda starfi hans samkvæmt ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Starfsskipting milli aðaldeilda og sérdeilda er í aðalatriðum, sem hér segir: Póstmáladeild annast öll póstmál, nema þau, sem falin eru aðalpóststofunni í Reykjavík.

Radiótæknideild annast öll radiótæknimál símans, þar á meðal rekstur tæknilegra stöðva, skrifstofa og verkstæða ásamt tilheyrandi efnisvörzlu.

Símatæknideild annast öll tæknimál símans, nema þau, sem eru falin radiótækni- deild, eða bæjarsímanum í Reykjavík, og þar á meðal rekstur tæknilegra stöðva, skrifstofa, og verkstæða ásamt tilheyrandi efnisvörzlu.

Símarekstrardeild annast símaviðskiptamál yfirleitt, umsjón með umdæmisstöðv- um símans utan Reykjavíkurumdæmis, aðalbókhald símans og aðalgjaldkera- deild, endurskoðunarskrifstofu símans, skýrsludeild og aðalskjalavörzlu. Þó eru undanskilin þau mál, sem eru falin öðrum deildum, svo sem bæjarsímanum í Reykjavík og aðallandssímastöðinni í Reykjavík.

Aðalpóststofan í Reykjavík annast rekstur pósthofa, póstaafgreiðslna og bréfhirðinga í Reykjavík og nágrenni.

Bæjarsíminn í Reykjavík annast rekstur bæjarsímans í Reykjavík, Hafnarfirði og nágrenni (Kópavogi), svo og verklegar framkvæmdir hans.

Aðallandssímastöðin í Reykjavík annast viðskiptalegan rekstur ritsímans og talsíma- afgreiðslur í Reykjavík við stöðvar utan Reykjavíkur, svo og umsjón með slíkum

rekstri allra símstöðva í Reykjavíkurmæmi, nema þeirra, er heyra undir 77
bæjarsíma Reykjavíkur. 24. maí

4. gr.

Forstöðumönnum aðaldeilda og sérdeilda ber, hverjum á sínu sviði, að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með þeim framförum, sem verða í öðrum löndum.

Þeim ber að leggja fyrir póst- og símamálastjóra tillögur sínar um endurbætur í sinni deild, og hafa nána samvinnu sín á milli um sameiginleg mál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherrann, 24. maí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem.

REIKNINGUR

78

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr. 2565120.40
2. Innlög á árinu	— 321482.78
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum	kr. 74712.48
b. — skuldabréfum	— 34804.00
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 11205.20
	— 120721.68
4. Endurgreitt af lánum	— 128767.20
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2	— 519000.00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4	— 58873.42
	<hr/> Kr. 3713965.48

Gjöld:

1. Úttekið af innstæðum	kr. 66332.69
2. Lán veitt	— 519000.00
3. Kostnaður	— 7800.00
4. Vaxtaafgangur	— 58873.42
5. Til jafnaðar við tekjulið 4	— 128767.20
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 1968688.99
b. Í skuldabréfum	— 673083.36
c. Í Landsbanka Íslands	— 291419.82
	— 2933192.17
	<hr/> Kr. 3713965.48

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði árið 1955.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1954 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1955 Kr.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ...	9689.76	—	—	475.00	10164.76
2. Hofteigskirkja	4812.59	—	—	216.57	5029.16
3. Kirkjubæjarkirkja	11181.47	—	—	503.17	11684.64
4. Hjaltastaðarkirkja	4682.40	—	—	210.71	4893.11
5. Eiðakirkja	2915.65	—	1865.00	91.58	1142.23
6. Vopnafjarðarkirkja ...	15.00	—	—	0.67	15.67
7. Ásskirkja	282.66	—	—	12.72	295.38
8. Möðrudalskirkja	458.56	1695.00	—	47.48	2201.04
9. Valbjófsstaðarkirkja ..	5036.56	55.00	—	227.86	5319.42
10. Hofskirkja í Vopnaf. .	3859.26	—	—	173.66	4032.92
11. Húsavíkurkirkja	1536.07	—	—	69.12	1605.19
12. Sleðbrjótiskirkja	1896.38	—	—	85.34	1981.72
13. Bakkagerðiskirkja	31.20	—	—	1.40	32.60
14. Njarðvíkurkirkja	924.83	—	—	41.62	966.45
15. Klyppstaðarkirkja	1201.94	—	—	54.09	1256.03
16. Seyðisfjarðarkirkja ...	113.47	—	—	5.10	118.57
S.-Múlaprófastsdæmi:					
17. Djúpavogskirkja	159.19	—	—	7.16	166.35
18. Vallanesskirkja	11.83	—	—	0.53	12.36
19. Þingmúlakirkja	1256.52	—	—	56.54	1313.06
20. Mjóafjarðarkirkja	2.87	—	—	0.13	3.00
21. Norðfjarðarkirkja	345.69	100.00	—	17.05	462.74
22. Stöðvarkirkja	26.70	—	—	1.20	27.90
23. Heydalakirkja	16714.98	—	—	752.17	17467.15
24. Hofskirkja í Álftaf. ...	1040.67	—	—	46.83	1087.50
25. Berufjarðarkirkja	158.92	—	—	7.15	166.07
26. Berunesskirkja	158.92	—	—	7.15	166.07
27. Hallormsstaðarkapella	119.89	—	—	5.40	125.29
A.-Skaftafellsprófastsd.:					
28. Stafafellskirkja	8845.20	—	—	398.03	9243.23
29. Einholtskirkja	1.45	—	—	0.07	1.52
30. Kálfafellsstaðarkirkja .	108.30	—	—	4.87	113.17
31. Hofskirkja í Örafum .	9546.54	—	—	429.59	9976.13
32. Bjarnanesskirkja	1570.42	—	—	70.67	1641.09
33. Kirkjubýgg.sj., Höfn ..	48333.55	10000.00	—	2175.00	60508.55
V.-Skaftafellsprófastsd.:					
34. Prestsbakkakirkja	14348.15	—	12000.00	177.66	2525.81
35. Reyniskirkja	3327.18	—	—	149.71	3476.89
36. Grafarkirkja	7678.98	—	2000.00	327.55	6006.53
37. Kálfafellskirkja	7681.00	—	—	345.64	8026.64

Kirkjur	Eign í árs- lok 1954 Kr.	Lagt inn Kr.	Fekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1955 Kr.	78
38. Skeiðflatarkirkja	3486.96	-	-	156.91	3643.87	
39. Langholtskirkja	16700.36	-	-	751.52	17451.88	
40. Þykkvabæjarkl.kirkja .	3676.90	-	-	165.45	3842.35	
41. Víkurkirkja	208.89	-	-	9.40	218.29	

Rangárvallaprófastsd.:

42. Háþéjarkirkja	100.72	-	-	4.53	105.25	
43. Árbæjarkirkja	133.33	-	-	5.99	139.32	
44. Stórolfshvolskirkja ...	877.72	-	-	39.49	917.21	
45. Oddakirkja	176.41	40.00	-	7.94	224.35	
46. Kálholt skirkja	88.81	-	-	4.00	92.81	
47. Krosskirkja	6025.89	-	-	271.16	6297.05	
48. Ásólfskálakirkja	55.49	-	-	2.49	57.98	
49. Akureyjarkirkja	1693.96	-	-	76.18	1770.14	
50. Eyvindarhólakirkja ...	14144.06	700.00	-	641.73	15485.79	
51. Breiðabólsstaðarkirkja	1088.05	-	-	48.96	1137.01	
52. Hlíðarendakirkja	2351.11	-	-	105.80	2456.91	
53. Skarðskirkja	16980.57	-	-	764.12	17744.69	
54. Marteinstungukirkja ..	2518.67	-	-	113.34	2632.01	
55. Hagakirkja	4.35	-	-	0.20	4.55	
56. Stóradalskirkja	807.03	-	-	36.31	843.34	
57. Keldnakirkja (bygg.sj.)	2766.12	-	-	124.48	2890.60	
58. Voðmúlstaðakapella .	2838.00	1090.00	-	152.36	4080.36	

Árnesprófastsdæmi:

59. Mosfellskirkja í Grn. ...	205.07	-	-	9.22	214.29	
60. Búrfellskirkja	238.38	-	-	10.73	249.11	
61. Þingvallakirkja	2332.40	125.00	-	105.94	2563.34	
62. Úlfjót vatnskirkja ...	762.85	-	-	34.32	797.17	
63. Strandarkirkja	1709095.63	235416.60	1639.80	81588.84	2024461.27	
64. Haukadalskirkja	907.10	-	-	40.81	947.91	
65. Torfastaðakirkja	667.47	-	-	30.03	697.50	
66. Gaulverjabæjarkirkja .	566.25	-	-	25.48	591.73	
67. Bræðratungukirkja ...	722.72	200.00	-	41.40	964.12	
68. Hraungerðiskirkja	2499.88	-	-	112.49	2612.37	
69. Laugardalakirkja	803.79	-	-	36.16	839.95	
70. Stokkseyrarkirkja	1215.41	-	-	54.69	1270.10	
71. Villingaholtskirkja ...	905.28	-	-	40.73	946.01	
72. Ólafsvallakirkja	3925.64	-	-	176.65	4102.29	
73. Stóra-Núpskirkja	317.86	-	-	14.30	332.16	
74. Miðdalskirkja	3855.64	-	-	173.50	4029.14	
75. Hrepphólakirkja	317.86	-	-	14.30	332.16	
76. Eyrarbakka kirkja	7312.21	-	-	329.05	7641.26	
77. Hrunakirkja	1716.39	-	-	77.24	1793.63	
78. Kotstrandarkirkja	64.95	-	-	2.92	67.87	
79. Tungufellskirkja	1716.39	-	-	77.24	1793.63	
80. Úthlíðarkirkja	9252.02	-	-	416.34	9668.36	
81. Skálholtskirkja	7447.02	6192.00	-	432.22	14071.84	

78

	Kirkjur	Eign í árs- lok 1954 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1955 Kr.
82.	Hjallakirkja	1430.74	—	1400.00	5.28	36.02
83.	Stóruborgarkirkja	2258.72	—	2000.00	86.58	345.30
Kjalarnessprófastsd.:						
84.	Landakirkja, Vestm. ..	242.20	50.00	—	12.56	304.76
85.	Grindavíkurkirkja	1797.35	—	—	80.87	1878.22
86.	Kirkjuvogskirkja	1015.96	—	—	45.72	1061.68
87.	Brautarholtskirkja ...	837.14	—	—	37.67	874.81
88.	Reynivallakirkja	4902.67	—	—	220.62	5123.29
89.	Lágafellskirkja	624.34	—	—	28.09	652.43
90.	Viðeyjarkirkja	50.38	—	—	2.27	52.65
91.	Útskálakirkja	359.88	—	—	16.20	376.08
92.	Hvalsnesskirkja	1708.02	225.00	—	76.86	2009.88
93.	Keflavíkurkirkja	308.69	—	—	13.89	322.58
94.	Kálfatjarnarkirkja	320.29	—	—	14.41	334.70
95.	Bessastaðakirkja	118.72	—	—	5.38	124.10
96.	Hafnarfjarðarkirkja ..	22282.17	—	20000.00	277.70	2559.87
97.	Saurbæjarkirkja, Kjal..	142.30	—	—	6.40	148.70
Reykjavíkurprófastsd.:						
98.	Dómkirkjan	34232.56	100.00	—	1540.46	35873.02
Borgarfjarðarprófastsd.:						
99.	Saurbæjarkirkja	4485.32	—	—	201.84	4687.16
100.	Leirárkirkja	635.70	—	—	28.60	664.30
101.	Hallgrímsk. í Saurbæ ..	1074.79	3850.00	4874.79	40.05	90.05
102.	Reykholtskirkja	375.25	—	—	16.88	392.13
103.	Stóra-Ásskirkja	762.85	—	—	34.33	797.18
104.	Lundarkirkja	2301.67	—	—	103.57	2405.24
105.	Hvanneyrarkirkja	405.57	—	—	18.24	423.81
106.	Bæjarkirkja	100.38	—	—	4.52	104.90
107.	Fitjakirkja	2283.69	—	—	102.76	2386.45
108.	Gilsbakkakirkja	336.50	2600.00	—	132.14	3068.64
109.	Síðumúlakirkja	2310.34	—	—	103.96	2414.30
Mýraprófastsdæmi:						
110.	Stafholtskirkja	119.72	—	—	5.38	125.10
111.	Hjarðarholtskirkja ...	7.68	—	—	0.34	8.02
112.	Hvammskirkja	4353.94	2202.25	—	195.93	6752.12
113.	Norðtungukirkja	118.23	50.00	—	6.82	175.05
114.	Borgarkirkja	219.62	—	—	9.88	229.50
115.	Álftanesskirkja	1643.63	240.00	—	83.40	1967.03
116.	Álftártungukirkja	163.98	50.00	—	8.32	222.30
117.	Staðarhraunskirkja ...	88.40	6800.00	7053.10	164.70	0.00
118.	Akrakirkja	2590.48	—	—	116.57	2707.05
119.	Kirkjusj. Borgarness ..	705.36	—	—	31.74	737.10

Kirkjur	Eign í árs- lok 1954 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1955 Kr.	78
Snæfellsnessprófastsd.:						
120. Miklaholtskirkja	3901.34	-	-	175.56	4076.90	
121. — viðhaldssjóður	1271.38	-	-	57.21	1328.59	
122. Breiðabólstaðarkirkja	6639.75	1500.00	-	364.78	8504.53	
123. Narfeyrarkirkja	2133.42	-	-	96.00	2229.42	
124. Fáskrúðarbakkakirkja	1521.03	-	-	68.44	1589.47	
125. Ytri-Rauðamelskirkja .	6520.42	336.81	-	293.42	7150.65	
126. Kolbeinsstaðarkirkja ..	3099.90	-	3000.00	105.75	205.65	
127. Ólafsvíkurkirkja	1144.27	-	-	51.49	1195.76	
128. Ingjaldshólskirkja	51.95	-	-	2.34	54.29	
129. Brimilsvallakirkja	1144.27	-	-	51.49	1195.76	
130. Helgafellskirkja	1497.05	-	-	67.36	1564.41	
131. Bjarnarhafnarkirkja ..	211.89	-	-	9.53	221.42	
132. Setbergskirkja	348.54	-	-	15.68	364.22	
133. Kirkjub.sj. Grafarness	47241.98	42614.52	-	3363.19	93219.69	
134. Staðastaðarkirkja	1144.27	-	-	51.49	1195.76	
135. Búðakirkja	199.86	-	-	9.00	208.86	
136. Stykkishólmskirkja ...	211.90	-	-	9.53	221.43	
Dalaprófastsdæmi:						
137. Stóra-Vatnshornskirkja	2499.32	-	2400.00	43.76	143.08	
138. Kvennabrekkukirkja ..	303.08	-	-	13.63	316.71	
139. Snóksdalskirkja	9364.50	-	-	421.40	9785.90	
140. Hjarðarholtskirkja ...	2463.33	-	-	110.84	2574.17	
141. Hvammskirkja	1845.80	-	-	83.06	1928.86	
142. Dagverðarnesskirkja ..	1779.95	-	-	80.10	1860.05	
143. Staðarhólskirkja	238.97	-	-	10.75	249.72	
144. Staðarfellskirkja	1779.95	-	-	80.10	1860.05	
145. Skarðskirkja	4195.62	-	-	188.80	4384.42	
146. Garpsdalskirkja	4195.62	-	-	188.80	4384.42	
Barðastrandarprófastsd.:						
147. Bildudalskirkja	297.72	-	-	13.39	311.11	
148. Selárdalskirkja	7781.17	-	-	350.15	8131.32	
149. Saurbæjarkirkja	2229.19	-	-	100.31	2329.50	
150. Sauðlauksdalskirkja ..	1950.31	700.00	-	105.17	2755.48	
151. Breiðavíkurkirkja	2229.19	-	-	100.31	2329.50	
152. Staðarkirkja á Reykjan.	5200.27	-	-	234.01	5434.28	
153. Flateyjarkirkja	396.10	-	-	17.82	413.92	
154. Gufudalskirkja	1159.98	-	-	52.20	1212.18	
155. Skálmarnessmúlak. ...	954.73	-	-	42.96	997.69	
156. Brjánslækjarkirkja ...	982.02	1000.00	1000.00	44.19	1026.21	
157. Hagakirkja	953.56	-	-	42.90	996.46	
158. Reykhólakirkja	2607.42	800.00	-	147.33	3554.75	
159. Stóra-Laugardalskirkja	5959.13	-	-	268.15	6227.28	
160. Patreksfjarðarkirkja ..	738.98	-	-	6.25	745.23	
V.-Ísafjarðarprófastsd.:						
161. Flateyrarkirkja	355.99	-	-	16.02	372.01	
162. Holtskirkja	9.69	-	-	0.43	10.12	

78

Kirkjur	Eign í árs- lok 1954 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1955 Kr.
163. Kirkjubólskirkja	355.99	—	—	16.02	372.01
164. Mýrakirkja	31.34	—	—	1.41	32.75
165. Sæbólskirkja	247.69	—	—	11.14	258.83
166. Staðark. í Súgandaf. ..	159.75	—	—	7.18	166.93
167. Hraunskirkja	8457.67	—	—	380.59	8838.26
168. Núpiskirkja	1934.81	—	—	87.06	2021.87
169. Þingeyrarkirkja	475.54	—	—	21.39	496.93
170. Álftamýrarkirkja	—	50.00	—	0.37	50.37
N.-Ísafjarðarprófastsd.:					
171. Ísafjarðarkirkja	56642.80	—	—	2548.92	59191.72
172. Nauteyrarkirkja	2977.20	—	—	133.97	3111.17
173. Vatnsfjarðarkirkja ...	282.34	—	—	12.70	295.04
174. Unaðsdalskirkja	2977.20	—	—	133.97	3111.17
175. Hólskirkja í Bolungav.	1462.14	—	—	65.80	1527.94
176. Ögurkirkja	3928.62	—	—	176.78	4105.40
177. Eyrarkirkja	3928.62	—	—	176.78	4105.40
178. Staðarkirkja í Aðalvík	117.97	—	—	5.31	123.28
Strandaprófastsdæmi:					
179. Staðarkirkja í Steingrf.	10239.50	—	—	460.77	10700.27
180. Prestsbakkakirkja	1170.67	—	—	52.68	1223.35
181. Staðarkirkja í Hrútaf. ..	377.65	—	—	16.99	394.64
182. Árnasskirkja	5625.77	2500.00	—	309.40	8435.17
183. Óspakseyrarkirkja	752.44	—	—	33.86	786.30
184. Kollafjarðarnesskirkja	28.54	—	—	1.28	29.82
Húnavatnsprófastsdæmi:					
185. Staðarbakkakirkja	266.02	—	—	11.97	277.99
186. Kirkjuhvammiskirkja ..	158.92	—	—	7.15	166.07
187. Hofskirkja á Skagastr.	2643.25	—	—	118.94	2762.19
188. Bergsstaðakirkja	179.19	—	—	8.06	187.25
189. Höskuldsstaðakirkja ..	10919.42	—	—	491.37	11410.79
190. Efra-Núpiskirkja	201.93	—	—	9.09	211.02
191. Bólstaðarhlíðarkirkja ..	1555.34	—	—	69.99	1625.33
192. Blönduósskirkja	2017.99	—	—	90.81	2108.80
193. Holtastaðakirkja	1555.34	—	—	69.99	1625.33
194. Spákonufellskirkja ...	29.65	—	—	1.33	30.98
195. Þingeyrarkirkja	339.05	—	—	15.25	354.30
196. Tjarnarkirkja	5.00	—	—	0.22	5.22
197. Undirfellskirkja	339.05	—	—	15.25	354.30
198. Auðkúlukirkja	4503.02	—	—	202.63	4705.65
199. Svinavatnaskirkja	1271.39	—	—	57.21	1328.60
200. Breiðabólstaðarkirkja	603.74	—	—	27.16	630.90
201. Víðadalstungukirkja ..	603.74	—	—	27.16	630.90
Skagafjarðarprófastsd.:					
202. Sauðárkróskirkja ...	10181.94	—	—	458.19	10640.13
203. Reynistaðarkirkja	796.86	—	—	35.86	832.72

Kirkjur	Eign í árs- lok 1954 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1955 Kr.	78
204. Rípurkirkja	336.20	—	—	15.13	351.33	
205. Glaumbæjarkirkja	562.67	—	—	25.32	587.99	
206. Reykjakirkja	711.35	—	—	32.01	743.36	
207. Mælifellskirkja	898.46	—	—	40.43	938.89	
208. Barðskirkja	4906.40	—	—	220.79	5127.19	
209. Hólakirkja	606.36	—	—	27.28	633.64	
210. Ábæjarkirkja	711.35	—	—	32.01	743.36	
211. Goðdalakirkja	3716.75	—	—	167.25	3884.00	
212. Silfrastaðakirkja	805.22	—	—	36.23	841.45	
213. Miklabæjarkirkja	3572.40	—	—	160.76	3733.16	
214. Flugumýrarkirkja	849.29	—	—	38.21	887.50	
215. Ketukirkja	1685.63	—	—	75.85	1761.48	
216. Viðvíkurkirkja	1873.63	—	—	84.30	1957.93	
217. Hvammskirkja	870.74	—	—	39.18	909.92	
218. Knappstaðakirkja	1811.90	—	—	81.54	1893.44	
219. Hofskirkja	476.77	—	—	21.45	498.22	
220. Fellskirkja	28.15	—	—	1.27	29.42	
221. Viðamýrarkirkja	737.21	—	—	33.17	770.38	
222. Hofsstaðakirkja	317.85	—	—	14.30	332.15	
Eyjafjarðarprófastsd.:						
223. Grímseyjarkirkja	196.15	—	—	8.83	204.98	
224. Glæsibæjarkirkja	1532.72	—	—	68.97	1601.69	
225. Hólakirkja	238.38	—	—	10.73	249.11	
226. Kaupangskirkja	254.23	—	—	11.44	265.67	
227. Grundarkirkja	238.38	—	—	10.73	249.11	
228. Saurbæjarkirkja	11732.47	—	—	527.96	12260.43	
229. Möðruvallakirkja	238.38	—	—	10.73	249.11	
230. Munkaþverárkirkja	193.10	—	—	8.68	201.78	
231. Akureyrarkirkja	143.43	—	—	6.45	149.88	
232. Lögmannshlíðarkirkja	4350.22	—	2500.00	139.25	1989.47	
233. Bakkakirkja	905.87	—	—	40.77	946.64	
234. Bægisárkirkja	432.82	—	—	19.47	452.29	
235. Urðakirkja	1716.39	—	—	77.24	1793.63	
236. Vallakirkja	204.73	—	—	9.21	213.94	
237. Upsakirkja	1716.39	—	—	77.24	1793.63	
238. Stærra-Árskógskirkja	213.73	—	200.00	7.06	20.79	
239. Hriseyjarkirkja	1716.39	—	—	77.24	1793.63	
240. Möðruvallakirkja	7150.68	—	—	321.78	7472.46	
S.-Þingeyjarprófastsd.:						
241. Laufásskirkja	3280.43	—	—	147.62	3428.05	
242. Svalbarðskirkja	1668.72	—	1600.00	53.89	122.61	
243. Hálskirkja	2616.48	—	—	117.74	2734.22	
244. Ljósavatnaskirkja	1703.66	—	—	76.66	1780.32	
245. Þóroddsstaðarkirkja	2150.19	—	—	96.76	2246.95	
246. Lundarbrekkukirkja	1703.66	—	—	76.66	1780.32	
247. Skútustaðakirkja	4393.70	—	—	197.71	4591.41	
248. Reykjahlíðarkirkja	4625.27	—	—	208.13	4833.40	

78

Kirkjur	Eign í árs- lok 1954 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1955 Kr.
249. Brettingsstaðakirkja ..	3861.46	—	—	173.76	4035.22
250. Illugastaðakirkja	21.74	—	—	0.97	22.71
251. Einarstaðakirkja	817.94	—	—	36.81	854.75
252. Grenjaðarstaðarkirkja .	6308.84	—	—	283.89	6592.73
253. Grenivíkurkirkja	1852.32	—	—	83.35	1935.67
254. Þönglabakkakirkja ...	7077.67	—	—	318.44	7396.11
255. Þveráarkirkja	817.94	—	—	36.81	854.75
256. Neskirkja	59.32	—	—	2.66	61.98
257. Flateyjarkirkjusjóður .	13266.56	200.00	—	597.00	14063.56

N.-Þingeyjarprófastsd.:

258. Skinnastaðarkirkja ...	2874.13	—	2800.00	41.13	115.26
259. Snartarstaðakirkja	740.56	—	—	33.32	773.88
260. Raufarhafnarkirkja ...	142.37	—	—	6.40	148.77
261. Svalbarðskirkja	151.28	—	—	6.80	158.08
262. Víðihólskirkja	46.17	—	—	2.08	48.25
263. Sauðanesskirkja	348.28	—	—	15.67	363.95

Samtals 2501642.97 321482.78 66332.69 117525.69 2874318.75

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 58873.42, bætt við ofangreinda upphæð — eign kirknanna í árslok —, kr. 2874318.75, verður eign sjóðsins í árslok eins og segir í aðalreikningnum, kr. 2933192.17.

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

79 MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN

Ársreikningur 1955.

Höfuðstóll:

Eign frá f. ári skv. birtum reikningi	kr. 688.74
Aukning á árinu skv. birtum reikningi	— 34.40
	Kr. 723.14

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 34.40
	Kr. 34.40

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 34.40
	Kr. 34.40

Forsætisráðuneytið, 6. marz 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

80

14. maí

Frá og með 1. júní 1956 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 12. maí 1956. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. september 1954.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 14. maí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um uppsetningu einkapóstkassa.

81

15. júní

1. gr.

Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram, getur forstöðumaður pósthúss sett það skilyrði fyrir útburði póstsendinga í hús á útburðarsvæði pósthússins, að húseigandi setji upp póstkassa undir þann póst, sem í húsið á að fara. Þó má setja bréfarifur í hurðir íbúða í stað póstkassa, þegar forstöðumaður pósthússins felst á það.

2. gr.

Gerð slíkra póstkassa eða bréfarifa, svo og staðsetning þeirra, er háð samþykki forstöðumanns hlutaðeigandi pósthúss.

3. gr.

Þess má krefjast, að póstkassar séu settir upp á neðstu hæð stórhýsis fyrir alla íbúa þess, eða við hlið eða girðingu húsa, sem ekki liggja að umferðarvegi, eða við veg, vegamót, skóla o. þ. l. í útjöðrum bæja eða utanbæjar.

4. gr.

Fyrirmæli um uppsetningu póstkassa eða bréfarifa skulu tilkynnt í ábyrgðarbréfi, og tiltekinn frestur til uppsetningar.

5. gr.

Nú hlýðir húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, án þess að hafa fært fram gildar ástæður, og tekur póst- og símamálastjórnin þá ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum samkv. 22. gr. póstlaga nr. 31/1940 skuli beitt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/1954, um breytingu á póstlögum nr. 31/1940, öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherrann, 15. júní 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem.

26

REGLUGERÐ

um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum.

1. gr.

Engum er heimilt að hafa á hendi fólksflutninga með bifreiðum sem stærri séu en svo, að þær rúmi átta farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma þrjá til átta farþega. Til áætlunarferða teljast allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðunum á ákveðinni leið og er því eigendum og eða öikumönnum óheimilt að auglýsa einstakar ferðir til fólksflutninga eða selja einstök sæti í ferð nema hafa til þess sérleyfi, undanþágu eða hópferðaleyfi. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt innan sýslu- eða sveitarfélagsins og þessir aðilar sækja um þau.

Nú hefur félag eða einstaklingur haft sérleyfisleið eitt leyfistímabil eða lengur, enda rækt starfið svo, að ekki verði með réttu að fundið, og skal þá, sé leiðin óbreytt, sá aðili að öðru jöfnu sitja fyrir um sérleyfið áfram, ef hann æskir þess.

2. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur, að nokkru eða öllu leyti, póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa, svo og ferðir og önnur tilhögun varðandi sérleyfisaksturinn.

3. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga skal miðast við ákveðnar leiðir. Í hverju sérleyfi skulu vera ákvæði um ferðatilhögun og fargjöld á sérleyfisleiðinni, svo og um póstflutninga. Sömuleiðis ákvæði er skylda sérleyfishafa til að halda uppi flutningum á leiðinni, svo lengi sem póst- og símamálastjórnin telur nauðsynlegt, og tíð leyfir og vegir teljast færir að álitni vegamálastjóra.

Nú er nokkur hluti sérleyfisleiðar ófær bifreiðum og er þá sérleyfishafi skyldur til að leita álits póst- og símamálastjórnar, hvort halda skuli uppi flutningum á þeim hlutum leiðar, sem eru færir bifreiðum. Sérleyfishafa er óheimilt að leggja niður eða fækka ferðum á sérleyfisleið án þess að hafa fengið til þess samþykki póst- og símamálastjórnar.

Sérleyfi skal vera óframseljanlegt.

4. gr.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfis skyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Skal slík undanþága miðast við ákveðnar bifreiðar, gilda til ákveðins tíma í senn og vera óframseljanleg. Í slíkri undanþágu má setja ákvæði um ferðafjölda og fargjöld á leiðinni, svo og um póstflutninga. Slíka undanþágu getur ráðherra afturkallað án fyrirvara, ef ástæða er til að dómi póst- og símamálastjórnar og skipulagsnefndar fólksflutninga.

5. gr.

82

21. júní

Óheimilt er að aka hópferðir, ferðir á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir o. þ. l. með stærri bifreiðum en svo, að þær rúmi 8 farþega, nema hafa til þess sérstakt hópferðaleyfi.

Undanþegnar hópferðaleyfisskyldu eru hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er.

Hópferðaleyfi má veita öllum sérleyfishöfum, svo og þeim öðrum, er hlotið hafa meðmæli skipulagsnefndar fólksflutninga til hópferðaaaksturs. Póst- og síma-
málastjórnin annast útgáfu hópferðaleyfa í umboði samgöngumálaráðherra, og ákveður gjaldskrá fyrir hópferðaaakstur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga.

Hópferðaleyfi skal miðað við ákveðna ferð á ákveðinni leið.

Binda má leyfið við notkun ákveðinnar tegundar bifreiðar á ákveðinni leið.

Í auglýstum hópferðum, þegar seld eru einstök sæti, er heimilt að nota farseðla, sem póst- og símamálastjórnin gefur út til notkunar í slíkum ferðum og gilda farseðlarnir þá jafnframt sem hópferðaleyfi.

6. gr.

Í hópferðaaakstri er skylt að hafa jafnan hópferðaleyfi með í bifreiðunum eða farseðla frá póst- og símamálastjórninni, sem jafnframt gilda sem hópferðaleyfi, sbr. 5. gr. Er skylt að sýna þau eftirlitsmönnum, ef þeir óska þess.

7. gr.

Fyrir hópferðaleyfi skal greiða gjald, er að upphæð samsvari sérleyfisgjaldi því, er sérleyfishöfum ber að greiða samkv. 6. gr. laga nr. 42/1956, um skipulag fólksflutninga með bifreiðum. Gjaldið skal greitt við móttöku hópferðaleyfis.

8. gr.

Nú er veitt sérleyfi fyrir ákveðna leið, og má þá enginn annar en sá, er slíkt sérleyfi hefur fengið, halda uppi fólksflutningum á leiðinni eða kafla úr henni eftir föstum áætlunum, nema að hafa til þess undanþágu frá ráðherra samkv. 4. gr. þessarar reglugerðar.

Áður en veitt er sérleyfi eða undanþága skal leita umsagnar skipulagsnefndar fólksflutninga um málið.

9. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga og sérleyfishafa, ferðaáætlun og gjaldskrá á sérleyfisleiðum.

Við ákvörðun ferðaáætlana og gjaldskrár skal hafa hliðsjón af rökstuddum upplýsingum og tillögum frá sérleyfishöfum. Sérleyfishafi er skyldur til að fylgja áætlun um burtfarar- og komutíma, svo og gjaldskrá, er póst- og símamálastjórnin setur. Óski sérleyfishafi eftir breytingu á ferðaáætlun eða gjaldskrá, skal hann senda póst- og símamálastjórninni skriflega beiðni um það, og ákveður hún, hvort gera skuli slíka breytingu. Póst- og símamálastjórnin getur hvenær sem er, ef sérstök ástæða er til, breytt ferðaáætlun og gjaldskrá, en leita skal þó áður álits viðkomandi sérleyfishafa. Ef flutningum seinkar eða ferðir falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar í stað tilkynna það póst- og símamálastjórninni og tilgreina ástæður.

- 82 Nú vill sérleyfishafi ekki hlíta ákvörðun póst- og símamálastjórnar um ferða-
21. júní áætlun eða gjaldskrá, og sker þá ráðherra úr, en leita skal þó áður álits skipulags-
nefndar fólksflutninga. Skyldur er sérleyfishafi til að hlíta ákvörðun póst- og síma-
málastjórnar þar til ráðherra hefur skorið úr.

10. gr.

Sérleyfishafi er skyldur til að fullnægja flutningaþörfinni á þeirri leið, sem hann hefur sérleyfi á, eftir því sem tekið er fram í sérleyfi hans. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, má ákveða að einn þeirra eða fleiri séu aðalsérleyfishafi, og ber hann eða þeir ábyrgð á, að flutningaþörfinni sé fullnægt, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

Farþegar skulu skyldir að panta farseðla með minnst eins klukkutíma fyrirvara áður en áætlunarferð sérleyfisbifreiðar hefst, þegar um 40—100 km ferð er að ræða. En með þriggja klst. fyrirvara sé um lengri ferðir en 100 km að ræða. Hefjist slíkar ferðir fyrir kl. 11 árdegis, skal farþegum skylt að panta farseðla ekki seinna en kl. 7 kvöldið áður.

Hverjum farþega er heimilt að hafa í fari sínu, án sérstakrar greiðslu, farangur er nemi allt að 20 kg að þyngd.

Sérleyfishafi er ekki skyldur til að leggja til aukabifreið fyrir færri en 5 farþega á lengri leiðum en 100 km vegalengd.

11. gr.

Sérleyfishafi skal á aðalviðkomu- og endastöðum, svo og í sérleyfisbifreiðunum, birta ferðaáætlun og gjaldskrá með auglýsingum á hentugum stöðum.

12. gr.

Skylt skal sérleyfishöfum og þeim, er fá undanþágu ráðherra til fólksflutningsaksturs, að afhenda öllum farþegum tölusetta farseðla, er gerðir séu eftir fyrir sögn og undir eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Farseðlar séu afhentir eigi síðar en um leið og farþegar stíga í bifreiðina. Skylt er farþegum að geyma farseðlana meðan á ferð stendur og sýna þá eftirlitsmönnum, sé þess krafizt. Sérleyfishafi er skyldur til að lála póst- og símamálastjórninni í té allar upplýsingar um tölu farþega, fjölda ferða, rekstrarreikninga og annað, er máli skiptir varðandi sérleyfisaksturinn, eftir fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar á hverjum tíma. Svo og að senda póst- og símamálastjórninni um hver áramót yfirlit yfir rekstursafkomu undanfarins árs, eigi síðar en í lok marzmanaðar.

13. gr.

Sérleyfishafa er skylt að flytja póst samkv. reglum og gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar og skipulagsnefndar fólksflutninga. Er reglur eru settar og gjaldskrá samín, skal, að svo miklu leyti sem við verður komið, hafa hliðsjón af rökstuddum upplýsingum frá sérleyfishöfum.

14. gr.

Skylt er sérleyfishafa, ef bifreið hans bilar eða verður ónothæf, að útvega aðra í hennar stað, sem póst- og símamálastjórnin tekur gilda.

15. gr.

Skylt er sérleyfishafa að kaupa og halda við tryggingum fyrir bifreiðar sínar samkv. ákvæðum laga. Nær tryggingarskyldan einnig til bifreiða, sem skrásettar eru til vöruflutninga, en notaðar eru endrum og sinnum til fólksflutninga.

Sérleyfishafi, bifreiðastjórar hans og afgreiðslumenn skulu jafnan gæta þess 82
að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni.

21. júní

Kærur út af sérleyfisakstri skulu sendar póst- og símamálastjórninni skriflega.

Halda skal bifreiðum þrifalegum að utan og innan eftir því sem við verður komið. Skal gæta þess að áletrun á skrásetningarmarki sé jafnan vel læsileg. Sérleyfishafi er skyldur til að sjá um, að framan á bifreiðum hans í föstum áætlunarferðum sé merkt greinilega nafn leiðar, sem bifreiðin ekur.

16. gr.

Um daglegan vinnutíma bifreiðastjóra skal gæta ákvæða gildandi laga og reglugerða um hvíldartíma bifreiðastjóra. Skal gæta þess að ofþreyta ekki bifreiðastjóra, svo nauðsynlegt öryggi við akstur minnki.

17. gr.

Gæta skal þess að aka þannig, að vegunum sé hlíft við skemmdum eftir því, sem við verður komið. Þyki vegamálastjóra vegakafli liggja undir skemmdum af akstri þungra bifreiða, getur póst- og símamálastjórnin í samráði við hann ákveðið, að áætlunarferðir skuli falla niður meðan svo stendur á.

18. gr.

Leita skal álits skipulagsnefndar fólksflutninga um veitingu sérleyfa og undanþága, sem veittar eru til lengri tíma en eins mánaðar. Einnig um tilhögun ferða á sérleyfisleiðum og annað það, er máli skiptir í skipulagningu fólksflutninga.

Að öðru leyti fer um störf nefndarinnar eftir reglum, er samgöngumálaráðherra setur um það efni.

19. gr.

Falli sérleyfi af einhverri ástæðu niður, tekur ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar og skipulagsnefndar fólksflutninga, ákvörðun um, hvort veita skal aftur sérleyfi á sömu leið. Verði svo ákveðið, skal auglýsa sérleyfið til umsóknar, og skal í auglýsingunni tekið fram vegalengd, fjölda ferða og fargjöld á leiðinni.

Umsækjandi skal í umsókn sinni skýra frá bifreiðakosti sínum og hvers konar bifreið hann óskar að nota til flutninganna.

20. gr.

Sérleyfishafa er skylt, á sérleyfistímabilinu, að fylgja ákvæðum laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum og reglugerða og skilmála sem settir eru samkvæmt þeim, svo og að hlíta breytingum, er gerðar kunna að verða, og þá einnig þeim breytingum, er póst og símamálastjórnin kann að gera á fjölda ferða almennt eða hjá einstökum sérleyfishöfum, svo og aðra tilhögun ferða á sérleyfistímabilinu, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Nú treystir sérleyfishafi sér ekki til að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru eða settir verða samkv. gildandi lögum eða reglugerðum, og skal hann þá tilkynna það póst- og símamálastjórninni með tveggja mánaða fyrirvara.

21. gr.

Eftirlit með því, að haldin séu lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, svo og reglugerðir og önnur ákvæði þar að lútandi, hefur póst- og símamálastjórnin í samráði við skipulagsnefnd fólksflutninga. Framkvæmd þessa eftirlits getur samgöngumálaráðherra í samráði við póst- og símamálastjórnina og skipulagsnefnd að meiru eða minna leyti falið einum eða fleiri mönnum eftir því, sem ástæður þykja til.

82 Bifreiðaeftirlit ríkisins skal sjá um að ákvæði, sem sett eru í reglugerð um 21. júní gerð og búnað almenningsbifreiða, séu haldin, sömuleiðis ákvæði í 15. gr. þessarar reglugerðar um þrifnað og útbúnað bifreiða. Lögreglustjóri á þeim stað, þar sem bifreið er skrásett, sér um, að haldin séu ákvæði um tryggingar bifreiða, sem sett eru í 15. gr. þessarar reglugerðar, og sömuleiðis ákvæði um daglegan vinnutíma bifreiðastjóra, sem sett eru í 16. gr. þessarar reglugerðar.

Heimilt er póst- og símamálastjórninni að krefjast þess að fá aðgang að öllum reikningum og bókum sérleyfishafa er við kemur sérleyfisflutningum. Póst- og símamálastjórnin getur látið stöðva bifreiðar fyrirvaralaust, sé um eftirlit að ræða eða meint brot á sérleyfislögum.

Nú telur sérleyfishafi sig órétti beittan af öðrum, sem flutninga stunda, eða af þeim, sem flutninga nota, og skal hann þá senda skriflega umkvörtun til póst- og símamálastjórnarinnar. Sé um brot að ræða á sérleyfislögum eða öðrum lögum eða reglugerðum, sendir póst- og símamálastjórnin málið til hlutaðeigandi yfirvalda, til meðferðar lögum samkvæmt.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, frá 100 til 10 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 78 6. ágúst 1936, um skipulagningu á fólksflutningum með bifreiðum, og reglugerð nr. 163 20. júlí 1943, um breyting á þeirri reglugerð og reglugerð nr. 129 8. júlí 1953, um veitingu hópferðaleyfa.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.

83

30. júní

REGLUR

um greiðslur til opinberra starfsmanna fyrir ferðakostnað o. fl. í innanlandsferðum.

1. gr.

Fæðis- og gistipeningar.

Opinberir starfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað, er þeir eru í ferðalögum í þágu starfs síns. Kostnaðurinn greiðist eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni starfsgreinar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem gisti- húsareikningar, kvittanir frá matarfélögum o. þ. h. Ef kostnaðurinn er að einhverju leyti óeðlilega eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt. Ríkisendurskoðuninni er skylt að krefjast reikninga yfir kostnaðinn, þar sem hún telur hafa verið auðvelt að afla þeirra.

Ef ferðast er þar sem erfitt er að fá kvittanir fyrir fæðis- og gistikostnaði, má greiða dagpeninga sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Þeim starfsmönnum, sem taka laun samkvæmt I.—VII. flokki laun- laganna | kr. 125.00 |
| b. Öðrum starfsmönnum | — 100.00 |

Ef gist er í tjöldum eða skálum vinnuflokka, skal greiða fæðiskostnað eftir **83** reikningi samkvæmt 1. málsgrein. Sama gildir, ef verið er heima um nætur, en fullur **30. júní** vinnudagur er unninn svo langt frá heimili, að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis, enda sé ekki um fastan vinnustað að ræða. Ef erfitt er á slíkum stöðum að fá kvittanir fyrir fæðiskostnaði, má greiða dagpeninga allt að $\frac{1}{3}$ hluta þess, sem ákveðið er í 2. málsgrein.

2. gr.

Fargjöld.

Opinberir starfsmenn fá endurgreidd fargjöld, er þeir eru í ferðalögum í þágu starfs síns. Kostnaðurinn greiðist eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn (fargjaldskvittanir). Ef kostnaðurinn er að einhverju leyti óeðlilega eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt.

3. gr.

Greiðsla fyrir afnot einkabíla.

Þegar hagkvæmt þykir að semja við opinberan starfsmann um notkun einkabíls hans í sambandi við starf hans, skal gera þar um skriflegan samning við ráðuneyti það, er viðkomandi stofnun heyrir undir, enda samþykki fjármálaráðuneytið samningsgerðina. Samningurinn sé gerður til eins árs, og gengur þá úr gildi, ef hann er ekki endurnýjaður. Í samningnum skal ákveða heildarfjárhæð þóknunar fyrir afnot bílsins og jafnframt tiltaka áætlaða aksturlengd, ef unnt er. Ef ástæða er til að ákveða ekki heildarfjárhæð þóknunar fyrir fram, má í samningi gera ráð fyrir reikningsskilum eftir á samkvæmt raunverulegri aksturlengd. Tillögu að samningi skal forstöðumaður leggja fyrir viðkomandi ráðuneyti eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, enda sé samningsgerð lokið, ef úr verður, eigi síðar en 1. marz. Þó getur fjármálaráðuneytið leyft undanþágu frá þessu ákvæði, ef stérstaklega stendur á.

4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi, en jafnframt falla úr gildi reglur nr. 42 31. marz 1951 og nr. 13 23. janúar 1953.

Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1956.

Eysteinn Jónsson.

Kristján Thorlacius.

REGLUGERÐ

um löggildingu og eftirlit með olíu- og benzínællum.

84

23. júní

I. KAFLI

Um löggildingu og prófun rennslismæla.

1. gr.

Óheimilt er að selja olíu eða benzín samkvæmt rennslismæli, nema mælirinn hafi áður verið löggiltur af Löggildingarstofunni í Reykjavík.

2. gr.

Löggildingarstofan í Reykjavík hefur með höndum eftirlit með rennslismælum. Við prófun á rennslismæli má skekkja hans ekki nema meiru en $\frac{1}{1000}$ hluta jákvætt eða neikvætt, sé um olíu að ræða, og $\frac{1}{1000}$ hluta jákvætt, sé um benzín að ræða.

II. KAFLI

Um gerð rennismæla, dælur, slöngur o. fl.

3. gr.

Þegar rennismælir er notaður, skal ávallt hafa það mikinn rennislisþrýsting með véldælu, að aldrei þurfi að handdæla, þótt ílát það, sem dælt er í, standi jafnhátt eða hærra en tankur, sem dælt er úr. Skal þrýstimælir vera á hverri oliubifreið, sem löggildingarstofan tekur gildan. Auk þess skal vera fasttengdur loftskiljari og sigti fyrir ofan hvern rennismæli.

4. gr.

Nota skal sérstakan mæli fyrir hverja tegund olíu, enda sé sami þrýstingur hafður hverju sinni, þegar mæld er sama tegund. Sé sama bifreið notuð við flutning á fleiri en einni tegund olíu, skulu sérstakir mælar notaðir fyrir hverja tegund.

5. gr.

Ekki mega vera lengri rör frá rennismæli að slöngu en 5 metrar og slanga ekki lengri en 50 metrar. Krani skal vera á enda slöngunnar. Þá má aldrei vera fleiri en ein grein leiðslu fyrir neðan mæli.

6. gr.

Fari afhending olíu fram af bryggju, skal rennismælir vera það framarlega á leiðslunni, að ekki sé lengra en 55 metrar frá mæli í skipstank. Þó getur Löggildingarstofan veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Óheimilt er að nota svokallaðar heimilisdælur við sölu á olíu eða benzíni, nema þær sýni sömu nákvæmni og hafi sömu mælitæki og öryggisbúnað og dælur, sem löggiltar hafa verið til sölu fyrir almenning. Þegar slíkar dælur eru notaðar við sölu á olíu eða benzíni, skulu þær háðar löggildingu og eftirliti Löggildingarstofunnar.

8. gr.

Ef olíusali tekur dælur, sem Löggildingarstofan hefur talið ónothæfar, og notar þær sem svokallaðar heimilisdælur, skal hann eða umboðsmaður hans, sem hefur dæluna undir hendi, skyldur að láta Löggildingarstofunni í té vottorð um, að almenningi sé ekki selt benzín samkvæmt henni.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Bili mælitæki, ber tafarlaust að taka það úr notkun og tilkynna það Löggildingarstofunni. Ekki má taka það í notkun aftur, fyrr en viðgerð hefur farið fram og tækið verið löggilt að nýju.

10. gr.

Komist eftirlitsmaður að því við skoðun, að teljarar, mælar, slöngur eða annar útbúnaður sé ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglugerðar, skal hann innsigla mælitækin þar til viðgerð hefur farið fram.

11. gr.

Skylt er eigendum mælitækja að láta löggilda þau eigi sjaldnar en á árs fresti, en heimilt er Löggildingarstofunni að framkvæma eftirlit og prófanir, hvenær sem henni finnst ástæða til.

12. gr.

84

Séu olíu- og benzínælar eða annar útbúnaður benzín- og olíuverzlana ekki í samræmi við ákvæði laga eða reglugerðar þessarar, þegar hún tekur gildi, skal mælunum lokað með 30 daga fyrirvara. Sama gildir, ef síðar verður vart við tæki í notkun, sem ekki eru í samræmi við ákvæði laga eða reglugerða.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 21 22. marz 1949, um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu, og birtist hér með til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Í atvinnumálaráðuneytinu, 23. júní 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

85

6. júlí

um skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn.

1. gr.

Sérfræðibókasöfn í eigu opinberra stofnana eða styrkt af almannaþé skulu eiga samvinnu milli sín og við Landsbókasafn um bókakaup, skrásetningu og bókalán.

Menntamálaráðuneytið getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglum þessum, séu gildar ástæður fyrir hendi.

2. gr.

Erlendar fræðibækur hvers safns skulu skráðar eftir svokölluðu Dewey-kerfi, sem notað er í Landsbókasafni. Skrár skulu vera spjaldskrár í alþjóðlegu broti, nema samkomulag sé um frávik, sem talin séu til bóta.

3. gr.

Í skráningarmiðstöð Landsbókasafns skal varðveita til almennrar notkunar einfalda eða tvöfalda samskrá þeirra sérfræðirit, sem skráð eru, eftir nánari ákvörðun landsbókavörðar. Eftirrit eftir skránni um viðeigandi efnisflokka skulu höfð í þeim söfnum öðrum, sem þeir efnisflokkar varða mjög, og bætist þar við eftirrit samsvarandi efnisflokka, sem eru í flokkuðum skráum Landsbókasafns. Samskrána og eftirrit skal auka með spjöldum nýfenginna bóka, jafnskjótt og þær koma í notkun héraendis, og viðhald skrárinnar skal í öllu vera gott. Spjöld í samskrá og eftirritum skulu merkt einkennisstöfum þess safns, sem bókin á.

4. gr.

Í skráningarmiðstöð Landsbókasafns skal varðveita óskaskrá bóka (desiderata) um þau vísindarit, sem menn á vegum sérfræðibókasafnanna telja sér mikilsverð, einnig um hliðstæð rit, sem reynsla í Landsbókasafni sýnir að séu mjög æskileg. Landsbókavörður tekur við óskaseðlum og sér um viðhald skrárinnar og breytingar í samráði við þær stofnanir og sérfræðinga, sem lagt hafa fram óskaseðla. Yfirmenn sérfræðisafna hafa samvinnu við landsbókavörð um útvegum sérfræðirit, og skal þess gætt, að ekki séu keypt óþarflega mörg eintök af sama riti. Heimilt er landsbóka-

85 verði að láta Landsbókasafn taka að sér að útvega safni sérfræðibækur með kostnaðarverði eigi síður en með þeirri bókaskiptaaðferð, sem ákveðin er í 6. gr. laga um Landsbókasafn.

5. gr.

Hvert safn um sig ber fyrirhöfn og nauðsynlegan kostnað við skráning bóka sinna og leyfir gjaldlaust að rita eftir skráum sínum í þágu samskrár.

Landsbókasafn ber nauðsynlegan kostnað við samskrána og þá leiðbeiningastarfsemi, sem eigi verður komizt hjá til að gera skráning sérfræðisafnanna nothæfa samskránni.

Háskólabókasafn og önnur sérfræðisöfn bera hvert um sig kostnaðinn við að búa sér til þær efnisflokkaskrár, sem 3. gr. ætlar þeim að eiga.

Þegar fært er, að Landsbókasafn fjölgi spjöldum skráa sinna í vél, selur það spjöldin sérfræði- eða almenningsbókasöfnum eftir reglum og taxa, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

6. gr.

Leyfilegt er yfirmönnum viðurkenndra opinberra safna að færa bækur milli þeirra, og breytast spjöld í samskrá eftir því. En rit, sem eru í samskrá, má ekkert safnanna láta, án leyfis landsbókavardar, burt úr umsjá þessa safnhóps né tortíma því viljandi.

7. gr.

Sérfræðibókasöfnin eru jafnan skyld til að ljá hvert öðru bækur, nema óvanalegt fágæti eða sífelld notkun bókarinnar banni. Um þau útlán gilda sömu ákvæði og í 22., 24.—26. gr. reglug. um Landsbókasafn á þann hátt, sem við verður komið á hverjum stað.

8. gr.

Háskólabókasafn og önnur sérfræðibókasöfn skulu senda landsbókaverði árlega skýrslu um starfsemi sína og bókaöflun. Varðveitir Landsbókasafn skýrslurnar og vinnur úr þeim með þeim hætti, að hægt sé að veita menntamálaráðuneytinu sem fyllsta vitneskju um safnaþróunina á hverjum tíma.

Gefa skal út sameiginlega ritaukaskrá, prentaða eða í fjölríti, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 44/1949, um Landsbókasafn, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 44/1950, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. júlí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

86

6. júlí

um breyting á reglugerð nr. 74 7. des. 1923, um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Í stað „75 krónur“ í 3. tölulið 2. gr. komi: 500 krónur.

2. gr.

Í stað „Tuttugu króna“ í 5. tölulið 3. gr. komi: Hundrað króna.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

87

11. júlí

um, að létt sé banni við fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 106 30. maí 1940, um bann við fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Jafnframt er vakin athygli á leiðbeiningum, er landlæknir hefur gefið út, um varnir gegn sýkingu af fýlasótt.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

88

10. júlí

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24. júlí 1940.

29. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir tillögum hreppsnefndar eða hreppsnefnda ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt og aukarétt skuli vera. Séu hreppsnefndir eigi sammála, sker sýslunefnd úr.

Sömuleiðis ákveður sýslunefnd undir hvaða aðalrétt hver aukarétt heyrir og enn fremur hverja afrétt og heimalönd ganga skal til hverrar réttar og ráða sýslumörk, nema öðruvísi sé ákveðið.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 frá 31. maí

88 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem 10. júlí hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

89
12. júlí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 15. þ. m. og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. janúar 1933, nr. 30 1. marz 1943, nr. 15 6. febrúar 1952 og nr. 26 25. febrúar 1955) um 20%, þannig að almennt viðtalsgjald, sem samkvæmt hinni upphaflegu gjaldskrá 1933 var 2 krónur, verður 12 krónur og aðrir liðir samsvarandi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 12. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

90
12. júlí

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Eyjafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir hreppum, og er hver hreppur sérstök deild. Þó getur sýslunefnd ákveðið, að tveir hreppar eða fleiri myndi sömu deild, en til þess þarf samþykki almennra sveitarfunda og hreppsnefnda hlutaðeigandi hreppa.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, en hreppsnefndir stjórna framkvæmd fjallskilanna, hver í sinni fjallskiladeild.

3. gr.

Þar sem hreppur er ein fjallskiladeild, skal hreppsnefnd, að afloknum hverjum hreppsnefndarkosningum, kjósa mann til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála hreppsins, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal sjálfur vera við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórna sundurdrætti og ráða þar réttarúmi öllu. Geti hann ekki mætt þar sjálfur, gildra forfalla vegna, ber honum að setja hæfan mann í sinn stað og á sína ábyrgð. Heimilt er hreppsnefnd að fela honum bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Þar sem tveir hreppar eða fleiri eru sameinaðir í eina fjallskiladeild, skulu hreppsnefndirnar kjósa fjallskilastjórnann sameiginlega. Fáí tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

4. gr.

90

Ekki síðar en þrem vikum fyrir göngur skal hreppsnefnd raða gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði niður á alla fjáreigendur í hreppnum og aðra þá, sem nota þar upprekstrarlönd á því ári. Skal raða dagsverkunum niður eftir fjártölu og, verði því við komið, leggja jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt fé eða fátt. Þá skal og tilnefna réttarstjóra við aukaréttir, úrtíningsmenn í réttir utanhrepps og innan og gangnaforingja fyrir gangnasvæði hreppsins. Getur enginn skorast undan að vera gangnaforingi nema hann sanni, að hann sé ófær til þess, vegna elli og heilsuleysis.

12. júlí

II. KAFLI

Um bókhald og fjallskilasjóði.

5. gr.

Í hreppi hverjum skal halda fjallskilabók, sem oddviti sýslunefndar hefur staðfest. Í hana skal rita allt, sem gerist um fjallskilamál í hreppnum, skrá yfir allar afréttir og upprekstrarheimalönd, allt með ummerkjum og tölu. Skal þess vandlega gætt að færa í bókina árlega allar breytingar, sem gerðar eru á umræddum löndum. Eftirrit af skráum þessum ber að senda oddvita sýslunefndar. Skulu þær færðar þar í sérstaka bók, sem afréttarbók heitir, og fylgir skjölum sýslunnar. Auk þess getur sýslunefnd krafizt eftirrits af fjallskilabókum að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

6. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, er af fjallskilum leiðir, getur hreppsnefnd með samþykki almenns sveitarfundar stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við byggingu og viðhald aðalrétta — um aukaréttir fer eftir ákvörðun hreppsnefnda —, kostnað við smölun og leitir, sem sveitarsjóði annars ber að greiða, þóknun til fjallskilastjóra, svo og öll gjöld önnur, sem af fjallskilunum leiðir og ekki hefur verið jafnað niður á fjáreigendur sem dagsverkum.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Niðurjafnað gjald á allt sauðfé og stóðhross í hreppnum.
- b. Tillag úr sveitarsjóði eftir ákvæðum hreppsnefndar í hvert skipti.
- c. Andvirði óskilafjár.
- d. Björgunar- og fundarlaun fyrir fé og hross, sem bjargað er úr ógöngum eða finnst í eftirleitum og við smölun, samkvæmt 11. gr., 20. gr. og 24. gr.
- e. Bætur fyrir gangnarof.
- f. Sektir fyrir brot á fjallskilareglugerðinni.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega ásamt sveitarsjóðsreikningi og færast inn í fjallskilabók hreppsins.

III. KAFLI

Um upprekstrarlönd.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gangast fyrir því, hverri í sínum hreppi, að gerð sé sveitarsamþykkt um það, að heimalönd séu notuð til upprekstrar. Skal í samþykktinni skýrt fram tekið, hvar og hver þau lönd séu og tala búpenings þess, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota ógirt heimaland sitt til upprekstrar, nema það sé þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt. Þar sem

12. júlí **90** heimalönd hafa verið, eða verða gerð að upprekstrarlandi og samgirðing aðskilur tún, engi og bithaga frá upprekstrarlandinu, er ábúendum skylt að hafa slíkar girðingar fjárheldar, hverjum á sínu landi. Sé það ekki gert og kæra berist til hreppsnefndar, skal hún fela úttektarmönnum hreppsins að meta, hvort kæran er á rökum byggð. Fáist ekki aðgert af ábúanda, skal hreppsnefnd, eftir tillögum úttektarmanna, láta framkvæma endurbótina á kostnað hans. Liggi heimalönd hreppa saman, og hagkvæmt þyki að nota þau til upprekstrar í sameiningu, geta hlutaðeigandi hreppsnefndir gert samþykkt um notkun þeirra á sama hátt og einn hreppur ætti hlut að. Upprekstrarheimalönd skal skoða sem afréttir að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarheimalönd öðlast því aðeins gildi, að meiri hluti landeigenda og sýslunefnd samþykki þær.

8. gr.

Allt land skiptist í heimalönd, upprekstrarheimalönd og afréttir. Hreppsnefnd getur með samþykki landeiganda, ábúanda og sýslunefndar tekið upp nýjar afréttir, lagt til þeirra heimalönd og hluta einstakra jarða og breytt afréttarmörkum eftir því sem þurfa þykir.

9. gr.

Hver margt afréttarpenings má reka á hverja afrétt fer eftir lögum nr. 85 16. des. 1943, um ítölu. Eftir að vorsmölun er lokið og til fyrstu gangna má enginn smala afrétt né gera afréttarpeningi ónæði, nema með leyfi hreppsnefndar.

10. gr.

Noti afréttareigandi eða umráðamaður afrétt sína eigi sjálfur, enda leyfi hann eigi öðrum upprekstur þangað, svo að ætla megi að afréttin notist eigi sem skyldi, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd tekið umráð yfir afréttinni og leigt hana til upprekstrar. En greiða skal afréttareiganda eða umráðamanni gjald fyrir eftir mati tveggja óvillhallra, dómkvaddra manna. Sama gildir, ef afrétt er eigi nýtt nema að litlu leyti eða ítala eigi fyllt.

IV. KAFLI

Um vorsmölun og rekstur til afrétta.

11. gr.

Vorsmölun skal gerð á tímabilinu frá Jónsmessu til Þorláksmessu á sumar eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar. Ber þá öllum bændum, sem sauðfé eiga eða hafa í vörzlum sínum, að hreinsa lönd sín öll. Skal smölunin gerð samkvæmt niðurröðun hreppsnefndar á sama hátt sem haustgöngur væru. Hvílir sama skylda á fjáreigendum við vorsmalanir sem haustmalanir, svo sem með bæjarrekstra og annað, er smöluninni við kemur. Þó er eigendum og umráðamönnum afrétta, sem búa í svo mikilli fjarlægð þaðan, að telja má víst, að fé þeirra sé ekki runnið þangað fyrir vorsmölun, ekki skylt að taka þar þátt í annarri smölun en löggöngum að hausti. Telji hreppsnefnd líkur til þess, að fé hafi runnið á afréttir þessar áður en vorsmölun er gerð, ber henni að hlutast til um, að þær séu smalaðar, en taka má hún gjald fyrir af eigendum fjár þess, er þá finnst þar, þó aldrei meira en tíu krónur fyrir hverja kind, aðrar en vorlömb, og aldrei hærrí upphæð í heild en sem sanngjörnum smölunarkostnaði nemur. Sama smölunarskylda gildir um heimalönd bænda þeirra, sem sauðlausir búa, að öðru leyti en því, að þá ber ekki að greiða smölunargjald.

12. gr.

90

12. júlí

Þegar að vorsmölun lokinni skal allt sauðfé rekið í afrétt eða upprekstrarheimaland. Heimilt er þó að hafa sauðfé í eyjum eða sauðheldum girðingum yfir sumarið. Geti einhver fjáreigandi ekki fengið upprekstrarleyfi, ber honum að snúa sér til hreppsnefndar með beiðni um, að hún ráði þar bót á, ef unnt er. Takist það ekki, er honum vítalaut að sleppa fé sínu heima.

13. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands, er skyldur til að gefa hlutað-eigandi hreppsnefnd, fyrir júlilok ár hvert, skýrslu um það, hverjir noti afrétt hans eða upprekstrarland annað það sumar, og fyrir hvað margt fé. Skulu innansveitarmenn sitja fyrir utansveitarmönnum um afréttarnot og sýslubúar fyrir utansýslubúum. Aldrei má leyfa upprekstur á utansveitarfé í upprekstrarheimalönd.

V. KAFLI

Um fjallskil á haustin.

14. gr.

Noti fjáreigandi upprekstrarland á utansveitarafrétt, en innan sýslunnar, ber honum að inna þau fjallskil af hendi fyrir þann fjárfjölda, er hann hefur í afréttina rekið, eftir þeim reglum, sem þar gilda. Þó hefur hreppsnefnd þess hrepps, er hann býr í, rétt til að leggja á hann fjallskiladagsverk í heimasveit sinni, en þó aðeins það, sem á kann að vanta, að hann hafi jafna fjallskilaskyldu hlutfallslega eftir fjáreign og sveitungar hans aðrir. Noti fjáreigandi afrétt utan sýslu, og geri þar fjallskil, má leggja á hann fjallskiladagsverk í heimasveitinni eftir sömu reglu.

15. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að gera þau fjallskil, sem hreppsnefnd leggur á hann og eru í samræmi við fjallskil þau, sem öðrum hreppsbúum er gert að leysa af hendi. Bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum, svo og gamalmönnum, má veita undanþágu frá fjallskilum að einhverju eða öllu leyti.

16. gr.

Löggöngur skulu vera tvennar á hausti hverju. Þó getur hreppsnefnd, með samþykki oddvita sýslunefndar, ákveðið þrennar göngur í hreppi sínum. Fyrsti gangnadagur skal vera mánudaginn í tuttugustu og annarri viku sumars, nema í Öngulstaðahreppi, en þar skal gengið samtímis því sem gengið er í vesturhreppum Suður-Þingeyjarsýslu. Ganga skal með viku millibili. Oddviti sýslunefndar getur eftir beiðni hreppsnefnda, úr einum hreppi eða fleirum, ákveðið aðra gangnadaga eftir því, sem þörf telst.

Í löggöngum skal ganga land allt, jafnt heimalönd sem afréttir, undir stjórn gangnaforingja og með þeim mannafla, sem hreppsnefnd hefur tiltekið. Komi óveður, svo að göngur verði eigi að notum, getur hreppsnefnd skipað fyrir um aðrar göngur þegar í stað. Hið sama gildir um vorsmölun.

17. gr.

Hreppsnefndir skipta fjallskiladeildum í gangnasvæði og gera tillögur um, hvernig hvert gangnasvæði er gengið, en leita síðan samþykkis almenns sveitarfundar, hver í sínum hreppi, þar um. Síðan skal skrá gangnasvæði í fjallskilabókina ásamt tilhögun á göngum á hverju þeirra fyrir sig, og venjulega dagsverkatölu í hverjum göngum.

90

12. júlí

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema lögmæt forföll hindri, ber þeim þá að setja fullgilda menn í stað sinn. Gangnaforingjar skera úr um, hverjir eru fullgildir gangnamenn. Óhlýðnist gangnamaður gangnaforingja, eða sýni hirðuleysi, varðar það sektum. Vanræki fjáreigandi að gera þau fjallskil, sem honum ber, eða leggur ógildan mann til fjallskila, og er honum það sjálfrátt, þá greiði hann bætur fyrir til sveitarsjóðs eða fjallskilasjóðs, og skal hvert vanrækt dagsverk greiðast samkvæmt gildandi vegavinnutaxta. Sé brotið endurtekið, má heita sektum að auki. Gangnaforingjum ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um öll gangnarof, þegar að hverjum göngum loknum.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfnin séu rekin tafarlaust til rétta, telst það gangnarof, ef gangnamaður yfirgefur safn fyrr en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Heimilt er hreppsnefnd þó að veita leyfi til þess, að fjallsöfn séu rekin inn í heimaréttir til sundurdráttar í síðari göngum, ef gangnaforingi samþykkir og ábyrgist úrtíning þaðan til réttar, en heimilt er gangnamönnum öðrum að fara frá safni, er það hefur verið rekið í heimarétt. Við sundurdrátt í heimarétt skal draga heimaféð úr safninu, og ber gangnaforingja að sjá um, að svo sé gert.

20. gr.

Ef fé festist í ógöngum, skal hreppsnefnd svo fljótt sem unnt er hlutast til um að bjarga því. Kostnaður sá, sem af björguninni leiðir, greiðist af eigendum fjárins eftir mati hreppsnefndar, nema ef óskilafé er, þá af sveitarsjóði eða fjallskilasjóði.

21. gr.

Þegar löggöngum er lokið, skal hreppsnefnd skipa fyrir um smalanir heimalanda, svo oft sem hún telur þörf á vera, þangað til fé hefur verið tekið í hús. Ber öllum fjáreigendum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar í því efni, og jafnan skulu heimalönd smöluð jafnhliða því sem eftirleit er gerð á afréttum. Liggi heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir ákveða í samningu, hvernig smölun er hagað þar.

22. gr.

Fjáreigendur allir, sem land hafa til afnota, nema afgirt sé með fulltryggri, fjárheldri girðingu, eru skyldir til að smala heimalönd sín eftir því, sem hreppsnefnd mælir fyrir, og reka ókunnugt fé, svo fljótt sem við verður komið, í bæjarrekstri, þá leið, sem það á að ganga, skal það síðan rekið bæ frá bæ, þar til hver kind er til skila komin. Ein kind telst ekki rekstur, og ber eiganda að annast um flutning hennar. Séu illviðri og snjóar, svo að rekstur stöðvast, skal gefa fénu hey eftir þörfum. Sleppi einhver bæjarrekstri, telst það sem gangnarof, og auk þess greiði hann skaða allan, er þar kann af að hljóta. Hreppsnefnd skal gefa glögg fyrirmæli um göngu bæjarrekstra. Þeim fjáreigendum, sem svo eru í sveit settir, að óvenju mikill rekstrabungi hvílir á þeim, má ívilna með fjallskilakostnaði.

Um smölun á landi bænda þeirra, sem fjárlausir eru, fer eftir ákvæðum 11. gr.

23. gr.

Þyki einhverjum sér vera gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til þess að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kærana. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Þó getur enginn með því að kæra yfir of miklum fjallskilum, skotið sér undan því að inna þau af hendi, en reynist kærana á rökum reist, skal sveitarsjóður eða fjallskilasjóður greiða kæranda bætur eftir sömu reglum og gangnarof eru bætt, samkvæmt 18. gr.

24. gr.

90

12. júl

Viku eftir löggöngur skal gera eftirleit á öllum afréttum sýslunnar samtímis því, sem fjáreigendur smala heimalönd, þó getur hreppsnefnd ákveðið aðra eftirleitardaga, ef hentara þykir. Fé það, sem þá finnst, og eigendur hirða ekki um leið, skal rekið til sundurdráttar í aðalrétt og þaðan í bæjarrekstrum til næstu bæja eða bæjar. Verði þess vart, að fé sé enn á afréttum að eftirleit lokinni, ber hreppsnefnd að sjá um, að því sé smalað. Smölunarkostnaðinn greiða eigendur fjárins, þó ekki meira en tuttugu og fimm krónur fyrir kind, og aldrei hærra gjald í heild en sem nemur sanngjarnri þóknun fyrir smölunina. Verði ágreiningur út af gjaldinu, úrskurðast það af tveimur kunnugum, dómkvöddum mönnum.

VI. KAFLI

Um réttir.

25. gr.

Aðalrétt skal vera ein í fjallskiladeild hverri.

Þær eru:

Í Öngulsstaðahreppi: Þverárrétt.

Í Saurbæjarhreppi: Borgarrétt.

Í Hrafnagilshreppi: Reykárarétt.

Í Glæsibæjarhreppi: Vaglarétt.

Í Öxnadalshreppi: Þverárrétt.

Í Skriðuhreppi: Hallfríðarstaðarétt.

Í Arnarneshreppi: Reistararétt.

Í Árskógshreppi: Árskógrétt.

Í Svarfaðardalshreppi: Tungurétt.

Í Dalvíkurhreppi: Dalvíkurrétt.

Aðalrétt má ekki flytja úr stað, nema með samþykki almenns sveitarfundar, hreppsnefndar og sýslunefndar. Aukaréttir skulu vera sem þurfa þykir eftir ákvæðum sveitarfundar og hreppsnefndar.

Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir rétt og hleðsluefni í hana, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi og engjum. Enn fremur má ekki staðsetja rétt þar, sem ætla má að land verði tekið til ræktunar í náinni framtíð, nema landeigandi leyfi.

26. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sama hrepps, og skal að jafnaði réttað í aukaréttum degi fyrr en sundurdráttur er að aðalrétt. Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið til aðalréttar af mönnum, sem hreppsnefnd hefur til þess kvatt. Þar skulu þeir starfa að sundurdrætti undir stjórn fjallskilastjóra og síðan reka fé það, sem upp hefur verið dregið til þeirra aukaréttar, þar sem eigendur fjárins búa næst. Enginn má reka frá aðalrétt fyrr en úrtíningur hefur verið dreginn upp til fulls, nema fjallskilastjóri leyfi.

27. gr.

Sundurdráttur úrtínings að aðalrétt skal hafinn svo snemma dags sem hægt er. Skal þar draga sundur eftir markaskrár, eftir því sem þörf er á. Skal hreppstjóri tilnefna tvo menn í markdóm, sem sker úr um vafamörk. Verði markdómsmenn eigi sammála, sker hreppstjóri úr. Úrskurði markdóms verður ekki hrundið. Ómerkinga skal, bæði í aukaréttum og aðalrétt, draga í sérstakan dilk undir eftirliti réttarstjóra, og skal þar öllum gefinn kostur á að leiða ær þangað til að helga sér

90 lömb sín. Um eignarrétt á móðurlausum ómerkingum fer að landslögum. En skylt 12. júlí er að afhenda ómerkinga þá til slátrunar sem væru þeir eigendalaust fé.

28. gr.

Allt fé, sem farið hefur yfir varnarlinur sauðfjárveikivarnanna, og annað, sem eigi finnast eigendur að, skal fjallskilastjóri taka þegar í vörzlu og tilkynna tafarlaust umboðsmanni sauðfjárveikivarnanna um tölu þess, mörk og önnur einkenni, en umboðsmaður sauðfjárveikivarnanna sér um slátrun fjárins. Leiki grunur á um eignarrétt manns eða manna á óskilakindum, skal slátra þeim eigi að síður sem öðru óskilafé, en gera skal fjallskilastjóri mönnum þessum aðvart, svo að þeim gefist tækifæri til að sanna eignarrétt sinn á kindunum.

VII. KAFLI

Um stóðhross.

29. gr.

Stóðhross öll ber að reka til afrétta eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Þó mega veturgömmlu trippi, sem ganga undir mæðrum sínum tömdum, vera í heima-högum sumarlangt, svo og öll stóðhross önnur, séu þau geymd í traustum, grip-heldum girðingum.

30. gr.

Eigendur og umráðamenn afrétta þeirra, þar sem stóðhross ganga, eru skyldir til að greiða allan kostnað við fyrirstöðu hrossanna vegna. En bóndi sá, er næstur býr afrétt, hefur bæði rétt og skyldu til þess að hafa fyrirstöðuna á hendi. Náist ekki samkomulag um fyrirstöðugjaldið, sker hreppsnefnd úr.

31. gr.

Gangi hross úr afrétt eða heitarlöndum í heimalönd, geta þeir, sem fyrir áganginum verða, tekið þau í vörzlu. En jafnframt ber þeim að tilkynna þeim, er fyrirstöðuna hefur á hendi, eða eigendum hrossanna, tafarlaust um töku þeirra. Ber þá að leysa þau út með tuttugu króna gjaldi fyrir hvert hross yfir sólarhringinn. Auk þess ber að greiða kostnað við tilkynningu. Gjaldið skal greitt um leið og hrossanna er vitjað, ella ber ekki að afhenda þau. Vitji fyrirstöðumaður eða eigandi eigi hrossanna innan þriggja sólarhringa frá tilkynningu, skal bjóða þau svo fljótt upp, sem unnt er.

32. gr.

Gangi stóðhross af utansýsluafréttum á afréttir eða heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært yfir því til oddvita sýslunefndarinnar. Ber honum þá að leita samninga við nágrannasýsluna um, að áganginum verði afstýrt. Náist ekki samningur þar um, eða sé hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald, hvenær sem er, og fara með þau samkvæmt ákvæðum 31. gr.

33. gr.

Hreppsnefndum ber að láta smala öllum stóðhrossum af afréttum og heimalöndum til rétta, eigi síðar en fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skulu þau dregin þar í sundur. Óskilahross, sem þá koma fyrir, skulu seljast við opinbert uppboð með þriggja vikna auglýsingafresti fyrir sóludag. Þurfi að hafa hrossin í vöktun, má vöktunargjald fyrir hvert þeirra vera átta krónur um sólarhring, en tólf krónur, hafi heygjöf þurft. Vöktunargjaldið ber að greiða jafnframt því sem hrossanna er vitjað, ella skulu þau eigi af hendi látin.

34. gr.

90

Séu hross tekin í hald á löglegan hátt og tilkynningarskyldu fullnægt, ber hrossaeigendum að leysa þau út með tuttugu krónum fyrir hvert hross yfir sólarhringinn. 12. júlí

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

Um fjármörk og merkingar á búfé fer eftir reglugerð um fjármörk í Þingeyjar-sýslu og Eyjafjarðarsýslu.

36. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir sýslunefnd og úrskurð hennar.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 krónum til 2000 krónur, og renna þær í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

38. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal reka sem opinber mál.

39. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 35 frá 16. apríl 1934 fyrir Eyjafjarðarsýslu, um fjallgöngur og fjárskil, og breyting á sömu reglugerð, nr. 72 frá 4. maí 1948 og nr. 59 frá 20. apríl 1949.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Verðlaunasjóðs Þorvalds Thoroddsens, 91
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. júlí 1956. 12. júlí
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Þorvalds Thoroddsens.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Þorvalds Thoroddsens. Hann er eign Mennta-skólans í Reykjavík.

2. gr.

Rektor skólans hefur með höndum vörzlu sjóðsins og heldur honum á vöxtum með ráði skólastjórnar.

91

12. júlí

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en öllum ársvöxtum skal verja til verðlauna. Skólastjórn veitir verðlaun eftir tillögu náttúrufræðikennara. Rektor afhendir verðlaun við skólauppsögn.

3. gr.

4. gr.

Verðlaun skal veita þeim nemanda í efsta bekk, sem þykir skara fram úr öðrum um þekkingu og áhuga á náttúrufræði. Að jafnaði skal veita ein verðlaun á ári hverju. Þó má fleiri veita eða engin, ef það þykir rétt.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 15. maí 1956.

92

13. júlí

REGLUGERÐ

um nemendafjölda fastra kennara, afslátt á kennsluskyldu vegna aldurs, aukastörf kennara, árlegan starfstíma kennara við gagnfræðastigsskóla, sem laun miðast við, og þóknun til skólastjóra við skóla, sem tví- og þrískipað er í.

I. KAFLI

Um nemendatölu hvers kennara.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, enda sé tala þeirra miðuð við nemendafjölda, árlegan kennslutíma og hversu verknám er mikið. Nemendafjöldi hvers fasts kennara, án afsláttar í kennsluskyldu, skal vera sem hér segir:

A. Í barnaskólum:

Tala nemenda	9 mán.	8 mán.	7 mán.	6 mán.
150 og fleiri	40 nem.	35 nem.	30 nem.	25 nem.
110—150	38 —	33 —	28 —	23 —
71—110	34 —	29 —	24 —	19 —
70 og færri	30 —	25 —	20 —	15 —

B. Í gagnfræðastigsskólum:

a. Bóknám:

90 og fleiri	30 —	28 —	26 —	24 —
61—90	28 —	26 —	24 —	22 —
60 og færri	26 —	24 —	22 —	20 —

b. Bóknám og verknám, þar sem verknám er $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{3}$ hl. náms-efnis:

90 og fleiri	28 —	26 —	24 —	22 —
61—90	26 —	24 —	22 —	20 —
60 nem. og færri	24 —	22 —	20 —	18 —

c. Bóknám og verknám, þar sem $\frac{1}{3}$ — $\frac{5}{12}$ hl. námsefnis er verknám:

Tala nemenda	9 mán.	8 mán.	7 mán.	6 mán.	92
90 og fleiri	26 nem.	24 nem.	22 nem	20 nem.	13. júlí
61—90	24 —	22 —	20 —	18 —	
60 og færri	22 —	20 —	18 —	16 —	
d. Bóknám og verknám, þar sem verknám er $\frac{1}{2}$ — $\frac{1}{2}$ hl. náms-efnis:					
90 og fleiri	24 —	22 —	20 —	18 —	
61—90	22 —	20 —	18 —	16 —	
60 og færri	20 —	18 —	16 —	14 —	
e. Verknámsskóli, þar sem verknám er $\frac{1}{2}$ námsefnis eða meira:					
90 og fleiri	15 —	14 —	13 —	12 —	
61—90	14 —	13 —	12 —	11 —	
60 nemendur og færri	13 —	12 —	11 —	10 —	

C. Í húsmæðraskólum:

a. Heimavistarskólar:				
36 og fleiri	12 —	11 —	10 —	
25—36	11 —	10 —	9 —	
24 og færri	10 —	9 —	8 —	
b. Heimangönguskólar:				
36 og fleiri	16 —	15 —	14 —	
25—36	15 —	14 —	13 —	
24 og færri	14 —	13 —	12 —	

2. gr.

Nemendafjöldi hvers skólustjóra og kennara, sem fær afslátt frá kennsluskyldu skv. 9. gr. þessarar reglugerðar svo og vegna aldurs og skólustjórarstarfa, lækkar í hlutfalli við kennsluskyldu hans.

3. gr.

Á því skólaári, sem kennari verður 55 ára skal fækka kennslustundum (skyldustundum) hans og aftur, þegar hann verður 60 ára eins og hér segir:

Í barnaskólum	6 stundir á viku í hvort sinn.
Í gagnfræðastigsskólum	5 — — — — —
Í húsmæðraskólum	6 — — — — —

II. KAFLI

Um mat á aukastörfum.

4. gr.

Aukastörf, sem taka ber tillit til í sambandi við starfstíma og launagreiðslur til kennara, eru þessi:

1. Umsjón í heimavistarskólum, svo sem með útivist nemenda, borðhaldi, lestri og tómsundavinnu þeirra.
2. Önnur umsjónarstörf, svo sem með bókasafni skólans og áhöldum, félags- og skemmtanalífi nemenda, með nemendum, sem verða að dvelja fram yfir kennslutíma á skólastað vegna áætlunar- eða skólabifreiða.

92

13. júlí

Um greiðslur fyrir stílaleiðréttingar og hliðstæða heimavinnu kennara gilda sérstakar reglur svo fremi, að eigi sé veittur afsláttur frá kennsluskyldu þeirra vegna, en um þann afslátt gilda sömu reglur og um getur í 6. gr.

5. gr.

6. gr.

Um mat á aukastörfum þeim, er um ræðir í 4. gr. og síðasta málslið 5. gr., gildir sú regla, að hverjar 3 klst. í umsjón o. þ. h. jafngilda 2 kennslustundum.

7. gr.

Til umsjónar og eftirlitsstarfa í heimavistarskólum (sbr. 1. tölulið 4. gr.) skal ætla hverjum skóla þann tíma á viku hverri, sem hér segir:

A. Í barnaskólum:

Með allt að 20	nem. alls:	18 klst.
— — — 20—50	— —	24 —
— — — 50 o. fl.	— —	36 —

B. Í héraðsskólum:

Með allt að 50	— —	18 —
— — — 50—100	— —	36 —
— — — 100 o. fl.	— —	54 —

C. Í húsmæðraskólum:

Með allt að 20	— —	18 —
— — — 20—50	— —	24 —
— — — 50 o. fl.	— —	36 —

8. gr.

Skólastjóri gerir í samráði við skólanefnd rökstuddar tillögur um stundafjölda, sem nauðsynlegur er til þeirra umsjónarstarfa, sem getið er í 2. tölulið 4. gr. Sendir hann hlutaðeigandi námsstjóra tillögurnar, sem sendir þær ásamt álitinu sínu áfram til fræðslumálaskrifstofunnar og fjármálaeftirlitsmanns skólanna.

9. gr.

Dóknun til kennara fyrir aukastörf má reikna þannig:

- sem afsláttur í kennsluskyldu,
- sem lenging árlegs starfstíma, er þó verði ekki lengri en 9 mánuðir,
- sem stundakennslu (sbr. 6. gr.).

III. KAFLI

Um árlegan starfstíma gagnfræðastigsskóla, sem laun kennara eru miðuð við.

10. gr.

Laun kennara við gagnfræðastigsskóla, er starfa í 8 mánuði, skal miða við 9 mánaða starf, í 7 mánuði, skal miða við 8 mánaða starf, í 6 mánuði, skal miða við 7 mánaða starf.

Eigi skal þessi lenging tímans, sem laun eru miðuð við, hafa áhrif á daglega (vikulega) kennsluskyldu kennara frá því, sem nú er, en tilkall á skólinn til starfa kennara fyrir og eftir hinn árlega, reglulega kennslutíma, sem þessari lengingu tímans nemur, ef þörf krefur.

IV. KAFLI

92

Þóknun til skólustjóra í tví- eða þrískipuðum skólum.

13. júlí

11. gr.

Einskipað er í skóla, þegar allir deildir skólans rúmast í skólahúsnæðinu samtímis þann tíma, sem til þess þarf að fullnægja kennslu samkvæmt stundaskrá hinna ýmsu aldursdeilda, allt að $5 + 1 = 6$ klst., samfelldan skólatíma.

Skóli skal teljast einskipaður, þrátt fyrir það að kennsla í sérgreinum einstakra deilda og námsflokka fari fram eftir aðalskólatíma. Sama gegnir, þótt einni eða fáum bekkjardeildum sé kennt síðdegis, ef það skólustarf, tví- eða þrískipningin, nær ekki 20% af deildafjölda daglegs starfstíma eða kennslurýmis einskipaðs skóla.

Sé skólinn fullskipaður frá kl. 8 f. h. til kl. 6—7 e. h., þar með talinn tíminn kl. 12—1 e. h., telst tví- eða þrískipan vera 100%, miðað við einskipaðan skóla. Skal þá greiða skólustjóra hámarksþóknun, enda taki hann ekki laun fyrir kennslu í skólanum á sama tíma.

12. gr.

Sé skólinn tví- eða þrískipaður að einhverju leyti, viss prósenttala af deildum, kennslurými og fullum daglegum kennslutíma einskipaðs skóla, greiðist þóknunin hlutfallslega eins og hér segir:

1.	Nái tvisetningin	20%	verður þóknun	$\frac{1}{5}$	af hámarksþóknun.
2.	—	40%	—	$\frac{2}{5}$	—
3.	—	60%	—	$\frac{3}{5}$	—
4.	—	80%	—	$\frac{4}{5}$	—
5.	—	100%	—	$\frac{5}{5}$	—

13. gr.

Þóknunin skal vera eins og hér segir:

- Hámarkslaun, þegar tví- og þrískipan nær 100%, nemi þá 25% af launum viðkomandi skólustjóra.
- Þegar tví- og þrískipan nær 80%, verði þóknun 20% af launum.
- — — — — 60%, — — — 15% — —
- — — — — 40%, — — — 10% — —
- — — — — 20%, — — — 5% — —

Fjármálaeftirlitsmaður skólanna skal endurskoða árlega, hver þóknunin skal vera, því að hún getur verið breytileg.

14. gr.

Rísi ágreiningur um skilning á reglugerð þessari, sker menntamálaráðuneytið úr.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41/1955, ákvæðum 21. gr. launalaga nr. 92/1955, heimild í 17. gr. laga nr. 34/1946 og 38. gr. laga nr. 48/1946, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 13. júlí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Þverárþings.

1. gr.

Búnaðarfélag, er að samþykkt þessari standa eru: Búnaðarfélag Hvitársíðu-hrepps, Búnaðarfélag Þverárhlíðarhrepps, Búnaðarfélag Norðurárdalshrepps og Búnaðarfélag Stafholtstungnahrepps, í Mýrasýslu.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltatraktora með viðeigandi verkfærum.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa 4 menn, kosnir af aðalfundi ræktunarsambandsins til tveggja ára í senn og jafnmargir til vara. Stjórnarnefndarmenn skulu vera búsettir sinn í hverjum hreppi. Verði ágreiningur innan stjórnarinnar, sker formaður úr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt sem fulltrúar búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa, allir stjórnarnefndarmenn allra búnaðarfélaga á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á fundinum liggi fyrir vinnubeiðnir ársins. Skulu þær ganga fyrir þeim beiðnum, er síðar berast. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn og einn til vara. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmeets aðalfundar.

5. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 500 000.00. Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram sem óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafnóðum og framlög eru greidd.

6. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því sem fyrir er mælt í 1.—5. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar-samþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

7. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmeatum stofnfundi ræktunarsambandsins;

3. aukaaðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

93

14. júlí

Samþykkt þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

94

16. júlí

fyrir Ræktunarsambandið Hvalfjörður.

1. gr.

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Akraneskaupstaðar, Búnaðarfélag Innri-Akraneshrepps, Búnaðarfélag Skilmannahrepps, Búnaðarfélag Leirár- og Melahrepps og Búnaðarfélag Hvalfjarðarstrandahrepps, í Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltatraktora með víðeigandi verkfærum, og önnur áhöld, er henta þykir.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa fimm menn, formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Kjörnir af búnaðarfélagunum á sambandssvæðinu, til þriggja ára í senn og jafnmargir til vara. Þó skal fyrsta stjórnin aðeins kosin til eins árs.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarfundir eru lögmatir, ef meiri hluti stjórnarnefndarmanna eru mættir.

4. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt sem fulltrúar búnaðarféлага þeirra, er að samþykkt standa, allir stjórnarnefndarmenn allra búnaðarféлага á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn og einn til vara. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmeats aðalfundar.

5. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram sem óafturkræft framlag

94 $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, 16. júlí ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafnóðum og þau eru greidd sem framlög til vélakaupanna.

6. gr.

Samþykkt þessari má aðeins breyta á aðalfundi, með minnst $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna.

7. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því sem fyrir er mælt í 1.—5. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar-samþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

8. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarféлага þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmetum stofnfundi ræktunarsambandsins;
3. aukaaðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

95
16. júlí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Mýramanna.

1. gr.

Búnaðarfélag þau í Mýrasýslu, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Borgarhrepps, Búnaðarfélag Borgarneshrepps, Búnaðarfélag Álftaneshrepps og Búnaðarfélag Hraunhrepps.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltadráttarvélar með víðeigandi verkfærum og önnur þau tæki, sem henta þykja.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Skal einn maður kosinn af hverju búnaðarfélagi og einn af aðalfundi ræktunarsambandsins, allir til tveggja ára í senn, þó þannig, að eftir eitt ár gangi tveir menn af þeim

búnaðarfélagskjörnun úr stjórninni eftir hlutkesti. Stjórnin annast um kaup á vélum, 95 rekstur þeirra, tryggingu og reikningshald sambandsins og annað, sem við kemur 16. júlí rekstri þess.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt stjórnarnefndarmenn allra búnaðarféлага á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur og einn til vara til tveggja ára í senn. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmæts aðalfundar.

5. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafn-
óðum og framlög eru greidd.

6. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því, sem fyrir er mælt í 1.—5. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktarsamþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

7. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarféлага þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmætum stofnfundi ræktunarsambandsins;
3. auka-aðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

um Grænmetisverzlun landbúnaðarins og mat og flokkun á garðávöxtum.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins, þar með talin stjórn og rekstur Grænmetisverzlunar landbúnaðarins. Framleiðsluráð getur falið sérstakri nefnd manna stjórn verzlunarinnar að meira eða minna leyti í umboði sínu. Framleiðsluráð ræður framkvæmdastjóra, er annast daglega stjórn Grænmetisverzlunarinnar, og ræður hann annað starfsfólk fyrirtækisins eftir þörfum.

Endurskoðendur Grænmetisverzlunarinnar skulu vera tveir, annar tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en hinn skipaður af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins hefur með höndum heilðsölu á innlendum kartöflum og garðávöxtum. Einnig gróðurhúsaframleiðslu eftir ákvörðun Framleiðsluráðs. Enn fremur sér verzlunin, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, um innflutning þessara vörutegunda og heilðsölu þeirra eftir því sem ráðuneytið felur henni.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins kaupir innlendar kartöflur og grænmeti af framleiðendum, eftir því sem ástæður leyfa. Skal hún svo sem fært þykir veita móttöku að haustinu kartöflum og gulrófum frá þeim héruðum, sem erfiðast eiga um flutning að vetrarlagi. Þó skal taka tillit til vörugæða á þann hátt, að láta betri vöru sitja fyrir þeirri lakari.

3. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal ávallt fylgjast vel með uppskeruhorfum, uppskeru og birgðum af kartöflum og öðrum matjurtum í landinu, svo hægt sé að stilla innflutningi á vörum þessum svo í hóf, að hann ekki torveldi sölu á innlendri framleiðslu.

4. gr.

Þegar svo mikil uppskera er af innlendum kartöflum, að útlit er fyrir að úrvals kartöflur og I. fl. kartöflur seljist ekki að fullu til manneldis, getur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum Framleiðsluráðs, bannað sölu á II. flokks kartöflum til neyzlu.

5. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins ber að athuga á hvern hátt sé hægkvæmast að gera verðmætan þann hluta kartöflurframleiðslunnar, sem ekki selst til manneldis hverju sinni, og að gera þær ráðstafanir þar að lútandi, er tiltækilegastar þykja.

6. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu innlendu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöflutegunda og leita um það samráðs og samstarfs við tilraunaráð jarðræktar og tilraunabúin, og síðan semja við einstaka framleiðendur um ræktun útsæðis af þeim stofnum. Skal ræktun þessi háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

7. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal, í samráði við framleiðsluráð, stuðla að því, að markaðurinn nýtist sem allra best, og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Skipuleggja skal dreifingu og sölu þannig, að komist verði

hjá óþörfum flutningum. Grænmetisverzlunin skal á allan hátt beita sér fyrir bættri 96 meðferð vörunnar, svo sem með því að stuðla að byggingu á góðum geymsluhúsum 16. júlí á hentugum stöðum, þar sem aðstaða sé til fullkominnar flokkunar og annarrar meðferðar vörunnar, svo að hún verði sem seljanlegust og komist óskemmd og sem bezt til neytenda.

Skal Grænmetisverzlunin kynna sér hliðstæða starfsemi og hér um ræðir í nágrannalöndunum, svo og úrræði til lausnar þeim vandkvæðum, er skapast þegar framleiðslan er meiri en neyzluþörfin innanlands, sbr. 4. gr.

8. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um útgáfu fræðslurita um ræktun, tegundaval, meðferð og neyzlu matjurta. Skal í þeim efnum hafa viðræður við félög garðræktarmanna, svo og neytendasamtök landsins og samtök smásöluverzlana.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar aðalmatsmann, er vinnur að mati kartaflna og annarra matjurta í Reykjavík, og leiðbeinir um mat á öðrum stöðum.

Lögreglustjórar skipa matsmenn á helztu framleiðslu- og markaðsstöðum utan Reykjavíkur, eftir því sem þörf krefur. Laun matsmanna skulu ákveðin af ráðherra.

10. gr.

Allar innlendar kartöflur, sem seldar eru til manneldis, skulu aðgreindar í þrjá flokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

11. gr.

Verzlunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Sé vafi á því, í hvaða flokki selja skuli kartöflur, skal leita um það úrskurðar hlutaðeigandi matsmanns, en selja þær ella sem II. flokks vöru. Allar kartöflur, sem seldar eru í smásöluverzlunum, skulu greinilega auðkenndar með merkjum á umbúðum eða á annan hátt, svo að auðsætt sé, hvers flokks þær eru. Heiti tegundar (afbrigði) skal tilgreint á kartöflum, sem metnar hafa verið í úrvalsflokk og I. flokk.

Á tímabilinu frá því að uppskera hefst og til 20. september ár hvert, er heimilt að selja kartöflur, gulrófur og gulrætur af nýrri uppskeru án mats eða flokkunar, nema annað sé ákveðið af ráðherra, eftir tillögum Framleiðsluráðs.

12. gr.

Matsmenn skulu undirrita vottorð um flokkun á þeim kartöflum, sem þeir meta. Þar skal tilgreina flokk og auk þess tegundaheiti á kartöflum, sem metnar eru í úrvalsflokk og I. flokk, nafn framleiðanda eða seljanda, framleiðslustað, magn (sekkjafjölda) og hvenær mat hefur farið fram. Gjöld fyrir matsvottorð ákveður ráðherra. Sá, sem mats óskar, lætur matsmanni í té ókeypis nægilega aðstoð við matið.

13. gr.

Mat á kartöflum fer þannig fram, að matsmaður skoðar að minnsta kosti tíunda hvern poka af hverri tegund, séu þeir 50 eða fleiri. Ef sama matsgerð nær til kartaflna frá fleiri en einum framleiðanda, skal þess jafnan gætt, að skoða hlutfallslega jafnmikið frá hverjum um sig og ekki minna en tvo poka frá hverjum þeirra. Þegar metið er minna magn en 50 pokar, ber að skoða fimmta hvern poka. Við mat skal jafnan tæma kartöflurnar úr þeim pokum, sem skoðaðir eru.

96

16. júlí

14. gr.

Ráðherra ákveður og auglýsir eftir tillögum Tilraunaráðs jarðræktar, með nægum fyrirvara, hverjar tegundir skulu teljast til úrvalsflokks og I. flokks. Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

Úrvalsflokkur: Í úrvalsflokki mega aðeins vera hinar allra beztu matarkartöflur, sem auðvelt er að þekkja af útliti, fullkomlega aðgreindar og hreinar tegundir. Stærðin skal vera sem jöfnust og þyngd ekki minni en 30 g. Kartöflurnar skulu vera þurrar, heilbrigðar, vel hirtar og fallegar útlits. Grænar, sprungnar og verulega hýðis-skemmdar kartöflur mega ekki vera saman við.

Fyrsti flokkur: Hreinar tegundir af kartöflur, sem ekki komast í úrvalsflokk, með tilgreindu heiti, góðar til matar, þurrar og líta vel út. Af öðrum tegundum má ekki vera meira en 3%, enda hafi þær sama hýðislit og aðaltegundin. Stærðin skal vera sem jöfnust. Lágmarksþyngd 25 g. Kartöflurnar mega ekki vera grænar né skemmdar af myglu, bleytu, rotnun eða frosti. Kláði og minni háttar skemmdir mega ekki vera yfir 3%.

Annar flokkur: Aðrar kartöflur en þær, sem teljast í úrvalsflokki og I. flokki, ef þær eru hæfar til manneldis og fullnægja eftirfarandi skilyrðum: Kartöflurnar skulu vera þurrar, þyngd ekki minni en 20 g. Grænar kartöflur hverfandi fáar og hýðisskemmdar skulu ekki vera áberandi. Sjúkdómar, skemmdir eða ágallar mega samtals ekki vera yfir 5%.

15. gr.

Allar kartöflur skal afhenda í þurrum, heilum og þrifalegum pokum, þyngd 25 eða 50 kg nettó eftir því sem Grænmetisverzlun landbúnaðarins ákveður. Skal vera vel saumað fyrir pokana og gerð á horn. Merkja skal pokana með þar til gerðum litarmerktum spjöldum. Merkisþjöld á úrvalsflokki skulu vera auðkennd með bláum lit, sem kemur fram sem borði á ská yfir merkimiðann. Á I. flokki með rauðum og á II. flokki með grænum lit. Á spjöldin skal letra, öðrum megin: Nafn flokks og auk þess tegundarheiti, ef um úrvalsflokk eða I. flokk er að ræða, en hinum megin: Nafn og heimili framleiðanda (eða seljanda). Enn fremur skal gefa upplýsingar um, í hvers konar jarðvegi kartöflurnar eru ræktaðar (sandjarðvegi, leirjarðvegi, moldarjarðvegi, mýrarjarðvegi o. s. frv.), ef þess er óskað.

16. gr.

Verði ágreiningur milli seljanda og matsmanna út af mati, sker yfirmat úr. Tilnefnir landbúnaðarráðuneytið einn sérfróðan mann í yfirmat, en hlutaðeigandi matsmaður getur stöðvað sölu þeirra kartaflna, sem krafizt er yfirmats á, unz úrskurður yfirmats er fenginn. Kostnað við yfirmat skal sá greiða, er yfirmatsins óskar, nema að undirmati verði breytt honum í hag um 10% eða meira. Þá greiði Grænmetisverzlun landbúnaðarins yfirmatskostnaðinn.

17. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með því að vörur séu eigi seldar ómetnar, og skal þeim heimilt að skoða kartöflubirgðir verzlana, þegar þurfa þykir. Seljanda skal skylt að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoð við skoðunina.

18. gr.

Þegar kartöflur eru auglýstar til sölu skal jafnan tilgreina hvers flokks þær eru, svo og tegundaheiti, ef átt er við úrvalsflokk eða I. flokk.

19. gr.

96

Landbúnaðarráðuneytið annast um útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á kartöflum. Skal þar lýst helztu tegundum (afbrigðum), svo og kvillum og göllum, sem koma til greina við flokkunina. Skal leiðarvísi þessum útbýtt ókeypis.

20. gr.

Kostnað við framkvæmd mats skal greiða af innkomnum matsgjöldum, ákveðnum af landbúnaðarráðherra. Getur ráðherra ákveðið hver annast um innheimtu gjaldsins og greiðslu til matsmanna.

21. gr.

Kartöflumatsmenn skulu meta gulrófur og gulrætur á sama hátt og kartöflur (sbr. 13. gr.).

Við mat á gulrófum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

1. flokkur: Hreinar, gallalausar, jafnar og svipaðar að útliti, innan hvers afbrigðis, ræturnar lítið greindar, þyngd 200—500 g.

2. flokkur: Eins og 1. flokkur, en mega vera ójafnar að stærð og lögun, þyngd ekki undir 100 g, lítið gallaðar.

Um gulrófurnar skal búið í þurrum, heilum og þrifalegum pokum, þyngd 40 kg nettó. Pokarnir skulu greinilega merktir nafni og heimilisfangi framleiðanda, ásamt flokkunarmerki og heiti afbrigðis. Trénaðar gulrófur eða skemmdar af maðki eða bórskortu teljast ekki markaðsvara. Heldur ekki gulrófur, sem óbragð reynist að af völdum varnarlyfja, né þær, sem vegna sveppa eða annarra sjúkdóma eru óhæfar til geymslu.

22. gr.

Við mat á gulrótum skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum, eftir því sem frekast er unnt:

Úrvalsflokkur: Hreinar, jafnar, hrufulausar og sem líkastar að lögun og útliti, þyngd ekki undir 80 g.

1. flokkur: Eins og úrvalsflokkur, en þyngd ekki undir 40 g.

2. flokkur: Lítið gallaðar, þyngd ekki undir 20 g.

Um gulrætur skal búið í þurrum, heilum og þrifalegum pokum, þyngd 25 eða 50 kg nettó.

Pokarnir skulu greinilega merktir nafni og heimilisfangi framleiðanda og flokkunarmerki. Gulrætur, sem af völdum þrúgu- eða bikarsvepps, eða annarra sjúkdæma, eru óhæfar til geymslu, teljast ekki markaðshæfar.

23. gr.

Um kálskurð af gulrófum og gulrótum o. fl. skal farið eftir fyrirmælum matsmanna.

24. gr.

Hagnaði þeim, sem verða kann af rekstri Grænmetisverzlunar landbúnaðarins, skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktinni í landinu samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 94 frá 5. júní 1947, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum

96 o. fl., og lögum nr. 40 frá 4. apríl 1956, um breyting á þeim, staðfestist hér með til 16. júlí að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um mat og flokkun á kartöflum frá 9. apríl 1954.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

97
16. júlí

J A R Þ R Æ K T A R S A M Þ Y K K T

fyrir Ræktunarsamband Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Geiradalshrepps, Búnaðarfélags Reykhólahrepps, Búnaðarfélags Gufudalshrepps og Búnaðarfélags Múlahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu, og eru þessi búnaðarfélög aðilar að jarðræktarsamþykktinni.

2. gr.

Framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins skipa 5 menn og skulu þeir kosnir til þriggja ára. Kosningin fer þannig fram, að Búnaðarfélag Reykhólahrepps kys 2 menn í framkvæmdastjórn, en hvert hinna búnaðarfélaganna 1 mann.

Úr stjórninni ganga í fyrsta sinn stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Geiradalshrepps og Búnaðarfélags Gufudalshrepps, annað árið báðir stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Reykhólahrepps og þriðja árið stjórnarnefndarmaður Búnaðarfélags Múlahrepps, og síðan eftir sömu röð.

Framkvæmdastjórnin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

Formaður framkvæmdastjórnar kallar stjórnina til fundar, þegar honum þykir þess þörf eða stjórnarnefndarmaður óskar þess.

Ræktunarsambandið heldur aðalfund fyrir 15. apríl ár hvert, og sé hann fulltrúafundur, skipaður 14 fulltrúum, kosnum á aðalfundum búnaðarfélaganna þannig, að Búnaðarfélag Reykhólahrepps kys 5 fulltrúa og hvert hinna 3.

Stjórn ræktunarsambandsins boðar fund með nægum fyrirvara og getur helztu fundarefna. Hún leggur fram endurskoðaða reikninga ræktunarsambandsins fyrir fundinn til samþykktar.

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð fyrir aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða.

4. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 300 þúsund — þrjú hundruð þúsund —. Stofnfjár sjóðsins skal aflað þannig:

1. Búnaðarfélögin á sambandssvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins.
2. Búnaðarsamband Vestfjarða leggur fram $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins.
3. Ríkissjóður helming stofnfjárins, er greiðist sem framlag til kaupa á ræktunarelúum, er sambandið kaupir samkvæmt þeim lögum og reglum, er um það gilda, jafnótt og vélar og verkfæri eru keypt.

Í stofnsjóð falla einnig tekjur af ákvæðisvinnu og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

97

Framlög búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu greiðist í hlutfalli við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó þannig, að verðeining ræktunarlóða beri aðeins $\frac{1}{2}$ gjaldþunga á móti einingu í öðru landverði.

16. júlí

6. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma um breytingu á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Nái þær samþykki $\frac{3}{5}$ eða fleiri atkvæðisbærra fundarmanna sendast þær aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða til meðferðar. Nái þær þær samþykki $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda þær Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

7. gr.

Ræktunarsamþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið samþykkt af landbúnaðarráðherra, og jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Ræktunarsambands Búnaðarfélags Geiradalshrepps og Búnaðarfélags Reykhólahrepps frá 30. júní 1947, og Ræktunarsamþykkt Búnaðarfélags Gufudalshrepps og Búnaðarfélags Múlahrepps frá 22. febrúar 1949.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946 og jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Vestfjarða, nr. 72 frá 21. febrúar 1947, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

98

fyrir Ræktunarsamband Borgarfjarðardala.

16. júlí

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Hálsa-sveitar, Búnaðarfélag Reykholtaldshrepps, Búnaðarfélag Lundarreykjadal, Búnaðarfélag Skorradalshrepps og Búnaðarfélag Andakílshrepps, í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út ræktunarvélar, svo sem beltatraktora með viðeigandi verkfærum, og önnur tæki.

2. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa einn maður kjörinn af hverju búnaðarfélagi á sambandssvæðinu, og einn til vara, til fjögurra ára í senn, og ganga tveir menn úr eftir hlutkesti eftir tvö ár. Stjórnin annast kaup á vélum, rekstur þeirra og vátryggingu, og reikningshald. Hún ræður starfsmenn og ákveður laun þeirra.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

98

16. júlí

3. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt, sem fulltrúar búnaðarféлага þeirra, er að samþykktinni standa, allir stjórnarnefndarmenn allra búnaðarféлага á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn, og jafnmarga til vara. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmæts aðalfundar.

4. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónur —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram sem óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins. Fjórdá hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafnóðum og þau eru greidd, sem framlög til vélakaupanna.

5. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því, sem fyrir er mælt í 1.—4. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktarsamþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

6. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarféлага þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmætum stofnfundi ræktunarsambandsins;
3. auka-aðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Arni G. Eylands.

REGLUGERÐ

99
17. júlí

um breytingu á reglugerð nr. 124 12. okt. 1954, um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, og sendibifreiðum, sem aka gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, sem hentugt þykir, að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 32. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, sbr. l. nr. 37 4. apríl 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

100
17. júlí

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl.

I. KAFLI

Um fjárrekstra á afréttir og notkun fjallanda.

1. gr.

Hreppsbúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að áliti hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu allt sauðfé sitt. Nú eru engin slík afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar. Getur þá hreppsnefnd annast um, ef ekki fást upprekstrarlönd í öðrum hreppum, að fénu sé jafnað niður á þær jarðir, sem að dómi ítölunefndar eða hreppsnefndar eru ekki fullsetnar og með samkomulagi við umráðamenn viðkomandi jarða. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eftir tilvísan hreppsnefndar eða ítölunefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem ákveðið er hér á eftir. Þar sem fjáreigendur Stykkishólms eru í fjallskila- og réttarfélagi við Helgafellssveit, ber fjáreigendum Stykkishólms upprekstur í Helgafellssveit fyrir það upprekstrargjald, sem fjallskilareglugerðin ákveður eftir samkomulagi hreppsnefndar eða ákvörðun ítölunefndar.

2. gr.

Nú þykir einhverjum búendum eða jarðeigendum nauðsyn til bera, að ákveðið sé með ítölu, hve margt fé megi vera í heimalöndum eða fjallöndum, og er þeim þá heimilt að krefjast ítölumats samkvæmt gildandi lögum um ítölu.

100

17. júlí

3. gr.

Í upprekstrartoll greiðast kr. 5.00 fyrir hverja roska kind, og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert, ef ekki er öðruvísi um samið. Sé ekki greitt á gjalddaga, ber hreppsnefnd að sjá um innheimtu gjaldsins og hvílir lögtaksréttur á upprekstrargjaldinu.

4. gr.

Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfénaði eða hrossum í annarra manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig fénað yfir lönd manna, að ekki hljótist skaði eða ógreiði af.

Brot móti þessum kafla varðar sektum frá kr. 100.00 til 1000.00, auk skaðabóta, eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI

Um vorsmalanir.

5. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár að vorinu til rúnings, þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram á afréttum og fjallendum. Enn fremur ákveður hreppsnefnd leitardag, hver í sínum hreppi.

6. gr.

Hreppsnefndin jafnan niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vanalegt er um niðurjöfnun fjallskila á haustin. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fyrir fé sínu til vorhirðingar hjá öðrum, vera undanskildir vorfjallskilum. En þeir, sem féð taka, skulu sjá fyrir vorfjallskilum á því sem sínu eigin fé.

7. gr.

Allt það fé, sem við leitir þessar finnst, skal rekið til lögskilaréttar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa, að annars staðar sé fé að rekið, ef það þykir heppilegra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn þar til hæfa, er sjái um, að allt gangi vel og skipulega fram, þar sem féð er rekið.

8. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að allt órúið fé innan hrepps og utan, sem í leitum þessum finnst, sé rúið, og öll ómörkuð lömb séu mörkuð undir mörk mæðra þeirra eða eigenda. Borgun fyrir rúning á aðkomufé og mörkun á lömbum, sem ekki eru líkur til að umráðamenn hirði, skal vera þessi: Fyrir að rýja kindina kr. 5.00 og fyrir að marka lambið kr. 5.00, og skal sá, er verkið vinnur, gera eiganda viðvart, sem svo um leið og hann hirðir ullina, greiðir allan áfallinn kostnað, enda geri sá, sem verkið hefur unnið, eiganda grein fyrir marki og öðrum einkennum á kindum þeim, er hann hefur rúið og markað. Ef menn þurfa að smala yfir lönd nærliggjandi hreppa að vorinu, eða sumrinu, skulu þeir fá leyfi til þess hjá hlutað-eigandi ábúanda eða hreppsnefnd, ef um eyðilönd er að ræða og ekki næst í umráðamann jarðar, og smala þá í samráði við hann. Ber sá, er leyfið veitir, alla ábyrgð á, að samrekstur og sundurdráttur fari vel og skipulega fram, að lömb villist ekki undan ám og að fé flækist ekki til ógreiða. Brot móti þessum kafla varðar kr. 100.00—500.00 sektum.

III. KAFLI

Um sauðfjármörk.

100
17. júlí

9. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til þess að hafa glögg og löglegt eyrnamark á sauðfé sínu, en afeyrt er með öllu bannað og ný gatamörk. Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er á, að láta þær ganga með markinu, og brennimerkja og hornmarka þær glögg sem verða má. Afhenda ber hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágúst-mánaðarlok ár hvert. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það hreppsnefndaroddvita og hreppstjóra, bæði í hreppnum, sem hann býr í, og í aðliggjandi hreppum, og innfæra þeir það í markaskrá sína. Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefur, né hafa fleiri en tvö fjármörk. Enn fremur er bannað að taka upp ný mörk, sem skrásett eru í Dalasýslu sunnan varnargirðingar úr Hvammsfirði í Hrutafjörð og Mýrasýslu. Þetta nær þó ekki til þess, er barn tekur við marki foreldris.

10. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna, skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt sem segir í 9. gr. Eigi hann sammerkt við einhvern í sýslunni, skal hann leggja mark sitt niður eða semja við hlutaðeigandi um notkun þess. Skytt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá sýslunnar er prentuð. Allir markeigendur fá eitt eintak af markaskránni. Komi það í ljós, að markeigandi komi ekki marki sínu til prentunar, skal það geymt á nafni viðkomandi hrepps, þar til næsta markaskrá yrði prentuð.

11. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera stafirnir SH og að auki tölustafir, þannig:

- SH 1 fyrir Kolbeinsstaðahrepp.
- SH 2 — Eyjahrepp.
- SH 3 — Miklaholtshrepp.
- SH 4 — Staðarsveit.
- SH 5 — Breiðuvíkurehrep.
- SH 6 — Neshrepp utan Ennis.
- SH 7 — Ólafsvíkurehrep.
- SH 8 — Fróðárhrepp.
- SH 9 — Eyrarsveit.
- SH 10 — Helgafellssveit.
- SH 11 — Stykkishólmshepp.
- SH 12 — Skógarstrandarhrepp.

Brennimörk þessi skulu vera sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimörk eigenda framan á hægri horn. Skytt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að nota þessi brennimörk á hyrndar kindur. Ef eyrnamerki eru notuð í stað brennimarks, skulu vera þar fullir einkennisstafir hrepps og sýslu.

12. gr.

Markaskrá sýslunnar skal prenta tíunda hvert ár, nema sýslunefnd ákveði annað, og viðauka yfir mörk fimmta hvert ár, ef þörf krefur. Og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja saman eftir stafrófsröð í greinilegar skrár. Hreppsnefndin skal því næst, eftir að hún hefur samið skrána, leggja hana fram til sýnis fyrir fjáreigendur í

100 hreppnum, svo að hverjum þeirra gefist kostur á að sjá, að mark sitt sé rétt skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast svo um að aðalskrá sé samin yfir öll mörk í sýslunni og síðan prentuð. Sérhver markeigandi er skyldur að skýra hreppsnefnd sinni frá marki sínu, svo að það komi í markaskrána. Skal markeigandi greiða fyrir prentun marks síns það, sem sýslunefndin ákveður, og gengur það til prentunarkostnaðar. Fyrir brennimörk skal þó eigi greidd nein sérstök borgun. Skyldar skulu hreppsnefndir að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum, svo mörg eintök, að hver sá, sem sendur er í aðrar réttir, geti fengið eintak. Og skulu þeir markeigendur skyldir til að senda oddvitum mark sitt fyrir 15. ágúst, sem flutt hafa inn í hreppinn næsta vor á undan, svo og þeir, sem taka upp nýtt mark eða breyta um mark. Skrár þessar skulu afhentar oddvitum að afloknum skilaréttum ár hvert.

13. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í réttum eða að hausti, nema því aðeins að viðstaddir séu tveir vottar.

Brot móti þessum kafla varðar sektum kr. 100.00 til kr. 500.00.

IV. KAFLI

Um fjallskil.

14. gr.

Á hverju ári skulu hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, kveðja skriflega, með nægum fyrirvara, alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eftir sauðfé, samkvæmt 15. gr. í reglugerð þessari, til þess að leita afréttir og önnur fjalllönd, innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 16. gr. Fjallskilaboð þetta gangi sem þingboð um hreppinn og varðar það sektum, ef tefst eða fellur niður. Skal í því nákvæmlega ákveða, hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til rétta, geymslu safnsins við réttina, þangað til réttarhald byrjar, hverjir skulu sækja fé í utansveitarréttir og aðrar réttir, og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til að sækja fé í utansveitarréttir skal velja markglögga og gætna menn. Þeir skulu vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir um, hverjir skulu vera leitarstjórar, og skulu þeir ætíð skyldir til þess að ganga með leitar mönnum. Öll óhlýðni gegn fyrirskipun hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkv. 25. gr.

15. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá maður, sem sauðfé á eða hefur undir hendi, hvort sem jörð hefur til afnota eða ekki.

Fjallskilakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum kostnaði við fjárheimtur að hausti, má jafna niður og leggja á bæði í vinnu og peningum eftir því, sem hreppsnefnd telur nauðsynlegt, enda stofni þá hrepparnir fjallskilasjóði til að jafna kostnaði við fjallskil og fjárleitir milli fjáreigenda.

Fjallskilakostnað má taka lögtaki samkv. lögum frá 16. des. 1885, um lögtök og fjárnám.

Fjallskil skal leggja á eftir framtali á búnaðarhagskýrslu með hliðsjón af skýrslu forðagæzlumans, síðari hluta vetrar.

Nú reka menn einnig á fjall á öðru leitarsvæði, og eru þeir þá skyldir að inna fjallskil af hendi þar, eftir þeirri tölu roskins fjár, sem rekið er. En reki þeir ekkert fé til fjalls í heima hreppi, eru þeir undanþegnir fjallskilaskyldu þar, enda hafi þeir ekki umráð yfir lögbýli eða hluta af lögbýli.

Annist síðast nefndir fjáreigendur ekki að fullu fénað sinn í réttum, skulu þeir **100**
greiða áfallinn kostnað í heima hreppi við að koma fénu til skila. **17. júlí**

Verði mikill ágangur úr einni sveit á aðra, skal sú sveit, sem áganginum veldur, skyld að leggja til fjallskila hjá ágangspóla, sem svarar 1 dagsverki á hverjar 100 kindur, miðað við 1. rétt næsta ár á undan, þó á þetta ekki við um þá fjáreigendur, sem reka á fjall í öðru leitarsvæði samkv. 5. málsgrein þessarar greinar.

16. gr.

Þeir, sem nytja jarðir, sem hafa fjallland, er telst til upprekstrarlands, og eigi eru ábúendur, svo og ábúendur á slíkum jörðum, þótt ekki hafi þeir sauðfé, skulu skyldir til fjallskila í þeim hreppi, sem jörðin liggur í. Fjallskil þessi svari til einum til tveimur dagsverkum á ári fyrir hverja slíka jörð. Þeir, sem hafa lögbýli til umráða, eru einnig fjallskilaskyldir, þótt býlið teljist ekki upprekstrarland og sé ekki nytjað.

17. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa í milli: Langmerkin eru fjallgarðurinn, þar sem hann er hæstur, eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í grein þessari.

Þvermerkin eru þessi: Á milli Hörðudals og Skógarstrandarhrepps: Gunnarsstaðará milli fjalls og fjöru. Leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðarhálsi. Þaðan leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar að Grimsskarði (Syðra dysi), Rauðsteinalæk, Moldargilsá, Axarhamri og Tröllahálsi. Þaðan leita Eyrsvéitingar að Kaldnasa, Kistufelli, Höfðakúlum og Búlandsgili. Þaðan leita Fróðhreppingar að Stafnafelli, Steinahlíð, Miðfellsöxl, Ytri-Moldarmúla, Hestdalsbotni, Hesti, Rauðkúlu, Folahnúk, Tvísteinu, Merarvörðu og Blindaugum. Þaðan leita Ólafsvíkurbúar um Geldingarfell, þaðan þvert niður í Giljatungu í Fossdal, Hróaskarð, Einbúa og Loðnugjá. Þaðan leita Neshreppingar að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þaðan leita Breiðvíkingar að Axlargangi, beina stefnu í Rjúpnaborgir, eftir hreppamörkum milli Staðarsveitar og Breiðuvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar að Djúpagili, Urðarmúla, Baulárvallavatni að Moldargilsá. Þaðan leita Miklhreppingar að Skyrtunnu, Hafursfelli og Svínhóli. Þaðan leita Eyhreppingar að Svínavatni, Svínaskarði, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þaðan leita Kolhreppingar að Geirhnúk eftir Vatnshlíðareggjum að Klyfsandi og Hítará. Meðan að Skógarnesgirðingu við Álftafjörð er haldið við, skal hún skipta leitum milli Eyhreppinga og Miklhreppinga, og er Selbóndinn fjallskilaskyldur í Eyjahreppi.

Þar sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnsskilum.

18. gr.

Næsta dag fyrir leitardagana skal hver bóndi og nytjandi jarðar skyldur að leita vandlega sín heimalönd, þau, sem ekki eru leituð til rétta, og skal hann í tæka tíð reka allt fé, sem í þeim leitum finnst og hann ekki á sjálfur eða heimafolk hans, til rétta eða í fjallsafnið. Heimalönd teljast aðeins þau lönd, sem notuð eru fyrir málnytupening og brúkunarhross, en viðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipan hreppsnefndar. Fáí fjáreigendur leyfi til að reka upp fé sitt eftir réttir, skulu þeir skyldir til að leggja menn til í smalamennskur og seinni leitir eftir samkomulagi við landeigendur viðkomandi jarða.

19. gr.

Þrjár skulu fjalleitir á hausti hverju. Til fyrstu leitar skal gengið daginn áður en réttað er, þar sem hreppsnefnd álitur þess þörf. Til miðréttar (skilaréttar) skal gengið þriðjudaginn í 24. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar, og skilarétt

100 haldin næsta dag á eftir. Til þriðju réttar skal gengið þriðjudaginn síðastan í sumri 17. júlí og réttað daginn eftir. Leitardagar skulu tilgreindir í fjallskilaboðinu.

20. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram. Til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina, þá er sauðljóst er orðið, og hittast úr nágrannahreppi eða biði hver eftir öðrum á gangnamerkjum, þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitinni samhliða hver til sinnar réttar.

Nú hittir leitarmaður vanmetakind í leit sinni, og álitur, að hann geti ekki komið henni til réttar, án þess að vanrækja göngu sína. Skal hann þá athuga mark og auðkenni á henni og aflífa hana, ef hún er mjög aðfrankomin og dysja forsvaranlega þannig, að hann geti vísað til hennar og skýrt frá marki hennar.

21. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gera, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefur ákveðið skv. 15. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann voru lögð, og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því við komið, kaupa menn til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna upp á hans kostnað, eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt skv. 25. gr.

22. gr.

Leitarstjóri skal strax tilkynna hlífðarlaust hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slíkt sem sérhverja aðra vanrækslu með tilliti til fjallskila til sýslumanns til sekta. Sömuleiðis hefur hver einstakur maður rétt til að kæra til hreppsnefndar, hafi hún beitt við hann rangindum eða íþyngt honum fram yfir það, sem reglugerð þessi leyfir, og skal hann hafa gert það skriflega til oddvita fyrir 20. október það ár, en nái hann ekki rétti sínum á þann hátt, getur hann skotið máli sínu til sýslumanns til endanlegs úrskurðar.

23. gr.

Fjallafé það, sem ofan slangrar að sumrinu, skal, þegar þörf gerist, rekið til fjalls í lönd þau, sem notuð eru til upprekstrar. Veiti slíkur fénaður ágang á afgirt ræktunarlönd, er fjáreiganda skylt að taka slíkan fénað í örugga vörzlu, svo að ekki valdi áframhaldandi tjóni eða usla.

24. gr.

Auk heimalandssmalana, sem getið er um í 18. gr., geta hreppsnefndir svo oft, sem þörf gerist, fyrirskipað almenna smölun í öllum heimalöndum hreppsins, og skal þá öllu fé komið beinustu leið til áthuga sinna. Nú kemur rekstur til búanda, og skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann og taka úr honum kindur þær, sem ekki eru á réttri leið, ef nokkrar eru, og reka bæ frá bæ í rétta átt, svo fljótt sem því verður við komið, eða láta eigendur vita. Aldrei má sleppa skilarekstri.

25. gr.

Hver sem finnur kind í fjallöndum þeim, sem ekki teljast búfjárhagar, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun, eftir mati óvilhallra manna. Þó mega þau ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ verðs þess, sem kindurnar eru metnar á.

Af þeim kindum, sem finnast heima í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sérstaka fyrirhöfn, sem fyrir þeim er haft, ber að greiða.

Komi utansveitarkindur fyrir í heimafé manna að afstöðnum öllum réttum, og hafi þær orðið þar innlyksa fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá,

skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna og annast þær, eiganda að kostnaðarlausu, þar til hann vitjar þeirra, ef eigandinn ekki sýnir ótilhlýðilegan drátt á 17. júlí að vitja þeirra.

Brot móti kafla þessum varða kr. 100.00 til 500.00 sektum.

V. KAFLI

Um réttarhöld og meðferð á úrtíningsfé.

26. gr.

Þar skulu réttir vera, sem segir í 28. gr., og svo langt og víða til reka, sem segir í 17. gr. Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

27. gr.

Þrisvar skal rétta á hausti í hverri lögskilarétt, skv. 19. gr., og skulu hreppsnefndir annast um, að réttir séu að öllu vel upp byggðar og nægir dilkar handa öllum hreppsþúum, sem sjálfir annast um dilkdýr sínar, meðan á réttarhaldinu stendur, helzt með grindum eða á annan jafntryggan hátt, og annast þeir einnig um árlegt viðhald á dilkum sínum. Hreppsnefnd skal þó heimilt að taka í sínar hendur viðhald réttardilka, þar sem hún álitur slíka tilhögun heppilegri.

Dilka handa utanhreppsþúum eru hreppsþúar ekki skyldir að leggja til, nema jafnstóra því dilkarúmi, sem þeir þurfa að fá hjá utanhreppsþúum. Þeir menn, sem reka fé sitt á fjall í öðrum sveitum, skulu sjá sér sjálfir fyrir dilkarúmi. Hreppsnefndir kjósa einn mann úr sínum flokki fyrir réttarstjóra.

28. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú skal greina: Kaldárhakkarétt, Þverárrétt, Vörðufellsrétt og Kothraunsrétt mánudaginn í 22. viku sumars. Mýrdalsrétt, Setbergsrétt, Arnarhólsrétt og Hrísdalsrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars. Miðhraunsrétt og Lárdalsrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars. Brekkurétt og Grundarrétt fimmtudaginn í 23. viku sumars. Haukabrekkurétt, Ólafsvíkurrétt og Bláfeldsrétt föstudaginn í 23. viku sumars. Hamraendarétt og Hraunsskarðsrétt laugardaginn í 23. viku sumars.

Kaldárbakkarétt, Hrísdalsrétt, Kothraunsrétt og Lárdalsrétt eru aukaréttir, en hinar allar lögskilaréttir.

Á meðan Bervík í Breiðvíkurhreppi og nágrenni er í eyði, er Neshreppi skylt að leita svæðið suður að Bervíkurhrauni, enda sjái hann um viðhald Fagurhólsréttar og rétti þar sem aukarétt, Breiðvíkingum að kostnaðarlausu.

Í þeim hreppum, sem aukaréttir eru í, er hlutaðeigandi hreppsnefndum skylt að sjá um, að öllu úrtíningsfé, er fyrir kann að koma á aukaréttum á haustin, sé tafarlaust komið til lögskilaréttar. Hlutaðeigandi hreppsnefndum er skylt að sjá um, að aukaréttir séu þannig útbúnar, hvað dilka og fyrirkomulag snertir, að réttarhaldið geti farið vel og skipulega fram.

29. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskila- og aukarétt, en réttarstjóri annast um innrekstur fjárins og sér um, að féð ekki troðist undir, gætir þess, að fénu sé ekki á nokkurn hátt misþyrmt, og kallar hreppstjóra til, ef svo ber við. Lítur eftir, að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram. Markglöggir menn skoði dilka, áður en út er hleypt, og gæti þess, að féð fari ekki saman í dilkum. Skal því enginn hleypta út, fyrr en réttarstjórinn leyfir, sem ekki sé fyrr en búið

100 er að töflulesa úrtíning, og skal þá aðalreglan sú, að utanhreppsmenn hleypi fyrst 17. júlí út og svo þeir, sem lengst eru að.

30. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sérstakan dilk, og skulu þeir geymdir þar, unz búið er að draga úr almenningnum. Að loknum fjárdrætti skal þeim sleppt í almenninginn, og skal þangað færa allar ær, sem von er til um að ættu þá, svo þær geti helgað sér lömb sín. Réttarstjóri skal jafnan vera viðstaddur og engum skal heimilt að taka ómerking sem sína eign, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar, sé hann viðstaddur. Alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, skal selja strax á réttarstaðnum, og andvirði þeirra renna í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finnast eftir réttir, fer um sem annað óskilafé, ef enginn getur helgað sér þá, og rennur þá einnig andvirði þeirra í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð.

Geti menn sannað með framburði tveggja óvilhallra manna og áreiðanlegra, að ær hafi helgað sér seldan ómerking, skal eigandi ærinnar fá andvirði ómerkingsins að frádregnum uppboðskostnaði.

31. gr.

Mýétning allan skal selja í hverri lögskilarétt, þó því aðeins að enginn geti helgað sér þá og að eyrun séu svo skemmd, að ekkert mark verði gert úr. Réttarstjóri skal kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innan hrepps og utan hrepps, og séu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda, og fer þá um kindur þessar eins og annað óskilafé. Sama er um þá mýétninga, sem finnast eftir réttir. Andvirði þeirra, mýétninganna, rennur í viðkomandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð.

32. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu rétt skal sleppt í land réttarbónda eða annars, ef hentugra þykir. En fé það, sem ekki dregst upp eða hirt er í skilarétt, skal þá þegar afhent hreppstjóra, og skal hann þá strax kveðja til með sér tvo markglögga menn og gætna. Skulu þeir allir skoða kindurnar, bæði eyrnamörk og hornamörk, og segja til um mörk. Hreppstjóri skal skrifa mörkin nákvæmlega upp og lesa þau upp í heyranda hljóði. Það, sem þá verður óuppdregið, skal þegar sett á opinbert uppboð, án útlausnarfrests. Allir þessir þrír menn bera ábyrgð á, að mörkunum sé rétt lýst.

33. gr.

Réttartoll fyrir lögskilarétt skal greiða úr sveitarsjóði búanda þeim á hvers landi réttin stendur, kr. 50.00 til kr. 200.00, eftir samkomulagi hlutaðeiganda eða mati óvilhallra manna.

34. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar skilaréttir, og þekkja menn eigendur að þeim. Skulu þær þá á kostnað eigenda þeirra geymdar í vörzlu hreppstjóra eða annarra, ef heppilegra þykir. Hreppstjóri annast um, að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta, séu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki ráðstafað kindum þessum að viku liðinni, skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilaréttir og ekki þekkjast eigendur að, skal fara með á sama hátt. Geymslukostnaður sé kr. 1.00 á sólarhring, eða greiddur af eiganda eftir samkomulagi.

35. gr.

Lýsing á óskilafé því, sem við opinbert uppboð er selt, skal sendast sýslumanni fyrir miðjan desember, sem auglýsir hana í Lögbirtingablaðinu á kostnað

sýslusjóðs, ekki síðar en í febrúar næsta ár. Skal þá hver sá, sem getur helgað sér eitthvað af hinu selda fé, hafa rétt til að fá andvirði þess, ef hann gefur sig fram og sannar eignarrétt sinn fyrir 1. okt., þó að frádregnum öllum lögætum og sanngjörnum kostnaði, sem fyrir því var hafður. 100 17. júlí

VI. KAFLI

Um fjármarkaðshöld á haustin og rekstur á sölufé.

36. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt skýru rekstrarmerki, er sé glögg, að það sjáist vel tilýndar í björtu og svo traust, að það máist eigi af, þótt votviðri gangi. Auk þess merkis, skulu fjárkaupmenn spjaldbinda hverja kind, og skal spjalðið vera með glögggu og góðu merki fjárkaupmanns þess, sem kindina kaupir og enn fremur áframhaldandi tölumerki.

37. gr.

Varast skal svo sem auðið er, að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því svo dimmt er orðið, að ekki er markljóst, nema að brún nauðsyn beri til. Svo má og eigi leggja upp rekstur fyrr en markljóst er orðið.

38. gr.

Rekstrarmenn skulu gæta þess, komi kindur saman við reksturinn, að skilja þær strax úr rekstri sínum, svo að þær ekki rekist til ógreiða. Ef þeir reka kindur til ógreiða með rekstri sínum, skulu þeir skyldir til að koma þeim á sinn kostnað til eigna, ella sæta ábyrgð fyrir.

Brot móti kafla þessum varða 100.00 til 500.00 kr. sektum, er hálfar ganga til uppljóstrarmanns, en hálfar til viðkomandi fjallskilasjóðs, ef til er, annars til sveitarsjóðs.

VII. KAFLI

Um hross.

39. gr.

Enginn hrossaeigandi má sleppa þeim ómörkuðum. Skyldur er hver sá, er hross á, sem ekki eru í daglegri hirðingu, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar.

40. gr.

Alls staðar í sýslunni, þar sem stóðhross ganga að sumrinu, skal þeim að haustinu smalað og réttað í skilarétt. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að og enginn hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda og auglýst sem annað óskilafé. Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóvember þ. á. Geysmlukostnaður greiðist eftir samkomulagi, eða sé kr. 3.00 á sólarhring.

41. gr.

Hver sá, sem í leyfisleysi lætur hross sín eða þau, sem hann tekur til haggöngu af öðrum, ganga í landi annarra og hirðir þau ekki innan tveggja sólarhringa, eftir að hann hefur fengið tilkynningu um að hirða þau, greiði kr. 2.00 um sólarhring hvern, fyrir hvert þeirra í hagatoll, til þess manns, sem fyrir áganginum verður. Upprekstrartollur skal vera 25 krónur fyrir hvert hross, sé ekki öðruvísi um samið.

Brot móti kafla þessum varðar 100.00 til 500.00 króna sektum.

VIII. KAFLI

Um grenjaleitir og eyðing refa.

42. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, hver í sínum hreppi, að eitrað sé fyrir refi á hverjum vetri, þar sem haganlegast þykir. Skal það gert fyrir janúarmánaðarlok ár hvert.

43. gr.

Aðalreglan við eitrun sé sú, að til þess sé notað hrossa- eða kindakjöt, og skal hreppsnefndin sjá um, hver í sínum hreppi, að nóg kjöt sé til, þegar eitrun á að fara fram, og eitra eftir þörfum. Eitrað sé með stryknin, og sé það framkvæmt af manni, sem til þess er kjörinn af hreppsnefndinni, og sé hann til þess eiðsvarinn.

44. gr.

Eitrunarmaður skal gera bónda aðvart um, hvar hann leggur niður eitur í landareign hans, sem skal vera þar sem minnst hætta getur af því stafað, svo sem í urðum og hraungjótum, og skal hann því helzt forðast að leggja niður eitur á graslendi. Í búfjárhögum eða nálægt bæjum má alls ekki eitra þó á graslausu svæði sé, nema um því stærri hraunfláka sé að ræða. Einnig er hreppsnefnd heimilt að láta eitra á þeim grenjum á vorin, sem ekki vinnast til fulls.

45. gr.

Fyrir aprílmánaðarlok ár hvert skal maður sá, sem eitrunarstarfið hefur með höndum, fara á þá staði, sem hann lagði niður eitur á, þegar eitrun fór fram, taka það, sem eftir kann að vera af því, sem eitrað var, urða það og grafa vel og vandlega.

46. gr.

Allur kostnaður við eitrunina greiðist samkvæmt gildandi lögum sem allur annar kostnaður við eyðingu refa.

47. gr.

Með grenjavinnslu og refaveiðar skal algerlega farið eftir lögum um refaveiðar.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

48. gr.

Allar sektir, sem nefndar eru í þessari reglugerð, aðrar en þær, sem nefndar eru í 38. gr., renna í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, sé hann til, annars í sveitarsjóð.

49. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinbert mál.

50. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil m. m. frá 6. jan. 1948, ásamt þeim breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 7 frá 6. jan. 1948 fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

101
18. júlí

um breyting á erindisbréfi fyrir fiskmatsmenn, nr. 141 13. marz 1950.

11. gr. erindisbréfsins orðist svo:

Fiskimatsmenn þeir, sem 10. gr. fjallar um, fá ákveðið kaup um hverja klukku-stund fyrir vinnu sína. Sé það miðað við almennt verkkaup, sem um er samið milli atvinnurekenda og verkamanna í þeim bæ eða héraði, sem fiskimatsmaður er bú-settur í, eða það kaup, sem kann að verða lögboðið, að viðbætti 50% uppbót á hin almennu vinnulaun á hverjum tíma. Þetta kaup fá þeir fyrir alla vinnu við fiskmat, hvort sem það er fyrir flokkun fisksins, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

102
20. júlí

um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Skagafirði.

1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Skagafjarðarhéraði (sveitum né kaupstöðum), nema að fengnu leyfi sýslumanns Skagafjarðarsýslu eða bæjarfógeta Sauðárkróks. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Holts-, Haganes- og Fellshreppar.
2. Hofs-, Hofsóss-, Hóla-, Viðvíkur- og Akra-hreppar.
3. Lýtingsstaða-, Seylu-, Staðar-, Rípur-, Skarðs- og Skefilsstaðahreppar.
4. Sauðárkrókskaupstaður.

102 Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni (eða bæj-
20. júlí arfógeta) um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað. Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið. Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölaði manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

4. gr.

Sýslumaður (bæjarfógeti eftir atvikum) gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annast slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi. Þó skal Sauðárkrókskaupstað heimilt að greiða löggæzlumönnum þar kaup samkvæmt gildandi kauptaxta.

6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða Skagafjarðar á fund á Sauðárkróki. Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. gr., verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök

að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu **102** forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með **20. júlí** fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 5. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hefðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði en að $\frac{1}{4}$ úr sýslusjóði (eftir atvikum úr bæjarsjóði), að því er laun aðalöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður (bæjarfógeti) krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs (bæjarsjóðs) af kostnaði við eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður (bæjarfógeti) sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytið, 20. júlí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um bindindisfræðslu.

Samkvæmt 31. gr. áfengislaga, nr. 58 24. apríl 1954, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bindindisfræðsla er hvers konar fræðsla um eðli áfengra drykkja og áhrif þeirra á mannlegan líkama og sálarlíf, svo og útskýring þeirra áhrifa, sem áfengisnautn hefur á einstaklinga þjóðfélagsins og samfélagið í heild. Enn fremur skal rækilega frætt um þær leiðir, sem reyndar hafa verið til útrymingar áfengisnautn og skýrt frá baráttunni gegn áfenginu utanlands og innan.

2. gr.

Bindindisfræðsla (sbr. 1. gr.) skal fara fram í öllum skólum ríkisins og öðrum skólum, sem styrks njóta af ríkisfé.

3. gr.

Tilgangur bindindisfræðslunnar er:

1. að fræða nemendur um eðli áfengra drykkja og áhrif þeirra á einstaklinginn og þjóðfélagið í heild,
2. að draga svo sem verða má úr þeirri hættu, sem áfengisnautninni er samfara,
3. að benda á leiðir til að firra þjóðfélagið því böli, er leiðir af eiturnautnum, og þá einkum áfengisnautn og skýra frá starfsemi í því skyni fyrr og nú.

4. gr.

Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

5. gr.

Bindindisfræðslan skal vera hlutlæg (objektiv), fara fram eftir áreiðanlegum heimildum og vera hlutlaus um stjórnmál.

Kennslunni skal haga eftir þroska nemendanna. Í lægri skólum, svo sem barnaskólum, ber að leggja sérstaka áherzlu á áhrif áfengis á einstaklinginn og heimilið, en í æðri skólum skal auk þess stefnt að því að gera nemendum skiljanlegt hið margháttada þjóðfélagsböl, er leiðir af áfengisnautn.

6. gr.

Fræðsla um áfengi skal fara fram í sambandi við þessar námsgreinar: heilsufræði, líffræði, líffærafræði, íþróttir, félagsfræði, náttúrufræði, siðfræði, kristinfræði, efnafræði, áttahagafræði og sagnfræði, einkum í framhaldsskólum, þar sem nemendur hafa enga sérstaka námsbók í bindindisfræðslu.

Í barnaskólum skal fram fara skipulagsbundin fræðsla í þessari grein í öllum 12 ára bekkjum, þó skulu kennarar í öðrum bekkjum koma þessari fræðslu að, svo sem verða má, í sambandi við aðrar námsgreinar, eins og sögu, kristinfræði, heilsufræði og áttahagafræði.

Eigi skal verja minni tíma til bindindisfræðslu í hverjum skóla en sem svarar því, að hver nemandi fái tveggja kennslustunda fræðslu á hverjum mánuði á kennslu-
tímanum. 103 21. júlí

Í kennaraskólanum skal sérstaklega lesa með kennaraefnum „Handbók kennara um áfengi og tóbak“ til þess að búa þá sem best undir fræðslustarfið.

7. gr.

Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að alltaf sé vöð á góðri handbók fyrir kennara í þessum fræðum og sömuleiðis lestrar- eða námsbók fyrir barna- og miðskóla, svo og öðrum kennsluáhöldum og gögnum, sem áfengisvarnaráðunautur telur nauðsynleg til þess að bindindisfræðslan komi að sem bestum notum, eftir því sem við á í hverjum aldursflokki. Má þar til nefna línurit eftir hagskýrslum, myndir af líffærum, sem eru orðin skemmd af eiturnautnum og þá einkum áfengisnautn, svo og heilbrigðum líffærum til samanburðar, og síðast en ekki sízt kvikmyndir og skuggamyndir, og ber þá ekki aðeins að leggja áherzlu á hin neikvæðu áhrif eiturnautnanna, heldur einnig hin jákvæðu áhrif bindindis.

Áður en námsbókanefnd ákveður kennslubækur í þeim námsgreinum, sem taldar eru í 6. gr., skal hún leita álits áfengisvarnaráðunautar um það, hvort þær fullnægi þeim kröfum um bindindisfræðslu, sem gerðar eru í reglugerð þessari.

8. gr.

Kennarar og skólastjórar ríkisskóla og annarra skóla, sem styrks njóta úr ríkissjóði, skulu í störfum sínum gefa nemendum sínum gott fordæmi um bindindi á áfengi.

Skulu námsstjórar, skólanefndir og fræðsluráð ganga ríkt eftir því, að skólastjórar og kennarar nefndra skóla séu til fyrirmyndar í því efni, og hvílir þar alveg sérstök ábyrgð á skólastjórunum.

9. gr.

Fræðslumálastjóri skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að bindindisfræðsla fari fram í skólunum, svo sem lög mæla fyrir, og að þau rit og kennsluáhöld séu til í hverjum skóla, sem hann og áfengisvarnaráðunautur telja nauðsynleg til þess að kennslan komi að sem bestum notum. Áfengisvarnaráð og nefndir skulu vera hér til aðstoðar fræðslumálastjóra, svo og námsstjórar. Áfengisvarnaráðunaut ber að vekja athygli kennaranna á öllum nýjungum í vísindalegri áfengisfræði og kennslu-tilhögun í henni.

10. gr.

Fræðslumálastjóri skal senda reglugerð þessa öllum skólanefndum og fræðsluráðum, enn fremur öllum skólastjórum, til útbýtingar meðal kennara í landinu.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. júlí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

fyrir listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík.

I. KAFLI

Markmið og skipan.

1. gr.

Markmið listiðnaðardeildanna er að veita nemendum sínum verklega og fræðilega þekkingu í listiðnum og skyldum greinum og þjálfa með þeim vinnuvöndun og listþroska.

2. gr.

Þar, sem því verður við komið, fer kennslan í deildunum fram að degi til. Kennsla í einstökum greinum á námskeiðum má þó fara fram síðdegis og á kvöldum. Kennsla hefst 15. september ár hvert og lýkur 15. júní.

3. gr.

Fyrst um sinn skulu listiðnaðardeildirnar vera tvær: Listiðnaðardeild kvenna og deild hagnýtrar myndlistar.

Auk kennslu í þessum deildum er heimilt að halda uppi kennslu á skemmri eða lengri námskeiðum í kennslugreinum þeirra eða í öðrum greinum heimilis- eða listiðna.

Með samþykki menntamálaráðuneytisins og að fenginni fjárveitingu má stofna fleiri listiðnaðardeildir og efna til sérkennaranáms í listiðnum við skólann. En á meðan svo er eigi, skal, að svo miklu leyti sem unnt er, stefna að því í kennslu í listiðnaðardeildunum, að nám þar geti stýtt nemendunum annað sérnám í listiðnum, hér á landi eða erlendis.

4. gr.

Inntökuskilyrði:

1. Umsækjandi um eins eða tveggja ára nám í dagdeild í almennum vefnaði sé fullra 17 ára að aldri og hafi hlotið góða almenna menntun.
2. Umsækjandi um nám í dagdeildum í mynsturgerð eða dúkmyndagerð, er tekur tvö ár hið minnsta, sé fullra 18 ára að aldri og hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjandi, sem með góðum vitnisburði hefur lokið a. m. k. eins árs námi í myndlistadeild skólans eða í deild hagnýtrar myndlistar, hefur forgangsrétt til inngöngu.
3. Umsækjandi um nám í dagdeild í listvefnaði sé fullra 18 ára að aldri. Fornám í almennum vefnaði er nauðsynlegt. Að öðru leyti gilda sömu inntökuskilyrði og greint er frá undir 2. tölulíð þessarar greinar.
4. Inntökuskilyrði til sérkennaranáms, ef upp verður tekið, eru hin sömu og gilda um upptöku í handíðakennaradeild Kennaraskóla Íslands.
5. Umsækjandi um nám í dagdeild hagnýtrar myndlistar sé fullra 16 ára að aldri og hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjandi, sem með góðum vitnisburði hefur lokið a. m. k. eins árs námi í myndlistadeild skólans eða lokið sveinsprófi í listiðn, hefur forgangsrétt til inngöngu.
6. Um inntökuskilyrði til náms í einstökum kennslugreinum á námskeiðum skólans ákveður skólastjóri. Þeir nemendur einir, sem sýna óskiptan áhuga og hæfni til námsins, geta fengið að halda því áfram.

II. KAFLI

104

Um kennslu og námsefni.

21. júl

5. gr.

Aðalnámsgreinar í listiðnaðardeild kvenna eru:

Frihendisteiknun, myndbygging (composition), mynsturgerð, flatarteiknun, útsaumur, vefnaður og vefnaðarfræði, listvefnaður, verkleg og fræðileg dúkmyndagerð, stílsaga, efnisfræði, letrun, lifafræði, vinnsla ullar, kemming, spuni, iðnfræðileg vinnutækni, bókfærsla.

Um skiptingu námsgreina á milli sérnámsflokka fer samkvæmt námsskrá.

Til prófgreina í kennaranámi, ef upp verður tekið, teljast einnig uppeldis- og sálarfræði, heilbrigðisfræði, kennsla og kennslufræði. Nemendur, sem stunda nám til kennaraprófs, skulu á síðari helming náms tíma síns taka þátt í æfingakennslu í sérgrein sinni, er nemur tveim kennslustundum í viku.

Kennslugreinar listiðnaðardeildar kvenna, sem kenna má á skemmri eða lengri námskeiðum, eru m. a. almennur vefnaður, listvefnaður, dúkmyndagerð (þ. á m. sáldþrykk), mynsturgerð, útsaumur (m. a. margs konar þjóðleg útsaumstækni), þrjón, baldýring, bast- og tágavinna, leðurvinna o. fl.

6. gr.

Aðalnámsgreinar í deild hagnýtrar myndlistar eru:

Teiknun, málun, leirmótun, form- og lifafræði með tilliti til listrænnar stílgerðar í hvers konar listiðnaði og heimilisiðnaði. Enn fremur letrun, mynsturgerð, myndbygging (composition), listasaga og tækniteiknun.

Aðrar kennslugreinar, sem kenna má, eftir því sem aðstaða leyfir og þörf krefur, eru bókmyndateiknun, svartlist (trérista, tréstunga, radering, steinprent), gerð auglýsinga, vörusýningartækni, sáldþrykk. Enn fremur aðrar greinar, sem ýmist eru stundaðar sem sjálfstætt nám eða sem hjálpareinar með aðalnámsgreinum deildarinnar, t. d. pappírs- og pappavinna, bókbönd, tréskurður, rennismíði, málmvinna o. fl.

Þegar ástæða er til, má efna til framhaldsnámskeiða í ýmsum sérgreinum listiðna.

7. gr.

Námi hvers vetrar í dagdeildum skólans lýkur með prófi. Nemandi, sem eigi stengt árspróf eða brottfararpróf, getur aftur, þó eigi oftast en einu sinni, fengið leyfi til að þreyta sama próf.

8. gr.

Nemendum í teiknikennara- og myndlistadeild skólans skal heimilt að stunda nám í einstökum greinum kennsludeildar hagnýtrar myndlistar samkvæmt skilmálum, er skólastjóri setur.

Í þeim námsgreinum beggja listiðnaðardeildanna, sem einkum eru ætlaðar þeim, sem búa sig undir störf við listiðnað eða heimilisiðnað, skal leggja megináhrslu á listræna stílgerð í vinnubrögðum.

Í kennslu í mynsturgerð og þeim öðrum námsgreinum, sem lúta að formmótun í listiðnaði og heimilisiðnaði, er æskilegt að hagnýta þjóðminjasafnið í þágu námsins, svo sem unnt er og ástæða þykir til, í fullu samráði við þjóðminjavörð.

Eigi sjaldnar en annan hvern vetur skal efna til samvinnu nemenda í háðum listiðnaðardeildum skólans um lausn sameiginlegs viðfangsefnis samkvæmt nánari ákvörðun skólastjóra og kennara.

III. KAFLI

Um fjármál, stjórn listiðnaðardeildanna og starfsmenn.

9. gr.

Listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistaskólans skulu njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði sem iðnskólar, sem starfræktir eru sem sérstök deild innan gagnfræðaskóla, að fullnægðum sömu skilyrðum.

10. gr.

Tala fastra kennara fer eftir kennslustundafjölda á viku og nemendatölu deildanna, og skal í þeim efnum miða við hliðstæð atriði í skólum gagnfræðastigsins.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara, svo og stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum. Sé eigi aðstaða til þess að ráða fasta kennara að dómi menntamálaráðuneytisins, skal greiða stundakennslu úr ríkissjóði, eftir því sem starfstími deildanna og nemendafjöldi leyfir.

12. gr.

Ráðherra ákveður skólagjöld að fengnum tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Gjöld þessi, svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum, komi til frádráttar rekstrar-kostnaði, áður en honum er skipt.

13. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn listiðnaðardeildanna, umsjón með kennslu, aga, umgengni og framkomu og sér um eignir deildanna. Fastir kennarar skulu vera honum til aðstoðar í þessu starfi hans.

Í lok hvers skólaárs ber skólastjóra að senda fræðsluráði og fræðslumálastjóra fullnægjandi skýrslu um skólahaldið á umliðnu skólaári.

14. gr.

Fela má fastakennurum aukastörf í þágu skólans eftir nánara samkomulagi við skólastjóra, svo sem umsjón með söfnum skólans, eftirlit á samkomum nemenda, aðstoð við félagsstarfsemi í skólanum o. fl.

15. gr.

Að fengnum tillögum fræðsluráðs og fræðslumálastjóra ákveður ráðherra kennsluskyldu skólastjóra.

16. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum árs orlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda ráðuneytinu með eins árs fyrirvara og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárinu skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsárinu loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

17. gr.

Hver kennslustund skal vera 50 mínútur.

18. gr.

104

Í skólanum skal vera prófbók eða spjaldskrá og skal rita í hana allar einkunnir við árspróf og lokapróf, meðaltölu einkunna og fullnaðareinkunn, svo og einkunnir fyrir ástundun og hegðun. 21. júlí

Auk þess skal skrifstofa skólans halda spjaldskrá yfir alla þá, er nám stunda í skólanum: auk fulls nafns nemanda skal þar skrá aldur hans, heimilisfang, svo og aðrar upplýsingar um hann, er máli skipta.

IV. KAFLI

Um aga og reglu.

19. gr.

Agi skal miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi, höfsemd og þrúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

Nemendur skulu í skólanum gæta fyllstu reglusemi í hvívetna.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í kennslu- og vinnustofum skólans. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólans.

Brjótí nemandi gegn þessum eða öðrum fyrirmælum um hegðun og umgengi í skólanum, ber skólastjóra að veita honum áminningu. Sé um alvarlegt og ítrekað brot að ræða, getur skólastjóri vikið nemandanum úr skólanum um stundarsakir eða til fulls, og skal þá kennarafundur hafa og fjallað um málið.

Ekki má hafa áfengi um hönd á skemmtunum eða fundum, sem nemendur eða aðrir halda í skólanum. Eigi má heldur hafa áfengi um hönd í skemmtiferðum nemenda, sem farnar eru á vegum skólans eða fyrir hans atbeina.

Nemendum skal gefin ströng áminning, ef þeir koma í kennslustundir undir áhrifum vins eða neyta áfengis í húsakynnum skólans. Sé endurtekinni áminningu ekki sinnt, skal hinum brotlega vikið úr skóla. Komi kennari í kennslustund undir áhrifum vins eða vanræki kennslu eða önnur skyldustörf í skólanum sakir áfengisneyzlu, ber skólastjóra þegar í stað að gera fræðslumálastjórninni aðvart, og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi. Sama gildir, ef kennari verður sannur að hneykslanlegri framkomu á almannaferi sakir vinnneyzlu.

Skólastjóri ber ábyrgð á, að farið sé eftir fyrirmælum þessum.

20. gr.

Nemendum skal skylt að koma jafnan réttstundis í kennslustund. Nemendum er óheimilt að yfirgefa skólann á meðan kennslustund stendur yfir, nema kennari gefi leyfi til þess. Mæti nemandi eigi til náms, ber honum samdægurs að tilkynna skrifstofu skólans ástæðu til fjarvistar. Hafi nemandi eigi mætt í skólanum tvo daga eða fleiri, er honum skylt að senda skrifstofu skólans læknisvottorð. Endurteknar fjarvistir, án gildra ástæðna, geta varðað brottvísun úr skólanum.

Valdi nemandi skemmdum á eignum skólans eða sé að því valdur, að eitthvað af eignum skólans glatist, er honum skylt að bæta tjónið að fullu.

Vanræki nemandi að greiða skyldugjöld sín til skólans á umsömdum gjalddaga, missir hann rétt til skólavistar.

Nemendur skólans, sem búa sig undir sérkennarapróf, ef efnt verður til þess, skulu vinna að jafnaði tvær stundir í viku hverri að gerð vinnusýnishorna, lagfæringu á kennslutækjum o. þ. h.

104 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1955, öðlast 21. júlí þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Birgir Thorlacius.

105

1. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum og vinnustöðvum, sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá, sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Fast gjald af hverri íbúð í húsi | kr. 100.00 |
| b. Fast gjald af hverju húsi, þó ekki sé búíð í því | — 100.00 |

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, kr. 200.00. Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 100%.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

106

1. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan kaupstaðarlóðarinnar og hafnarinnar á Flateyri. Skipum á höfninni er óheimilt að taka vatn annars staðar en þar sem vatnssölumaður ákveður.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins nema með leyfi hreppsnefndar og undir eftirliti manns, sem hún nefnir til þess.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Flateyrarhrepps, skal senda umsjónarmanni hennar skriflega umsókn um það, ásamt nákvæmum upplýsingum um vatnsmagn það, sem viðkomandi telur sig þurfa og til hvers það er ætlað. Vatns-

veitan leggur stofnæðar um þorpið eftir þörfum, en notendur annast lagningu æða **106** þaðan að húsum sínum á eigin kostnað allt að 60 metrum. Sé um lengri lögn að 1. ágúst ræða leggur vatnsveitan nýja æð.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo að óþrifum valdi eða vanrækja að annast viðhald á vatnsæðum sínum. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Þar sem slíkt á sér stað, skal tafarlaust samið um þau vatnsafnot. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotum og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi fyrir vatnið. Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið til hreinsunar á geymi og æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

- a. Vatnsskatt skal greiða af öllum íbúðarhúsum með 2% af fasteignamatnsverði þeirra. Þó skal lágmarksgjald vera kr. 100.00 — eitt hundrað krónur —, af hverri íbúð. Hámarksgjald skal vera kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur —.
- b. Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem útheimtir mikið vatn, skal greiða 3% af fasteignamatnsverði þeirra.
- c. Vatnsnot véla skulu mæld og greiðist 50 aurar fyrir hverja smálest af fyrstu 1000 — eitt þúsund — smálestunum, en 30 aurar eftir það af smálest.
- d. Af öllum gripahúsum og öðrum húsum, sem vatn liggur í, skal greiða sem lágmark kr. 50.00 — fimmtíu krónur —.
- e. Af hverri skrásettri atvinnubifreið skal greiða kr. 50.00.
- f. Af hverri tunnu síldar skal greiða 40 aura í vatnsgjald.
- g. Af hverri smálest af innvegnum fiski skal greiða kr. 1.50.
- h. Af hverri smálest af frystu kjöti skal greiða kr. 10.00 — tíu krónur —.
- i. Fyrir öll önnur vatnsafnot, sem ekki eru talin í reglugerð þessari, skal greiða samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

8. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, sbr. c-lið 7. gr., getur hreppsnefnd ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 50 aura. Sá sem samkvæmt þessari grein og 7. gr. c-lið kaupir vatn um mæli, skal sjálfur útvega sér mæli og annast viðhald hans. Hreppsnefnd hefur sjálfðæmi um verð vatnsnotanna þar til þessu er fullnægt.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 8.00 fyrir hverja smálest.

106

1. ágúst

Eigendur húsa, hvers konar vatnsskattskyldrar framleiðsluvöru eða iðnfyrirtækja, sem framleiða slíka vöru, svo og hafnarsjóður vegna skipa, sbr. hafnarreglugerð, eru ábyrgir gagnvart vatnsveitunni um alla vatnsskatta samkvæmt þessari reglugerð.

9. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldþagi vatnsskatts samkvæmt 7. gr. er 15. ágúst, samkvæmt 8. gr. mánaðarlega.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefndinni, ef sérstaklega stendur á, að hækka vatnsskatt um allt að 100% og lækka um allt að 80% frá ákvæðum þessarar reglugerðar, og taki þær breytingar jafnt til allra gjaldenda.

11. gr.

Hver sá, sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, skal bæta það að fullu og sæta sektum samkvæmt 14. gr. Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar, til þess að losna við að greiða gjöld, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum samkvæmt 14. gr.

12. gr.

Vatnsveitustjóra er frjálst að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja um, til eftirlits. Ef útbúnaði er á einhvern hátt ábótavant, skal það tafarlaust lagfært á kostnað húseiganda.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki án til-lits til eigendaskipta.

15. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um vatnsveitu Flateyrarhrepps, nr. 41 frá 25. febrúar 1947.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

107

30. júlí

um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

1. gr.

Samkvæmt fyrirmælum í 12. gr. laga nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins, og að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka:

I. Í fyrsta launaflokki, er svarar til VI. launaflokks nefndra launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

- | | |
|-----------------------|----------------------------|
| 1. Álafosshérað | 19. Vopnafjarðarhérað |
| 2. Akraneshérað | 20. Norður-Egilsstaðahérað |
| 3. Kleppjárnshérað | 21. Austur-Egilsstaðahérað |
| 4. Búðardalshérað | 22. Bakkagerðishérað |
| 5. Reykhólahérað | 23. Búðahérað |
| 6. Flateyjarhérað | 24. Djúpavogshérað |
| 7. Bildudalshérað | 25. Hafnarhérað |
| 8. Bolungarvíkurhérað | 26. Kirkjubæjarhérað |
| 9. Ísafjarðarhérað | 27. Víkurhérað |
| 10. Súðavíkurhérað | 28. Vestmannaeyjahérað |
| 11. Djúpavíkurhérað | 29. Hvolshérað |
| 12. Höfðahérað | 30. Helluhérað |
| 13. Hofsóshérað | 31. Laugaráshérað |
| 14. Siglufjarðarhérað | 32. Hveragerðishérað |
| 15. Grenivíkurhérað | 33. Keflavíkurhérað |
| 16. Breiðumýrarhérað | 34. Hafnarfjarðarhérað |
| 17. Kópaskershérað | 35. Kópavogshérað |
| 18. Þórshafnarhérað | |

II. Í öðrum launaflokki, sem svarar til VII. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

- | | |
|---------------------|----------------------|
| 1. Borgarneshérað | 8. Ólafsfjarðarhérað |
| 2. Ólafsvíkurhérað | 9. Dalvíkurhérað |
| 3. Stykkishólshérað | 10. Húsavíkurhérað |
| 4. Þingeyrarhérað | 11. Eskifjarðarhérað |
| 5. Flateyrarhérað | 12. Selfosshérað |
| 6. Hól mavíkurhérað | 13. Eyrarbakkahérað |
| 7. Hvammstangahérað | |

III. Í þriðja flokki, er svarar til X. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

- | | |
|------------------------|-----------------------|
| 1. Patreksfjarðarhérað | 4. Seyðisfjarðarhérað |
| 2. Blönduóshérað | 5. Neshérað |
| 3. Sauðárkrókhérað | |

2. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað, og kemur til framkvæmda 1. janúar 1956. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 48 13. marz 1953.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. júlí 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Gústav A. Jónasson.

108

4. ágúst

AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær, nr. 68 3. apríl 1950, sbr. auglýsingu nr. 21 4. marz 1954.

Á eftir 4. tölulið 1. gr. fyrirmælanna komi nýr liður, sem verður 5. töluliður:

Keflavíkurvegur frá vegamótum Keflavíkurvegar og Strandgötu, sunnan við Íshús Hafnarfjarðar, að vegamótum gamla flugvallarins, móts við hús Fiskiðjunnar s.f. í Keflavík.

Breyting þessi, sem gerð er samkvæmt heimild í 7. gr. umferðarlaga, nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1956.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

109

8. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Eyjólf Sveinssonar kennara, Lambavatni, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. ágúst 1956. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eyjólf Sveinssonar kennara, Lambavatni.

1. gr.

Til sjóðsins er safnað af ungmennafélaginu Von á Rauðasandi í febrúarmánuði 1941, til minningar um stofnanda félagsins, Eyjólf Sveinsson kennara, en hann andaðist 8. febr. 1941. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Eyjólf Sveinssonar kennara, Lambavatni.

2. gr.

Sjóðurinn er 31. des. 1955 að upphæð kr. 2692.84 — tvö þúsund sex hundruð níutíu og tvær 84/100. — Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma, og minningargjafir, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að stofnsetja náttúrugripasafn eða bókasafn, annaðhvort eða hvorttveggja, ef fjármagn er til þess að dómi sjóðstjórnarinnar, við barnaskóla, er hann verður byggður í Rauðasandshreppi. Það nær þó ekki til skóla í heimahúsum í sambandi við kennsluprestakall, eða skóla, sem byggður er utan Rauðasandshrepps við samsteypu skólahéraða. Munir eða bækur safnsins eru til nota við skólann, en ekki til útlána. Skólastjóri hefur umsjón með safninu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 — þrír — menn. 1) Kona Eyjólf Sveinssonar, Vilborg Torfadóttir, barn þeirra eða afkomandi, systkini Eyjólf eða afkomandi þeirra með heimili í Rauðasandshreppi. Sé enginn þessara aðila búsettur í hreppnum eða ekki

starfshæfur vegna æsku eða elli, kýs almennur safnaðarfundur Saurbæjarkirkju einn **109**
mann úr sínum hópi. 2) Einn tilnefndur af U.M.F. Von eða öðru félagi á Rauða- **8. ágúst**
sandí, er starfar samkvæmt stefnu ungmennafélaganna, íþróttá, líknar eða menn-
ingarfélag. Sé slíkt félag ekki til, skal hann tilnefndur af sóknarnefnd Saurbæjar-
kirkju. 3) Formaður skólanefndar Rauðasandshrepps. Stjórnin sér um eignir sjóðs-
ins, reikningshald og framkvæmdir samkv. 3. gr.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Rauðasandshrepps eða annarri tryggri láns-
stofnun. Reikningar sjóðsins endurskoðast af tveim mönnum kosnum af skólanefnd.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari, sem undirrituð er á 60. afmælisdag Vilborgar Torfa-
dóttur, skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Lambavatni, 5. júní 1956.

F. h. U. M. F. Von

Ívar Ívarsson. Ívar Halldórsson. Halldóra J. Ívarsdóttir.

REGLUR

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1956.

110

10. ágúst

1. gr.

Árið 1956 skal heimilt að veiða allt að 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin
fara fram á tímabilinu 10. ágúst til septemberloka. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar
síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri
tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með
lenging veiðitímans.

2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoð-
armanna, er hann kann að kveðja til.

3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig
milli eftirgreindra hreppa:

(1) Fljótsdalshreppur	150 hreindýr
(2) Jökuldalshreppur	130 —
(3) Fellahreppur	80 —
(4) Tunguhreppur	75 —
(5) Hlíðarhreppur	30 —
(6) Hjaltastaðahreppur	15 —
(7) Skriðdalshreppur	43 —
(8) Vallahreppur	25 —
(9) Egilsstaðahreppur	7 —
(10) Eiðahreppur	15 —
(11) Beruneshreppur	15 —
(12) Geithellahreppur	15 —

Samtals 600 hreindýr

110

10. ágúst

4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Þá getur ráðuneytið til reynslu veitt veiðifélagi, er stofnað kynni að verða, leyfi til að veiða allt að 100 hreindýr, gegn 250 króna gjaldi fyrir hvert veiðidýr. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns. Andvirði veiðileyfa þessara renni í sjóð þeirra hreppa, sem um getur í 3. gr., að frádreginni þóknun til hreindýraeftirlitsmanns fyrir eftirlit með veiðinni. Tekjur þessar skulu skiptast milli hreppssjóða í hlutfalli við fjölda þeirra dýra, sem hreppunum er leyft að veiða. Hreindýraeftirlitsmaður annast innheimtu veiðileyfagjalds og stendur hreppunum skil á því, sem þeim ber.

5. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, sem að framan eru nefndir, sjá um veiði þeirra hreindýra, sem þeim eru ætluð samkvæmt 3. gr. Skulu hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi, fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á heitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð.

6. gr.

Komi í ljós í lok septembermánaðar, að eigi sé líklegt að veidd verði sú tala hreindýra, sem gert er ráð fyrir hér að framan, skal hreindýraeftirlitsmanni heimilt að veiða á kostnað ríkissjóðs svo mörg dýr, að alls verði felld 700 hreindýr. Andvirði þessara dýra gangi til greiðslu kostnaðar við veiði þeirra.

7. gr.

Þá eina má fá til þess að veiða hreindýr, er eftirlitsmaður hreindýra samþykkir. Skulu þeir fá sérstakt, skriflegt leyfi frá eftirlitsmanninum. Ber þar að greina, auk nafns og heimilis leyfishafa, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) megi nota, á hvaða svæði leyfið gildi, hve mörg dýr leyfishafi megi veiða og fyrir hvern hann veiði.

Leyfshafi skal bera leyfið á sér, þegar hann er við veiðar og sýna, ef krafizt er.

Hreindýraeftirlitsmaður skal tilkynna sýslumönnum Norður- og Suður-Múla-sýslu nöfn leyfishafa jafnóðum og leyfin eru gefin út, svo og ráðuneytinu.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal gæta þess vandlega að leyfa eigi að veiða hreindýr á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagnenjist, heldur á stöðvum aðalhjarðarinnar eða þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal sjá um, eftir því sem unnt er, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir vöxt og viðgang hjarðarinnar.

10. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður annast eftirlit með veiði hreindýranna, sbr. 2. gr. Skal greiða honum 40.00 krónur fyrir hvert dýr, sem leyft er að veiða, og gengur gjaldið til greiðslu kostnaðar við veiðieftirlitið.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 10 000.00 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

110

10. ágúst

Menntamálaráðuneytið, 10. ágúst 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

HAFNARREGLUGERÐ

111

10. ágúst

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörkun hafnarinnar.

1. gr.

Siglufjarðarhöfn tekur yfir Siglufjörð innan línu, sem hugsast dregin úr Sigluhestá í Djúpavog norðan Landsenda.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirmumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn velur hafnarvörð eftir tillögum hafnarnefndar.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að halda reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

III

10. ágúst

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Áliti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðar-ráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta gömul skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar, og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

Nú hafa bryggjur brotnað, og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber eiganda að taka burt allar eftirstöðvar af bryggjunni, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda, og má taka þann kostnað lögtaki. Hafnarnefndin getur og krafizt þess, að allar bryggjur séu gerðar á þann hátt, að hætta geti ekki af þeim stafað, t. d. getur hún heimtað, að þiljur á bryggjum séu gerðar úr flekum, er taka megí af þegar þörf gerist. Bryggjueigandi ber alla ábyrgð á skaða þeim, sem brot úr bryggju hans kunna að valda á eignum annarra manna.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megí liggja eða leggjast. Aldrei megí nein skip liggja svo nærri bryggjum að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum og bátum má ekki leggjja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina, og má því ekki leggjja neinu skipi nær bryggjum austan á eyrinni en svo, að á daginn liggí þau austan innsiglingarmerkjana, sem eru merkjastaur á Leirunni í Leiruvita. Að nóttu til skulu þau liggja í grænu ljósi sama vita. Ekkert skip má leggjast á

innri höfnina nema með sérstöku leyfi hafnarvarða og eftir þeirra tilvísan í hvert sinn, og skulu þau skip greiða 10 auru aukagjald af hverri nettó smálest. 111

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki. 10. ágúst

11. gr.

Í sérhverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lagi á höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringa eða við festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlifur milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

Skylt er skipum að sigla með hægri ferð innan bauju á Hvanneyrarrifi.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrirfram auglýstum ferðaáætlunum, og flytja póst, leyft að leggja að bryggju þó önnur skip liggji þar fyrir, og skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé fermingu eða affermingu skipa eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggja, álitu hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar og í hvaða röð skip koma að bryggju.

Engin skip mega sigla að bryggjum hafnarinnar og innan hafnarbryggju, nema eftir leiðsögn frá höfninni, að undanskyldum varðskipum og innlendum fiskiskipum.

Leiðsögugjald skipa skal vera sem hér segir:

Fyrir skip allt að 300 smálestir brúttó	kr.	75.00
— — 500—1000 — —	—	150.00
— — 1000—2000 — —	—	175.00
— — yfir 2000 — —	—	200.00

Leiðsögugjald þetta rennur í hafnarsjóð.

III

10. ágúst

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma og afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabráum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

16. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má ekki láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður visar til.

17. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni og eiganda skips.

18. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja hurtu muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lagi.

19. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt í lagi, og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo að það skemmi eigi höfnina. Sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eigenda. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Vanræksla á að hlýða skipun hafnarnefndar í þessum efnum er enn fremur brot á hafnarreglugerðinni. Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó að það sé mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

20. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lagi á höfninni.

21. gr.

VII. KAFLI

Um lestagjald og ljósgjald.

III

10. ágúst

22. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 2.00 kr. fyrir hverja smálest.
- b. Innland fiskiskip greiði 60 aura fyrir hverja smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 15.00.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita til hafnar vegna sjótjóns, er sannast í sjóprófi, skulu greiða kr. 1.00 í lestagjald fyrir hverja smálest í hvert sinn er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 20.00. Strandferðaskip ríkisins greiði þó aðeins 60 aura af hverri nettó smálest.
- d. Af íslenzkum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald kr. 1.50 af hverri smálest. Sama aukagjald skal gjalda af íslenzkum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenzkum dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip (ef leyft yrði að safna í sig síld til verksmiðjuíðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald.

23. gr.

Ef flutningaskip liggur lengur á höfninni en 6 daga, skal það greiða lestagjald af nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skulu flutningaskip, sem biða eftir síldarfarmi, og búsettur maður, eða maður, sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefur á leigu eða á, ekki greiða gjaldið fyrri en eftir 10 daga.

24. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósgjald sem hér segir:

- a. Skip, sem getið er um í 22. gr. a., greiði kr. 50.00 á ári.
- b. Skip, sem getið er um í 22. gr. b., greiði í hvert skipti er þau koma til hafnar, gjald af nettó smálest, sem hér segir:
- | | |
|--------------------------------------|----------|
| Skip allt að 20 smálestir | kr. 6.00 |
| Skip, 20 smálestir og þar yfir | — 8.00 |
- c. Öll önnur skip greiða sem hér segir:
- | | |
|----------------------------------|-----------|
| Skip undir 100 smálestir | kr. 10.00 |
| Skip frá 100—200 smálestir | — 20.00 |
| Skip yfir 200 smálestir | — 60.00 |

25. gr.

Bátar allt að 12 smálestir brúttó greiði sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald kr. 10.00 í hvert skipti, sem þeir leita hafnar.

Vélbátar, 5 smálestir og minni, sem heima eiga á Siglufirði, eru gjaldfrjálsir.

26. gr.

Innland skip, sem lagt er í vetrarlagi á höfninni, greiði 50 aura fyrir hverja smálest á ári. Útlend skip greiði 2 krónur fyrir hverja smálest á mánuði.

Gjöld samkvæmt VII. kafla reiknast af nettó smálest, sé ekki annað tekið fram.

III

10. ágúst

VIII. KAFLI
Um bryggjugjald.

27. gr.

a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald, 50 aura af nettó smálest skipsins. Hálf smálest reiknast sem heil, en minna broti sé sleppt.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring, sama af smálest, þó aldrei minna en kr. 10.00.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

b. Gjald af öðrum bryggjum en bryggjum hafnarsjóðs:

Flutningaskip og önnur skip greiði hálf bryggjugjald.

Skipstjóri skips, sem fer frá bryggju án þess að greiða bryggjugjald, er sekur um brot á hafnarreglugerðinni.

IX. KAFLI

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar segir.

Vörugjaldið greiðist hvort sem vörunum er skipað á land eða í skip á Siglu-fjarðarhöfn.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem eru úr herskipi eða í herskipi

31. gr.

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta gjaldkera í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki gjaldkera ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið af þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Lægsta gjald af hverri sendingu er kr. 1.50.

32. gr.

111

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá til tekur, og gjald 10. ágúst greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

33. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Salt, saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, sement, kol, koks.
2. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:
Áburður, blý, eldavélar, fóðurbætir, akkeri, bárujárn, eldfastur steinn, garðávextir, gólfllisar, girðingarnet, gærur, hey, járn, járnþípur, kornvörur, kálmeti, lýsi, kaðlar, kalk, kjöt, landbúnaðarvélar, jarðstrengir, mjólk, mjólkurvörur, rör, miðstöðvarefni, katlar, saumur, skinn, timbur, ull, vélar og vélahlutar, veggflisar, vír, vírnet, sykur óst., þakpappír, þvottapottar.
3. flokkur. Gjald 180 aurar fyrir hver 100 kg:
Bátar, benzín, bifreiðar, feiti, freðsild, oliur, smjör, smjörlíki, hraðfrystur fiskur, harðfiskur, skreið, tólg.
4. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg:
Bækur, blek, brauð, brauðvörur, garn, gúmmí, gúmmívörur, hessian, kitti, kex, kork- og korkvörur, linoleum, lím, lakk, línur, menja, málning, net, nætur, olíufatnaður, pappír, pappakassar, pappírsvörur, sykur st., stálbik, tjara, útgerðarvörur, önglar, kritt, gibbs, strigapokar, tvistur.
5. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:
Ávextir, ávaxtadrykkir, barnavagnar, blikkvörur, burstar, hökunarvörur, borðbúnaður, búsaðöld, blóm og plöntur, eldspítur, eldhúsaðöld, ger og efni, gerviefni, gler, glervörur, gólfáburður, gosdrykkir, hreinlætisvörur, hjólhestar, húsgagnaáburður, kaffi, kaffibætir, essensar, ferðatöskur, krydd, leður, leðurvörur, lyf, lykklar, lamir, laukur, niðursuðuvörur, þakkavörur, þrjónavörur, saumavélar, skilvindur, iðnaðarvörur, skrár, sápur, sóði, skóáburður, saft, sykurvatn, sýrur, smá járnvörur, leirvörur, kerti, te, tin, tómatar, zink, öl og ölgerðar efni, efnavörur, plastvörur, verkfæri, iðnaðarvörur, þvottaefni.
6. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 10 kg:
Dívanar, garn, húsgögn, hljóðfæri, hljómplötur, fatnaður, jólatré, leikföng, ljósmyndavélar, hakar, klukkur, mælar, peningaskápar, peningakassar, rafmagnsvörur, raflagnaefni, rammar, rammalistar, listmunir, skrifstofuáhöld, skófatnaður, skot, skotfæri, sprengiefni, vopn, tóvara, símar, súkkulaði, sælgæti, sportvörur, sýnishorn, viðtæki, vefnaðarvara, nylonefni, ýmislegt.
7. flokkur. 300 aurar fyrir hver 10 kg:
Ilmvötn, snyrtivörur, spritt, spíritus, tóbak, tóbaksvörur.
8. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hver 10 kg:
Áfengi.
9. flokkur. Gjald 30 aurar stk.:
Tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
10. flokkur. 35 aurar ten.fetið:
Timbur og rúmmálsvörur.
11. flokkur. 150 aurar fyrir hverja tunnu:
Öll síld, verkuð.
12. flokkur. 60 aura hvert mál:

111
10. ágúst

Öll síld í bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðarkaupstaðar eða í skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.

13. flokkur. 600 aurar stk.:

Geitur, hestar, loðdýr, nautgripir, sauðkindur, gæsir.

14. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg:

Allur fiskur upp úr sjó, slægður eða óslægður, sem skipað er upp í höfninni. Enn fremur 40 aurar fyrir hverja tunnu af nýrri síld, sem skipað er upp í höfninni til söltunar eða frystingar.

15. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:

Brennsluolía (fuelolía).

34. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips ber ábyrgð á að vörugjaldsskyldar vörur séu ekki afhentar fyrri en vörugjalðið er greitt, og hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunum unz vörugjalðið er að fullu greitt, og í skipi unz hafnargjald er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugerðinni.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

35. gr.

Bæjarstjórnin ræður hafnargjaldkera eftir tillögum hafnarnefndar. Hann sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

36. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjaldanna og má taka gjöldin lögtaki hjá skipstjóra, útgerðarmanni eða formanni skips. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni eða ef eigi næst í hann, ber eigandi hennar ábyrgð á greiðslu gjaldanna, og má taka gjöldin lögtaki hjá honum. Hafnargjöld hvíla sem lögveð á skipunum.

Gjöldin skulu greidd í hvert skipti, sem skip hafna sig á höfninni eða leggjast við bryggju, þó getur gjaldkeri leyft skipum, sem stunda veiðar frá Siglufirði, að borga öll gjöldin í einu, áður en þau fara þaðan, og ber þeim að semja um það við gjaldkeri fyrirfram.

Nú hefur lögreglustjóri tekið skipsskjöl í sínar vörzlur til tryggingar greiðslu lögmætra gjalda í rikissjóð og er honum þá óheimilt að láta skjölin af hendi nema sýnd sé kvittun frá gjaldkera hafnarsjóðs Siglufjarðar, er sýni að öll gjöld skips til hafnarsjóðs hafi verið að fullu greidd.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni, án þess að borga lögmæt hafnargjöld og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá gjaldkera, hefur gert sig sekan um brot á reglugerð þessari, og fer um það brot sem önnur brot á reglugerðinni.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur ris síðar um, hve oft hafi hafnað sig á höfninni, og skal þá farið eftir skýrslu hafnarvarðar um það efni.

XI. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

111
 10. ágúst

37. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

39. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörumagn, enda sé ekki um að kenna afsakanlegu gáleysi, og skal þá greiða ferfalt vörugjald og sekt fyrir brot á hafnarreglugerðinni, nema um þyngri refsingu sé að ræða að lögum.

40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Hafnarvörður er réttur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gert aðra skipun.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn. Löglega ákveðnar skaðabætur má taka lögtaki.

41. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnargjaldkeri tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

42. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

43. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina nema leyfi landeiganda og hafnarvarðar komi til.

Beitutaka er hönnuð innan takmarka hafnarinnar, sbr. 1. gr., enn fremur að leggja lóðir eða veiða með dragnót, nema með leyfi hafnarvarðar.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

- 111 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
10. ágúst hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 173 22. september 1951.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

- 112
13. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi,
nr. 158 25. nóv. 1948.

13. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 22,5% — tuttugu og tvo og hálfan af þúsundi —, þó skal lágmarksskattur vera kr. 75.00 fyrir hvert íbúðarhús.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

- 113

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1955.

	Tekjur:		
1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	4086.65	
			kr. 4286.65
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	10.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	204.67	
			— 214.67
			Kr. 4501.32
	Gjöld:		
Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	4301.32	
			Kr. 4501.32

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

114

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og
Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	47914.49	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	513.98	
			kr. 48428.47
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	kr.	2491.55	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	25.65	
			— 2517.20
			Kr. 50945.67

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	50406.04	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	539.63	
			Kr. 50945.67

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

115

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	31480.66	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	7534.96	
			kr. 39015.62
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	kr.	1636.99	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	452.04	
			— 2089.03
			Kr. 41104.65

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	33117.65	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	7987.00	
			Kr. 41104.65

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

116

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 57627.33
2. Vextir	— 2983.28

 Kr. 60610.61

Gjöld:

1. Styrkur veittur	kr. 1000.00
2. Eign í árslok:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	— 59610.61

 Kr. 60610.61

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

117

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:	
a. Verðbréf	kr. 28600.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 23519.08
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 4669.49
	<hr/>
	kr. 56788.57

2. Vextir:

a. Af verðbréfum	kr. 1930.00
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 1222.99
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 297.76

 — 3450.75

 Kr. 60239.32

Eign í árslok:

Gjöld:

a. Verðbréf	kr. 28600.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 24742.07
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 6897.25

 Kr. 60239.32

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1956.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956, undirskrifuð af forsetanum 19. janúar 1956, nr. 1.

Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, undirskrifuð af forsetanum 27. janúar 1956, nr. 2.

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af forsetanum 29. janúar 1956, nr. 3.

Lög um framleiðslusjóð, undirskrifuð af forsetanum 31. janúar 1956, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946, undirskrifuð af forsetanum 18. janúar 1956, nr. 5.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 15. janúar 1956, nr. 6.

Fjárlög fyrir árið 1956, undirskrifuð af forsetanum 2. febrúar 1956, nr. 7.

Lög um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum, undirskrifuð af forsetanum 18. janúar 1956, nr. 8.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Spánar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. janúar 1956, nr. 9.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 10.

Lög um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt, undirskrifuð af forsetanum 2. febrúar 1956, nr. 11.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1956, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1956, nr. 12.

Lög um kirkjuitök og sölu þeirra, undirskrifuð af forsetanum 15. febrúar 1956, nr. 13.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um fuglaverndun, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 14.

Lög um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, undirskrifuð af forsetanum 17. febrúar 1956, nr. 15.

Lög um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 20. febrúar 1956, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, undirskrifuð af forsetanum 21. febrúar 1956, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.

Forsetabréf um breyting á forsetabréfi nr. 114 31. des. 1945, um starfsháttu orðunefndar, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1956, nr. 19.

Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, undirskrifuð af forsetanum 1. marz 1956, nr. 20.

Lög um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 21.

Lög um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl., undirskrifuð af forsetanum 9. marz 1956, nr. 22.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðffársjúkdóma og útrýmingu þeirra, undirskrifuð af forsetanum 10. marz 1956, nr. 23.

Lög um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1956, nr. 24.

Auglýsing um breytingu á viðskiptasamningi frá 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkjá Ameríku, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. marz 1956, nr. 25.

Auglýsing um fullgildingu menningarsáttmála Evrópuráðsins frá 19. des. 1954, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. marz 1956, nr. 26.

Auglýsing um aðild Íslands að viðbótarsamningi við samning frá 5. júlí 1890 um alþjóðastofnun til útgáfu tolllaga, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 27.

Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 28.

Lög um atvinnuleysisstryggingar, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1956, nr. 29.

Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1956, nr. 30.

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu, undirskrifuð af forsetanum 27. marz 1956, nr. 31.

Lög um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljans Laxness, undirskrifuð af forsetanum 13. marz 1956, nr. 32.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 28. marz 1956, nr. 33.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 3. apríl 1956, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 20 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga, undirskrifuð af forsetanum 4. apríl 1956, nr. 35.

Lög um breyting á sjúkrahúslögum, nr. 93 31. des. 1953, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 37.

Lög um framlengingu á eignarskattviðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.

Lög um heimild til sölu jarðeigna í opinberri eigu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 41.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 42.

Fjáraukalög fyrir árið 1953, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um breyting á lögum nr. 50/1940, um lögreglumenn, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1956, nr. 45.

Lög um breyting á lögum nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 46.

Lög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1956, nr. 47.

Lög um náttúruvernd, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 48.

Íþróttalög, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Lög um ríkisútgáfu námsbóka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.

Lög um vinnumiðlun, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1956, nr. 52.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd

samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Lög um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.

Lög um breytingu á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarínssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 55.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 10. apríl 1956, nr. 56.

Lög um prentrétt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 57.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 24. júní 1956, undirskrifað af forsetanum 27. marz 1956, nr. 58.

REGLUGERÐ

118

22. marz

um breyting á reglugerð nr. 103 29. sept. 1936, fyrir vélskólann í Reykjavík.

1. gr.

Fyrirsögn 2. töluliðs 2. greinar orðist þannig:
Inntökuskilyrði í I. bekk meiri vélstjóradeildar.

2. gr.

Eftir 2. tölulið komi nýr liður og orðist þannig:
Inntökuskilyrði í II. bekk meiri vélstjóradeildar:
Nemandinn hafi staðizt I. bekkjar próf deildarinnar með eigi lægri meðaleinkunn en 4.00 eða hlotið a. m. k. 5.00 í vetrareinkunn í I. bekk.

3. gr.

3. og 4. töluliður sömu greinar breytist í 4. og 5. tölulið.

4. gr.

12. gr. orðist þannig:

Þeir námssveinar II. bekkjar vélstjóradeildar, sem hlotið hafa minnst 3.00 í vetrareinkunn, eiga rétt á að ganga undir próf. Þetta ákvæði gildir einnig um námsveina rafmagnsdeilda. Utanskólasveinar, sem kunna að óska eftir að ganga undir próf, skulu senda umsókn um það til forstöðumanns skólans, stílaða til ráðuneytisins, eigi síðar en mánuði fyrir próf. Beiðninni skulu fylgja vottorð um, að sveinninn uppfylli kröfur þær, sem settar eru í 2. gr., um inntöku í þá deild, sem um er að ræða, og auk þess vottorð um þann undirbúning, sem hann hefur fengið.

5. gr.

Upphaf 14. gr. orðist þannig:

Prófin eru skrifleg, munnleg og verkleg, nema í I. bekk aðeins skrifleg og munnleg.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. marz 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

119
19. marz

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 24. júní 1956.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytisins, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 975 meðmælendur, en mest 1950.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 160 meðmælendur, en mest 320.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 255 meðmælendur, en mest 510.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 110 meðmælendur, en mest 220.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 19. marz 1956.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

120
27. marz

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Á Kalkofnsvegi.
 2. Á Skólalbrú.
 3. Í Pósthússtræti austan megin götunnar. Enn fremur vestan megin hennar milli Tryggvagötu og Vallarstrætis.
 4. Í Garðastræti milli Vesturgötu og Ránargötu. Þó skulu leyfð stæði fyrir tvær leigubifreiðar vestan megin götunnar.
- Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á Urðarstíg frá Baldursgötu að Njarðargötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 27. marz 1956.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

121

28. marz

um breytingu á reglugerð nr. 211 28. des. 1953, um frjálsan innflutning og gjaldeyrissölu.

1. gr.

Úr tollskrárn. 52/28—30 í A-lið 1. gr. reglugerðarinnar falli umbúðapokar úr jútu, og skal innflutningur þeirra aðeins fara fram samkvæmt gjaldeyris- og innflutningsleyfum Innflutningsskrifstofunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88 24. desember 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. marz 1956.

Ingólfur Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

122

28. marz

um greiðslur fyrir aukaverk presta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkæzt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu nafns barns í ministerialbók	kr. 25.00
2. — fermingu ásamt undirbúningi	— 100.00
3. — hjónavígslu	— 75.00
4. — greftrun	— 50.00
5. — endurskoðun kirkjureiknings	— 10.00
6. — vottorð, er prestur gefur í embættisnafni	— 5.00

Á fjárhæðir þessar skal greiða sömu verðlagsuppbót (vísitölu) og ríkið greiðir á laun starfsmanna sinna.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnarvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypis vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða jarðarför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeigenda, eins og tíðkæzt hefur.

122

28. marz

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

4. gr.

5. gr.
Skýlt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931 og gildir frá 1. marz 1956 til 31. desember 1966, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta eða gildandi vísitölu-grundvelli raskað verulega, skal gjaldskráin endurskoðuð.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 28. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

123

22. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð frú Helgu Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1956. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilissjóð frú Helgu Ólafsdóttur.

Árið 1955, hinn 6. júní, heimsótti stúkan Dröfn nr. 55 barnaheimilið að Skálátúni í Mosfellssveit, og við það tækifæri lagði umboðsmaður stúkunnar, Þorsteinn Þorsteinsson, fram 15000 — fimmtán þúsund — krónur í peningum og verðbréfum undir nafni látinnar konu sinnar, frú Helgu Ólafsdóttur, f. 20. ágúst 1873, d. 28. apríl 1943. Skyldi fjárhæð þessi vera byrjun til sjóðstofnunar fyrir dvalarborn heimilisins, en síðar var samín eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður frú Helgu Ólafsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita börnum Skálátúnsheimilisins glaðning einu sinni á ári eða oftár, eftir því sem hagur og efni sjóðsins leyfa.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, svo og gjafir og áheit og hvers konar tekjuöflun önnur, sem gerð er til ágóða fyrir hann. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn jafnskjótt og þær til falla.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skal ávaxta í peningastofnun með ríkisábyrgð eða í vel tryggðum skuldabréfum, að dómi sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

123

22. marz

Úr sjóðnum má ekkert fé veita fyrr en hann er orðinn 2000 — tuttugu þúsund — krónur, en eftir að hann hefur náð þeirri fjárhæð, má árlega veita úr honum $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna.

6. gr.

Stjórn Skálatúnsheimilisins stjórnar sjóðnum, en kjósa skal hún á aðalfundi sínum tvo endurskoðendur fyrir sjóðinn, ef endurskoðun reikninga hans er ekki falin löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar lagðir fram á hverjum aðalfundi og bornir upp til samþykktar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi stjórnar Skálatúnsheimilisins, en til þess þarf stjórnin öll að vera mætt og breytingarnar að fá samþykki $\frac{4}{5}$ allra stjórnarnefndarmanna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 23. febrúar 1956.

Þorst. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

124

9. apríl

um breyting á reglugerð nr. 112 12. ágúst 1949, um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.

Aftan við 5. málsg. 1. töluliðs 1. greinar reglugerðar nr. 112 1949 komi svo hljóðandi málsgrein:

Á leigubifreiðum til fólksflutninga, allt að 8 farþega, skal vera sérstakt merki með bókstafnum L. Merkin skulu vera rétthyrnd, 100 mm á hæð og 85 mm á breidd, úr 2 mm þykku aluminium. Stafurinn L skal vera með steinskript, svartur á lit, þrykktur í spjalðið, 45 mm á hæð og 28 mm á breidd og breidd stafleggs 7 mm, en grunnur gulmálaður. Merki þessu skal komið fyrir annað hvort aftan við skrásetningarmerki bifreiðarinnar eða fyrir miðju þess að ofan eða neðan. Um tilbúning og afhending þessara merkja gilda sömu reglur og um skrásetningarmerki bifreiða.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 9. apríl 1956.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

125

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðbjarts Kristjánssonar, Hjarðarfelli, árið 1953.

Tekjur:	
Í sjóði frá fyrra ári	kr. 12328.54
Minningargjafir á árinu	— 225.00
Vextir	— 734.89
	Kr. 13288.43
Gjöld:	
Eign í árslok	kr. 13288.43
	Kr. 13288.43

Hjarðarfelli í febr. 1954.

Gunnar Guðbjartsson.

126

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðbjarts Kristjánssonar, Hjarðarfelli, árið 1954.

Tekjur:	
Í sjóði frá fyrra ári	kr. 13288.43
Minningargjafir	— 440.00
Vextir	— 795.73
	Kr. 14524.16
Gjöld:	
Eign í árslok	kr. 14524.16
	Kr. 14524.16

Hjarðarfelli í febr. 1955.

Gunnar Guðbjartsson.

127

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Ólafssjóðs á árinu 1955.

Tekjur:	
1. Í sjóði frá fyrra ári (bók nr. 409 í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands)	kr. 5844.01
2. Vextir á árinu	— 306.81
	Samtals kr. 6150.82
Gjöld:	
Í sjóði til næsta árs	kr. 6150.82
	Samtals kr. 6150.82

Landlæknir. Reykjavík, 26. apríl 1956.

Vilm. Jónsson.

AUGLÝSING

128

24. ágúst

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingar-
samvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

61. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag tollvarða á Keflavíkurflugvelli. Varnarþing Keflavíkurflugvöllur. Staðfest 16. maí 1955.
62. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Keflavíkur. Varnarþing Keflavíkurkaupstaður. Staðfest 23. maí 1955.
63. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Framtak. Varnarþing Reykjavík. Staðfest 21. september 1955.
64. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag sjómanna, Ísafirði. Varnarþing Ísafjörður. Staðfest 17. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 24. ágúst 1956.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

SAMÞYKKT

129

12. sept.

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 66
29. marz 1950, sbr. og samþykkt nr. 9 22. jan. 1954, um breytingu á
þeirri samþykkt.

1. gr.

Aftan við 2. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýsluvegur nær aldrei nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1956.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

36

130
17. sept.

REGLUGERÐ um vinnumiðlun.

I. KAFLI

Stjórn og skipulag.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur á hendi yfirumsjón vinnumiðlunarinnar í landinu. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna sinn trúnaðarmanninn hvort, er vera skulu ráðuneytinu til aðstoðar við allt það, er varðar vinnumiðlun í landinu.

2. gr.

Í hverju því sveitarfélagi, sem vinnumiðlun er lögboðin, annast viðkomandi sveitarstjórn vinnumiðlunina. Sveitarstjórn er heimilt, ef hentara þykir, að fela bæjarstjóra, sveitarstjóra, oddvita eða sérstökum manni framkvæmd hennar.

Til aðstoðar sveitarstjórnnum um allt er varðar vinnumiðlun, skulu vera sérstakir trúnaðarmenn verkamanna og atvinnurekenda, svo sem lög um vinnumiðlun mæla fyrir um á hverjum tíma.

Trúnaðarmenn verkalyðsfélaganna skulu kjörnir af fulltrúaráðum þeirra, þar sem þau eru starfandi, ella kjósa stjórnir verkalyðsfélaganna þá sameiginlega á hverjum stað.

Trúnaðarmenn samkvæmt 2. mgr. skulu eiga aðgang að öllum gögnum, sem vinnumiðlunina varða.

3. gr.

Bæjarstjórnnum er heimilt að reka sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, enda skulu trúnaðarmenn þeir, sem um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar vera forstöðumanni þeirra til aðstoðar og ráðuneytis.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur, í samráði við trúnaðarmenn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, eftirlit með því að lögboðin samvinna sveitarstjórna, fulltrúa verkamanna og atvinnurekenda sé sem nánust og hagkvæmust.

II. KAFLI

Hlutverk vinnumiðlunar.

5. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar er:

- a. Að veita verkamönnum og atvinnurekendum endurgjaldslausa aðstoð um vinnusölu og vinnukaup, m. a. með því að afla nákvæmra upplýsinga hjá vinnuveitendum um lausar stöður og hverjar kröfur séu gerðar til starfsmanna þeirra, sem óskað er eftir, og með því að vísa atvinnuumsækjendum með viðeigandi hæfni og starfsþrek á fánlega vinnu.

Við ráðningu skal vinnumiðlunin taka tillit til lögheimilis, ómagaframbærslu, atvinnuleysistíma og innritunarraðar umsækjanda, sbr. 9. gr. reglugerðar þessarar.

- b. Að miðla vinnu milli verkamanna um land allt, eftir því sem unnt er hverju sinni, m. a. með því að senda upplýsingar um vinnuumsóknir og lausar stöður

til annarra vinnumiðlana og að greiða fyrir flutningum milli staða, svo að auð- 130
veldara verði fyrir verkamenn að komast til staða þar sem atvinna við þeirra 17. sept.
hæfi er fyrir hendi.

c. Að veita öryrkjum og unglíngum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi m. a. með því:

a. að láta athuga og meta líkamlega og andlega hæfni öryrkja til starfa og aðstoða þá við að fá endurbjálfun.

b. að veita unglíngum aðstoð við starfsbjálfun og leiðbeiningar um stöðuval.

Leitað skal náins samstarfs við vinnuveitendur um það, að þeir láti öryrkjum og unglíngum í té vinnu, sem er þess eðlis, að hún einkum hentaði fólki með takmarkaða starfsgetu.

d. Að úthluta atvinnubótavinnu, svo og annarri vinnu, sem ríki, sveitarstjórn eða opinberar stofnanir óska að úthlutað sé.

e. Að annast atvinnuleysisskráningar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert og láta auk þess fara fram atvinnuleysisskráningar eftir fyrir mælum sveitarstjórna eða félagsmálaráðherra.

Atvinnuleysisskráning skal auglýst með a. m. k. þriggja daga fyrirvara og þess getið í auglýsingu hvar skráningin fari fram. Skráning skal fram fara á venjulegum skrifstofutíma og skal þeim, sem kunna vilja skrásetja sig, veitt móttaka eigi skemur en þrjú daga.

f. Að veita opinberum stofnunum svo og verkalýðsfélögum og félögum atvinnurekenda upplýsingar um ástandið á vinnumarkaðnum á hverjum tíma, eftir því sem unnt er, þ. á m. upplýsingar um lausar stöður og tölu atvinnulausra og hagi þeirra.

g. Að láta launþegum, sem hafa óskað eftir aðstoð við vinnuráðningar, og hyggjast sækja um atvinnuleysisbætur, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu.

h. Að aðstoða, eftir því sem þörf krefur, félagsmálaráðuneytið eða aðrar stofnanir hins opinbera, sem vinna að áætlunum á sviði efnahags- og félagsmála, er ætlað sé að tryggja hagkvæmt ástand í vinnumálum.

i. Að inna af höndum önnur þau störf, er félagsmálaráðherra kann að fela henni eða ákveðnar kunna að verða í lögum eða reglugerðum.

III. KAFLI

Skráning umsækjenda um atvinnu.

6. gr.

Sérhver maður getur snúið sér til vinnumiðlunar og óskað aðstoðar hennar við útvegum atvinnu sér til handa.

Sá, sem óskar slíkrar aðstoðar, skal afhenda vinnumiðlun umsókn sína um atvinnu á þar til gerðu eyðublaði.

Í umsókninni skulu vera upplýsingar um eftirtalin atriði:

a. Nafn umsækjanda, fæðingardag og ár, lögheimili hans, síma, hjúskaparstétt, börn á framfæri hans, yngri en 16 ára, og aðra ómaga á hans framfæri.

b. Stéttarfélag, sem hann er meðlimur í, aðal- atvinnu hans, aukaatvinnu, atvinnuréttindi, hverrar atvinnu hann óski og hvort hann hyggist biðja um vottorð vegna atvinnuleysisbóta.

c. Tekjur umsækjanda af eigin eign og eigin atvinnu, bætur frá almannatryggingunum, atvinnutekjur hans síðustu 6 mánuði, vinnuveitanda og vinnutímabil síðustu 12 mánuði. Samsvarandi upplýsingar varðandi maka hans og börn, sem eru á framfæri hans yngri en 16 ára.

- 130 d. Atvinnuleysi umsækjanda síðustu 6 mánuði.
17. sept. e. Annað, er máli kann að skipta.

Umsóknin skal staðsett og dagsett og undirrituð af umsækjanda.

7. gr.

Þegar vinnumiðlun hefur borizt umsókn um atvinnu, sbr. 6. gr., frá manni, sem ekki hefur áður verið innritaður, skal umsóknin merkt rétttri skráningartölu og honum afhent innritunarskírteini.

Á innritunarskírteini skal færa skráningartölu og nafn umsækjanda. Skal skírteinið útbúið með dálkum, sem skrá skal í mánaðardag og ár, þegar umsækjandi mætir hjá vinnumiðluninni. Vera skal sérstakur dálkur fyrir umsóknartölu umsækjanda, en það er sú tala, sem segir til um það, hvar umsækjandi er í röð þeirra manna, sem sótt hafa um atvinnu, en að öðru jöfnu skal sá ganga fyrir um atvinnu, sem lægri hefur umsóknartölu, sbr. 5. gr. a., 2. mgr. Í dálk þennan skal færa umsóknartölu þá, sem umsækjandi hefur, þegar hann mætir, eða þá nýju umsóknartölu, sem umsækjanda ber, hafi hann verið afskráður, síðan hann mætti síðast, sbr. 15. gr., 1. og 2. mgr., og 11. gr., 1. mgr.

Umsækjandi skal jafnan framvísa innritunarskírteini sínu, er hann mætir hjá vinnumiðluninni.

8. gr.

Vinnumiðlunin skal halda spjaldskrá um alla þá, er leitað hafa aðstoðar hennar, sbr. 6. gr. Skal færa allar þær upplýsingar, sem um ræðir í 6. gr., á þar til gert spjald og skal hver umsækjandi hafa slíkt spjald á skránni, sem merkt skal skráningartölu hans. Á spjaldi þessu skal auk þeirra upplýsinga, sem um ræðir í 6. gr., einnig vera skýrsluform, er greini frá öllum ráðningarráðstöfunum varðandi umsækjandann. Skýrsluform þetta skal sýna umsóknartölu umsækjanda, skráningardag hans og afskráningardag, svo og greina orsökina fyrir því, að hann er afskráður. Á spjaldinu skulu vera dálkar, sem í skal skrá upplýsingar um tímabil, tölu virkra daga, sem umsækjandi hefur verið atvinnulaus á því tímabili, sem um er að ræða, svo og dálkur fyrir tekjur.

9. gr.

Þegar umsækjandi hefur samband við vinnumiðlun, sbr. 15. gr., 1. og 2. mgr., skal hann gefa skýrslu um atvinnu sína á þar til gerðu eyðublaði.

Á skýrslu þessa skal skrá nafn umsækjanda og skráningartölu. Gefa skal upplýsingar um vinnuveitendur þá, sem hann hefur unnið hjá síðan hann mætti síðast hjá vinnumiðluninni, tímabil, virka atvinnuleysisdaga og tekjur, svo og aðrar þær upplýsingar, sem máli skipta. Skýrsla þessi skal stað- og dagsett og undirrituð af umsækjanda.

10. gr.

Þegar vinnumiðlunin hefur fengið skýrslu þá, er um ræðir í 9. gr., færir hún upplýsingar þær, er skýrslan geymir á spjald umsækjanda, sbr. 8. gr. Enn fremur ritar hún mánaðardag og ár í innritunarskírteinið, sbr. 7. gr., 2. mgr., svo og umsóknartölu umsækjanda, sem er hin sama og var við síðasta mót umsækjanda, hafi hann mætt hjá vinnumiðluninni innan tiltekins tíma, sbr. 15. gr., 1. og 2. mgr.

11. gr.

Ef umsækjandi hefur ekki samband við vinnumiðlun innan 7 daga eða innan þess skemmri tíma, sem vinnumiðlun kann að hafa ákveðið, sbr. 15. gr., 1. mgr., skal umsækjandi afskráður og athugasemd um það færð á spjald hans í spjaldskránni, sbr. 8. gr.

Komi umsækjandi síðar til vinnumiðlunar, fær hann nýja umsóknartölu. Vinnu- **130**
miðlunin ákveður þá, hvort hann skuli rita nýja umsókn um atvinnu, sbr. 6. gr., eða **17. sept.**
hvort umsækjandi skuli aðeins gefa skýrslu samkvæmt 9. gr. Nýjar upplýsingar sam-
kvæmt umsókn eða skýrslu skulu þá færðar á spjald umsækjanda, sbr. 8. eða 10. gr.
Skal þá jafnframt færa hina nýju umsóknartölu á spjaldið, sbr. 8. gr., og í innritunar-
skírteinið, sbr. 7. gr.

12. gr.

Vinnumiðlunin skal færa dagbók um alla þá, sem sótt hafa um atvinnu. Skal
í bók þessa færa mánaðardag þann, sem umsækjandi gefur sig fram, nafn hans,
umsóknartölu, skráningartölu og atvinnugrein hans. Enn fremur skal færa í bók
þessa afskráningardag, þegar hann er ráðinn, eða hefur vanrækt mót innan þess
tíma, sem ákveðinn er samkvæmt 15. gr., 1. og 2. mgr., enn fremur nafn vinnuveit-
anda þess, sem hann er ráðinn hjá, og skrásetningartölu hans, sbr. 19. gr., og starfs-
grein þá, sem hann ræðst til.

Bók þessi skal færð daglega jafnskjótt og tilefni gefast til.

13. gr.

Fái vinnumiðlunin tilkynningu um að atvinnulaus maður, sem leitað hefur að-
stoðar hennar um útvegum vinnu, sé fluttur búferlum úr umdæmi vinnumiðlunar-
innar, skal hún þegar senda spjald viðkomandi manns með öllum árituðum upp-
lýsingum til vinnumiðlunar þeirrar, sem starfar í umdæmi því, sem maðurinn
flyzt til.

IV. KAFLI

Um vottorð vegna atvinnuleysisbóta.

14. gr.

Þeir, sem óska aðstoðar vegna atvinnuleysis og hyggjast fá vottorð vinnumið-
unar, skulu láta vinnumiðluninni í té allar þær upplýsingar, sem varða hag þeirra
og atvinnu og eru háðir þeim fyrirmælum, sem nánar greinir í 15. gr. reglugerðar
þessarar.

Það varðar umsækjanda viðurlögum samkvæmt almennum hegningarlögum, ef
hann gefur vinnumiðlun vísitandi rangar upplýsingar um hag sinn og atvinnu.

15. gr.

Rétt er vinnumiðluninni að krefjast þess, að umsækjandi hafi samband við
hana eins oft og þurfa þykir, og geri grein fyrir atvinnu sinni.

Umsækjandi skal þó eigi mæta sjaldnar en vikulega hjá vinnumiðluninni, og
skal hvers móts getið á spjaldskrá hans og athugasemd um það færð á innritun-
arskírteini hans.

Ef sjö dagar líða eða sá skemmri tími, sem vinnumiðlunin kann að hafa ákveðið,
sbr. 1. mgr. þessarar greinar, án þess að umsækjandi mæti, skal líta svo á, að hann
óski ekki eftir aðstoð eða vottorði vinnumiðlunarinnar, þar til hann hefur látið
skrá sig á ný.

Umsækjandi skal tafarlaust tilkynna vinnumiðluninni, ef hann fær vinnu án
atbeina hennar. Sömuleiðis skal hann tilkynna vinnumiðluninni brottför úr um-
dæmi hennar og forföll vegna veikinda.

16. gr.

Hver sá, er telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 29 7.
apríl 1956, getur krafizt þess, að vinnumiðlun láti honum í té vottorð í tvíriti um

130 atvinnu hans eða atvinnuleysi það tímabil, sem hann hefur verið skráður sem um-
17. sept. sækjandi um atvinnu, sbr. 14. og 15. gr.

Í vottorði þessu skal upplýst um eftirfarandi atriði:

- a. Fullt nafn umsækjanda.
 - b. Fæðingardagur hans og ár.
 - c. Heimilisfang hans.
 - d. Hvort hlutaðeigandi hafi á síðustu 12 mánuðum stundað a. m. k. samtals 6 mánuði vinnu, sem goldin er samkvæmt kjarasamningi eða kaupaxta verkafólksfélags, sbr. lög nr. 29 7. apríl 1956.
 - e. Hve marga virka daga umsækjandi hafi verið atvinnulaus á síðustu 6 mánuðum.
 - f. Hve marga virka daga umsækjandi hafi verið atvinnulaus á síðustu 18 dögum virkum. Hafi heimildin um lengri biðtíma verið notuð, skulu upplýsingarnar varða hinn ákveðna lengri biðtíma í stað 18 daga.
 - g. Af hvaða ástæðum hefur umsækjandi misst atvinnu sína.
 - h. Hvort umsækjandi sé vinnufær. Ef hann er það ekki, þá af hvaða ástæðum hann er ekki vinnufær.
 - i. Hvort umsækjandi hafi neitað vinnu, sem vinnumiðlunin hefur boðið honum, og skal þá greina ástæður hans fyrir synjuninni.
 - í. Hverjar tekjur umsækjandi, maki hans og börn, yngri en 16 ára, hafa haft á síðustu 6 mánuðum.
 - j. Hvort umsækjandi, maki hans og börn, yngri en 16 ára, hafi tekjur, þrátt fyrir atvinnuleysið, og ef svo er, hverju þær nemi.
 - k. Aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta.
- Vottorð þetta skal stað- og dagsett og undirritað af þeim, sem annast vinnumiðlun á þeim stað.

Hver sá, sem fengið hefur vottorð samkvæmt 2. mgr., og telur sig eiga rétt til áframhaldandi atvinnuleysisbóta, getur krafizt nauðsynlegs vottorðs í tvíriti þar að lútandi hjá vinnumiðluninni. Skal vottorð þetta geyma upplýsingar um eftirtalin atriði:

- a. Sömu atriði og um er rætt í 2. mgr. þessarar greinar, stafliðum a.—c.
 - b. Hve marga virka daga umsækjandi hefur verið atvinnulaus síðan síðasta vottorð vinnumiðlunar var gefið út.
 - c. Sömu atriði og um er rætt í 2. mgr. þessarar greinar, stafliðum í. og j.
 - d. Aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta.
- Vottorð þetta skal stað- og dagsett og undirritað með sama hætti og vottorð samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

Í samráði við fulltrúa verkamanna og atvinnurekenda, sbr. lög nr. 52 frá 1956, 2. gr., skal vinnumiðlunin, um hver áramót, ákveða hvað skuli teljast meðalárstekjur verkamanna og verkakvenna á sínu starfssvæði næstliðið ár, sbr. lög nr. 29 frá 1956, 16. gr. f.

V. KAFLI

Skráning vinnuveitenda.

18. gr.

Sérhver vinnuveitandi á rétt á því, að snúa sér til vinnumiðlunar og óska aðstoðar hennar um ráðningu verkafólks eða annarra starfsmanna.

Vinnuveitandi, sem óskar slíkrar aðstoðar, skal þá símleiðis eða bréflega gera vinnumiðluninni grein fyrir eftirtöldum atriðum:

- a. Nafni sínu og heimilisfangi, síma sínum og starfsgrein. 130
- b. Til hverra starfa vinnuafis er óskað, hve margra starfsmanna er óskað, til hve 17. sept.
langs tíma og hvar vinnustaður sé.
- c. Launakjörum og öðrum skilmálum.
- d. Öðrum atriðum, sem máli kunna að skipta.

19. gr.

Upplýsingar þær, sem vinnumiðlun fær frá vinnuveitanda, sbr. 18. gr., færir hún inn á þar til gert eyðublað, sem hún tölusetur í áframhaldandi töluröð og verður tala sú, sem skráð er á eyðublaðið, skráningartala vinnuveitandans.

Á eyðublaði þessu skal og vera skýrsluform fyrir ráðningar. Skal þar getið ráðningardags, skráningartölu launþega, sem ráðinn er, svo og umsóknartölu hans, nafns hans, heimilisfangs og þeirrar atvinnu, sem hann er ráðinn til.

20. gr.

Allir þeir, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna í kaupstöðum og kaupúnum með 300 íbúa eða fleiri, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda þeim, er vinnumiðlun annast á staðnum, afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Þeir, sem vinnumiðlun annast, skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

VI. KAFLI

Um atvinnuleysisskráningu.

21. gr.

Vinnumiðlunin skal gera skýrslur um alla atvinnulausa menn, er mæta við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar hjá vinnumiðluninni, sbr. 5. gr., 5. tl. Þar skal færa upplýsingar um atvinnu, ómagafjölda, afkomu og hag mannsins, svo að fljótlega megi fá glögggt yfirlit um möguleika hans til sjálfsbjargar.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Þeir, sem annast hina lögboðnu vinnumiðlun, skulu ársfjórðungslega senda félagsmálaráðuneytinu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, þ. á m.:

1. Um framboð á vinnuafli, fjölda, kyn, aldur, starfsorku, atvinnugrein, ómagafjölda og heimilisfang allra atvinnulausra manna, sem leitað hafa aðstoðar vinnumiðlunarinnar síðasta ársfjórðung.
2. Um eftirspurn eftir vinnuafli og skal þar greina frá kyni og fjölda starfsmanna, sem þörf hefur verið fyrir síðasta ársfjórðung og þeir flokkaðir eftir atvinnugreinum. Enn fremur skal greina frá nafni og heimilisfangi vinnukaupenda.
3. Um allar þær ráðningar, sem fram hafa farið að tilhlutan vinnumiðlunarinnar á síðasta ársfjórðungi.
4. Um alla atvinnulausa menn, er mæta við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar með upplýsingum um kyn, aldur, starfsorku, atvinnu, ómagafjölda og hag þeirra.

130

17. sept.

23. gr.
 Þeir, sem annast lögboðna vinnumiðlun, mega ekki veita óviðkomandi aðilum neinar þær upplýsingar, sem vinnukaupendur eða vinnuseljendur, er til þeirra leita, hafa veitt þeim.

24. gr.

Almenn vinnumiðlun, rekin í ágóðaskyni, er óheimil.
 Félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með félagssamtökum þeim eða öðrum aðilum, sem annast vinnumiðlun án endurgjalds, og tryggja raunhæfa samvinnu milli þeirra og hinnar lögboðnu vinnumiðlunar.

25. gr.

Félagsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð og bækur, sem nota þarf samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, sbr. þó 20. gr.

26. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 til ríkissjóðs og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

131

21. sept.

REGLUGERÐ

um húsnæðismálastjórn.

1. gr.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti sjö menn, valdir af félagsmálaráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Ráðherra tilnefnir þrjú menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi framkvæmdir á hennar vegum, svo sem:

- a. Ákvarðanir um A-lán til íbúðabygginga úr veðdeild Landsbanka Íslands, samkv. lögum nr. 55/1955. Þó skulu sparisjóðir og lífeyrissjóðir, er kaupa vaxtabréf veðdeildarinnar, hafa ákvörðunarrétt um það, hverjir fái tilsvandandi lán, svo og sparisjóðir, bankar og aðrir, er veita lán beint til lántakenda samkvæmt b-lið 5. gr. laga nr. 55/1955.
- b. Ráðstafanir á fé því, sem varið er til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, sbr. II. kafla laga nr. 55/1955 og reglugerð nr. 5/1956.
- c. Stjórn tæknideildar, sbr. 2. gr. laga nr. 55 1955.
- d. Eftirlit það, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 63 21. ágúst 1956, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.
- e. Stjórn daglegrar starfsemi á vegum húsnæðismálastjórnar.

3. gr.

131

Húsnæðismálastjórn skal koma saman til fundar einu sinni í mánuði eða oftar, ef þörf gerist, og hvenær sem einn eða fleiri hinna þriggja manna, sem um ræðir í 2. gr., óska þess.

4. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi fallin 1. gr. reglugerðar nr. 101 18. ágúst 1955, um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 70 21. sept. 1956, um breytingu á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 21. september 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

132

um skoðun á lungum úr fullorðnu fé á fjárskiptasvæðum.

27. sept.

Samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23 frá 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, hefur landbúnaðarráðuneytið ákveðið, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að hver sá sem hefur á hendi slátrun sauðfjár á fjárskiptasvæðum, skuli afhenda til lungnaskoðunarmanns lungu úr öllu fullorðnu fé, sem slátrað er, eða senda þau vandlega umbúin til Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Lungun skal merkja greinilega með nafni og heimilisfangi sendanda.

Fyrirmæli þessi gilda einnig um fullorðið fé, sem slátrað er heima.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1956.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

STYRKARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA

133

Ársreikningur 1955.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 10516.19
Aukning samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 359 75

Kr. 10675.94

Eignir sjóðsins eru:

Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
Sparisjóðsinnstæða	— 3675.94

Kr. 10675.94

133

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 79.75
Vextir af veðdeildarbréfum	— 280.00
	<hr/> Kr. 359.75

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 359.75
	<hr/> Kr. 359.75

Forsætisráðuneytið, 6. marz 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

134

YFIRLIT

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1956.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 26 734 869.61	
b. Veðdeild	— 13 639 889.74	
c. Ræktunarsjóður	— 112 086 049.35	
d. Byggingarsjóður	— 71 504 182.06	
e. Smábýladeild	— 21 287.79	
f. Nýbýlasjóður	— 599 320.50	
	<hr/>	kr. 224 585 599.05
2. Verðbréf:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 39 385 224.99	
b. Veðdeild	— 40 800.00	
c. Ræktunarsjóður	— 2 220 203.80	
d. Byggingarsjóður	— 1 252 322.21	
	<hr/>	— 42 898 551.00
3. Vixlar	— 90 208 230.44	
4. Lán í hlaupareikningi	— 70 230 171.28	
5. Ýmsir skuldunautar	— 1 560 613.32	
6. Teiknistofa	— 264 225.63	
7. Tryggingar fyrir ábyrgðum	— 3 336 040.48	
8. Innanstokksmunir	— 748 629.54	
9. Sameiginlegur kostnaður	— 3 127 442.25	
10. Fasteignir	— 1 000 000.00	
11. Innheimtur	— 3 796 475.64	
12. Framkvæmdabanki Íslands	— 6 150 000.00	
13. Útibú á Akureyri	— 345 673.44	
14. Bankainnstæða og peningar í sjóði	— 14 531 647.96	
	<hr/>	Kr. 462 783 300.03

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði	kr. 144 517 174.21
2. Innstæða á skirteinum	— 5 266 295.20

3. Innstæða í hlaupareikningi	kr.	44 047 912.76	134
4. Innstæða á reikningslánum	—	676 809.37	
5. Ýmsir kröfuhafar:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	4 667 958.16	
b. Nýbýlasjóður	—	90 000.00	
		<hr/>	— 4 757 958.16
6. Ríkissjóður:			
a. Ræktunarsjóður	kr.	42 605 137.50	
b. Byggingarsjóður	—	10 774 942.01	
c. Veðdeild	—	6 130 776.00	
		<hr/>	— 59 510 855.51
7. Framkvæmdabanki Íslands:			
a. Ræktunarsjóður	kr.	33 548 975.00	
b. Byggingarsjóður	—	11 923 494.00	
		<hr/>	— 45 472 469.00
8. Ábyrgðir	—	3 336 040.48	
9. Vextir og aðrar tekjur:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	6 878 335.25	
b. Veðdeild	—	103 287.39	
c. Ræktunarsjóður	—	933 736.15	
d. Byggingarsjóður	—	2 228 501.41	
e. Smábýladeild	—	778.51	
f. Nýbýlasjóður	—	7 503.16	
		<hr/>	— 10 152 141.87
10. Bjargráðasjóður	—	111 125.30	
11. Austurbæjarútibú	—	21 397 993.57	
12. Ógreitt tap	—	2 000 000.00	
13. Fóðurlánasjóður	—	490 086.55	
14. Landsbanki Íslands:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	19 501 449.82	
b. Ræktunarsjóður	—	5 000 000.00	
		<hr/>	— 24 501 449.82
15. Veðdeild Landsbankans: Byggingarsjóður	—	12 000 000.00	
16. Skuldlaus eign:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	10 900 814.65	
b. Veðdeild	—	2 454 330.35	
c. Ræktunarsjóður	—	32 139 392.00	
d. Byggingarsjóður	—	38 208 891.53	
e. Smábýladeild	—	311 748.34	
f. Nýbýlasjóður	—	529 811.36	
		<hr/>	— 84 544 988.23

Kr. 462 783 300.03

Reykjavík, 30. júní 1956.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

135

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1200.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 9109.35		
			kr. 10309.35
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 60.00		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 549.23		
			— 609.23
			Kr. 10918.58

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1200.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 9718.58		
			Kr. 10918.58

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

136

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf	kr. 1000.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 5544.12		
			kr. 6544.12
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr. 50.00		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 334.89		
			— 384.89
			Kr. 6929.01

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Verðbréf	kr. 1000.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 5929.01		
			Kr. 6929.01

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

137

yfir tekjur og gjöld Kirkjubýggingasjóðs árið 1955.

Tekjur:

1. Framlag ríkissjóðs, 1. greiðsla	kr. 500000.00
2. Vextir	— 2354.29
3. Til jafnaðar við gjaldalið 1	— 450000.00
	<hr/>
	Kr. 952354.29

Gjöld:

1. Lán veitt	kr. 450000.00
2. Greiddir vextir af lánum kirkna	— 41889.99
3. Prentun o. fl.	— 1339.76
4. Reikningshald	— 1000.00
5. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 450000.00
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 8134.54
	<hr/>
	— 458124.54
	<hr/>
	Kr. 952354.29

Stjórn Kirkjubýggingasjóðs, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson. Sveinbjörn Högnason. Gunnar Árnason.

REIKNINGUR

138

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:	
a. Verðbréf	kr. 1100.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 9662.18
c. — í Landsbanka Íslands	— 3837.91
d. — Sparisjóði Sauðárkróks	— 401.27
e. Eignin Ytra-Vallholt	— 7100.00
	<hr/>
	kr. 22101.36
2. Vextir:	
a. Af verðbréfum	kr. 60.00
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 502.43
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 192.49
d. — innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks	— 30.92
	<hr/>
	— 785.84
3. Afgjald Ytra-Vallholts	— 411.35
	<hr/>
	Kr. 23298.55

138

Gjöld:

Eign í árslok:		
a.	Verðbréf	kr. 1100.00
b.	Innstæða í Söfnunarsjóði	— 10164.61
c.	— í Landsbanka Íslands	— 4090.40
d.	— í Sparisjóði Sauðárkróks	— 843.54
e.	Eignin Ytra-Vallholt	— 7100.00

 Kr. 23298.55

Biskup Íslands, Reykjavík, 27. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

139

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1955.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun	kr. 241823.44
2.	Vextir:	
	a. Af verðbréfum	kr. 1555.00
	b. — skuldabréfum	— 2587.50
	c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 7029.97
	d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 2275.09
		<hr/>
		— 13447.56
3.	Gjafir	— 1650.00
4.	Ísafoldarprentsmiðja vegna sálmabókar	— 16500.00
5.	Endurgr. af lánum og útdregin verðbréf	— 8000.00
6.	Til jafnaðar við gjaldalið 2	— 20000.00

 Kr. 301421.00

Gjöld:

1.	Úthlutað	kr. 8800.00
2.	Keypt skuldabréf	— 20000.00
3.	Til jafnaðar við tekjulið 5	— 8000.00
4.	Eign í árslok:	
	a. Verðbréf	kr. 26100.00
	b. Skuldabréf	— 55000.00
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 142221.72
	d. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 41299.28
		<hr/>
		— 264621.00

 Kr. 301421.00

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.

KANADASJÓÐUR

140

til styrktar ísleazkum námsmönnum.

Ársreikningur 1955.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 144047.09
2. Aukning á árinu samkv. eftirfarandi reikningi	— 3086.20

Kr. 147133.29

Eignir sjóðsins eru:

1. Veðdeildarbréf	kr. 9300.00
2. Veðskuldabréf	— 52963.98
3. Handhafaskuldabréf með ríkisábyrgð	— 68000.00
4. Sparisjóðsinnstæða	— 16869.31

Kr. 147133.29

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 455.00
2. — — veðskuldabréfum	— 2264.24
3. — — handhafaskuldabréfum	— 3776.00
4. — — sparisjóðsinnstæðu	— 727.21

Kr. 7222.45

Gjöld:

1. Styrkur til Björns Sigurbjörnssonar til náms í búvísindum við Manitobaháskóla	kr. 4000.00
2. Innunnir vextir af keyptum skuldabréfum	— 136.25
3. Lagt við höfuðstólinn	— 3086.20

Kr. 7222.45

Forsætisráðuneytið, 25. apríl 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

REIKNINGUR

141

spítalásjóðsins Vinamíningur á Eyrarbakka fyrir árið 1955.

Tekjur:

Í sjóði frá fyrra ári 1. jan. 1955	kr. 23177.64
Gjafir á árinu	— 9106.54
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 1204.80
Vextir af bankavaxtabréfi	— 50.00

Kr. 33538.98

141

Gjöld:

Ritföng	kr. 10.00
Í sjóði í árslok:	
Sparisjóðsinnstæða og vaxtabréf	— 33528.98

Kr. 33538.98

Eyrarbakka, 31. desember 1955.

Bragi Ólafsson. Magnús Guðjónsson.

Aðalheiður Bjarnadóttir.

142

B E R K L A V A R N A S J Ó Þ U R

Ólafs Halldórssonar konferensráðs.

Ársreikningur 1955.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 2727.98
Aukning á árinu samkv. eftirfarandi reikningi	— 134.15

Kr. 2862.13

Eignir sjóðsins eru:

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h/f	kr. 200.00
Innstæða í sparisjóði	— 2662.13

Kr. 2862.13

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 126.15
Arður af hlutabréfum	— 8.00

Kr. 134.15

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 134.15
-----------------------------	------------

Kr. 134.15

Forsætisráðuneytið, 6. marz 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1956.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifað af utanríkisráðherra 12. maí 1956, nr. 59.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942, undirskrifuð af forsetanum 26. maí 1956, nr. 60.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togara-kaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, undirskrifuð af forsetanum 18. júní 1956, nr. 61.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 31. jan. 1956, um framleiðslusjóð, undirskrifuð af forsetanum 21. júní 1956, nr. 62.

Bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, undirskrifuð af forsetanum 21. ágúst 1956, nr. 63.

Bráðabirgðalög um festingu verðlags og kaupgjalds, undirskrifuð af forsetanum 28. ágúst 1956, nr. 64.

Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1956, nr. 65.

Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 24. júlí 1956, nr. 66.

Auglýsing um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 3. ágúst 1956, nr. 67.

Lög um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af forsetanum 17. ágúst 1956, nr. 68.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um vega-bréfsáritanir, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. júlí 1956, nr. 69.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingar heilsuspillandi íbúða, undirskrifuð af forsetanum 21. september 1956, nr. 70.

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., undirskrifuð af forsetanum 28. september 1956, nr. 71.

Auglýsing um millirikjasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi, undirskrifuð af utanríkisráðherra 18. september 1956, nr. 72.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamokara, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 73.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 74.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrlsi landbúnaðarverkfólks, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 75.

Auglýsing um að reglulegt Alþingi 1956 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1956, undirskrifuð af forsetanum 1. október 1956, nr. 76.

Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. október 1956, nr. 77.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 78.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 79.

Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu. undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 80.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 81.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt, undirskrifuð af utanríkisráðherra 18. október 1956, nr. 82.

143

28/5 '55

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Búðahreppi, Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrir-
tækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reiknings-
haldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfavið-
skipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll
önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa
ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 6. gr. getur, og greiddast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

Samþykkt þessi um sveitarstjóra, sem hreppsnefnd Búðahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

144
22. sept.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hafa bifreiðastöður verið takmarkaðar á eftirgreindum stöðum, sem hér segir:

Í **Vonarstræti** eru bifreiðastöður bannaðar sunnan megin götunnar.

Í **Ingólfsstræti**, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mín. á tímabilinu kl. 9—19, alla virka daga.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 22. september 1956.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

145
25. sept.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti, álögðum utan Reykjavíkur, vera til 15. okt. 1956.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1956.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla, samkvæmt reglugerð nr. 99 17. júlí 1956.

146
3. okt.

Samkvæmt heimild í reglugerð nr. 99 17. júlí 1956, um breyting á reglugerð nr. 124 12. október 1954, um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum, hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

Skylt skal frá og með 25. þ. m. að hafa gjaldmæla í öllum sendibifreiðum í Reykjavík, sem aka fyrir almenning gegn borgun.

Ráðuneytið hefur ákveðið að notaðir skuli gjaldmælar frá Halda A.B., Halmstad í Svíþjóð (Haldataxameter), og hefur falið Bifreiðastjórufélaginu Hreyfli, Reykjavík, að annast útvegum á nægilegum fjölda gjaldmæla fyrir sendibifreiðarnar.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. október 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

147
3. okt.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp á Siglufirði.

1. gr.

Bæjarráð Siglufjarðarkaupstaðar fer með stjórn heimilishjálpar í Siglufirði í umboði bæjarstjórnarinnar og undir yfirstjórn bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem bæjarráð metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 20 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálparinnar. Bæjarráði ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Bæjarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum bæjarráðs.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum framfærslunefndar og ráðherra staðfestir.

Bæjarstjórn setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Siglufjarðarkaupstaðar.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði, en $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

148

10. okt.

um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Kópavogskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, og lögum nr. 29 4. febr. 1952, af öllum fasteignum innan kaupstaðarins eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 6%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum 3%.
3. Af túnnum, gördum, reitum, erfðafestaloðnum og öðrum lóðum og lendum 2%.

3. gr.

Undanþegnar skatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og náí virðingin ekki kr. 100.00 greiðist enginn skattur.

5. gr.

Eigandi fasteignar greiði skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiði ábúandi eða leigjandi skattinn.

6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 1. apríl ár hvert, en í fyrsta sinn 1. nóvember 1956. Skattinn ber að greiða til bæjargjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu innan tveggja mánaða eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, sbr. og lög nr. 29. 4. febr. 1952, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Staðfesting ráðuneytisins á upphæð fasteignaskatts samkv. 2. gr. reglugerðarinnar er bundin við núgildandi fasteignamat.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

149
17. okt.

REGLUGERÐ

um gjalddaga iðgjalda til atvinnuleysistryggingasjóðs.

1. gr.

Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem lögð eru á af skattyfirvöldum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins, er á manntalsþingi ár hvert. Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem ríkissjóði og ríkisstofnunum ber að greiða og álögð eru af skattyfirvöldum og innheimt af Tryggingastofnun ríkisins, er þegar manntalsþing er háð í Reykjavík.

2. gr.

Gjalddagi iðgjalda þeirra, sem greiða ber vegna lögskráðra sjómanna, er við lögskráningu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1956 skal gjalddagi iðgjalda þeirra, sem um ræðir í 1. gr. reglugerðar þessarar, vera 1. nóvember.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

150
2. maí

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

Í menntaskólum og Kennaraskóla Íslands	kr. 30.35
– Íþróttakennaraskólanum, Húsmæðrakennaraskólanum, Vélskólanum og Stýrimannaskólanum	— 28.35
– gagnfræðaskólum og iðnskólum	— 26.30
– Málleysingjaskólanum	— 21.25
– húsmæðraskólum og barnaskólum	— 19.80

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

Laun stundakennara í þeim skólum, sem eigi eru hér greindir, en styrks njóta úr ríkissjóði eða eru reknir af ríkinu, skulu ákveðin í samráði við fræðslumála-
stjórnina.

2. gr.

Verði breyting á hámarkskenndustundafjölda kennara frá því, sem nú er ákveðið í lögum og reglugerðum skólanna hvers um sig, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli, þó þannig, að jafnan standi á heilum eða hálfum tug aura.

3. gr.

Á laun þau, er um ræðir í 1. gr., skal greiða verðlagsuppbót.

150

2. maí

4. gr.

Prófdómarar njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi og skal greiða stundakennaralaun samkvæmt henni frá 1. janúar 1956. Samtímis eru úr gildi felld eldri reglugerðarákvæði um laun stundakennara.

Í menntamálaráðuneytinu, 2. maí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUR STEFS

151

19. júní

— Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar — um úthlutun á tekjum fyrir upptökuréttindi.

Í framhaldi af reglum þeim, er STEF setti um úthlutun á tekjum fyrir flutning tónverka og staðfestar voru af menntamálaráðuneytinu 17. febrúar 1953, gilda jafnframt eftirfarandi reglur um úthlutun á tekjum fyrir upptökurétt:

I.

Tekjum frá Ríkisútvarpinu eða öðrum aðilum fyrir upptökur til eigin afnota eingöngu skal án frekari sundurliðunar úthlutað sem viðbót við heildarúthlutun fyrir flutningsrétt og samkvæmt sömu reglum og fyrir flutningsréttinn.

Aðrar tekjur innheimtar fyrir upptöku, sölu eða leigu eða margföldun á upptökum samkvæmt gjaldskrá STEFS fyrir upptökuréttindi, dagsettri 19. marz 1953, og birtri í Lögbirtingablaðinu nr. 21, 46. ár 21. marz 1953, úthlutast og skiptist á milli eigenda réttarins eftir sömu reglum og skráðar eru með töflu í kafla B, 3. málsgr., í téðum úthlutunarreglum fyrir skiptingu á tekjum flutningsréttar, en þó með undantekningum þeim, er nú skal greina:

- Sé tónsmíð eða útsetning óvernduð, skal úthluta tekjum af upptökurétti verksins, að frádregnum kostnaði, 100% til viðeigandi rétthafa í $\frac{1}{4}$ eða % eða $\frac{3}{8}$ eða $\frac{1}{10}$ eða $\frac{1}{12}$ hlutum, allt eftir því, sem við á í téðri töflu.
- Útsetjari að vernduðu tónverki fær samkvæmt alþjóðavenjum engar greiðslur frá STEFi fyrir upptökuréttinn. Þau tónskáld eða umboðsmenn þeirra, sem

151
19. júní

hafa látið útsetja verk sín með listrænum hætti til upptöku, ráða sjálf greiðslu sinni fyrir það til útsetjarans með samkomulagi við hann. Hins vegar fær íslenzkur þýðandi að vernduðum texta úthlutað frá STEFi hálfan hluta textahöfundar og allan hluta textahöfundar sé um óverndaðan texta að ræða.

- c. Hafi STEF tekið við gjaldi fyrir upptökurétt, sem að nokkru leyti er eign tónskálda eða textahöfunda eða forleggjara eða útsetjara óverndaðra tónverka, sem eru ekki félagsmenn eða umbjóðendur STEFs, þá dregur STEF frá þeirri fjárhæð, sem kemur í hlut þessara rétthafa utan STEFs, tilsvarendi kostnað og rétthafar í STEFi greiða.

II.

Nú eignast íslenzkur útgefandi (þ. e. útgáfufirma), sem er umbjóðandi STEFs, hlutdeild í upptökurétti að erlendu verki með samningi við erlendan forleggjara og sé í samningnum tekið fram, að hlutdeild í upptökurétti eigi hinn íslenski útgefandi, og má þá STEF greiða íslenska útgefandanum þann hluta, sem um hefur verið samið við hinn erlenda útgefanda, enda skerðist ekki hlutur annarra rétthafa STEFs að sama verki, en erlendi forleggjarinn má þó aldrei fá meir en helming alls útgefandahlutans.

III.

Sé um upptöku verks að ræða, sem gerðir hafa verið réttindasamningar um áður en rétthafar urðu aðilar í STEFi, þá skal skiptingin að svo miklu leyti, sem löglegt verður talið, fara fram eftir þeim samningum.

Leiki vafi á um skiptingu á tekjum fyrir upptökurétt, þá skal, eftir því sem framkvæmanlegt er, fara eftir hliðstæðum í reglum STEFs varðandi úthlutun á tekjum fyrir flutning tónverka.

Deilu um það, hversu skilja beri eða beita þessum reglum um skiptingu, skal fara með og ráða til lykta eftir reglum 5. gr. samþykktá STEFs.

Með tilvísun til löggildingarbréfs STEFs, dags. 2. febrúar 1949, staðfestast framangreindar úthlutunarreglur hér með.

Menntamálaráðuneytið, 19. júní 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1956.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Brazíliu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. október 1956, nr. 83.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, undirskrifuð af forsetanum 8. desember 1956, nr. 84.

Lög um festingu verðlags og kaupgjalds, undirskrifuð af forsetanum 22. desember 1956, nr. 85.

Lög um útflutningssjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 86.

Auglýsing um fullgildingu viðbótarbókunar við alþjóðasamning um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi, undirskrifuð af utanríkisráðherra 6. desember 1956, nr. 87.

AUGLÝSING

152

22. des.

um innflutningsheimildir fyrir vörum.

Með skirskotun til 1. gr. laga nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að vörur þær, sem voru á skilorðsbundnum frílista samkvæmt reglugerð nr. 15 11. febr. 1954, skuli fyrst um sinn vera á frílista, þannig að vörur í A-lið 7. gr. reglugerðarinnar megi flytja inn samkvæmt frílista frá öllum löndum, en vörur í B-lið sömu greinar aðeins frá jafnkeypislöndum. Vélar til blikk- og járnsmíða (tollskr. nr. 72/49) og vélar til trésmíða (tollskr. nr. 72/53) skulu þó háðar leyfum Innflutningsskrifstofunnar.

Frílistinn samkvæmt reglugerð nr. 211 28. desember 1953 helzt óbreyttur áfram.

Innflutningur annarra vara en þeirra, sem eru á frílista samkvæmt ofanrituðu, er háður leyfum Innflutningsskrifstofunnar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 22. desember 1956.

Lúðvík Jósefsson,

Þórhallur Ásgeirsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1956.

Auglýsing um niðurfelling á breytingu, er gerð var 3. ágúst þ. á., á forsetaúrskurði frá 24. júlí 1956, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 17. október 1956, nr. 88.

Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Ítalíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. desember 1956, nr. 89.

Auglýsing um vináttusamning milli Íslands og Íran, undirskrifuð af utanríkisráðherra 22. desember 1956, nr. 90.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1956, nr. 91.

Lög um að banna hnefaleika, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 93.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 94.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 95.

Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama daga, nr. 96.

Lög um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband islenzkra berkla sjúklinga, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 97.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 98.

Lög um framlenging á eignarskattviðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 99.

Lög um bráðabirgðaffárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 100.

Auglýsing um framlengingu á viðskipta- og greiðslusamningi milli Íslands og Rúmeníu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. desember 1956, nr. 101.

153

18. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 234 7. nóv. 1950, um breyting á reglugerð frá 21. jan. 1946, um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

2. gr. reglug. 234/1950 (10. gr. reglug. 1946) orðist svo:

Verð heilla miða er 40 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 20 kr., og fjórðungs-miða 10 kr. Fyrir ársmiða skal greiða 480 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefur áður farið fram í. Fyrir árs-miða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir, og gilda frá söludegi til árs-loka, skal greiða 480 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér **153**
er sagt, né heldur taka við ágóðahluta né annarri þóknun af vinningum, sem **18. okt.**
falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds,
sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að
fá hlutamiða eða vinningaskrár sendar í pósti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1933 og breytingum á þeim,
og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1956.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUR

154

6. nóv.

um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssu.

Almenn ákvæði.

Rannsókn á gerð og öryggi naglabyssu.

1. gr.

Eigi má hafa á boðstólum aðrar gerðir af naglabyssum og fylgihlutum þeirra
(þar með talin skothylki, boltar og naglar) en þær, er Öryggiseftirlit ríkisins hefur
viðurkennt.

Naglabyssur, skothylki, boltar og naglar skulu rannsakaðir og prófaðir af próf-
stöð, sem Öryggiseftirlit ríkisins viðurkennir. Leita skal síðan viðurkenningar hjá
Öryggiseftirliti ríkisins og heimildar til að selja og nota tæki þessi. Rannsóknin skal
framkvæmd samkvæmt því, sem segir í II. kafla, 18.—19. gr. reglna þessara. Nagla-
byssu, sem prófuð hefur verið við aðra prófstöð en þá, sem Öryggiseftirlitið viður-
kennir, skal send Öryggiseftirlitinu ásamt prófunarskýrslum til athugunar og frek-
ari rannsóknar.

Gerð og smíði naglabyssu.

2. gr.

Naglabyssu skal vera þannig gerð, að allir hlutar hennar hafi nægilegan styrk-
leika. Hún skal vera auðveld í notkun og þannig löguð, að hægt sé að halda henni
stöðugri, meðan skotið er úr henni. Bakþrýstingurinn frá skotinu má ekki vera
ópægilega mikill fyrir þann, sem notar byssuna.

3. gr.

Auðvelt og hættulaust skal vera að taka úr byssunni skothylki, bolta eða nagla.
Skal gerð byssunnar vera þannig og hleðslan framkvæmd á þann hátt, að skot geti
ekki að óvörum hlaupið úr henni og að sá, sem hleður, þurfi ekki að halda hendinni
fyrir framan hlaupið meðan á því stendur.

4. gr.

Á sérhverri naglabyssu skulu vera minnst tvö hvort öðru óháð öryggi gegn því
að skot hlaupi úr henni. Öryggi þessi eiga að vera trygg þó hlaðin byssa verði fyrir
höggi, t. d. falli. Kveikipinna gíkksins skal þannig fyrir komið, að hann geti ekki
komizt í snertingu við skothylkið, fyrri en hleypt er af byssunni.

154

6. n.óv.

Gerð naglabyssu skal vera þannig, að ekki sé hægt að hleypa af henni, nema endurkastshlífín sé á henni (sjá einnig 7. gr.).

5. gr.

Sambandið milli gíkks og kveikipinna byssunnar skal vera þannig, að einungis sé hægt að hleypa af henni, þegar hlaupmunna hennar er þrýst á flöt þann, sem skjóta á í. Ef byssa er með venjulegri endurkastshlíf, með 100 mm þvermáli, á ekki að vera hægt að hleypa af henni, sé halli við flötinn meiri en 7°. Öryggis-útbúnaðurinn má þó ekki vera viðkvæmari en svo, að hægt sé að hleypa af byssunni, þó halli sé allt að 3°.

6. gr.

Sérhverri naglabyssu skulu fylgja nægilega traustar og hentugar endurkastshlífar. Hlífar eins að lögun eins og meðfylgjandi teikning sýnir, skulu ávallt fylgja naglabyssu og má þvermál þeirra ekki vera minna en 100 mm.

7. gr.

Á sérhverri naglabyssu skal vera sýnt á greinilegan og varanlegan hátt gerðarmerki byssunnar, nafn framleiðanda, nafn og heimilisfang innflytjanda, svo og að byssan hafi verið viðurkennd af Öryggiseftirliti ríkisins.

Skothylki.

8. gr.

Skothylki fyrir naglabyssur skulu vera merkt litum eftir styrkleika, eftir nánari fyriræmum Öryggiseftirlits ríkisins.

Boltar, naglar o. þ. h.

9. gr.

Boltar, naglar og annað, sem skotið er úr naglabyssu, skal þannig lagað, að það hafi góða stýringu í hlaupi byssunnar. Sé stýringin á afturhlutanum ekki nægileg, skal einnig koma stýringu fyrir að framan. Framstýringin skal vera nægilega traust og örugglega fest við oddinn. Aðdragandinn frá haus til leggs skal vera nægilega langur. Ef leggur og haus er gert úr tveimur hlutum, skulu hlutarnir örugglega tengdir saman.

10. gr.

Boltar og naglar skulu gerðir úr þannig efni, að þeir þoli að vera beygðir með höggi um 60° yfir hvassa brún, án þess að brestir komi í þá eða þeir brotni. Heppileg harka er ca. 50 Rc.

Persónuhlífar.

11. gr.


Með hverri naglabyssu skulu fylgja hlífðarglæraugu með hliðarhlífum, enda sé glerið í þeim traust og af þeirri tegund, að ekki kvarnist úr því.

Geymslukassi og umbúðir.

12. gr.

Sérhverri naglabyssu skal fylgja læstur kassi til að geyma hana í. Í þessum kassa skal vera rúm fyrir byssuna með fylgihlutum, svo og skothylki, bolta og nagla auk hlífðarglæraugna og tækja til að hreinsa byssuna með.

13. gr.



14. gr.

Skothylki fyrir naglabyssur skulu vera í umbúðum með merkiseðli, samlitum einkennislit skothylkjanna, sbr. 9. gr. Á merkiseðilinn skal greinilega letrað:

Nafn og heimilisfang framleiðanda.

Gerðarmerki innihalds.

Hlaupvídd.

Styrkleiki samkv. 9. gr.

Enn fremur þessi áletrun:

„Einungis fyrir naglabyssur.“

„Viðurkennt af Öryggiseftirliti ríkisins.“

154

6. n.óv.

Boltar, naglar o. þ. h. fyrir naglabyssur skulu afgreiddir í pökkum eða öskjum með merkiseðli, þar sem eftirfarandi er greinilega letrað á:

Nafn og heimilisfang framleiðanda.

Gerðarmerki innihaldsins.

Gildleiki (kaliber) og lengd.

Fyrir hvaða tegund byssu innihaldið er gert.

Enn fremur þessi áletrun:

„Viðurkennt af Öryggiseftirliti ríkisins.“

15. gr.

Notkunarreglur.

16. gr.

Ýtarlegar reglur um notkun naglabyssu skulu skráðar með rauðu letri og festar innan á lok kassans, sem byssan ásamt fylgihlutum er geymd í.

17. gr.

Í notkunarreglum fyrir naglabyssur skulu vera nægilega ýtarlegar leiðbeiningar um meðferð og viðhald byssunnar og m. a. skal eftirfarandi af öryggisástæðum greinilega getið:

- a. Hvaða gerð af skothylkjum, boltum og nöglum skal nota við hvert hlaup, sem byssunni fylgir.
- b. Hvernig ber að haga sér við að hlaða byssuna, læsa henni, endurskjóta eða taka úr henni skothylki, sem ekki hefur kveikt.
- c. Hvaða tegund endurkastshlífar ber að nota við þá vinnu, sem hverju sinni er um að ræða.
- d. Á hvern hátt byssan er tekin sundur, skoðuð og hreinsuð.
- e. Að fyrirskipað sé af Öryggiseftirliti ríkisins:
 1. Að naglabyssan sé tekin sundur til eftirlits eigi sjaldnar en einu sinni á ári og allir hlutar hennar endurnýjaðir.
 2. Að til endurnýjunar slitinna eða skemmdra hluta byssunnar megi einungis nota rétta varahluta sömu byssugerðar.
 3. Að enginn annar en framleiðandi byssunnar eða sá, sem hann felur slíkt, megi framkvæma breytingar á byssunni eða hlutum hennar.
- f. Öryggisreglur Öryggiseftirlits ríkisins, samkvæmt III. kafla reglna þessara.

II. KAFLI

Prófun á naglabyssum og fylgihlutum þeirra.

18. gr.

Þegar naglabyssan er send Öryggiseftirliti ríkisins til prófunar skal neðanskráður fjöldi af skothylkjum, boltum og nöglum fylgja ásamt umbúðum:

Skothylki:

Sterkasta tegund	200 stk.
Meðalsterk tegund	200 stk.
Aðrar tegundir	Einn pakki af hverri.

Boltar:

Meðallengd	100 stk.
------------------	----------

Naglar:

Lengsta tegund	100 stk.
Meðallöng tegund	100 stk.
Stytzta tegund	100 stk.

19. gr.

Við prófun skal þetta athugað:

A. *Naglabyssan sjálf:*

1. Tegund byssunnar, gerð, smíði og styrkleiki.
2. Hleðslu- og afhleðsluútbúnaður.
3. Öryggi gegn því, að skot hlaupi úr byssunni án vilja skyttunnar.

B. *Skothylki:*

1. Gerð.
2. Styrkleikamerking.

C. *Boltar og naglar:*

1. Smíði.
2. Harka.
3. a. Beygjanleiki við stofuhita.
b. Beygjanleiki við hitastig undir $\div 10^\circ$ C.

D. *Skotprófun:*

1. Hvernig bolti eða nagli fer þegar:
 - a. honum er skotið í steinsteypu;
 - b. honum er skotið í mjúkt stál;
 - c. honum er skotið gegn hallandi hindrun.
2. Næmi byssunnar fyrir halla við flöt þann, sem skotið er í.
3. Styrkleiki endurkastshlífanna.
4. Högg byssunnar aftur, þegar skotið er.

E. *Persónuhlífar.*F. *Geymslukassi og umbúðir.*G. *Öryggis- og notkunarreglur.*H. *Annað, sem máli skiptir, að dómi öryggiseftirlitsins.*

III. KAFLI

Öryggisreglur við notkun naglabyssu.

20. gr.

Naglabyssu er skotvopn og ber því að gæta sömu varúðar við notkun hennar sem annarra skotvopna.

21. gr.

Sá einn hefur rétt til að fá afhenta naglabyssu og nota hana, sem orðinn er fullra 18 ára, er reglusamur og hefur sýnt það við reynslupróf hjá Öryggiseftirliti ríkisins, að hann þekki til fullnustu og hafi fullkomna leikni í meðferð hennar.

22. gr.

Að loknu prófi afhendir öryggiseftirlitið skirteini, sem sýnir, að eigandi þess hefur öðlzt réttindi til þess að nota naglabyssu.

Hver sá, sem vinnur með naglabyssu, skal jafnan bera á sér skirteini þetta og sýna það starfsmanni öryggiseftirlitsins, verði þess krafizt.

154 Verði sá, sem öðlazzt hefur réttindi til að fara með naglabyssu, uppvís að víta-
6. nóv. verðu gáleysi í meðferð hennar, eða broti á ákvæðum reglna þessara, getur öryggis-
málastjóri svipt hann réttindum til að fara með naglabyssu.

23. gr.

Naglabyssu og skothylki hennar skal geyma í læstum kassa, á stað þar sem óvið-
komandi ekki ná til. Ekki má ganga með laus skothylki í vösum.

24. gr.

Ekki má hefja vinnu við að skjóta úr naglabyssu, fyrri en hættusvæðinu hefur
verið lokað með greinilegum aðvörunarspjöldum, sem á er letrað:

„AÐVÖRUN: HÉR ER VERIÐ AÐ SKJÓTA MEÐ NAGLABYSSU“. Aðvö-
runarspjöldum þessum skal koma fyrir á heppilegum stöðum í nánd við stað þann,
sem unnið er á, t. d. við dyr. Skyttan skal gæta þess, að enginn hafist við í nánd við
skotstaðinn til hliðar.

Þar sem hætta getur verið á því, að skot fari í gegnum vegg, t. d. þegar skorið
er í þunna vegg, skal þess gætt, að enginn sé á bak við vegg þann, sem skjóta skal á.

25. gr.

Meðan skyttan er að starfi, skal hún nota hlífðargleraugu með hliðarhlífum og
gleri sem ekki getur kvarnast úr. Auk þess skal skyttan hafa viðeigandi eyrna-
hlífar. Þar sem þess er talin þörf, skal skyttan einnig hafa höfuðhlíf og hlífðar-
hanzka.

26. gr.

Í naglabyssu má einungis nota þau skothylki, bolta og nagla, sem gerð eru
fyrir byssuna og það hlaup, sem um er að ræða.

27. gr.

Eftir því, sem frekast er unnt skal leitast við að velja skothylki, bolta og nagla
þannig, að ekki sé hætta á gegnumskoti. Í þessu tilliti skal athuga styrkleika, hörku
og ástand flatarins, sem skjóta á í, áður en byrjað er að skjóta.

28. gr.

Byssuna skal hlaða með gætni, og gæta þess að hlaupmunninn stefni ekki á
skyttuna eða aðra menn, á meðan þetta er gert. Ekki má halda hendi við hlaup-
munnann. Þegar búið er að hlaða byssuna skal þegar skjóta úr henni. Verði það
einhverra orsaka vegna ekki gert, skal skothylkið tekið úr henni. Ekki má skyttan
leggja hlaðna naglabyssu frá sér.

29. gr.

Á eintak það af reglunum, sem fylgja skal byssunni, samkvæmt 17. gr. f., skal
seljandi á þessum stað í reglunum setja myndir af hlífum þeim, sem byssunni fylgja
og við hvaða aðstæður hver þeirra skal notuð.

30. gr.

Þegar skyttan hleypir skoti úr byssunni, skal hún gæta þess, að hafa örugga
fótfestu og halda sig beint fyrir aftan byssuna eftir því sem mögulegt er. Halda
skal byssunni hornrétt og nægilega fast að fleti þeim, sem skotið er í.

31. gr.

154

6. nóv.

Ekki má skjóta úr naglabyssu:

- a. svo nærri brún í steinsteypu, múrsteinsvegg, járni eða öðru efni, að hætta geti verið á, að skotið hlaupi út.
Minnsta fjarlægð frá brún, þegar skotið er í múr eða stein, má ekki vera undir 75 mm og ekki undir 25 mm þegar skotið er í járn eða aðra deiga málma.
- b. gegnum gat, sem fyrir er í járni eða öðru efni, sem orsakað gæti stefnubreytingu boltans eða naglans, ef þeir lentu skakkt í gatinu.
- c. í stökkt eða hart efni svo sem: steypujárn, yfirborðshert stál, granit, marmara, glerhúðaðan múrstein, kakkelpötur eða gler.
- d. í stað þar sem áður hefur verið skotið bolta eða nagla, sem hefur endurkastast, brotnað eða sýnilega stöðvazt á steini eða slíku.
- e. í húsakynnum, þar sem er eld- eða sprengihætta.

32. gr.

Gæta skal varúðar, þegar skothylki, sem ekki hefur sprungið er tekið úr byssunni, sjá einnig 28. gr.

33. gr.

Naglabyssu skal ávallt halda vel hreinni.

34. gr.

Verði einhverra galla vart í naglabyssu, skal þegar taka hana úr notkun.

35. gr.

Gæta skal þess við notkun naglabyssu, að fylgja nákvæmlega notkunarreglum framleiðandans.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 6. nóvember 1956.

Gylfi Þ. Gíslason.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

155

12. nóv.

um hundahald í Suðureyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Suðureyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefna manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

155 Samþykkt þessi, sem gerð hefur verið af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, stað-
12. nóv. festist til að öðlast gildi frá 1. desember 1956 að telja.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 12. nóvember 1956.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

156
24. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

10. liður í b.-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. svæði: a. Hellissandur, 1. janúar—15. maí.
b. Rif, 1. janúar—15. maí.
c. Ólafsvík, 1. janúar—15. maí.

2. gr.

22. liður í d.-lið reglugerðarinnar orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður, 15. júlí—31. október.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um
hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1956.

Lúðvík Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

157
28. nóv.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Hauganess og nágrennis.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hauganess og nágrennis. Heimili þess og varnar-
þing er í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpínu og nágrenni þess fyrir vatni.

3. gr.

Skytt er öllum þeim, sem eiga hús á félagssvæðinu, þ. e. á því svæði, sem
skipulagsuppráttur nær yfir, að vera meðlimir vatnsveitufélagsins, nema til komi
ákvæði 23. gr. 2. töluliðs vatnalaga nr. 15 20 júní 1923, og skal hver húseigandi
greiða um leið og hann gerist félagsmaður, óafturkræft stofngjald til félagsins sem
fylgífé húseignarinnar, að upphæð að minnsta kosti kr. 200.00, enda telst hann eigi
fullgildur félagsmaður, fyrr en sú greiðsla hefur verið af hendi innt. Vilji einhver

húseigandi leggja fram herra stofngjald, skal hann tilgreina upphæð þess um leið og hann gerist félagsmaður.

157
28. nóv.

Vatnslögn í fjós, þvottahús, sem áföst eru við íbúðarhús, og aðra smáskúra, sem í þarf vatn og eingöngu eru til heimilisnotkunar, telst undir sama stofngjald og íbúðarhúsið, en af innlögn í öll hús, er heyra undir sjálfstæðan rekstur, skal greiða stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsg. er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma.

4. gr.

Rétt er að taka nýja meðlimi í félagið, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda sé slíks máls getið í fundarboði. Hinn nýi félagsmaður skal greiða að sínum hluta, frá því er hann gekk í félagið, öll gjöld, sem á félaginu hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar, nema öðru vísi semji. Sjálfur skal hann kosta allar þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverri innlögn eða íbúð. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð skattsins þannig, að hann nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofn- kostnaðar við aðalleiðslu vatnsveitunnar, rekstrarkostnaðar vatnsveitunnar og við- hald hennar.

Fái menn utan félagsins vatn frá vatnsveitunni, skal þeim reiknaður 25% hærri vatnsskattur en félagsmönnum.

Félagsstjórnin ákveður upphæð vatnsskattsins fyrir eitt reikningsár félagsins — þ. e. almanaksár — í senn. Heimilt er stjórninni að leggja viðbótarskatt á félags- menn, ef sýnt þykir, að áður ákvarðaður skattur nægi ekki til að standast útgjöld félagsins. Nemi viðbótarskatturinn 10% af áður álögðum vatnsskatti, þarf stjórnin þó samþykki lögmæts félagsfundar til aukaálagningarinnar.

Geri tekjur félagsins betur en að hrökkva fyrir gjöldum þess, skulu 25% tekjuafgangs lögð sem fyrningargjald í varasjóð, en afganginum ráðstafað sam- kvæmt ákvörðun aðalfundar.

Sjóði félagsins skal ávaxta í sparisjóði eða banka eða með öðrum jafn tryggum hætti. Þó þannig að peningarnir geti orðið handbærir með þriggja mánaða fyrirvara.

Gjöld skv. 1. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 3. gr. ásamt áföllnum innheimtu- kostnaði má taka lög taki, og skulu þau njóta sama forgönguréttar í þrotabúum, sem skattar eða gjöld til ríkisins.

Á hverri innlögn skal vera lokunarkrani, sem loka má og innsigla, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnustu skuldbindingum þess. Enginn félagsmanni ber ábyrgð á þeim umfram þau gjöld, sem þeim er gert að greiða til félagsins sam- kvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Til þess að skuldbinda félagsmenn vegna félagsins umfram það, sem nú var sagt, þarf samþykki $\frac{3}{4}$ allra félagsmanna á lög- mætum félagsfundu.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeð- limir krefjast þess, enda tiltaki þeir, hvert sé tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til fundarins boðað. Hafi tvisvar verið boðaður félagsfundur vegna

157 ónógrar fundarsóknar, skal síðari fundurinn talinn lögmætur, — hver svo sem fundar-
28. nóv. sókn verður —, svo framarlega sem fundurinn hefur verið löglega boðaður.

Fundur er löglega boðaður, sé fundarboð auglýst á opinberum stað a. m. k. 2 sólarhringum áður en fundurinn á að hefjast. Þó er fundur löglega boðaður, þótt fyrirvari sé skemmri, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið persónulega, en þá verður félagsstjórnin að geta sannað, að hún hafi náð til $\frac{3}{4}$ félagsmanna að minnsta kosti.

8. gr.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Félagsmaður getur ekki falið öðrum að fara með atkvæði sitt. Sé félagsmaður forstöðumaður fyrirtækis eða opinberrar stofnunar eða sjóðs, getur hann ekki farið með umboð fyrirtækisins eða stofnunarinnar gagnvart vatnsveitufélaginu, heldur skal það umboð falið manni utan vatnsveitufélagsins, sem tilnefndur er sérstaklega í þessu skyni af stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu á opinberum stað með a. m. k. 2 sólarhringa fyrirvara.

Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver svo sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn og 3 til vara og 2 endurskoðendur og 1 til vara, allir til eins árs í senn.

Liggi fyrir aðalfundi önnur mál en venjuleg aðalfundarstörf, skal þeirra getið í fundarboði.

10. gr.

Færa skal gerðabók um aðalfundi félagsins og almenna félagsfundi. Skal fundarritari lesa fundargerðina í lok fundar og undirrita hana síðan samþykkt á samt formanni félagsstjórnar eða fundarstjóra.

11. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Starf stjórnar og endurskoðenda skal vera ólaunað.

Formaður stjórnarinnar kveður stjórnina saman til funda og boðar til félagsfunda og aðalfundar.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Í föllum aðalmanna taka varamenn sæti í stjórninni í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda, og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

12. gr.

Stjórn félagsins ræður vatnsveitunni umsjónarmann. Skal hann annast reikningshald félagsins, innheimtu á gjöldum til þess og viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni.

Að launum fyrir starfa sinn skal umsjónarmaður hafa 6% af brúttótekjum félagsins.

13. gr.

Segja má maður sig úr félaginu, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundum eða ef svo reynist, að landareign hans verður mun meiri kostnaður að félagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi um hið síðarnefnda atriði skal skorið með mati, sem skjóta má til fullnaðarúrskurðar félagsmálaráðherra.

Ef maður segir sig úr félaginu, skal hann ábyrgjast öll þau gjöld, sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar til þess tíma, er hann fer úr félaginu.

14. gr.

Félaginu skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á tveim lögmætum félagsfundum í röð, enda sé ályktuninni fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ allra félagsmanna.

Um skipti og meðferð á eignum félagsins fer eftir ákvæðum XI. kafla vatnalaga nr. 15 20 júní 1923 og fyrirmælum skiptalaganna, eftir því, sem við á. Verði eignir umfram skuldir, skal þeim skipt milli félagsmanna að rétttri tiltölu við þá fjárhæð, sem hver þeirra hefur samtals greitt til félagsins.

15. gr.

Verði félaginu slitið, skal Árskógshreppur eiga rétt á að kaupa eignir félagsins fyrir matsverð, ef ekki nást samningar um verðið. Til matsins skal hvor aðili nefna 2 menn, en sýslumaður Eyjafjarðarsýslu oddamann.

16. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, enda hafi breytingartillagnanna verið getið í fundarboði og að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna séu samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hauganess og nágrennis.

1. gr.

Vatnsveitufélag Hauganess og nágrennis hefur einkaleyfi til sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir, og hún getur fullnægt, svo og til hafnar á Hauganesi.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða annast stjórn félagsins. Skal hún skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um hreppinn svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu,

158 þar sem það er hægt eða sem næst lóðarmörkum. Frá aðalæðum skulu húseigendur 28. nív. sjálfir leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Sama skylda hvílir á lóðareiganda. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki félagsstjórnar og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Félagsstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni; þá getur hún lokað fyrir vatnið, ef þess þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Félagsstjórn er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögunum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati félagsstjórnar.

10. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

11. gr.

Félagsstjórn eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er stjórninni heimilt að gera við það á hans kostnað.

12. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Árskógshreppi, sem virt eru til fasteignamats, og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteigna-

matsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem **158**
 í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því og nota vatn úr vatnsæðum vatnsveit- 28. nóv.
 unnar.

13. gr.

Af öllum húsum í Árskógshreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur
 í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 2% — tvo af
 hundraði — þó skal lágmark skattsins vera kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fyrir
 hvert íbúðarhús.

14. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa vegna atvinnu,
 sem í þeim eru rekin, er útheimtir mikið vatn, svo sem frystihús, þvottahús, verk-
 smiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða vatnsskatt 2% — tvo af hundraði
 — af fasteignamati, nema öðruvísi sé sérstaklega um samið við vatnsveitunefnd.

15. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

Fyrir hvern stórgrip, sem stendur inni	kr. 10.00
Fyrir hverja sauðkind	— 1.00
Fyrir hvern kjötskrokk	— 0.10
Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu	— 1.00
Fyrir vatn til skipa, hverja smálest	— 10.00
Fyrir innveginn fisk í fiskiðjuver, hverja smálest	— 2.00
Fyrir saltfiskþvott, hverja smálest	— 1.00

16. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi ber ábyrgð
 gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts.

Eigandi framleiðslustöðvar eða atvinnustofnunar ber ábyrgð á, að vatnsskattur
 af vatnsskattskyldri framleiðslu eða verkun í stöð hans sá greiddur á gjalddaga.

17. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júlí ár hvert, og
 greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 14. gr.
 fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd. Vatnsskattur samkvæmt 15. gr.
 fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar rekstur hættir ár hvert. Vatnsskatt
 má innheimta með lögtaki á kostnað notanda, og er hann tryggður með lögveði í
 eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sannings-
 veði eða aðfararveði.

18. gr.

Heimilt er félagsstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um
 allt að 50%.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessara varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing
 liggji við að lögum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð
 almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi, sem Vatnsveitufélag Hauganess og nágrennis hefur samið og
 samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til
 að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um hámarkstölu vörubifreiða á Akureyri.

1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Vals og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða á Akureyri, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, samkv. 1. gr., skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. tólf mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökubeiðnir hafi borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegsmanna og vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Bifreiðastöðinni Stefni 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkv. 1. mgr. gildir eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðilja, er getur í 2. gr., og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða, né til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Bifreiðastöðinni Stefni.

Ef ágreiningur ris um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið, samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr.

6. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 23 16. febrúar 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, sbr. lög nr. 25 7. maí 1955, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. nóvember 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

REGLUGERÐ

160

29. nóv

um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Akureyrar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 200 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Nú losna leyfi bifreiðarstjóra, sem hafa leigubifreiðaakstur að aðalatvinnu, og skal þá, á meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 200 íbúa, aðeins endurveita tíunda hvert leyfi.

Leyfi þeirra manna, sem við gildistöku reglugerðarinnar fá atvinnuleyfi, en ekki hafa akstur leigubifreiða að aðalatvinnu, skulu ekki endurveitt öðrum.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 200 íbúa, skal ekki veita ný leyfi vegna fjölgunar íbúa.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 1. júlí 1956 höfðu afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akureyri, halda leyfi sínu, ef þeir eru meðlimir Bílstjórafélags Akureyrar, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar félagsins innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

3. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akureyri, nema hann hafi öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri á Akureyri. Leyfin skulu tölu-seti og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta fleira en einu atvinnuleyfi.

Deim leyfishöfum, sem að staðaldri hafa látið aðra aka bifreið sinni sem leigubifreið til mannflutninga frá því fyrir 1. janúar 1956 skal, ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt á áfram, þar til leyfishafi byrjar akstur sjálfur, þótt bifreiðarstjórinn hafi ekki atvinnuleyfi, enda uppfylli bifreiðarstjórinn skilyrði 4. gr.

4. gr.

Eftir að þau atvinnuleyfi hafa verið veitt, sem um getur í 2. gr., er óheimilt að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalatvinnu og sæki um upptöku í Bílstjórafélag Akureyrar.

Þeir bifreiðarstjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 12. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

5. gr.

Leigubifreiðarstjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akureyri, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

160

29. nóv.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um á þar til gerðum eyðublöðum, til Bílstjórafélags Akureyrar. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð á Akureyri um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bílstjórafélags Akureyrar, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Stjórn Bílstjórafélags Akureyrar skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur leigubifreiðar til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Starfstími bifreiðarstjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða, enda uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð á Akureyri, sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Akureyrar.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Leyfið skal vera í vörzlum bifreiðastöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð og skal hann þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu.

Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bílstjórafélagi Akureyrar flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á annarri bifreiðastöð.

8. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Bílstjórafélags Akureyrar, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki tekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn Bílstjórafélags Akureyrar, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

9. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bilstjóraráfélags Akureyrar samdægurs eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlu félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins, og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

10. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið formanni Bilstjóraráfélags Akureyrar samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bilstjóraráfélags Akureyrar atvinnuleyfum, sem losna af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

11. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðarstjóra á leigubifreið, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

12. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkv. 13. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bilstjóraráfélags Akureyrar, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bilstjóraráfélag Akureyrar á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess, enda uppfylli ökumaður bifreiðarinnar skilyrði 4. gr. reglugerðar þessarar.

13. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 12. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bilstjóraráfélags Akureyrar.

Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bilstjóraráfélaginu er þá heimilt að veita undanþágu og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bilstjóraráfélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

14. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp þar sem bifreiðarstjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

160 Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöð-
29. nóv. um, nr. 23 16. febr. 1953, sbr. lög nr. 25 7. maí 1955, um breytingu á þeim lögum,
til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. nóvember 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

161
29. des.

REGLUGERÐ

um söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á á árinu 1957, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1957, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

Söluskattur af innfluttum vörum.

2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnis-horna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Sildarkrydd, blandað.
10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
12	5	Alfaalfa (lucernemjöl).
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.

Tollskrá:

161

Kafli. Nr.

29. des.

25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
	25	Krit, þvegin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	14	Steinólía, óhreinsuð (hráólía).
	15	Flugvélabenzín.
	17	Aðrar brennsluoliur til véla, ót. a.
	18	Smurningsoliur.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
30	2	Barkarlitur.
32	6	Vélaáburður og annar þvílíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—10	Tilbúinn áburður.
36	1	Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
39 A	2	Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenskar afurðir til útflutnings.
	11b	Netjakúlar úr plasti.
	11c	Nótaflotholt úr plasti.
40	7	Ósagaður trjáviður í fisktrönur.
	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	1	Korkplötur, óunnar.
	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	11	Dagblaðapappír.
	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m ² .
	33	Vaxbornar pappaumbúðir, einnig tilsníðnar.
45	3	Dagblöð, vikublöð og tímarit.
	6	Frímerki íslensk, ónotuð.
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvílík verðbréf.
46 B	1	Óspunnir nylonþræðir til netjagerðar.
	5	Netjagarn úr nylon, einlitt.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Öngultaumar.

161 Tollskrá:

29. des. Kafli. Nr.

50	17	Grastóg.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr nylon og öðrum gervipráðum.
	19a	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum vefjarefnum.
	21	Netjateinungar með blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl o. þ. h.
60	15	Netjakúlur úr gleri.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.
63	11	Gjarðajárn.
	26a	Fiskkörfur úr járn, stáli eða öðrum jarnlegeringum.
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	85	Blikkdósir og blikkkassar með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járn, ót. a.
	97	Netjakúlur úr járn, stáli eða öðrum jarnlegeringum.
64	13	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
	10	Fiskkassar úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
67	5	Blýlóð (sökku).
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir.
73	78	Röntgentæki og hlutar til þeirra.
75	3	Snjóþreifreiðar.
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífar og tilheyrandi.
	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.
	4	Herpinótabátar.
77	16	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.
	35	Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.
81	6	Hvalveiðiskutlar.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frímerki, ót. a., og önnur slík merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaupúnum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tollfirtirlit, reglugerðar nr. 123/1938, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

Söluskattur af sölu og annarri veltu.

161

5. gr.

29. des.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 46/1954, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.

Rekstur kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða.

Landssmiðjan.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Ríkisútvarpið.

Útgerð skipa.

Viðgerðarstofa útvarpsins.

Viðtækjasmíðjan.

6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

A.

1. Heildsala, en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðsviðskipti (umboðs-sala) eru að öðru leyti skattskyld og greiðist skattur í þeim viðskiptum ekki aðeins af heildarandvirði því, sem gengur til umbjóðandans (framleiðanda eða iðnaðarmanns), heldur og af öllu því andvirði (heildarandverði því), sem umboðsmaðurinn (smásali eða smásölufyrirtæki) tekur við. Af sölu eða afhendingu bóksala (bókabúða eða annarra smásölufyrirtækja á bókum) í umboðsviðskiptum, skal þó aðeins greiða af umboðsþóknun hans, og einnig skal umboðsmaður, sem framleiðandi eða iðnaðarmaður notar sem millilið milli sín og smásala eða smásölufyrirtækja á sama hátt aðeins greiða af umboðsþóknun (milliliðþóknun) sinni.
3. Smásala, þar til telst sala eða afhending smásala eða smásölufyrirtækja, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum, sala trékassa og pappaubúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskútflytjenda og sala tímarita, sem gefin eru út í ágóðaskyni og seld eru í umboðssölu.

C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Akstur vörubifreiða og fólksbifreiða.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum og kolum og salti.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnaðis.
6. Iðgjaldatekjur váttryggingarfélagi.
7. Netjagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkrahúsa.

- 161 10. Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita, sem ekki eru
29. des. gefin út í ágóðaskyni.
11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.
- Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
13. Skóviðgerðir.
14. Smíði á skipum og bátum.
15. Tannlækning og tannsmíði.
16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framleiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.
18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
19. Slátrun búfjár.
20. Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

7. gr.

Af sölu og annarri veltu þeirra aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða 3% — þrjá af hundraði — í söluskatt.

Skattskyldan nær til hvers konar framleiðslu, iðnaðar og þjónustu, þar með talin umboðssala (umboðsviðskipti), sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru eða heildarveltu (sjá þó 6. gr. A 2) án frádráttar nokkurs annars kosnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eza þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanevndar, verður **161** veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskyld lágmark, nema sérstakar 29. des. málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanevndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

8. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanevnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júni, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanevnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísu greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

9. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanevndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanevnd skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanevnda og síðan til ríkisskattanevndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nevnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestrir þeirra jafnlangir.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

10. gr.

Skattstjórum og skattanevndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanevnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanevnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

161

29. des.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 35/1950, um verðlagseftirlit o. fl.

11. gr.

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112 1950 og lögum nr. 96/1956, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1956.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

162

17. des.

REGLUGERÐ

um skerðingu barnalífeyris vegna tekna.

1. gr.

Nú fara bætur og aðrar tekjur hjóna, sem bæði eiga rétt á elli- eða örorkulífeyri, fram úr fjárhæð, sem nemur þreföldum hjónalífeyri á 1. verðlagssvæði, og skal þá skerða barnalífeyrisgreiðslur til þeirra sem hér segir:

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjur nema. Séu börnin tvö, nemur lækkunin þremur fjórðu hlutum, en séu þau þrjú eða fleiri, nemur lækkunin jafnmiklu og umframtekjurnar.

2. gr.

Barnalífeyrisgreiðslur til ógiftra elli- eða örorkulífeyrisþega og einstæðra mæðra, sem rétt eiga á lífeyri með börnum sínum samkvæmt 17. gr. laga nr. 24/1956, skal takmarka, ef bætur og aðrar tekjur framfærenda fara fram úr fjárhæð, sem nemur þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum tvöföldum barnalífeyri á 1. verðlagssvæði, ef um þrjú börn eða færri er að ræða, en þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum einföldum barnalífeyri, ef börnin eru fleiri.

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjur nema. Séu börnin tvö, nemur lækkunin tveimur þriðju hlutum, en séu þau þrjú, nemur hún þremur fjórðu hlutum umframtekna, en lífeyrir skal þó eigi lægri vera en svarar fjölskyldubótum með einu barni. Séu börnin fleiri en þrjú, skerðist barnalífeyrir um sömu fjárhæð og umframtekjum nemur, en skal þó aldrei lægri vera en svarar barnalífeyri með þremur börnum, skertum samkv. næsta málslið á undan, að viðbættum fjölskyldubótum með þeim börnum, sem fleiri eru.

3. gr.

Giftist einstæð móðir eða eigi aðeins annað hjóna lífeyrisrétt, skal takmarka barnalífeyrisgreiðslur eftir þeim reglum, sem í 2. gr. segir, þó svo, að bæta skal sem

svarar einum og hálfum barnalífeyri á 1. verðlagssvæði við tekjumark það, er þar 162 greinir, áður en skerðing hefst, og aldrei skal lífeyrisgreiðsla vera hærri samkvæmt 17. des. þessari grein en samkvæmt ákvæðum 1. gr.

4. gr.

Nú eru í fjölskyldu auk barna, sem ákvæði 3. gr. taka til, börn, sem ekki eiga lífeyrisrétt, og skal þá beita ákvæðum 3. gr. svo sem lífeyrisréttar nytu öll þau börn fjölskyldunnar, sem teljast eiga með við ákvörðun barnalífeyris eða fjölskyldubóta. Þó skal aldrei greiða hærri upphæð barnalífeyris og fjölskyldubóta samanlagt en sem nemur fullum barnalífeyri með þeim börnum, sem á honum eiga rétt, að viðbættum fjölskyldubótum, sem greiða bæri vegna annarra barna.

5. gr.

Sé greiddur barnalífeyrir með börnum þeim, sem nefnd eru í 1.—3. gr. hér að framan, skal telja sjálfstæðar tekjur þeirra með tekjum framfærenda.

6. gr.

Lífeyrir munaðarlausra barna, er hafa sjálfstæðar tekjur, sem fara fram úr einum og hálfum einstaklingslífeyri á 1. verðlagssvæði, skal lækkaður um sextíu hundraðshluta þess, sem umframtekjur nema.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, gengur í gildi 1. janúar 1957. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 75 frá 17. maí 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 17. desember 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1957.

163

28. des.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 27. desember 1956 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1957.

Leiksýningar, hljótleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. desember 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

164

27. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í lögum frá 27. desember 1956, um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 27. desember 1956 og innheimta á árinu 1957 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfabgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum, samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1956.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

165

27. des.

AUGLÝSING

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum frá 27. desember 1956, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið að á árinu 1957 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1956.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

ALÞINGISMENN

166

kosnir í júní 1956.

A. Þingmenn kjördæma.

Fyrir Vestur-Skaftafellssýslu:	Jón Kjartansson, sýslumaður.
— Vestmannaeyjar:	Jóhann Þ. Jósefsson, forstjóri,
— Rangárvallasýslu:	Ingólfur Jónsson, ráðherra.
— Árnessýslu:	Sveinbjörn Högnason, prófastur.
— Gullbringu- og Kjósarsýslu:	Ágúst Þorvaldsson, bóndi.
— Hafnarfjörð:	Sigurður Ó. Ólafsson, kaupmaður.
— Reykjavík:	Ólafur Thors, forsætisráðherra.
	Emil Jónsson, vitamálastjóri.
	Bjarni Benediktsson, ráðherra.
	Björn Ólafsson, stórkaupmaður.
	Einar Olgeirsson, ritstjóri.
	Haraldur Guðmundsson, forstjóri.
	Jóhann Hafstein, bankastjóri.
	Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri.
	Hannibal Valdimarsson, ritstjóri.
	Ragnhildur Helgadóttir, húsfri.
— Borgarfjarðarsýslu:	Pétur Ottesen, bóndi.
— Mýrasýslu:	Halldór E. Sigurðsson, sveitarstjóri.
— Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:	Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður.
— Dalasýslu:	Ásgeir Bjarnason, bóndi.
— Barðastrandarsýslu:	Sigurvin Einarsson, framkvæmdastjóri.
— Vestur-Ísafjarðarsýslu:	Eiríkur Þorsteinsson, kaupfélagsstjóri.
— Norður-Ísafjarðarsýslu:	Sigurður Bjarnason, ritstjóri.
— Ísafjörð:	Kjartan J. Jóhannsson, læknir.
— Strandasýslu:	Hermann Jónasson, hæstaréttarlögmaður.
— Vestur-Húnavatnssýslu:	Skúli Guðmundsson, bóndi.
— Austur-Húnavatnssýslu:	Jón Pálmason, bóndi.
— Skagafjarðarsýslu:	Steingrímur Steinþórsson, ráðherra.
— Siglufjörð:	Jón Sigurðsson, bóndi.
— Eyjafjarðarsýslu:	Áki Jakobsson, lögfræðingur.
— Akureyri:	Bernharð Stefánsson, bankastjóri.
— Suður-Þingeyjarsýslu:	Magnús Jónsson, lögfræðingur.
— Norður-Þingeyjarsýslu:	Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti.
— Norður-Múlasýslu:	Karl Kristjánsson, sparisjóðsstjóri.
— Seyðisfjörð:	Gísli Guðmundsson, fyrrv. ritstjóri.
— Suður-Múlasýslu:	Páll Zóphóniasson, búnaðarmálastjóri.
	Halldór Ásgrímsson, kaupfélagsstjóri.
	Björgvin Jónsson, kaupfélagsstjóri.
	Eysteinn Jónsson, ráðherra.
	Lúðvík Jósepsson, framkvæmdastjóri.
	Páll Þorsteinsson, kennari.

166

Varamenn þingmanna Reykjavíkur.

Fyrir Alþýðuflokkinn:	Varamaður óákveðinn.
— Alþýðubandalagið:	Eðvarð Sigurðsson, rit. verkamfél. Dagsbr. Adda Bára Sigfúsdóttir, veðurfræðingur.
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Ásgeir Sigurðsson, skipstjóri. Angantýr Guðjónsson, verkamaður. Sveinn Guðmundsson, vélfræðingur. Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri. Auður Auðuns, forseti bæjarstjórnar.

Varamenn þingmanna Rangárvallasýslu.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Sigurjón Sigurðsson, bóndi.
— Framsóknarflokkinn:	Björn Björnsson, sýslumaður.

Varamenn þingmanna Árnessýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Vigfús Jónsson, oddviti.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Steinþór Gestsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Skagafjarðarsýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Ólafur Jóhannesson, prófessor.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Gunnar Gíslason, sóknarprestur.

Varamenn þingmanna Eyjafjarðarsýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Jón Jónsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Árni Jónsson, tilraunastjóri.

Varamenn þingmanna Norður-Múlasýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Tómas Árnason, stjórnarráðsfulltrúi. Stefán Sigurðsson, bóndi.
---------------------------	---

Varamenn þingmanna Suður-Múlasýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Vilhjálmur Hjálmarsson, bóndi.
— Alþýðubandalagið:	Helgi Seljan Friðriksson, kennari.

B. Landskjörnir þingmenn.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkurinn, Ab = Alþýðubandalagið,
S = Sjálfstæðisflokkurinn.)

1. landskjörinn þingmaður:	Alfreð Gíslason, læknir. Ab.
2. — — —	Karl Guðjónsson, kennari. Ab.
3. — — —	Gylfi Þ. Gíslason, prófessor. A.
4. — — —	Finnbogi R. Valdimarsson, bæjarstj. Ab.
5. — — —	Benedikt Gröndal, ritstjóri. A.
6. — — —	Gunnar Jóhannesson, verkamaður. Ab.
7. — — —	Guðmundur Í. Guðmundsson, bæjarfólg. A.
8. — — —	Björn Jónsson, verkamaður. Ab.
9. — — —	Ólafur Björnsson, prófessor. S.
10. — — —	Pétur Pétursson, skrifstofustjóri. A.
11. — — —	Friðjón Þórðarson, sýslumaður. S.

Varamenn landskjörinna þingmanna.

166

Fyrir Alpýðuflokkinn:	Gunnlaugur Þórðarson, dr. jur., stjórnar- ráðsfulltrúi.
	Bragi Sigurjónsson, ritstjóri.
	Ólafur Þ. Kristjánsson, kennari.
	Friðfinnur Ólafsson, forstjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Jónas Rafnar, héraðsdómslögmaður.
	Þorvaldur G. Kristjánsson, lögfræðingur.
— Alpýðubandalagið:	Jónas Árnason, kennari.
	Geir Gunnarsson, skrifstofustjóri.
	Guðgeir Jónsson, bókbindari.
	Magnús Bjarnason, verkstjóri.
	Sólveig Ólafsdóttir, húsfri.

AUGLÝSING

167

15. nóv

um talsamband milli Íslands og annarra landa.

Lönd	Gjald fyrir fyrstu 3 mín. kr.	Gjald fyrir hverja umfr. mín. kr.	Aftur- köllunar- gjald kr.	Opið virka daga kl.
Við Danmörku	75.00	25.00	12.50	0800 til 1200
— Færeyjar	75.00	25.00	12.50	—, —
— Noreg	75.00	25.00	12.50	—, —
— Svíþjóð	75.00	25.00	12.50	—, —
— Finnland	75.00	25.00	12.50	—, —
— Þýzkaland	135.00	45.00	22.50	—, —
— A.-Þýzkaland	135.00	45.00	22.50	—, —
— Rússland	165.00	55.00	27.50	—, —
— Pólland	135.00	45.00	22.50	—, —
— Tékkóslóvakíu	150.00	50.00	25.00	—, —
— Ungverjaland	180.00	60.00	30.00	—, —
— Austurríki	135.00	45.00	22.50	—, —
— Bretland	96.00	32.00	16.00	0900 til 1200 og 1500 til 1600
— Belgíu	135.00	45.00	22.50	0900 til 1200
— Holland	135.00	45.00	22.50	—, —
— Frakkland	135.00	45.00	22.50	—, —
— Sviss	150.00	50.00	22.50	—, —
— Ítalíu	150.00	50.00	30.00	—, —
— Vatíkanið í Róm	150.00	50.00	30.00	—, —
— Spán	135.00	45.00	30.00	—, —
— Azoreyjar	150.00	50.00	30.00	—, —
— Madeira	150.00	50.00	30.00	—, —
— Algeir	150.00	50.00	30.00	—, —
— Marokkó	150.00	50.00	30.00	—, —
— Tunísía	150.00	50.00	30.00	—, —
— Tangier	150.00	50.00	30.00	—, —
— Spánska Marokkó	150.00	50.00	30.00	—, —

167 15. nív.	Lönd	Gjald fyrir fyrstu 3 mín. kr.	Gjald fyrir hverja umfr. mín. kr.	Aftur- köllunar- gjald kr.	Opið virka daga kl.
Við	Portugal	150 00	50.00	30.00	—, —
—	Goa	180.00	60.00	22.00	—, —
—	Pangim	180.00	60.00	22.00	—, —
—	Portug. Guinea	180.00	60.00	22.00	—, —
—	Cap Verde-eyjar	180.00	60.00	22.00	—, —
—	Angola	210.00	70.00	23.00	—, —
—	Mozambique	210.00	70.00	23.00	—, —
—	Ísrael	210.00	70.00	16.00	1130 til 1200
—	Libanon	210.00	70.00	16.00	0900 til 1200
—	Pakistan	210.00	70.00	16.00	—, —
—	Grikkland	180.00	60.00	35.00	—, —
—	Indland	210.00	70.00	16.00	—, —
—	Ástralíu	210.00	70.00	16.00	—, —
—	Liberíu	150.00	50.00	30.00	—, —
—	U. S. A.	198.00	66.00	12.25	1330 til 1630
—	Canada:				
	1.—4. gjaldsvæði	198.00	66.00	12.25	—, —
	5. gjaldsvæði	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Brazilíu	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Argentínu	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Chile	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Uruguay	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Alaska	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Cuba	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Dominican lýðveldið	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Haiti	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Mexico	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Peru	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Puerto Rico	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Surinam	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Okinawa	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Virginia-eyjar	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Trinidad	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Costa Rica	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Cuatemala	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Honduras	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Nicaragua	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Panama	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Jamaica	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Bahama	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Barbados	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Bermuda	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Curaco	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Paraguay	249.00	83.00	12.25	—, —
—	Hawaii	249.00	83.00	12.25	—, —

Póst- og símamálastjórnin, 15. nóvember 1956.

G. Briem.

Einar Pálsson.

AUGLÝSING

168

22. nóv.

um að Strandgata í Hnífsdalskaupúni skuli teljast aðalbraut.

1. gr.

Strandgata í Hnífsdalskaupúni í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera aðalbraut.

2. gr.

Bifreiðar og önnur farartæki, sem koma frá vegum, sem liggja að Strandgötu og ætla inn á hana, skulu skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautarinnar eða staðnæmast áður en haldið er inn á Strandgötu, ef þess er þörf.

3. gr.

Sérstök merki skulu sett upp við hver vegamót inn á Strandgötu. Merkin skulu vera þannig: Spjald úr járnplötu á um eins metra hárrí járnstöng þannig gerð: Spjaldið er réttur ferhyrningur 46.5 cm á hæð og 31.5 cm á breidd, málað gult. Á spjaldið eru máluð með svörtum lit orðin:

Stanz
Aðal-
braut
Stopp

4. gr.

Fyrirmæli þessi, sem sett eru eftir tilmælum hreppsnefndar Eyrarhrepps og heimild í 7. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 22. nóvember 1956.

Jóhann Gunnar Ólafsson.

AUGLÝSING

169

4. des.

um breyting á reglugerð nr. 154 16. júní 1953, um verkun og mat á skreið til útflutnings.

Tvær fyrstu málsgreinar 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Um allan fisk, sem fluttur er út til manneldis, skal búið í hæfum umbúðum.

Umbúðastriginn sé ofinn úr hampi (jute) eða ekki óstyrkara efni. Lágmarksstyrkleiki strigans skal vera 7½ oz.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. desember 1956.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUR

um afmælistjóð Ríkisútvarpsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir afmælistjóður Ríkisútvarpsins, og er stofnaður með framlagi Ríkisútvarpsins á 25 ára afmæli þess með einni milljón króna, er greiddist á árunum 1956 til 1961.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er annars vegar að styrkja ýmsar rannsóknir og listræn störf í þágu útvarpsins og útvarpsdagskrárinnar og hins vegar að veita verðlaun eftir á fyrir tiltekna, merka dagskrárliði.

3. gr.

Árlega má veita vexti sjóðsins, allt að 60 þúsund krónur, þannig: allt að þremur fjárveitingum, hver 10—20 þúsund krónur, fræðimanni, skáldi og/eða tónskáldi, til þess að vinna að erindaflokki eða flokkum, skáldverki eða þýðingum eða tónverki, er síðar verði frumflutt í Ríkisútvarpinu og þess eign til áframhaldandi flutnings, ef ástæða þykir til. Fjárveitingu þá, sem fólgin er í vöxtum sjóðsins, sbr. upphaf þessarar greinar, má, ef ástæða þykir til, veita í einu eða tvennu lagi. Skal það þó eigi gert oftar en fjórða hvert ár. Þá má enn fremur veita úr sjóðnum til þess að fá erlenda gesti til útvarpsins. Veita skal að jafnaði fyrst og fremst einstaklingum, en ef sérstök ástæða er til, má veita til félagsheilda eða framkvæmda, sem fullnægja tilgangi sjóðsins.

4. gr.

Allt að 10 þúsund krónum af vöxtum sjóðsins má verja árlega til þess að verðlauna tiltekið útvarpsefni liðins árs, sem þótt hefur skara fram úr að efni eða efnismeðferð, 1—5 þús. krónur fyrir hvert, eða fyrir rit eða rannsóknir, er varða útvarpið eða útvarpsmál og framkvæmdir.

5. gr.

Útvarpsstjóri hefur á hendi stjórn og fjárreiður sjóðsins og ákveður fjárveitingar úr honum, sbr. 3. og 4. gr. Hann leitar álits útvarpsráðs um fjárveitingar þær, sem um ræðir í 3. gr., og getur einnig, ef honum þykir ástæða til, leitað álits sérfræðinga innan eða utan útvarpsins. Um verðlaunin samkv. 4. gr. skal hafa samráð við útvarpsráð að því er varðar fyrirkomulag, auglýsingu og úthlutun.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja öðrum reikningum Ríkisútvarpsins og vera endurskoðaðir með þeim.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. desember 1956.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ásgeir Pétursson.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

171

13. des.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða sem hér segir:

Hauksstaðir	33.33	einingar.
Rjúpnafell	1.46	---
Fremri-Hlíð	7.27	---
Ytri-Hlíð	7.27	---
Vakursstaðir I	6.06	---
Vakursstaðir II	3.64	---
Ljósstaðir	13.09	---
Torfastaðir	5.45	---
Skógar	9.70	---
Norður-Skálanes	1.82	---
Bústaðir	10.91	---

Samtals 100 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

S A M Þ Y K K T

172

18. des.

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu,
nr. 66 29. marz 1950.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

Í Hörgslandshreppi:

1. Seljalandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Hverfisfljóts að túngirðingunni á Dalshöfða.
2. Brunasandsvegur: Af Suðurlandsveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.
3. Hörgsdalsvegur: Frá Hörgsárbrú að Hörgsdal.

Í Kirkjubæjarhreppi:

4. Heiðarselsvegur: Af Holtsvegi vestan við Heiði að Heiðarseli.
5. Holtsvegur: Frá Holti vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.
6. Skálarvegur: Af Suðurlandsvegi í Eldhrauni að Skál

172 *Í Leiðvallarhreppi:*

18. des. 7. Suður-Meðallandsvegur: Af Meðallandsvegi á Efri-Eyjaregg, um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágú-Kotey, norðan við Nýjabæ, um Rofabæ og Strönd á Meðallandsveg norðan Strandar.
8. Botnavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ásakvisla að Botnum.

Í Skaftártunguhreppi:

9. Svinadalsvegur: Frá Stóruhvammsbrú að Svinadal.
10. Ljótastaðavegur: Af Búlandsvegi um Gröf, Borgarfell, Snæbýli að Ljótarstöðum.

Í Álftavershreppi:

11. Mýravegur: Af Álftaversvegi hjá Mýrahjáleigu að Mýrum.

Í Hvammshreppi:

12. Víkurvegur: Gegnum kaupúnið í Vík og heim að sýslumannsbústaðnum.
13. Þórisholtsgvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt, nærri Reynisholti og Reynishólum á Reynishverfisveg hjá Reyniskirkju.
14. Dalabæjarvegur: Frá Stóradal um Fjós, suður með Brandslæk vestanverðum að Dyrhólum.
15. Skagnesvegur: Af Dalabæjarvegi um Skagnes á Suðurlandsveg austan við Skagnes.

Í Dyrhólahreppi:

16. Hvolsgvegur: Af Þjóðveginum sunnan Skeiðflatar um Hryggi að Hvoli.
17. Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar um Pétursey, Nikhól og Eyjarhóla á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.
18. Fellsvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Pétursey, um Fell að Álftagróf.
19. Sólheimavegur: Af Suðurlandsvegi á Sólheimasandi yfir Húsá nálægt Sólheimakoti.

Sýsluvegur nær aldrei nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður samþykkt nr. 9 12. jan. 1954 og samþykkt nr. 129 12. sept. 1956.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

GJALDSKRÁ

173

Fiskræktarfélagssins Hvítá í Borgarfirði.

22. des.

Gjöld skiptast milli eftirtaldrar jarða og aðila sem hér segir:

	Einingar		Einingar
1. Einarsnes	110	33. Skálpastaðir	12
2. Bóndhóll	69	34. Mávahlið	3
3. Holt	38½	35. Gröf I	1
4. Ólvaldsstaðir	65½	Gröf II	11
5. Ferjubakki II	53	36. Kistufell	2
6. Ferjubakki III	53	37. Arnþórsholt	2
7. Ferjukot og Ferjubakki I ...	245	38. Kross	1
8. Sólheimatunga	25	39. Skarð	6
9. Svignaskarð	5	40. Lundur	6
10. Fróðhús	3	41. Lundarhólmi	10
11. Litlu-Skógar	1	42. Snartastaðir	2
12. Stóru-Skógar	1	43. Gullberastaðir	12
13. Tandrasel	1	44. Oddsstaðir I	2
14. Svarfhóll	31	Oddsstaðir II	2
15. Stafholt	62½	45. Hóll	2
16. Arnarholt	6	46. Brautartunga I	1
17. Haugar	6	Brautartunga II	1
18. Hlöðutún	3	47. Tungufell	1
19. Munaðarnes	6	48. Brenna	1½
20. Veiðifélag Norðurár	300	49. Iðunnarstaðir	1½
21. Hofsstaðir	19	50. England	2
22. Hamraendar	90	51. Reykir	2
23. Veiðifélag Þverár	230	52. Hvítárvellir I	119½
24. Veiðifélag Reykdæla	12	53. Hvítárvellir II	90½
25. Veiðifélag Flóku	10	54. Hvítárvellir III	8
26. Laugarholt	50	55. Hvítárvellir IV	1½
27. Stafholtsey	1	56. Hvanneyri	104
28. Hvítárbakki	20	57. Brennistaðir	14
29. Þingnes	111	58. Gljúfurá	1½
30. Fossatún	6	59. Grísatunga	1
31. Hestur	30	60. Sauðhúsaskógur	0½
32. Múlakot	12		

Alls 2100

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1951, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt nr. 118 21. maí 1953, um sýsluvegasjóð í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

2. grein samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru þessir:

I. Aðalvegir:

1. Hálsasveitarvegur: Frá Reykdælavegi hjá Giljabrú, á Borgarfjarðarbraut austan Hraunsáss.
2. Stóra-Kroppsvegur: Frá Bæjarsveitarvegi á Hamramelum, um Stóra-Kropp, yfir Geirsá á flugvöllinn á Kálfanesmelum.
3. Sarpvegur: Frá brú á Fitjaá, um Sarp og Efstabæ, vestan Eiríkvatns, á Uxahryggjaveg.
4. Múlastaðavegur: Frá Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk, um Múlastaði að Eyri.
5. Bæjarvegur: Frá Þingnesvegi hjá Brún, um Bæ yfir Laugarlæk að Laugarholti.
6. Kvígsstaðavegur: Frá Draghálsvégi hjá Skjólhól, um Heggstaði, Kvígsstaði og Vatnshamra á Skorradalsveg.
7. Leirárlausvegur: Frá Leirárbrú um Eystri og Vestri Leirárgarða að Leirárlaus.
8. Botnsdalsvegur: Frá Vesturlandsvegi við Botnsárbrú, um Litla-Botn að Stóra-Botni.
9. Grafardalsvegur: Frá Draghálsvégi í Kornahlíð, um Draghál að Grafardal.
10. Vallanesvegur: Frá Akranesvegi, um Hvítanes að Vallanesi.
11. Reynisvegur: Frá Akrafjallsvegi hjá Heynesi, að Eystri- og Vestri-Reyni.

II. Aukavegir:

1. Augastaðavegur: Af Hálsasveitarvegi um brú á Reykjadalssá að Augastöðum.
2. Breiðabólstaðarvegur: Frá Borgarfjarðarbraut austan Reykhólts að Breiðabólstað.
3. Grímsstaðavegur: Frá Borgarfjarðarbraut að Grímsstöðum.
4. Skáneyjarvegur: Frá Borgarfjarðarbraut gegnt Nesi, um Birkihlíð að Skáney.
5. Víðigerðisvegur: Frá Borgarfjarðarbraut austan Deildartungu, um nýbýli að Víðigerði.
6. Brekkukotsvegur: Frá Borgarfjarðarbraut norðan Deildartungu að Brekkukoti.
7. Hurðarbaksvegur: Frá Borgarfjarðarbraut um Garð að Hurðarbaki.
8. Ásgarðsvegur: Frá Stóra-Kroppsvégi að Ásgarði.
9. Klettsvegur: Frá Stóra-Kroppsvégi vestan Geirsár að Kletti.
10. Brúsholtvegur: Frá Flókadalsvegi við Þrándarholt að Brúsholti.
11. Hrísavegur: Frá Flókadalsvegi að Hrísum.
12. Geirshlíðarvegur: Frá Flókadalsvegi við Þrándarholt að Geirshlíð.
13. Þverfellsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi í Hrísmýri að Þverfelli.
14. Gilstreymisvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi austan Kaldagils að Gilstreymi.
15. Englandsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi utan Reykja að Englandi.
16. Iðunnarstaðavegur: Frá Lundarreykjadalssvegi undan Brennu að Iðunnarstöðum.
17. Tungufellsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi austan Brautartungu að Tungufelli.
18. Hólsvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi við Tunguárbrú að Hóli.

19. Grafarvegur: Frá Lundarreykjadalssvegi að Gröt.
20. Stafholtseyjarvegur: Frá Bæjarsveitarvegi við Græfrur að Stafholtsey.
21. Ausuvegur: Frá Vesturlandsvegi að Ausu.
22. Neðra-Skarðsvegur: Frá Leirársveitarvegi að Neðra-Skarði.
23. Melkotsvegur: Frá Leirársveitarvegi að Melkoti.
24. Geldingaárvegur: Frá Vesturlandsvegi við Skorholt að Geldingaá.
25. Vatnaskógarvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Saurbæ að brú á Laxá í Svínadal.
26. Kalastaðakotsvegur: Frá Vesturlandsvegi að Kalastaðakoti.
27. Svarfhólsvegur: Frá Svínadalssvegi hjá Hurðarbaki að Svarfhóli.
28. Efra-Skarðsvegur: Frá Leirársveitarvegi um Tungu að Efra-Skarði.
29. Galtarholtsvegur: Frá Vesturlandsvegi að Galtarholti.
30. Arkarlækjarvegur: Frá Akranesvegi að Arkarlæk.
31. Vogavegur: Frá Akranesvegi hjá Hausthúsum, um Elínarhöfða og Bakkabæ á Akranesveg hjá Miðvogi.

174

27. des.

Þar sem sýsluvegur liggur heim að býli, er undanskilinn 300 metra vegur, mælt frá íbúðarhúsi, sem ekki telst sýsluvegur. Sýsluvegur nær þó aldrei lengra en að heimatúni býlis, þótt lengra reynist en að framan greinir.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.

SAMÞYKKT

175

27. des.

um breytingu á samþykkt nr. 119 21. maí 1953, um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru þessir:

I. Aðalvegir:

1. Veiðilækjarvegur: Frá Þverárhliðarvegi hjá Lindarhvoli (Lækjarkoti) um Lindarhvol, Höll, Veiðilæk og Svartagil á Glitsstaðaveg.
2. Skarðshamravegur: Frá Glitsstöðum um Skarðshamra, Hafþórsstaði, Hól að Háreksstöðum.
2. Jafnaskarðsvegur: Frá Vesturlandsvegi við Bifröst um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóru-Skóga á Vesturlandsveg á Kolási.
4. Ásbjarnarstaðavegur: Frá Kleifavegi um Sleggjulæk, Ásbjarnarstaði að Selhaga.
5. Neðra-Nesvegur: Frá Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalstaði, Efra-Nes að Neðra-Nesi.
6. Gufarvegur: Frá Borgarnesbraut við Gufá um Gufá, Staðarhús að Laxholti.

- 175 7. Stangarholtsvegur: Frá Stykkishólmsvegi við Langárbrú að Stangarholti.
 27. des. 8. Álftártunguvegur: Frá Stykkishólmsvegi við Álftárbrú að Álftártungu og Álftártungukoti.
 9. Lambastaðavegur: Frá Álftanesvegi hjá Miðhúsum að Lambastöðum.
 10. Hitardalsvegur: Frá Staðarhrauni að Hitardal.
 11. Hitárvegur: Frá Brúarfossi um Lækjarbug að Skiphyl.
 12. Seljavegur: Frá Hraunhreppsvegi á Kolási um Selja að Hestakeldu.

II. Aukavegir:

1. Þorvaldsstaðavegur: Frá Fljótstungusvelg að Þorvaldsstöðum.
2. Hallkelsstaðavegur: Frá Hvítársíðuvegi að Hallkelsstöðum.
3. Kolsstaðavegur: Frá Hvítársíðuvegi að Kolsstöðum.
4. Gilsbakkavegur: Frá Hvítársíðuvegi að Gilsbakka.
5. Síðumúlaveggjavegur: Frá Borgarfjarðarbraut að Síðumúlaveggjum.
6. Örnólfsdalsvegur: Frá Framhliðarvegi á melhorninu undan Helgavatni, um Helgavatn að Örnólfsdal, með hliðarálmum að Hömrum.
7. Hliðarvegur: Um Karlsbrekku og Grjót að Sigmundarstöðum.
8. Sanddalstunguvegur: Frá Norðurlandsvegi að Sanddalstungu.
9. Gunnlaugsstaðavegur: Frá Kleifavegi að Gunnlaugsstöðum, með hliðarálmum að Guðnabakka.
10. Brúarreykjavegur: Frá Borgarfjarðarbraut um Brúarreyki að Sólbakka.
11. Miðgarðsvegur: Frá Borgarfjarðarbraut hjá Lundahúsum að Miðgarði.
12. Sólheimatunguvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Gljúfurárbrú að Sólheimatungu.
13. Munaðarnesvegur: Frá Vesturlandsvegi að Munaðarnesi.
14. Stóra-Fjallsvegur: Frá Valbjarnarvallavegi sunnan Litlu-Grafar að Stóra-Fjalli.
15. Gljúfurárvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Svignaskarði að Gljúfurá.
16. Bóndhólsvegur: Frá Borgarnesbraut að Bóndhóli.
17. Einarsnesvegur: Frá Borgarnesbraut að Einarsnesi.
18. Rauðanesvegur: Frá Stykkishólmsvegi fyrir vestan Borg um Þursstaði að Rauðanesi.
19. Ánabrekkuvegur: Frá Stykkishólmsvegi að Ánabrekku.
20. Grenjavegur: Frá Grímsstaðavegi neðan Grímsstaða að Grenjum.
21. Syðri-Hraundalsvegur: Frá Grímsstöðum að Syðri-Hraundal.
22. Urriðaárvegur: Frá Stykkishólmsvegi vestan Urriðaárbrúar að Urriðaá.
23. Smiðjuhólsvegur: Frá Álftaneshreppsvegi neðan Urriðaár að Smiðjuhóli.
24. Straumfjarðarvegur: Frá Álftaneshreppsvegi að svonefndum Þröskuldum við Straumfjörð.
25. Helgastaðavegur: Frá Hitardalsvegi að Helgastöðum.
26. Svarfhólsvegur: Frá Staðarhraunsvegi að Svarfhóli.
27. Álftárvegur: Frá Stykkishólmsvegi að Álftá.
28. Skíðsholtvegur: Frá Sauravegi að Skíðsholtum.
29. Hólmakotsvegur: Frá Seljavegi að Hólmakoti.
30. Hamraendavegur: Frá Seljavegi að Hamraendum.
31. Skálanesvegur: Frá Hraunhreppsvegi að Skálanesi.
32. Traðavegur: Frá Hraunhreppsvegi að Tröðum.

Þar sem sýsluvegur liggur heim að býli, er undanskilinn 300 metra vegur, mælt frá íbúðarhúsi, sem ekki er sýsluvegur. Sýsluvegur nær þó aldrei nema að heimatúni býlis, þótt heimreið sé lengri en 300 metrar.

2. gr.

175

27. des.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegasjóður kostar byggingu og viðhald aðalsýsluvega. Sýsluvegasjóður leggur fram fé til byggingar auka sýsluvega gegn framlagi annars staðar að. Jafnaðarlega skal koma jafnhátt framlag gegn framlagi sýsluvegasjóðs. Þó getur sýslunefnd ákveðið annað hlutfall. Viðhald aukasýsluvega skal jafnaðarlega greiðast úr viðkomandi sveitarsjóði eða af öðrum aðilum í hreppnum. Þó getur sýslunefnd ákveðið, að viðhald aukasýsluvega skuli greiðast af sömu aðilum og byggingarkostnaður hans, og í sömu hlutföllum. Það er skilyrði fyrir fjárveitingu úr sýsluvegasjóði til aukasýsluvegar, að hreppsnefnd leggi fyrir sýslunefnd hverju sinni umsókn þar að lútandi, og henni fylgi skilríki fyrir því, að framlag á móti sé fyrir hendi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.

RÆKTUNARSAMÞYKKT

176

27. des.

fyrir Ræktunarsamband Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Suðurfjarðahrepps, Búnaðarfélags Ketildalahrepps, Búnaðarfélags Tálknafjarðahrepps, Búnaðarfélagsins „Örlygur“ í Rauðasandshreppi og Búnaðarfélags Barðastrandarhrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Framkvæmdarstjórn ræktunarsambandsins skipa 5 menn, sinn frá hverju búnaðarfélagi, og skulu þeir kosnir leynilegri kosningu á aðalfundum búnaðarfélaganna til þriggja ára í senn.

Í fyrsta sinn ganga úr stjórn eftir eitt ár stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Suðurfjarðahrepps og Búnaðarfélags Ketildalahrepps, annað árið stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Tálknafjarðahrepps og Búnaðarfélagsins „Örlygur“ á Rauðasandi og þriðja árið stjórnarnefndarmaður Barðastrandarhrepps og síðan eftir sömu röð.

Framkvæmdarstjórnin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

Formaður framkvæmdarstjórnar kallar stjórnina til fundar, þegar honum þykir þess þörf, eða stjórnarnefndarmaður óskar þess.

Ræktunarsambandið heldur aðalfund fyrir 1. júní ár hvert og sé hann fulltrúafundur, skipaður 10 fulltrúum, auk stjórnarnefndarmanna, og séu tveir fulltrúar frá hverju búnaðarfélagi kosnir á aðalfundum.

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum á sambandssvæðinu, en eigi skulu þeir hafa tillögu- né atkvæðisrétt í málum.

176 Stjórn ræktunarsambandsins boðar fund með nægum fyrirvara og getur helztu 27. des. fundarefna. Hún leggur fram endurskoðaða reikninga ræktunarsambandsins fyrir fundinn til samþykktar.

Framkvæmdarstjórnin ber ábyrgð fyrir aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða.

4. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 1 100 000.00 — ein milljón og eitt hundrað þúsund krónur —. Stofnfé sjóðsins skal aflað þannig:

1. Búnaðarfélagin á sambandssvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins.
2. Búnaðarsamband Vestfjarða leggur fram $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins, ef það samþykkir framlag til kaupa á 3 jarðýtum, en annars sé þess fjár, sem á vantar, aflað með lántökum.
3. Ríkissjóður leggur fram $\frac{1}{2}$ stofnfjárins, þegar framlag er greitt til kaupa á ræktunarvélum, er ræktunarsambandið kaupir.

Í stofnsjóð falla einnig tekur af ákvæðisvinnu, er sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Framlög búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu greiðist í hlutfalli við fasteignamat lands- og ræktunarlóða, þó þannig, að verðeining ræktunarlóða beri aðeins $\frac{1}{4}$ hluta gjaldþunga á móti einingu í öðru landverði

6. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma um breytingu á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Nái þær samþykki $\frac{2}{3}$ eða fleiri atkvæðishærra fundarmanna, sendast þær aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða til meðferðar. Nái þær þar samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæðishærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda þær Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim. Ræktunarsamþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið samþykkt af landbúnaðarráðherra.

Ræktunarsamþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

177

29. des.

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu og ljósaolíu, afhentri til viðskiptamanna af tank á útsölastað, skal vera hið sama, hvar sem er á landinu. Þó skal leyfilegur verðmunur vegna breytilegra afgreiðsluhátta. Söluverð á benzíni, öðru en flugvélabenzíni, skal vera hið sama frá öllum útsölastöðum, þ. e. birgðastöðvum og benzíndælum.

Ráðherra getur ákveðið, hvaða staðir skuli teljast útsölastaðir fyrir gasolíu og brennsluolíu (fuelolíu).

2. gr.

Mynda skal verðjöfnunarsjóð og skal viðskiptamálaráðherra skipa honum 5 manna stjórn. Stjórnin skal annast framkvæmd verðjöfnunarinnar undir yfirstjórn ráðherra, sem sker úr um ágreiningsatriði, er upp kunna að koma.

3. gr.

Verðjöfnunargjald skal lagt á allt selt magn af olíum þeim og benzíni, sem um ræðir í 1. gr. Innflytjendur skulu greiða verðjöfnunargjaldið ársfjórðungslega til sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera tillögur til viðskiptamálaráðuneytisins um upphæð verðjöfnunargjaldsins á hverjum tíma fyrir hverja tegund og skal miðað við að gjaldið nægi til að greiða eftirtalinn kostnað við flutning frá innflutningstank í tank á útsölastað.

a. Flutningar með tankskipum og í tunnum:

1. Útskipun.
2. Flutningsgjald samkvæmt leyfðum taxa skipafélaga.
